

Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I:

Fornleifar á Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú, Ásgarði og Miðengi

Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS103-99061

Reykjavík 1999

Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I:

Fornleifar á Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú, Ásgarði og Miðengi

Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS103-99061

Reykjavík 1999

Efnisyfirlit

Skrá yfir kort	3
1. kafli. Inngangur	4
2. kafli. Byggðasaga	5
3. kafli. Fornleifaskrá	10
Efri-Brú	13
Kaldárhöfði	28
Syðri-Brú	43
Ásgarður	48
Miðengi	62
4. kafli. Fornleifar og byggð í héraði	72
5. kafli. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	77
6. kafli. Viðbætur	78
Heimildir	164

Skrá yfir kort

1. Skipting jarða og helstu beitarhús og sel á skráningarsvæðinu	8
2. Fornleifakort. Efri-Brú	12
3. Fornleifakort. Efri-Brú – bæjarstæði	14
4. Fornleifakort. Kaldárhöfði	29
5. Fornleifakort. Kaldárhöfði – bæjarstæði	29
6. Fornleifakort. Syðri-Brú – bæjarstæði	44
7. Fornleifakort. Syðri-Brú og Ásgarður	46
8. Fornleifakort. Miðengi	61
9. Fornleifakort. Miðengi – bæjarstæði	63

1. Inngangur

Sumarið 1999 hófst skráning fornleifa í Grímsneshreppi. Byrjað var á að safna heimildum um minjastaði í hreppnum öllum og hafa upplýsingar um rúmlega 1100 minjastaði verið færðar á gagnagrunninn ÍSLEIFU. Eru það mun fleiri staðir en reiknað var með í upphafi og að meðaltali um 25 fornleifar á jörð. Í framhaldi af heimildakönnun voru skráðir 176 staðir á vettvangi í júní. Skráðar voru jarðirnar Kaldárhöfði, Efri-Brú, Syðri-Brú, Ásgarður og Miðengi. Í öðrum áfanga er reiknað með að skrá um 500 staði á Björk, Stóruborg, Minniborg, Brjánsstöðum, Hallkelshólum, Klausturhólum, Hæðarenda, Búrfelli, Öndverðarnesi, Snæfoksstöðum, Vaðnesi, Hraunkoti, Fossi, Arnarbæli og Mýrarkoti. Í þriðja og síðasta áfanga, árið 2001, verða svo skráðir jarðir í austasta hluta hreppsins.


Skýrsla þessi er þannig upp byggð að fyrst er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (kaflí 2) en síðan er fornleifaskrá (kaflí 3). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru einnig fornleifakort yfir hverja jörð sem sýna dreifingu minjastaða. Í kafla 4 er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í kafla 5 eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á skráningarsvæðinu.

Birna Lárusdóttir gerði heimildakönnun um fornleifar í öllu Grímsnesi og gerði allar vettvangsathuganir undir stjórn Orra Vésteinssonar. Auk hennar skráðu Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson hluta af Kaldárhöfða. Vill höfundur sérstaklega þakka heimildamönnum sínum fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna.

2. Byggðasaga

Svæðið sem skráð var 1999 er vestasti hluti Grímsneshrepps og svarar til hinnar fornu sóknar Búrfells, fyrir utan Búrfell sjálft. Nyrstu jarðinar tvær, Kaldárhöfði og Efri-Brú, eru landmiklar og eiga land upp á Lyngdalsheiði. Næstu tvær jarðir fyrir sunnan, Syðri-Brú og Ásgarður, eru landminni en eiga þó fjalllendi upp í Búrfell. Syðsta jörðin af þeim sem skráð var 1999, Miðengi, er öll niðri á sléttlendinu neðan við Búrfellslæk og er meðaljörð hvað flatarmál varðar miðað við láglendisjarðir í Grímsnesi.

Búskaparskilyrði eru mismunandi innan þessa litla svæðis, allt frá Kaldárhöfða sem var aðeins 12 hundruð að fornu mati til Ásgarðs og Miðengis sem voru 48 2/3 hdr og 40 hdr. Í raun var þó munurinn á gæðum jarðanna minni, að minnsta kosti um 1700 þegar fyrst er að hafa upplýsingar um búskap á jörðunum. Þá var stærsta bú á



Tafla 1. Samanburður á áhöfn, jarðardýrleika og fóðurmati á skráningarsvæðinu 1708. Áhöfn og fóðurmat eru allir nautgripir+(allt sauðfé/6).

skráningarsvæðinu Syðri Brú, en sú jörð var hinsvegar næstminnst talið í dýrleika og þriðja minnst miðað við fóðurmat það sem gefið er í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Af töflu 1 sést að greinileg fylgni er á milli fóðurmatsins og áhafnar þeirrar sem skráð var á hverri jörð er jarðabókin var gerð, en mun minni fylgni er við dýrleikann. Mestur munur á dýrleika og áhöfn/fóðurmati er á dýrustu jörðunum, Ásgarði og Miðengi en hinsvegar er góð fylgni að þessu leyti á ódýrustu jörðunum, Kaldárhöfða og Syðri-Brú. Þetta bendir til að umtalsverðar breytingar hafi orðið á búskaparskilyrðum á milli þess sem dýrleiki jarðeigna festist í sessi á 11. og 12. öld og jarðabókin var gerð í byrjun 18. aldar. Breytingin virðist felast í að aðstæður til nautgriparæktar hafa farið versnandi eða að slíkur búskapur hefur ekki borgað sig að sama skapi og fyrr og jarðir sem vel hentuðu til nautgriparæktar hafi þar með rýrnað að gæðum. Þannig má ætla að Miðengi og Ásgarður hafi verið miklu betri jarðir en hinar þrjár á hámiðöldum, en hafi svo minnkað að verðmæti á meðan að ódýrustu jarðirnar héldu sínum gæðum, sem að stærra hlutfalli hafa byggst á sauðfjárrækt.


Samkvæmt Landnámabók var Öndverðarnes fyrsti bústaður landnámsmannsins Gríms í Grímsnesi en eftir fjóra vetur á hann að hafa flutt byggð sína til Búrfells. Þorgils sonur hans á að hafa gifst Æsu systur Gests Oddleifssonar hins spaka á Barðaströnd og bjuggu synir þeirra á Búrfelli og Miðengi. (ÍF I, 387 sbr. 172). Þessi frásögn getur ekki talist annað en sennileg eins langt og hún nær. Það er í sjálfu sér líklegt að hinir fyrstu landkönnuðir hafi leitað upp með Ölfusá og Öndverðarnes hefur verið sjálfsögð fótfasta fyrir þann sem vildi helga sér land norðan Hvítár og austan Sogsins. Eftir að sá hinn sami hafði kannað landið og byrjað að skipuleggja byggðina hefur hann fært bústað sinn nær sveitarmiðju þar sem eðlilegra var að hafa miðstöð en á sveitarendu. Sögn Landnámabókar um að sonarsynir landnámsmannsins hafi síðan búið í Búrfelli og Miðengi verður líka að teljast sennileg í sjálfu sér. Miðengi er næsti bær neðan við Búrfell og er vel líklegt að henni hafi verið skipt úr upphaflegri landareign t.d. við arfaskipti. Sögn Landnámabókar um landnám í vestanverðu Grímsnesi er því í sjálfu sér ekki ósennileg. Það þýðir hinsvegar ekki að hún byggi á traustum heimildum. Höfundurinn gæti hafa ímyndað sér sennilega þróun mála – eins og við getum enn þann dag í dag – og bætt við hana nöfnum manna og staða sem hann þekkti. Það verður til dæmis að teljast grunsamlegt að Grímur landnámsmaður skuli ekki vera feðraður – hann er aðeins sagður hafa verið systursonur Véþorms Vémundarsonar hersis á Jamtlandi. Það gæti bent til að eins og víðar í Landnámabók hafi þarna verið búinn til landnámsmaður úr örnefni og honum

síðan fengnir niðjar sem betur voru þekktir af ættfræðingum. Það er að minnsta kosti líklegra að Þorgils, kona hans Æsa Oddleifsdóttir, og synir þeirra Þórarinn og Jörundur hafi verið raunverulegt fólk sem lifði á seinni hluta 10. aldar.

Landnámabók gerir ráð fyrir tveimur frum-landnámum í Grímsnesi, landnámi Gríms í vesturhlutanum og Ketilbjarnar Ketilssonar á Mosfelli í austurhlutanum. Því er síðan bætt við að Hallkell, bróðir Ketilbjarnar hafi komið út og ekki viljað þiggja lönd af bróður sínum heldur skorað Grím á hólmi til landa og felld hann í Hallkelshólum. Hann á að hafa búið þar síðan. Talið er að Hallkelshólar séu Seyðishólar og að bær Hallkels sé Klausturhólar (ÍF I, 388). Með þessum sögnum skýrir Landnámabók byggðaskipun í Grímsnesi eins og hún var á miðöldum. Kirkjustaðirnir Búrfell, Hólar og Mosfell eru samkvæmt bókinni allt landnámsjarðir og þar með komin skýring á afhverju þessir bæir urðu að miðstöðvum byggðarinnar.

Það er athyglisvert að í vestanverðu Grímsnesi voru kirkjur eða bænhus á svotil hverjum bæ. Kirkjur með prestskyldu voru á Búrfelli, Snæfoksstöðum og Hólum, hálfkirkjur á Vaðnesi, Öndverðarnesi og Efri-Brú, fjórðungskirkja í Miðengi og bænhus í Ásgarði og á Syðri-Brú. Það er á 8 af 12 bæjum. Austan við Höskuldslæg voru hinsvegar aðeins kirkjur á Hömrum, Mosfelli og Neðra Apavatni og bænhus í Arnarbæli og á Reykjanesi. Það er á 5 af 25 bæjum. Að vísu eru ekki til fullkomnar heimildir um hvar guðshús voru í Grímsnesi og raunar með ólíkindum ef ekki hafa verið kirkjur eða bænhus á Stærribæ, Bjarnastöðum eða Eyvík, en engu að síður er greinilegur munur á tíðni guðshúsa vestan og austan við Höskuldslæg. Það gæti bent til að byggð hafi verið orðin mun fastari í sessi, býlin grónari og sjálfstæðari í vestanverðum hreppnum en austan við Höskuldslæg í byrjun 11. aldar, þegar byrjað var að reisa bænhus í grafreitum. Það gæti þó líka þýtt að í vesturhlutanum hafi býlin fyrst og fremst verið sjálfstæðari, að þeir sem stofnuðu þau hafi ekki verið háðir nágrönnum sínum á neinn hátt, en að í austurhlutanum hafi meirihluti býlanna verið skipulagður af sveitarhöfðingja sem hafði þá nágranna sína undir sínum áhrifum.

Þannig hafði kirkjueigandinn á Búrfelli lítil ítök meðal nágranna sinna miðað við það sem gerðist um eigendur sóknarkirkna á miðöldum. Til er máldagi Búrfellskirkju frá 13. öld og þar kemur fram að presturinn á Búrfelli eigi að syngja til kirkna á Efri-Brú og Miðengi og bænhusa í Ásgarði og á Syðri-Brú. Kirkjueigandinn á Búrfelli fékk aðeins tíund frá Kaldárhöfða og Ásgarði en bændur á hinum jörðunum áttu sína eigin tíund og hjúa sinna fyrir kirkjur sínar eða bænhus (DI II, 63-64).



Kort 1. Skipting jarða og helstu beitarhús og sel á skráningarsvæðinu.

Með því að bera saman stærð jarðanna, landamerki og virðingarröð kirknanna má gera sér í hugarlund hvernig svæðið byggðist í öndverðu. Ef Búrfell hefur verið fyrsta býlið á svæðinu þá er nokkuð ljóst að Ásgarður hefur byggst frá henni á undan Miðengi. Ef Miðengi hefði byggst fyrst þá væri þess ekki að vænta að Ásgarður ætti land bæði norðan og sunnan Búrfellslækjar. Huganlegt er að Brúar hafi verið sjálfstæður landnámskjarni og Kaldárhöfði hafi byggst þaðan og jörðin síðan skipst í tvennt, Efri-Brú og Syðri-Brú. Hitt er einnig mögulegt að öllu landinu upp að Þingvallavatni hafi verið ráðstafað af Búrfellsbónda og er þá sennilegt að fyrst hafi skipst milli Búrfells og Brúa, Ásgarður og Miðengi síðar skipst frá Búrfelli, en Kaldárhöfði frá Brúum sem síðan skiptust í tvennt.

Máldagi Búrfellskirkju frá 13. öld er elsta heimild um flestar jarðirnar á skráningarsvæðinu og sýnir hún að á 13. öld hefur verið komin sú byggðaskipun sem síðan hefur verið óbreytt. Búrfells og Brúa er einnig getið í Þorgils sögu skarða við atburði árið 1253 en ekki verður af þeirri heimild ráðið neitt um hverskonar menn bjuggu þá á jörðum þessum. Þórður Hítnesingur – mágur Þorgils skarða – var á leið austurum og “komu mjög þrekaðir til Brúa um kveldið. Þeir báðu þar greiða og fengu eigi. Tóku þeir þar vöndul heys fyrir hest hvern og lágu undir túngarði því bóndi lét byrgja hurðir vandlega.” Morguninn eftir fóru þeir til Búrfells og hefur verið betur tekið þar því þeir höfðu þar messu og dagverð (Sturl, 615).

Eina vísbendingin um forna byggð á skráningarsvæðinu sem fornleifar gefa er kumlið í landi Kaldárhöfða. Það er með ríkustu kulmum sem rannsökuð hafa verið á Íslandi. Það er þannig staðsett að ekki er ótvírætt að það eigi við bæinn í Kaldárhöfða – mennirnir gætu eins hafa verið heygðir á þessum stað af því þeir áttu leið þar um – kannski að þeir hafi drukknað í Soginu á bátnum sem heygður var með þeim? Kumlið er því ekki ótvíræð vísbending um annað en að menn hafi verið á ferð í Grímsnesi á 10. öld.

Á seinni hluta miðalda voru Kaldárhöfði og Ásgarður orðnar Skálholtskirkjujarðir og voru það uns þær voru seldar árið 1791. Grímsneshreppur eignaðist Kaldárhöfða um skeið en hafði makakipti á jörðinni við Þingvallakirkju fyrir afréttarland við Skjaldbreið. Þingvallakirkja hafði lengi átt ítök á svæðinu því um 1570 eignaðist hún Syðri-Brú. Syðri-Brúar er getið í skjölum frá 15. öld og átti Björn Þorleifsson hirðstjóri hana um skeið og seinna Sveinn Pálsson Skálholtsbiskup sem gaf hana Pétri syni sínum ungum árið 1471. Miðengi komst undir Viðeyjarklaustur á seinni hluta 14. aldar og varð eins og aðrar klausturjarðir konungseign eftir siðaskipti

en var seld 1837. Efri-Brú er eina jörðin á skráningarsvæðinu sem ávallt hefur verið bændaeign.

Engar hjáleigur eða eyðibýli eru þekkt á skráningarsvæðinu og hefur byggð þar því verið með eindæmum stöðug. Til eru landamerkjálýsingar Efri-Brúar og Miðengis frá 16. öld og sýna þær að merkin hafa þá verið á sömu stöðum og nú.

3. Fornleifaskrá

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar í landi Kaldárhöfða, Efri-Brúar, Syðri-Brúar, Ásgarðs og Miðengis. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jaðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-431:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna..


Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar eða hlutverk og síðan hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 m að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifa kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) lítil hætta, 3)hætta og 4) mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er getið heimilda, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Af 176 stöðum sem skráðir voru eru 105 eiginleg mannvirki en af hinum er mest um götur (12), ferjur og vöð (10), vörður (22) og loks örnefni sem benda til fornminja en engin mannvirki fundust við leit (14). Af þeim 105 stöðum þar sem mannvirki eru eða hafa verið eru 69 enn óskemmd en á 36 stöðum eru mannvirkjaleifar ekki lengur sýnilegar. Í langflestum tilfellum hafa tóftir horfið vegna túnasléttunar en einnig hafa nokkrar horfið undir byggingar og vegi. Ástand

þeirra 69 minjastaða þar sem tóftir sjást enn, er yfirleitt gott. 1 gamalt torfhús stendur enn undir þaki á skráningarsvæðinu, á 56 stöðum standa hleðslur enn lítið sem ekki hrundar, en á 26 stöðum eru hleðslurnar signar og á örfáum stöðum eru þær útflattar og ógreinilegar.

Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Á flestum stöðum var hægt að meta hættu og reyndust 80 vera í lítilli eða engri hættu en 70 töldust í hættu vegna nálægðar við staði þar sem framkvæmdir af ýmsu tagi eiga sér stað. Flestir þeirra staða sem taldir voru í einhverri hættu töldust í takmarkaðri hættu vegna almenns rasks og framkvæmda sem fylgja búskap, en 1 staður taldist í sérstaklega mikilli hættu vegna malarnáms. Nú eru engar stórkostlegar framkvæmdir á skráningarsvæðinu, t.d. hefur mjög dregið út framræslu og túnrækt. Hins vegar er fyrirsjáanlegt að í framtíðinni muni rask aukast, einkum þar sem sumarbústaðabyggð er fyrirhuguð eins og í landi Ásgarðs. Skipuleg skógrækt er nokkur, t.d. á Kaldárhöfða.

Flestar minjanna sem skráðar voru tengjast landbúnaði og má nefna fjölda útihúsa, þar á meðal 23 fjárhús og 7 hesthús. Að auki 9 beitarhús, 5 stekkir, 2 sel og 3 túngarðar. Þá hefur mótak verið á 6 stöðum og torfrista á 3. Nánari grein verður gerð fyrir hverjum minjaflokki í kafla 4.



Kort 2: Fornleifakort, Efri-Brú

Skrá yfir fornleifar

ÁR-430 Efri-Brú

30 hdr. 1708. Bændaeign. Fyrst getið um páska 1253: "Reið Þórður [Hítningur] suður eftir páskaviku og Ingimundur Böðvarsson. Og er þeir komu suður á heiði tók að drífa og féll snjór svo mikill að hestarnir máttu eigi vaða. Treystust þeir eigi að ríða Lyngdalsheiði og sneru til Gjábakka og komu mjög þrekaðir til Brúa um kveldið. Þeir báðu þar greiða og fengu eigi. Tóku þeir þar vöndul heys fyrir hest hvern og lágu undir túngarði því bóndi lét byrgja hurðir vandlega." Þorgils saga skarða, Sturl, 615. [haustið 1269]: [frá Búrfelli] skal oc sijngia til Brúar anan húern dag oc skal caûpa xûiij aûrûm." DI II, 63-64. 1397: "Nichulaskirkia ad Efri Brv a xc. j heimalandi. ... portio Ecclesiae vmm .viiij. ár næstu .iiij. merkur." DI IV, 91. 18.6.1564 bera Helgi Jónsson og Sölvör Pétursdóttir vitni um að þau heyrðu aldrei tvímæli á leika að Efri Brú ætti skóginn á Gjábakka, millum gjá og gatna, og væri kölluð Brúartorfa. Helgi hafði búið á Efri Brú í 20 ár en Sölvör í 5 ár en faðir hennar, Pétur Sveinsson átti jörðina í 30 ár, og nytjuðu þau þennan skóg meðan þau bjuggu á Efri Brú. Enn j heimalande voru halldin landamerke j norðrætt j Molldäs enn störa. og j þann læk sem er fyrir nordan stapann. Enn j landnordursætt j halfann Hestzdal. Lyste Clemens heitinn Jonsson þui, er þar bio j xx ar fyrir ockur. ad það sel sem giortt er a driftinne nordur. være rett j landamerkium. Enn af nordara driftar endanum j Þrasaborger. Enn sudur fra Bru ofan j Markargil og sionhending j lækinn fyrir nedan Liosafoss og burt v adurgreindu Markargile sionhending vppi Burfellsfiell. So og j austurætt. halfann Burfellsdal. og sionhending af sama dal j Þrasaborger. Eru vid nu xl ara gomul." DI XIV, 269-70. 1708: "Hjer hefur i manna minni bænhús verið, og tíðir veittar, þegar heimafolk tók sacramenti. En ekki hefur embætti flutt verið í næstu 50 ár, og er nú húsið niðurfallið í grunn og sjást aðeins tóftarleifar." JÁM II, 356. 29.6.29.6. 1596 var gerður áreiðardómur um landamerki Efri- og Syðri-Brúar. Þar kom fram 12 manna dómur þar sem sr. Jón Jónsson hafði stefnt Eyvindi Þorkelssyni eiganda Efri-Brúar vegna Þingvallakirkjujarðar Syðri-Brúar. Þeir höfðu þó hvorgur önnur skjöl en "um Gard sem liggur a millum jardanna". Því var málið dæmt til áreiðar Þórðar Guðmundssonar lögmanns og taldi hann og dómurinn þessi landamerki: "Sa gardur logligur og myndugur a millum greindra jarda sem liggur þar a millum. thil rettra landamerkia. sem annar endinn horfer fyrer nedan Liosafoss. og annar vid ofanverdan Burfellshäls ad sionhendingu." AÍ III, 89-90

1920: Tún 9,8 ha. Garðar 1156 m². "Bærinn stendur sunnan undir lágum ási, Steinsholti. Land jarðarinnar liggur með Úlfjótuvatni skammt niður fyrir Ljósafoss. Skiptast á mýrarsund, melar og móar austur að Búrfelli og upp að heiðarrótum Lyngdalsheiðar. Þar eru víða vallendisflatir. Landið er allsundurskorið af vatnsgangi og uppblæstri." Sunnlenskar byggðir III, 136.


ÁR-430:001 Efri-Brú bæjarhóll bústaður 64°06.083N
20°59.650V

Núverandi íbúðarhús á Efri-Brú var reist 1947. Um 100 metra austur af því er gamla bæjarstæðið en milli þess og áður nefnds íbúðarhúss er nýlegt hesthús með sambyggðri hlöðu og súrheysturni.

Gamli bæjarhóllinn er á fremur litlu, afgirtu svæði austan við fjárhúsið. Það er býsna óslétt en tún bæði sunnan og norðan megin við. Bæjarmýrin er rétt hjá austan megin. Vel sér móta fyrir hólnum og gömlum hleðslum í honum, einkum sunnan megin en þar var framhlið bæjarins. Þar má á um fimm metra kafla greina tvö umför í hleðslu en norðar í hólnum er önnur

greinileg hleðsla, um þriggja metra löng. Þar mun hafa verið hlóðaeldhús. Nokkuð rask hefur orðið á staðnum og verið byggt ofan á hólnum, m.a. fjós og hlaða sem hafa nú verið rifin. Því hefur mikið af gömlu hleðslunum verið skemmt og steinsteyptir útveggir haughússins standa upp úr um miðbik hólins.

Í örnefnaskrá er lýsing á gamla bænum: "Húsaskipan er þannig: Vestast í bæjarröð er smíðja. Austan við hana er stórt baðstofuhús. Það er ein hæð og loft með porti. Á hæðinni er syðst stofa, þá lítið svefnherbergi með einu rúmi en norðast er eldhús. Á loftinu er baðstofa tæp fimm stafgólf á lengd.. Bæjardyr eru í mjóum skúr sem er austan undir öllu baðstofuhúsinu. Austan bæjardyra er búr, en norður af því er hlóðareldhús, stórt, og er gengið í það úr bæjardyraskúrnum norðast. Næst búrinu að austan er heyhlaða, er tekur 150-200 hestburði. Öll þau hús, er talin hafa verið snúa framstöfnum mót suðri. Veggir þeirra allra eru úr torfi og grjóti, en suðurgaflar úr timbri og járn og ná niður á stétt, nema á búi, en þar er framgafi hlaðinn í veggjarhæð, en lítið þil með glugga þar fyrir ofan. Austast í bæjarröðinni er fjós, einstætt með 10 básum. Það snýr frá austri til vesturs og eru dyrnar á miðjum suðurvegg. Veggir þess eru hlaðnir úr grjóti og torfi. Á þaki



Kort 3. Fornleifakort. Efri-Brú - bæjarstæði

er járn, en torf undir járninu. Tveir litlir gluggar eru sitt á hvorum gaffli. Meðfram allri bæjarröðinni er hellulögð stétt, en framan við hana breitt hlað, allt púkkað með grjóti." Samkvæmt frásögn Böðvars Guðmundssonar var gamli bærinn með þremur burstum. Hann var endurnýjaður að einhverju leyti árið 1930 og í honum búið uns nýja íbúðarhúsið var byggt árið 1947. Vestast var smíðja, þá baðstofa og fjós. Hlóðaeldhús norðantil, þar sjást hleðsluleifar. Fyrir sunnan bæinn var hlað, þar var stétt og sjást enn steinar á stöku stað. Austur af bæjarhólnum er garðlag, líklega frá aldamótum 1900; var það vörslugarður umhverfis matjurtir. Eins og áður segir hefur verið byggt aftur á staðnum, var þá grafið talsvert í hólinn en Böðvar veit ekki til þess að nokkuð markvert hafi komið í ljós.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú 2-3; Túnakort 1920

ÁR-430:002 Timburhús heimild um skemmu 64°06.08N 20°59.652V

"Framan við hlaðið, beint í suður frá Smíðjunni er sérstakt hús, allt gjört úr timbri,

nefnt Timburhús. Það snýr frá vestri til austurs, og eru dyr á vesturgafli. Flatarmál þess er 3.70x6.50 m. Í því er timburgólf og loft í risi. Það er allt bikað að utan. Niðri í húsinu hafa verið geymdar kornbyrður og fatakostur, reiðveri o.fl. Á loftinu var geymdur fiskur, hertur og saltaður, fjallagrös o.fl.", segir í örnefnaskrá. Timburhús þetta stóð rétt sunnan við gamla bæinn sem var austur af núverandi bæjarstæði og austan við hesthúsið og hlöðuna.

Gamla bæjarstæðið er á fremur litlu, afgirtu svæði austan við hesthúsið. Það er býsna óslétt en tún bæði sunnan og norðan megin við.

Timburhúsið er alveg horfið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 3; Túnakort 1920

ÁR-430:003 heimild um hlöðu 64°06.078N 20°59.670V

"Í norður af smiðjunni og nokkru frá henni er hlaða með járnþaki, tekur um 350 hesta. Hún snýr frá suðri til norðurs", segir í örnefnaskrá. Hlaðan hefur verið rétt norður af vestasta hluta gamla bæjarstæðisins. Rétt austur af þeim stað gnæfa nú steyptir veggir, leifar af gömlu haughúsi.

Gamla bæjarstæðið er á fremur litlu, afgirtu svæði austan við hesthúsið. Það er býsna óslétt en tún bæði sunnan og norðan megin við.

Það sést votta fyrir grjóti í nokkuð beina línu þar sem hlaðan stóð og getur verið að það sé úr gömlu hlöðunni, en ekki er það þó víst. Mikið rask hefur verið á þessu svæði vegna nýbygginga o.fl.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 3; Túnakort 1920

ÁR-430:004 heimild um heygarð 64°06.078N 20°59.670V

"Austan við [hlöðuna sem er norður af smiðju] er heygarður með fjórum heystæðum", segir í örnefnaskrá. Þar sem heygarðurinn hefur verið eru nú uppistandandi steyptir veggir af gömlu haughúsi.

Gamla bæjarstæðið er á fremur litlu, afgirtu svæði austan við hesthúsið. Það er býsna óslétt en tún bæði sunnan og norðan megin við.

Heygarðurinn er horfinn, sléttað var og byggt yfir hann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 3

ÁR-430:005 heimild um 64°06.059N 20°59.627V

"Skammt austan við heygarðinn er lítið hús með torfþaki. Þar er geymdur eldiviður", segir í örnefnaskrá. Húsið hefur staðið rétt austan við þar sem nú eru uppistandandi veggir haughússins.

Gamla bæjarstæðið er á fremur litlu, afgirtu svæði austan við hesthúsið. Það er býsna óslétt en tún bæði sunnan og norðan megin við.

Á þessum stað hefur verið sléttað og byggt að nýju.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 3

ÁR-430:006 heimild um hesthús 64°06.099N 20°59.667V

"Gamligarður er skammt frá vesturkálgarði í norð-vestri. Þetta er hár bali og upp á honum sést móta fyrir ævafornum veggjum. Lítur út fyrir, að þar hafi verið heygarður og fleiri byggingar. Sunnan í Gamligarði er hesthús. (Nú er Gamligarður horfinn, og þar sem hesthúsið var, er nú stór heyhlaða, en sunnan við austurenda hennar er

votheysturn, og suður af hlöðunni vestantil er fjósið. Þetta var byggt 1957- '58)", segir í örnefnaskrá. Hlaðan stendur nú þar sem hesthúsið var áður, rétt austan við íbúðarhúsið.

Segja má að núverandi hlaða standi á Gamlagarði, eða því sem eftir er af honum. Rétt austan við er grasi gróin spilda, þar er gamla bæjarstæðið. Vestan við hlöðuna er hlaðið austan íbúðarhússins.

Löngu horfið. Ef einhverjar leifar fyrirfinnast eru þær undir hlöðunni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 4

ÁR-430:007 heimild um lambhús 64°06.064N 20°59.723V

"Nærri Gamlagarði í suð-vestur eru tvö fjárhús, samstæð, með torfpaki, (lambhús) (þar er nú íbúðarhúsið, byggt 1947)", segir í örnefnaskrá. Þessi hús stóðu raunar 20-30 metra suðaustur af íbúðarhúsinu, nærri suðvesturhorni hesthússins sem nú er þar. Þau voru notuð sem geymslur þegar íbúðarhúsið var í byggingu 1947.

Nú er á þessum stað slétt bílastæði eða hlað milli íbúðarhúss og hesthúss; hefur allt verið rækilega sléttað og mól borin á svæðið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 4-5

ÁR-430:008 heimild um hesthús 64°06.023N 20°59.769V

"Hesthús er á túninu, aðeins vestar en í hásuður frá bænum, einnig er hesthús norðan við vesturkálgarðinn", segir í örnefnaskrá. Fyrirnefnda húsið stóð sunnan við bæinn, þar sem nú er stórt íbúðarhús, reist 1998.

Hefur staðið norðvestast á suðurtúninu sem hallar til suðurs. Það hefur eflaust verið sléttað með jarðýtum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 5

ÁR-430:009 heimild um hesthús 64°06.103N 20°59.682V

"Hesthús er á túninu, aðeins vestar en í hásuður frá bænum, einnig er hesthús norðan við vesturkálgarðinn", segir í örnefnaskrá. Síðarnefnda var þar sem nú er hlaða og hesthús austan við bæinn. Af lýsingunni að dæma er líklegast að hesthúsið hafi staðið rétt norðan við hlöðuna, en langt mun síðan að húsið var jafnað við jörðu.

Grasi gróið og slétt svæði, í framhaldi af norðurtúninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 5; Túnakort 1920

ÁR-430:010 *Kirkjunef* örnefnikirkja 64°06.136N 20°59.413V

"Sunnan við Krókagil er mýrlent stykki, Kirkjunefsmýri. Tveir háir valllendisranar ganga í austur frá mýrinni. Heita Kirkjunef. Á milli þeirra er hvammur móti austri, er heitir Fagrihvaeður. (Kirkjunefsmýrin og Kirkjunefin hafa verið ræktað og eru tún)", segir í örnefnaskrá. Á þessum stað eru nú tún, austur og suðaustur af gamla túninu, um 2-300 m frá bæ. Skammt sunnar, við enda túnsins og líklega um 5-800 m suður af bæ er einnig örnefnið Kirkjumelur. Þetta er skammt suðaustan við staðinn þar sem talið er að bænhúsið (014) hafi staðið.

Ræktað tún.

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 6

ÁR-430:011 *Gamligarður* garðlag 64°06.077N 20°59.644V

"Gamligarður er skammt frá vesturkálgarði í norð-vestri. Þetta er hár bali og upp á honum sést móta fyrir ævafornum veggjum. Lítur út fyrir, að þar hafi verið heygarður og fleiri byggingar. Sunnan í Gamlagarði er hesthús. (Nú er Gamligarður horfinn, og þar sem hesthúsið var, er nú stór heyhlaða, en sunnan við austurenda hennar er votheysturn, og suður af hlöðunni vestantil er fjósið. Þetta var byggt 1957- '58)", segir í örnefnaskrá. Gamligarður er rétt austan við bæinn, handan við hlöðuna og súrheysturninn, 20-30 metrar frá gamla bæjarhólnum.

Segja má að núverandi hlaða standi á Gamlagarði, eða því sem eftir er af honum. Rétt austan við er grasi gróin spilda, þar er gamla bæjarstæðið.

Austan við hlöðuna er dálítill hóll sem hallar til austurs. Að sögn Böðvars Guðmundssonar eru það leifarnar af Gamlagarði en hann hefur verið lækkaður mikið frá því sem var. Líklega er hóllinn

sjálfur ekki manngerður en eins og fram kemur í örnefnaskrá voru garðhleðslur uppi á honum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 4

ÁR-430:012 *Gíslahóll* álagablettur 64°06.004N 20°59.654V

"Gíslahóll er í hásuður frá bænum og nærri túnjaðri. Á honum eru þau álög, að ekki skuli hrekjast taða sú, er á honum sprettur, en nokkuð hefur þótt bregða út af því. Gíslahóll er lítill hóll eða bæli (hefur nú verið lækkaður með jarðýtu)", segir í örnefnaskrá. Sé komið að suðurtúninu austanfrá sjást leifar hólans einna best en hann er þó alls ekki áberandi. Hann er sunnarlega, rétt um miðbik túnsins, líklega um 1-200 m frá bæ. Upphafleg stærð hans er ekki ljós en hann er nú nálægt 5 x 5 m.

Túnið er beint niður frá bænum, hallar til suðurs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 4

ÁR-430:013 *garðlag* túngarður 64°05.988N 20°59.655V

Í Þorgils sögu skarða í Sturlungu segir: "Reið Þórðr suðr eftir páskaviku ok Ingimundr Böðvarsson. Ok er þeir kómu suðr á heiði, tók at drífa, ok fell snjór svá mikill, at hestarnir máttu eigi vaða. Treystust þeir eigi at ríða Lyngdalsheiði ok sneru til Gjabakka ok kómu mjök þrekaðir ti Brúa um kveldit. Þeir báðu þar greiða ok fengu eigi. Tóki þeir þar vöndul heys fyrir hest hvern ok lágu undir túngarði, því at bóndi lét byrgja hurðir vandlega." Á þessa frásögn er minnst í örnefnaskrá. Þar segir ennfremur: "Nú vill svo til, að enn sér vel fyrir garði sem hefur verið umhverfis túnið á Efri-Brú. Hefur hann verið hlaðinn úr mjög stóru grjóti og sýnilega mikið mannvirki. Að mínu viti eru sterkar líkur til, að það sé sá garður, er um getur í áðurnefndri frásögn. Hins vegar hef ég ekki getað sé [sic] neitt móta fyrir túngarði á Syðri-Brú." Síðar í örnefnaskránni kemur svolítil viðbót: "(Þegar jarðvinnsluvélar voru teknar í notkun var grjótið úr garðinum fjarlæggt og hann sléttaður út. Þó er hann enn óhaggaður meðfram vesturjaðri túnsins, að sunnanverðu.)" Enn sést vel móta fyrir garðlaginu á suðurtúninu, beint niður af bænum, vestan megin.

Suðurtúnið er beint niður og suður af bænum. Rétt ofan við það er nýtt hús, byggt 1998, en neðan eru blásnir melar til suðurs, allt að mörkum Syðri-Brúar í Draugagili.

Garðurinn liggur í suðurátt með túninu að vestanverðu; beygir síðan til austurs en verður þar fremur ógreinilegur. Þó má sjá stóra steina á víð og dreif sunnan við túnræktina en innan girðingar,

þeir gætu vel verið úr garðinum. Hann er sjáanlegur á um 100 metra kafla en

skýrastur nyrst.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 1, 5; Sturlunga saga II, 148

ÁR-430:014 heimild um bænhús 64°06.090N 20°59.596V

"Hjer hefur í manna minni bænhús verið, og tíðir veittar, þegar heimafólk tók sacramenti. En ekki hefur embætti flutt verið í næstu 50 ár, og er nú húsið niðurfallið í grunn og sjást að eins tóftaleifar," segir í jarðabók Árna Magnússonar.

Grasi vaxið beitarstykki, skurðir að austanverðu en girt að vestan. Skammt austar er mýri, Bæjarmýri. Talið er að bænhúsið hafi staðið um 50 m austan við gamla bæjarstæðið. Þar er svolítill dæld eða laut í annars fremur sléttu stykki.

Allar tóftir löngu horfnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM II, 356


ÁR-430:015 Syðri-Grenjabrekkur tóft fjárhús 64°07.055N 20°58.680V

Syðri-Grenjabrekkur eru austan við Stórhól sem er býsna stór hóll. Best er að ganga upp á brúnina ofan við Hvítingslæk og sést þá til brekknanna. Stórhól má þekkja af mjög blánum melum efst en þegar neðar dregur taka við gilskorningar með grónum bekkjum. Fjárhústóft er ofarlega og syðst í Syðri Grenjabrekkum. Brekkurnar sjálfar eru vel grónar lyngi og grasi. Í vestri og raunar við rætur Stórhóls er mýri en fyrir ofan brekkurnar stórgrýttur melur; þar eru tvö vörðubrot.

Tóftin er óljós og sokkin en virðist hringlaga og inngangur norðaustan megin. Brekka beint í austur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 2




ÁR-430:016 Kallhóll tóft hesthús 64°06.185N 21°02.034V

Í athugasemd aftan við örnefnaskrá Efri Brúar segir: "Í Kallhól er kofarúst. Þar var hesthús fyrir hest Þingvallaprests. Hesturinn var geymdur þar, meðan embættað var á Úlfljótsvatni." Hóll þessi er greinilegur vestast í Kvíanesi, rétt vestan við þar sem túnrækt sleppir. Beint á móti, handan við Sogið, er kirkjan á Úlfljótsvatni.

Yst á nesinu öllu eru valllendismóar en meginhluti þess er ræktað tún. Úlfljótsvatn rennur í Sog á þessum slóðum.

Beint ofan á á Kallhól eru leifar hlaðinna veggja, og mun það vera hesthúskofinn. Hann er orðinn mjög óljós en inngangur virðist hafa verið að austanverðu. Það sem nú sést er þríhyrningslaga.

Tveir stórir steinar eru í rústinni miðri.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Efri-Brú, 2

ÁR-430:017 *Pyttamýri* náma mógrafir 64°06.467N 20°58.602V
Mótak var í Pyttamýri sem er um 2 km í norðaustur frá bænum. Hún er beint suður af Vestari-Hvítingshæð en austan við Hvítingslæk sem á upptök sín þar skammt norðar og er auðfundin. Mýrin sjálf er ekki stór.
Pyttamýri er allþýfð. Norður af henni eru Hvítingslækjarbotnar og austur af þeim Hvítingshæðirnar tvær. Nokkrir pyttir eða keldur skýra nafngiftina.
Ein mögröf er greinileg, en mögulegt að þær hafi verið fleiri. Gröfin er L-laga, annar endinn vísar til suðurs og hinn í vesturátt. Víðast hvar er gröfin um 8 metra breið.
Hættumat: engin hætta

ÁR-430:018 *Draugagil* gata leið 64°05.846N 20°59.764V
"Sunnan við Puntabletti og Hallvöll er Draugagil. Það ræður mörkum milli Efri- og Syðri-Brúar", segir í örnefnaskrá. Gilið er um 500 m suður af bænum og er best að fara vestan við syðra túnið. Gamall vegur liggur þvert yfir gilið. Þetta mun vera Þingvallavegurinn gamli og liggur hann um fleiri jarðir, til dæmis Káldárhöfða. Vegurinn er afar ógreinilegur í landi Efri-Brúar og erfitt fyrir ókunnuga að koma auga á hann. Syðri-Brúar megin er hann mun greinilegri.
Draugagil er grunnt. Í því er melur en mosagróinn bakki Syðri-Brúar megin. Landið verður grösugra eftir því sem nær dregur Efri-Brú. Um miðbik gilsins endilangs er hrörleg girðing; það eru landamerki Brúarbæjanna.
Vegurinn er ógreinilegur Efri-Brúar megin, ef vel er að gáð sést þó slóði í grasþýfinu. Í landi Syðri-Brúar hefur veginum sýnilega verið haldið við lengur og liggur hann upp að sumarhúsum sem þar eru. Lítur út fyrir að mül hafi verið borin í hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Efri-Brú, 7

ÁR-430:019 heimild um hlöðu 64°06.109N 20°59.587V
"Næst búrinu að austan er heyhlaða, er tekur 150-200 hestburði", segir í örnefnaskrá. Hlaðan hefur samkvæmt þessari lýsingu staðið rétt austan við leifarnar af haughúsinu sem nú gnæfir upp úr gamla bæjarhólnum.
Gamli bæjarhóllinn er á fremur litlu, afgirtu svæði austan við fjárhúsið. Það er býsna óslétt en tún bæði sunnan og norðan megin við. Bæjarmýrin er rétt hjá austan megin.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Efri-Brú, 2-3

ÁR-430:020 varða 64°07.091N 20°58.701V
Skammt suðaustur af Stórhól eru tvö vörðubrot á hæð, mjög stórgrýtttri. Þetta er rétt ofan við Syðri-Grenjabrekkur og góðan spöl frá bænum. Best er að ganga í austur frá Efri-Brú uns komið er að Hvítingslæk, fara svo upp með honum á brúnina fyrir ofan. Þá sér til Stórhóls í austri, alllangt í burtu.
Svolítill hæð, stórgrýtt og með stórum klöppum. Fyrir neðan eru Grenjabrekkur, svo tekur við mýri og skorningar í rótum Stórhóls. Sé staðið uppi á hæðinni og horft til austurs, sjást aðrar brekkur í rótum Lyngdalsheiðar. Það eru Efri-Grenjabrekkur.
Annað vörðubrotið er sýnu stærra en hitt eða 1 x 1 að grunnflatarmáli en 1.30 að hæð. Hitt er um ½ x ½ m og innan við 1 m á hæð. Milli varðanna eru 2 m. Þær eru hlaðnar á stórri klöpp úr flötum steinum; vel úr garði gerðar og mjög líkar að allri gerð,

ferkantaðar. Svo virðist sem minni varðan hafi aldrei verið fullgerð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-430:021 *Kelavarða* varða 64°06.346N 20°57.932V

"Norðan við Stóra-Hvamm, en upp frá Skjónagili og Votuhvömmum, er heiðlendi, er nær til norðurs að Giljaklofningum, heitir Skjónagilsheiði. Syðst á henni er há grjótvarða á klöpp, Kelavarða", segir í örnefnaskrá. Varðan er austur af Votuhvömmum sem Austurbæjarstekkjartún er suður af. Varðan sést ekki vel úr fjarska því hún stendur ekki hátt.

Varðan stendur á grjótklöpp, 800-1000 m neðan við heiðarbrúnina sem afmarkar dalverpið austan Búrfells. Austan við hana er grasivaxinn en nokkuð sundurskorinn hvammur við rætur Búrfells og er það Stóri-Hvammur skv. örnefnalýsingu.

Kelavarða er ótrúlega há og vel úr garði gerð. Varla sést nokkur misfella á henni og er eins og hún hafi verið meitluð að utanverðu. Fátt er um gloppur og göt og ljóst að vandað hefur verið til

verksins. Grunnflöturinn er ferkantaður og varðan mjókkar eftir því sem ofar dregur. Hlaðin úr hraungrýti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 17

ÁR-430:022 tóft fjárhús 64°06.069N 20°58.349V

"Skammt sunnar en Votuhvamar, en austan verðu við ána, er flöt, vestan undir hárri hæð, og er meiri hluti flatarinnar í halla móti vestri, þar heitir Austurbæjarstekkjartún. Meðan tvíbýli var á Efri-Brú, var það notað af bændum í austurbænum. (Sunnan við Stekkjartúnið var byggt fjárhús, er tók 60 kindur, hefur verið lagt niður)", segir í örnefnaskrá. Tóftin er í grónum slakka, rétt austan við Brúarána. Mangagil, sem er talsvert stórt og mikið, er aðeins fáeinum m suðvestar.


Austan og neðan við tóftina eru grasi grónir hvammar við Brúarána, bæði norðan og sunnan megin. Austurbæjarstekkjartúnið, stór og slétt flöt niður við ána, er rétt austan við og dálítið neðar. Háir moldarbakkar afmarka túnið vestan megin; talsvert hefur hrunið úr þeim og fer flötin líklega minnkandi af þeim sökum.

Tóftin er aflöng og mjó, snýr frá norðvestri til suðausturs og er inngangur á norðvesturgafli. Byggt í brekku sem hallar mót vestri eða norðvestri. Eftir endilöngu er hlaðinn garði og steyppt plata ofan

á hann. Veggir eru hrundir inn að nokkru leyti.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 15



ÁR-430:023 *Austurbæjarstekkjartún* tóft stekkur 64°06.193N 20°58.450V

"Skammt sunnar en Votuhvamar, en austan verðu við ána, er flöt, vestan undir hárri hæð, og er meiri hluti flatarinnar í halla móti vestri, þar heitir Austurbæjarstekkjartún. Meðan tvíbýli var á Efri-Brú, var það notað af bændum í austurbænum", segir í örnefnaskrá. Tún þetta er í austurátt frá bænum og rétt austan við Brúará, nokkuð stórt og áberandi úr fjarlægð. Austurbæjarstekkjartún er girt blásnum hólum



austanmegin en að norðvestanverðu markast það af Brúaránni. Nyrst á túninu og næst árbakkanum er gömul stekkjartóft.

Túnið er í nokkrum slakka ofan til en rennislétt þegar nær dregur ánni. Fer minnkandi vegna upplásturs og hruns úr háum moldarbökkum vestantil.

Tóftin er greinilega mjög gömul, enda langt síðan tvíbýli var á Efri-Brú. Hún er nokkuð stór en orðin ógreinileg, þó má greina a.m.k. tvö hólfið og er annað miklu stærra. Ekkert grjót sést í

útveggjum. Tóftin stendur í dálitlum halla mót vestri en lögun er ógreinileg, lítur einna helst út eins og


þúfnabingur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 15

ÁR-430:024 tóft fjárhús

64°06.683N 20°58.355V



"Í austur frá Steinsholtsenda eystri eru tvær hæðir. Sú vestri, sem er miklu lægri, er austan við Hvítingslækjarbotna, og heitir Vestri-Hvítingshæð. Skammt austan við hana er hin hæðin, Eystri-Hvítingshæð. (Vestan í henni var fjárhús, er tók um 70 kindur, hefur nú verið lagt niður)", segir í örnefnaskrá. Sé staðið austan við Efri-Brúar bæinn og horft til norðausturs má sjá tvær ávalar hæðir í framhaldi af Steinsholtsenda. Það eru Hvítingshæðir. Nokkuð stórt, ræktað tún er í eystri hæðinni, og er þar fjárhústóft Þetta er um 2 km norðaustur af bæ.

Túnið hefur greinilega ekki verið slegið um nokkurra ára skeið. Því hallar til suðurs eða suðvesturs. Suðaustur af því er mýrlundur dalbotn en norðvestur af fjárhústóttinni er dálítill gilskorningur og hrúnið úr bökkum hans.

Tóftin, sem er mjög glögg, snýr frá norðri til suðurs. Hún er aflöng og inngangur á suðvesturhorni. Nyrðri

skammhliðin er hlaðin inn í brekku, en aðeins sést grjót að ráði í skammhliðunum. Tveir garðar grjóthlaðnir eru eftir húsinu endilöngu, mjög greinilegir og 5-6 umför sjáanleg í göflum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 14


ÁR-430:025 Hólsstekkjartún tóft fjárhús 64°05.985N 20°58.346V

"Austan við Skyggni tekur við mýri, heitir Neðri-Sauðasteinsmýri. Norðan við hana er örlítill mýrarlæg móti norðri, og er lítill valllendishóll fast við hana að austan, þar er Hólsstekkjartún. Þar sést votta fyrir gömlum tóftum", segir í örnefnaskrá. Tún þetta, sem er lítið meira en gróinn hóll, umkringdur mýri, er suðvestur af Austurbærstekkjartúni 023, líklega um 500 m. Suðvestan við þennan hól er Sauðasteinn, mjög áberandi og gnæfir hátt. Þetta er um 1200 m suðaustur af bænum.

Gróinn valllendishóll. Norðvestan við hann er mýri en sé horft til norðvesturs sést Austurbærstekkjartún, stærðar vallendisflöt við Brúará. Svolítinn spöl austar er stórt gil, Mangagil.

Til að sjá tóftirnar verður að ganga upp á hólinn. Þar sést móta fyrir a.m.k. þremur tóftum sem eru ógreinilegar og eflaust gamlar; líta út eins og reglulegar og þráðbeinar skorur með lítilsháttar

þústum sínhvoru megin. Tvær eru líklega leifar fjárhúsa; þær eru aflangar og samhliða, um 7 metrar á milli og snúa frá suðaustri til norðvesturs með inngang norðvestanmegin. Syðri tóftin er mun stærri. Þriðja tóftin er ógreinilegust, hún er austast í röðinni og virðist hringlaga, gæti verið leifar af stekk. Stærsta tóftin er 11 x 3 ½ m, miðtóftin um 7 x 2 m en sú austasta 6 x 2 ½ m. Í þeirri stærstu vottar fyrir afmörkuðu hólfi innst, e.t.v. lambakró.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 16

ÁR-430:026 *Nónvarða* frásögn eyktamark 64°05.960N 21°00.098V
"Til suðurs og suðvesturs frá túninu eru melar, heiðarmóar. Þar sem þá ber hæst, frá bænum séð, nokkru sunnar en í hávestur, er varða, Nónvarða. (Hún er nú horfin)", segir í örnefnaskrá. Varðan stóð í suðvestur frá bænum og er hægt að miða stefnuna við Ljósafoðsskóla. Á þessum stað er melur og moldarbörð í kring.

Blásinn melur með moldarbörðum, gróið stykki þegar nær dregur bænum. Heimreiðin er norðan megin við melinn.

Segir fátt af vörðunni, hún virðist með öllu horfin. Þar sem melinn ber hæst frá bænum séð eru nokkrir stórir steinar; einhverjir þeirra gætu verið undirstöðurnar.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 7


ÁR-430:027 tóft fjárskýli 64°06.476N 21°00.877V

"Til austurs frá Sakkarholtum er mýri, er nær að Heiðará að sunnan og austan, Grændalsmýri. Norðan við hana er hæð, en sunnan í henni er brekka, er myndar lítinn hvamm, heitir hann Grænidalur, en hæðin Grændalshæð. Á Grændalshæðinni örskammt norðan við Grænadal er mjög lítill mýrablettur. Þar sést móta fyrir gamalli fjárborg", segir í örnefnaskrá.

Grændalshæð er lág bunga rétt austan við veginn sem liggur til norðurs frá afleggjara Efri-Brúar. Kvíanes, sem nú er stórt, ræktað tún, er vestan megin við veginn á sömu slóðum. Nú stendur hrörlegt fjárhús við rætur Grændalshæðar og liggur vegstubbur að því. Fjárborgin er efst uppi á hæðinni, um 200 m austan við fjárhúsið.

Uppi á hæðinni er mýri um miðbikið en holt og melar þegar nær dregur brúnum. Svolítill tjörn er í mýrinni rétt austan við fjárborgina. Fyrir norðan og norðaustan er gríðarmikil rafmagnslína.

Tóftin sést enn greinilega þótt veggir séu signir. Hún er hringlaga, op virðist hafa verið að norðanverðu þótt það sé óljóst. Hleðslur virðast hafa verið talsvert háar sé miðað við umfang




signu veggjanna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 10-11

ÁR-430:028 tóft óþekkt

64°05.877N 21°01.023V



"Upp frá Soginu en vestan Heiðarár, gegnt Gvendarbrunnshæð, er hæð, er heitir Hamar. Er nafnið sýnilega dregið af klettum, sem eru bæði sunnan og vestan í hæðinni. Í valllendislaut, sem er sunnan í Hamrinum, austarlega, sést votta fyrir mjög gömlum húsatóftum. Engar sagnir eru til, er benda á hvaða byggingar þessa hafa verið. (Austast á hamrinum er nú sumarbústaður Tómasar Guðmundssonar)", segir í örnefnaskrá. Sé Sogsvegurinn ekinn skamman spöl frá Efri-Brúar afleggjara til norðurs, sést bústaðurinn sem stendur stakur uppi á Hamrinum. Vestan við hann er dálítill gróinn slakki eða laut alveg við vatnið; þar er tóft.

Tóftin er í gróinni valllendislaut fast við vatnið en nokkuð er hrúnið úr vatnsbakkanum. Lyngmóar taka við upp af lautinni. Tóftin er inni á sumarþústaðalandinu og er rask er skammt frá. Þá er hafin trjárækt, þó ekki í stórum stíl.


Tóftin er frekar ógreinileg og virðist gömul. Hún skiptist í tvö hólf og er heldur ferköntuð, inngangurinn er austan megin en hún snýr frá austri til vesturs. Við innganginn gengur svolítill garður talsvert langt fram fyrir rústina, gæti verið einhverskonar aðhald.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 9

ÁR-430:029 Stekkjartún

tóft+garðlag fjárhús 64°06.298N 21°00.438V



"Norðan við Illumýri við Heiðará er valllendisdæld, það er Stekkjartún", segir í örnefnaskrá. Stekkjartún 600-700 m norðvestur frá bænum, mjög nærri Heiðará. Á þessum stað er svolítill slakki, fremur ósléttur og að mestu í hvarfi frá bænum.

Gróið valllendissvæði við ána, 50-70 m breitt og um 150 m langt. Örlítið ofar rennur Heiðará í þröngu gili með sandbökkum. Illamýri er skammt fyrir sunnan.

Tóftin samanstendur af tveimur mannvirkjum: annað virðist vera lítið fjárhús, það stendur uppi á hól með inngang mót vestri alveg á hólbrúninni; hitt er hringlaga rétt eða aðhald og stendur vestan og beint

neðan við opið á fjárhústóttinni. Hæðarmunur er um 1.70 metrar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 8

ÁR-430:030 Gildruhólavarða

varða 64°06.298N 21°00.024V

"Fyrir norðan Illumýri eru mörg lág holt og hólar; Gildruhólar. Rennur Heiðará

meðfram þeim að vestan og norðan", segir í örnefnaskrá. Gildruhólavarða sést ágætlega frá bænum, hátt í 1000 metra til norðvesturs. Hún er í Gildruhólum.

Varðan stendur á hól, ekki ýkja háum, sem er vel gróinn mosa og lyngi. Suður af henni stendur um tveggja metra löng klöpp fram úr hólnum. Umhverfis hann er býsna mikill uppblastur, moldarflög, stórgrýti og rofabörð. Norðan við vörðuna er dálítill ferköntuð hleðsla, aðeins eitt umfar.

Varðan er hlaðin úr stóreflis grjóti af melnum í kring. Hún stendur á jarðfastri klöpp, er fremur hringlaga í grunninn en hrúnið hefur ofan af. Um 10 m norðaustur af er miklu minna vörðutyppi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 8


ÁR-430:031 tóft útihús 64°06.280N 20°59.919V
Norður frá bænum og u.þ.b. 100 m austur af Gildruhólavörðu 030 er greinileg tóft. Beint sunnan

við tóftina er svolítill grasflöt, um 4 x 8 m að stærð en austan við er gróin kvos, þar rennur lítill lækur. Suðvestan við er blautt flag með miklu stórgrýti. Sé setið við tóftina sést Ljósafossskóli en ekki heim að Efri-Brú.

Tóftin er greinileg en ekki hleðslurnar sjálfar; lítur frekar út eins og húsið hafi verið grafið niður en hlaðið. Svolítið grjót sést í veggjum að innanverðu. Inngangur mót suðvestri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920



ÁR-430:032 Bæjarmýri frásögn rista 64°06.139N 20°59.524V

Um 200 m norðaustur af bænum og rétt austan við gamla bæjarstæðið er Bæjarmýri. Hún er í beinu framhaldi af austasta hluta norðurtúnsins og er allstór. Í þessari mýri var rist torf þegar Böðvar Guðmundsson var barn.


Mýrin hefst í brekkurótum og teygir sig til suðurs.

Mýrin er afgirt, skiptist meginhluti hennar í tvennt með girðingu.

Hættumat: engin hætta

ÁR-430:033 tóft fjárhús 64°06.837N 20°59.424V
Norðan við Heiðará, skömmu áður en hún beygir úr vestri til suðurs, er stór fjárhústóft. Þetta er töluvert langt frá bænum, líklega hátt í 2-3 km til tóftarinnar. Best er að ganga yfir Gildruhóla endilanga, þá sést til tóftarinnar. Tóftin er í stóru, grónu túni rétt norðan árinna. Austan við eru valllendismóar til tóftarinnar. Stríðsmýri er rétt hjá. Tóftin er stór og aflöng, snýr frá vestri til austurs og er hlaða í eystri enda. Í skammhlið hlöðunnar má greina 9-10 umför; hvorki eru sjáanlegir hlaðnir né steiptir garðar. Algeng hleðsluhæð í langhliðum er 1-1 ½ m.

Hættumat: engin hætta



ÁR-430:034 varða samgöngubót 64°06.679N 21°00.386V

Vestan við Heiðará þar sem hún hefur nýverið sveigt frá austri til suðurs um

Gildruhóla, er varða uppi á hól, um 2 km frá Efri-Brú.

Hóllinn er stórgrýttur með blásnum rofabörðum og stórgrýti. Hluti hans er þó gróinn svolitlu lyngi og mosa. Norður af hólum er vel gróin flöt en um 200 m vestar stóreflis raforkulína..

Varðan er ekki sérstök og ekki sýnist hafa verið vandað til verksins, fremur eins og henni hafi verið hróflað upp. Líklega er hún samgöngubót því sumsstaðar í fjarska má sjá svipaðar hleðslur á hæðum og hólum. Varðan er hlaðin á klöpp og er hringlaga í grunninn.

Hættumat: engin hætt

ÁR-430:035 náma mógrafir 64°05.955N 20°58.892V

700-800 metra suðaustur af bænum rennur Brúará. Sunnan við hana og um 800 m vestur af Austurbæjarstekkjartúni markar fyrir mógröfum, aðeins fáeina metra frá ánni.

Valllendismýri, þýfð mjög. Brúará tekur á sig dálítinn krók fáeinum metrum norðar. Beint suður af mógröfunum er Skygggnir, nokkuð hár melhóll.

Þrjár mógrafir eru greinilegar og liggja frá vestri til austurs. Þær taka við hver af annarri og eru 1-2 m á milli. Málin eru eftirfarandi og vestasta gröfin talin fyrst: 43 x 17, 28 x 12 og 23 x 10. Grafirnar eru allt að 1 m djúpar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 7-8

ÁR-430:036 Kvíanes örnefnikvíar 64°06.185N 21°02.034V

"Fyrir norðan Hamarinn er mýri, er hallar lítið til vesturs, heitir Sökk (nokkuð af henni fór undir vatn við virkjun Ljósafoos.) Til vesturs frá Sökk myndast nes af Soginu að sunnan en Úlfljótsvatni að vestan, það heitir Kvíanes", segir í örnefnaskrá. Yst á nesinu öllu eru valllendismóar en meginhluti þess er ræktað tún. Úlfljótsvatn rennur í Sog á þessum slóðum.

Engar tóftir eru sýnilegar á nesinu og hafa ekki verið í manna minnum.

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 10

ÁR-430:037 Munkasetur örnefni 64°06.674N 21°01.308V

"Meðfram allri Stapamýri að austan er há brún með brekkum móti vestri, það heita Brekkur. [...] Sá hluti Brekknanna, sem er norðan við Stapaskarð, heita Moldásbrekkur, og ná þær að Moldásenda. Vestan við Brekkurnar, sunnarlega, en fast við austurjaðar Stapamýrar, er lítill klapparhóll, með grasþúfu á kollinum, hann heitir Munkasetur", segir í örnefnaskrá. Hóllinn sést vel frá veginum, austan við hann, skömmu eftir að farið er fram hjá Kvíanesi og fjárhúsinu gengt því.

Hóllinn gnæfir yfir valllendismýri, austan við hann taka við grónar brekkur, Moldásbrekkur.

Klapparhóll, nokkuð gróinn. Vestan við hann er mýri. Stór og áberandi þúfa í kolli og önnur minni fyrir aftan hana. Ekki er vitað um tilurð þessa örnefnis.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 12

ÁR-430:038 Stríðsmýri örnefni 64°06.758N 20°59.791V

"Sunnan við Stórahól er mýri, Stórhólmýri. Að sunnan nær Stórhólmýri að holti, er heitir Stríðsmýrarholt. Sunnan við það er mýri, Stríðsmýri", segir í örnefnaskrá. Best er að ganga upp með Heiðará meðfram Gildruhólum sem liggja til norðurs eða

norðvesturs frá bænum. Eftir góðan spöl beygir áin til austurs, á þeim slóðum er Stríðsmýri norðan við ána. Þaðan er skammt í stóra fjárhústóft 033, og sést hún frá mýrinni sé horft til norðausturs.

Norðan við mýrina er holt en Heiðará rennur skammt sunnar.

Ekki eru þekktar sagnir um bardaga á þessum slóðum eða annað sem skýrt gæti örnefni þetta.

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 13

ÁR-430:039 heimild um fjárhús 64°06.221N 20°59.539V

Í örnefnaskrá segir: "Á norðurtúninu eru sex fjárhús, öll norðan við mitt tún. Þau eru dreyfð og sitt í hverju lagi og taka 35-60 kindur hvert." Þessi lýsing kemur heim og saman við túnakort. Þetta hús stóð austast í túninu.

Í túni, norðarlega.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 5; Túnakort 1920.

ÁR-430:040 heimild um fjárhús 64°06.228N 20°59.592V

Í örnefnaskrá segir: "Á norðurtúninu eru sex fjárhús, öll norðan við mitt tún. Þau eru dreyfð og sitt í hverju lagi og taka 35-60 kindur hvert." Þessi lýsing kemur heim og saman við túnakort. Húsið stóð um 20 m norður af 039.

Í túni, norðarlega.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 5; Túnakort 1920.

ÁR-430:041 heimild um fjárhús 64°06.242N 20°59.557V

Í örnefnaskrá segir: "Á norðurtúninu eru sex fjárhús, öll norðan við mitt tún. Þau eru dreyfð og sitt í hverju lagi og taka 35-60 kindur hvert." Þessi lýsing kemur heim og saman við túnakort. Húsið stóð um 10 m vestur eða norðvestur af 040.

Í túni, norðarlega.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 5; Túnakort 1920.

ÁR-430:042 heimild um fjárhús 64°06.199N 20°59.635V

Í örnefnaskrá segir: "Á norðurtúninu eru sex fjárhús, öll norðan við mitt tún. Þau eru dreyfð og sitt í hverju lagi og taka 35-60 kindur hvert." Þessi lýsing kemur heim og saman við túnakort. Húsið stóð um 60 m suðvestur af 041.

Í túni, norðarlega.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 5; Túnakort 1920.

ÁR-430:043 heimild um fjárhús 64°06.214N 20°59.664V

Í örnefnaskrá segir: "Á norðurtúninu eru sex fjárhús, öll norðan við mitt tún. Þau eru dreyfð og sitt í hverju lagi og taka 35-60 kindur hvert." Þessi lýsing kemur heim og saman við túnakort. Húsið stóð rúma 10 m norðvestur af 042.

Í túni, norðarlega.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 5; Túnakort 1920.

ÁR-430:044 heimild um fjárhús 64°06.221N 20°59.677V

Í örnefnaskrá segir: "Á norðurtúninu eru sex fjárhús, öll norðan við mitt tún. Þau

eru dreyfð og sitt í hverju lagi og taka 35-60 kindur hvert." Þessi lýsing kemur heim og saman við túnakort. Húsið stóð tæpa 10 m norðvestur af 043. Í túni, norðarlega.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 5; Túnakort 1920.

ÁR-430:045 *Gildruhólar* örnefni refagildra 64°06.298N 21°00.024V

"Fyrir norðan Illumýri eru mörg lág holt og hólar; Gildruhólar", segir í örnefnaskrá. Hólarnir sjást vel í norðvestri frá bænum og er helsta kennileitið Gildruhólavarða sem trónir á einum hæsta hólnum. Þeir teygja sig töluvert langt til norðurs, ná raunar alla leið að Heiðará þar sem hún rennur úr austri til vesturs.

Gildruhólar eru margir en enginn þeirra er beinlínis hár. Heiðará rennur meðfram þeim að norðan og vestan; sumsstaðar eru gróin drög milli hólanna, annars eru þeir að mestu lyngi vaxnir og á sumum er melur ofantil.

Ekki er vitað til að refagildra hafi verið í þessum hólum.

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 8

ÁR-430:046 *Veita* örnefni áveita 64°06.118N 20°59.508V

"Í austur frá bænum er mýri, er heitir Bæjarmýri, en sá hluti hennar, er liggur að túninu, heitir Veita", segir í örnefnaskrá. Veita er stykkið rétt austan við bæjarhólinn 001. Mýri. Tún norðvestan við en suðaustan við skurður; hinumegin við hann ræktað tún.

Ekki er vitað um áveitu á þessum stað.

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 6

ÁR-430:047 *Selhvammur* örnefni sel 64°06.509N 20°56.531V

"Þegar ofar dregur í [Hrafnagil], er það í hvammi, sem er vestan við nyrta hluta Búrfells, heitir Selhvammur", segir í örnefnaskrá. Hvammurinn er auðfundinn austur eða suðaustur af Efri-Brú og sést ágætlega frá bænum. Þangað eru u.þ.b. 3 km og kannski rúmlega það. Selhvammur er nokkuð stór og hallar til vesturs. Hann er grasi vaxinn og lækur rennur um gilið fyrir neðan, sem er Hrafnagil. Mjög víðsýnt, sér heim að bæ, upp á Lyngdalsheiði og yfir Þingvallavatn, enda liggur Selhvammur nokkuð hátt. Nánast við rætur Lyngdalsheiðar.

Á 3-4 stöðum mótast fyrir hólum í annars sléttum hvammi og gæti einhver þeirra verið leifar af seli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 17

ÁR-430:048 *Selklettur* örnefnisel 64°06.653N 20°56.864V

"Uppi á Hálsinum, suðaustur frá Hálsbrekku, er lítil flöt, Selklettaflöt. Við hana norðanverða eru klettur, heita Selklettur. Skammt fyrir norðan þá er mýri, Neðri-Selmýri", segir í örnefnaskrá. Selklettur eru um 200 m norðan við Selhvamm 047. Uppi á þeim er vísir að vörðu og önnur hleðsla. Selklettaflöt er minni en Selhvammur en vel slétt og grasgefin. Þeir eru ekki háir, tæpast meira en klapparhólar.

Vörðubrotið stendur fremst á klettabrún en aftan við eru hleðslur; tvær samsíða beinar línur sem liggja til norðausturs frá vörðunni, sú lengri um 5 m. Ekki er að sjá að þær hafi nokkurn tíma verið hærri en eitt umfar. Stórt grjótt. Engar tóftir eru á flötinni og hefur Böðvar Guðmundsson ekki heyrt getið um slíkt. Sé gengið til norðurs frá Selklettaflöt, er nokkuð brött og löng grasbrekka mót vestri, sést vel frá bænum alveg

við heiðarbrún. Um miðbik brekkunnar, sem annars er slétt, sést í toppinn á grjóthrígu, grasið umhverfis er grænna. Gæti verið dys (?).

Heimildir: Ö-Efri-Brú, 18

ÁR-431 Kaldárhöfði

12 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Fyrst getið [1269] "...[til Búrfellskirkju] liggja tjuundir heima mana or caldaraufda oc as gardi." DI II, 63. 18.6.1564 bera Helgi Jónsson og Sölvör Pétursdóttir vitni umlandamerki Efribrúar: Enn j heimalande voru halldin landamerke j nordrætt j Molldäs enn stóra. og j þann læk sem er fyrir nordan stapan. Enn j landnordursætt j halfann Hestzdal. Lyste Clemens heitinn Jonsson þui, er þar bio j xx ar fyrir ockur. ad það sel sem giortt er a driftinne nordur. være rett j landamerki. Enn af nordara driftar endanum j Þrasaborger." DI XIV, 269-70. "Landamerki Kaldárhöfða eru þessi samkvæmt landamerkjabréfi frá 21. Júní 1884: Úr Háatanga í Stóraskriðugil. Verður þá línun sunnan við svonefnda Brík í Miðfellslandi og norðan við Hraunskyggjur, úr Stóraskriðugili beina stefnu í miðborgina í Þrasaborgum. Að sunnan úr Stapanum miðjum, norðanvert við Dæluna, beina stefnu í Moldásenda vestari og þaðan í Dagmálstein austarlega á Moldás og þaðan sjónhending norðan til við Kaplamýri í stóra steina tvo, sem eru í brúninni vestan til á Brúarskyggjur, þaðan í beina stefnu í áðurnefnda Þrasaborg."

1920: Tún 2,5 ha. Garðar 62,4 m². Landið næst Þingvallavatni að rótum Lyngdalsheiðar er vel gróið hraun. sunnar, meðfram Sogi og Úlfliótsvatni, eru heiðalönd og mýrarsund. Í Driftinni sem er vesturbrún Lyngdalsheiðar eru valllendisflatir sem fyrrum voru nýttar til slæгна. Höfði gengur úr Lyngdalsheiði vestur undir Sog. Bærinn stendur sunnanundir honum í skjóli fyrir norðanáttinni. Niður af hlaðvarpanum eru kaldavermssuppsprettur og dregur bærinn nafn af hvoru tveggja." Sunnlenskar byggðir III, 138.

ÁR-431:001 Kaldárhöfði bæjarhóll bústaður 64°08.013N
21°00.240V


Gamli bærinn stóð þar sem hlaðan er nú austan við íbúðarhúsið. Áður var fjós sambyggt henni að austan, nú er þar aðeins grunnur. Göngin voru þar sem dyr hlöðunnar á suðurgafli eru nú.

Á hlaði. Gróin flöt framan við og á henni trjáhríslur. Gil austan við og þar hefur landið verið lækkað vegna haughússins sem var undir fjósinu. Ofan við er gamalt tún á stalli. Tré vaxa fast að hlöðunni á bæjarstæðinu. Kaldá rennur 60-70 metrum sunnar.


Þegar grafið var í bæjarhólinn fyrir haughúsi komu í ljós hleðslur og hvítir hringir, að líkindum för eftir skyrsái.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Kort 4. Fornleifakort. Kaldárhöfði



Kort 5. Fornleifakort. Kaldárhöfði - bæjarstæði

ÁR-431:002 heimild um útihús 64°07.983N 21°00.087V

Á túnakorti er merkt "önnur hús" og er sennilega átt við þau hús sem eru á aukatúninu. Tveir útihúskofar voru í Hesthústúni, vestar en 003, aðeins annar er merktur á túnakorti en hinn sést á ljósmynd sem er eldri en 1920. Stutt hefur verið á milli kofanna. Uppi á hólunum vestan við lægðina, vestan við tóft 003 og sunnan við Kaldá er þúfnakragi í túninu og hafa húsin tvö sennilega staðið þar. Um 120 m ASA af bæ.

Í túni, ósléttu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-431:003 Hesthústún tóft hesthús

64°08.006N 20°59.982V

Á túnakorti er merkt "önnur hús" og er sennilega átt við þau hús sem eru á aukatúninu. Um 180 m beint austan við bæjarhólinn 001, sunnan Kaldár er útihústóft á sama stað og austara húsið af tveimur í Hesthústúni er sýnt á túnakorti.

Uppi á hól, í túni sem ekki er lengur ræktað, en hafin er trjárækt í því. 30 m niður að Kaldá, dý eru fast vestan við.



Ræktað tún 20 m vestan við. Sunnan og austan við Hesthústúnið eru blásnir móar. Aflöng, einföld tóft með dyrum á vesturgafli, u.þ.b. 6 umför af grjóti í hleðslum að innan, rof í austari hluta syðri langveggjar. Húsið sést undir þaki á ljósmynd sem varðveitt er á Kaldárhöfða.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-431:004 vegur leið 64°08.059N 21°00.339V

"Skarðið milli höfðanna (Vesturhöfða og Austurhöfða) heitir Kleif. Fyrrum, áður en núverandi vegur var lagður, var aðalumferðarleið þarna um hlaðið á Kaldárhöfða, norður um Kleif og áfram norður Miðfellshraun", segir í örnefnaskrá. Þjóðleiðin lá um hlaðið, yfir Kaldá og síðan upp traðir til SA á móts við austurendan á barmi, beygir þar til vesturs upp í Kleif. Vestan við bæinn hefur vegur verið ruddur í brekkunni austan í Kleifinni, u.þ.b. hestvagnsbreidd. Vegurinn er 15 metrum austan við hellinn 005.

Kleifin er neðan til grasi gróinn hvammur, en ofan við veginn er blásinn lyngmói og rofsvæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 2

ÁR-431:005 *Hellir* heimild um fjárskýli 64°08.038N °21°00.388V

"Fremst í Kleifinni er svonefndur Hellir. Hann var áður notaður sem fjárhús. Sunnan við hann er grasbrekka, sem nefnist Hellisbrekka", segir í örnefnaskrá. Kleifin er breiður grashvammur vestan við bæinn, og liggur gamla þjóðleiðin upp hana að austan. Efst í hvamminum, vestanmegin, er hellisskúti sem opnast til suðurs, 15 m vestan við veginn. Á að giska 150 m norðan við Kaldá. Lítil tóft 006 er neðan við hellisopið.

Efst í vallgrónum hvammi.

Grunnur hellisskúti og sjást engar ótvíræðar hleðsluleifar en jarðvegsbunki er fyrir munnanum vestantil og hefur verið gengið inn að austan. Á bunkanum gæti hafa verið reistur veggur en sennilega hefur þetta verið fjárskýli án hleðslu. Hellisbotninn er sléttur, mold.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 2

ÁR-431:006 tóft hrútakofi 64°08.060N 21°00.350V



Efst í Kleifinni, vestanmegin, 15 m neðan við Hellinn 005 er tóft af hrútakofa.

Efst í grasi gróinni vallendisbrekku.

Tóftin er byggð inn í brekkuna, grjót sést í veggjunum en að mestu gróin. Bárujárn og timburleifar inni í tóftinni og umhverfis hana.

Hættumat: engin hætta

ÁR-431:007 *Móflöt* heimild um mógrafir 64°08.042N 20°59.803V

"Skammt þar austur af [Klungum] er vallendisflöt, sem heitir Móflöt. Þar mun hafa verið þurrkaður mór. Sunnan eða suðaustan við flötina sér fyrir mógröfum", segir í örnefnaskrá. Gengið er austur frá bænum, inn dálítinn dal norðan megin við Hesthól, upp með Kaldá norðan megin. Kindagötum fylgt í nokkuð brattri brekku, u.þ.b. 600

metra frá bænum opnast Móflöt eins og slétt laut inn í hlíðina.

Gróin laut, fremur slétt, lynggróin brekka allt í kring. Hinum megin við Káldá eru mýrar neðst en svo flagmóar.

Mógrafir eru löngu horfnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 2-3

ÁR-431:008 *Heiðarskyggir* varða 64°08.257N 20°58.256V

"Austast á [Skyggismelum] er Heiðarskyggir, hár melhóll. Hann var stundum nefndur Skyggir. Upp á honum er varða", segir í örnefnaskrá. Heiðarskyggir er um 3 km austnorðaustur af bænum. Káldá er fylgt til austurs, svo gengið beint upp í átt til Lyngdalsheiðar. Vörðubrotið sést uppi á hól.

Hár melhóll, mosagróid allt í kring. Frá Heiðarskyggi er gott útsýni yfir heiðina og var oft byrjað þar þegar átti að smala.

Varðan er löngu hrunin og rústir einar eftir.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 3

ÁR-431:009 tóft rétt 64°08.087N 21°00.514V

Norðan við Kleifina taka við vallendisflatir milli hálfblásinna hóla, vestan við veginn (sbr. 05), þar sem nú er bíslóði er lítill hvammur til norðurs. Eftir honum er rafmagnslína og undir henni sunnarlega er tóft.

Í snöggrónum grashvammi, undir mosavöxnum, hálfblásnum hól. Sennilega stekkur. Tóftin skiptist í tvö hólf. Annað er mun minna, langt og mjótt - mögulega lambakró. Lágur garður liggur að dyraopi, sennilega aðhald.

Hættumat: engin hætta



ÁR-431:010 *Geiratún* heimild um rétt 64°08.056N 21°00.046V

"Norðaustan við Hesthústún var fornt mannvirki, sem hefði getað verið lítið gerði eða mjög stór hestarétt. Þetta hefur nú verið sléttað út. Þarna heitir Geiratún", segir í örnefnaskrá. Austan við bæinn er hafin trjárékt og er þar smálundur. Um 30 metrum austur er Geiratún. Það er nú aðeins lítil flöt sem skagar út í lækinn.

Túnið hefur líklega minnkað, Kaldáin grafið undan því. Myndar dálítinn slakka í hið eiginlega heimatún, um 30 metra breitt. Geiratúnið var sléttað ásamt öðru fyrir 1950. Tóftin var hringlaga en mjög lítil.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 3

ÁR-431:011 *Hádegisvörður* varða eyktamark 64°07.372N 20°59.932V

"Austarlega á Moldás er stór klettur, sem heitir Dagmálasteinn, eyktarmark frá Kaldárhöfða. Miklu vestar eru tvær vörður, Hádegisvörður einnig eyktarmark", segir í örnefnaskrá. Vörðurnar standa mjög vestarlega á Moldás, sem er ásin suður af bænum. Þangað eru um 1,5-2 km frá Kaldárhöfða. Sjást ekki mjög vel frá bænum.

Efst á vestari enda Moldáss eru blásnir melar en lyng og mosi þegar neðar dregur. Vörðurnar standa á vindsofnum sandklöppum.

Tvær vörður, mjög líkar að allri gerð, þó er sú austari örlítið hærri og skagar hátt í

metra. Um 100 metrar eru á milli varðanna.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 4

ÁR-431:012 *Brúargötur* gata leið 64°07.456N 21°00.013V

"Austan við [Hádegisvörður 011] eru gamlar götur, sem liggja frá Kaldárhöfða að norðurenda Búrfells, kallaðar Hæðarendagötur. Nokkru vestar eru Brúargötur. Þær liggja frá Kaldárhöfða að Efribrú", segir í örnefnaskrá. Brúargötur eru enn nokkuð glöggar og sjást frá Kaldárhöfða í norðurhlíðum Moldáss. Þær hverfa nálægt Hádegisvörðum og sjást ekki á hámelnum.

Umhverfis eru lyngvaxnir móar með miklum mosapembum. Melar á stöku stað.

Í hlíðinni eru göturnar orðnar sundurgrafnar af vatni.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 4

ÁR-431:013 *Hæðarendagötur* gata leið 64°07.395N 20°58.972V

"Austan við [Hádegisvörður 011] eru gamlar götur, sem liggja frá Kaldárhöfða að norðurenda Búrfells, kallaðar Hæðarendagötur", segir í örnefnaskrá. Göturnar sjást ógreinilega nokkuð sunnan við Moldás, raunar handan við næsta ás þar sem melnum sleppir. Þetta er um 1 km frá Hádegisvörðum.

Á þessum slóðum liggur gatan um móa, grefur sig nokkuð í hann en er þó vel gróin og sést best úr dálítilli fjarlægð. Teygir sig í átt að Búrfelli.

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 4

ÁR-431:014 *Lambhústún* heimild um fjárhús 64°07.908N 21°00.335V

"Milli vegarins og Kaldár, beint á móti bænum, er Lambhústún. Þar voru miklar fjárhústóftir, og síðar var byggt þar fjárhús og lambhús", segir í örnefnaskrá. Túnið er vestan við veginn heim að bænum, stundum notað sem hestagirðing, nær ekkert þýft. Þar stendur nú fjárhúsbraggi syðst, orðinn hrumur nokkuð og ekki notaður. Þar sem hann er nú voru tóftirnar áður.

Tún suður af bænum.

Hættumat: hætt vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 4

ÁR-431:015 *Grundavað* heimild um vað 64°07.872N 21°00.689V

"Vestan við [Mjódd] er Silungapyttur, síðan Grundavað og vestan við það Vestarisilungapyttur", segir í örnefnaskrá. Þetta vað var á Kaldá, 50-60 m ofan við veginn til Þingvalla.

Aðstæður hafa breyst töluvert frá því sem áður var því svæðið við ána er hlaupið í mýri og því erfitt að komast þar yfir nú.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 5

ÁR-431:016 *Koluvað* heimild um vað 64°07.979N 21°00.476V

"Þá erum við komin að Þingvallaveginum, þar sem hann liggur yfir Kaldá. Skammt fyrir vestan veginn er Koluvað á ánni. Það mun vera kennt við kind, sem sótti mikið norður yfir vaðið á grösugra land", segir í örnefnaskrá. Að sögn Önnu Soffíu Óskarsdóttur er vaðið austan við Þingvallavegin, raunar nær bænum en veginum. Áin tekur á sig nokkurn krók u.þ.b. miðja vegu milli vegar og bæjar. Örfáum metrum austar breiðir áin úr sér - þar er Koluvað.


Grasi grónir bakkar báðumegin, nokkuð mýrlent og trjárækt hafin norðan megin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 5

ÁR-431:017 tóft hesthús 64°07.626N 21°01.235V

"Vestur við Úlfjótstvatn er Vaðhóll, ekki stór. Gott vað var á Kaldá móts við hólinn. Þar er gömul húsrúst, og er sagt að þar hafi skreiðarskemman Skálholtsmanna (verið)", segir í örnefnaskrá. Þessi staður er um 200 m neðan við brúna og vestan við Þingvallavegin. Skreiðarskemman er nr. 042 en vestast á hólnum er gamalt bátaskýli og tóft af hesthúsi er þar suðaustur af. Mjög þýft valllendi og mýri þegar nær dregur Kaldá. Öflug rafmagnslína í virkjunina liggur frá suðaustri til norðvesturs skammt frá. Tóftin er óljós og hlaupin í þúfur en þýft er allt í kringum hana. Sker sig einkum úr vegna græna litarins.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 5

ÁR-431:018 Vaðhóll heimild um vað 64°07.630N 21°01.218V

"Vestur við Úlfjótstvatn er Vaðhóll, ekki stór. Gott vað var á Kaldá móts við hólinn. Þar er gömul húsrúst, og er sagt að þar hafi skreiðarskemman Skálholtsmanna (verið)", segir í örnefnaskrá. Vaðið hefur að líkindum verið u.þ.b. þar sem Kaldá rennur í Úlfjótstvatn. Þetta sést greinilega frá brúnni, um 200 m neðar.

Sunnan í Vaðhól er mýrlent en þýft, svolítill sandrönd, 2-4 m breið niður við vatnið. Norðan til er svo lítið og lágt nes sem skagar fram milli ósa Sogs og Kaldár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 5

ÁR-431:019 Efra-Torfnes kuml legstaður 64°07.649N 21°01.217V

"Vestur af Vaðhól var Efra-Torfnes. Það er nú komið undir vatn nema lítill hólmi, þar sem það var hæst. Vestan í því var fornmannadys, sem fannst 1946. Þar sem dysin var, er nú komið undir vatn", segir í örnefnaskrá. Hólminn sést vel frá brúnni yfir Sog við Úlfjótstvatn. Þar sem hann er næst landi eru um 80-100 m í hann. Hátt rafmagnsmastur trónir á hólmanum. Lítill hólmi, u.þ.b. 70x40 m. Sléttur og gróinn. Eftirfarandi kafli er tekinn úr bókinni *Kuml og haugfé* eftir Kristján Eldjárn:

31. Kaldárhöfði, Grímsneshreppur. Þjms. 20.5. 1946.

Kaldárhöfði er nyrzti bær í Grímsnesi. Í landi hans, rétt neðan við þann stað, þar sem Sogið rennur í Úlfjótstvatn, er lítill hólmi í vatninu og heitir Torfnes. Eins og nafnið bendir til, var hann áður landfastur, en þegar aflstöðin við Ljósafoss var reist (árið 1937), var vatnsborð Úlfjótstvatns hækkað nokkuð, svo að Torfnes losnaði frá landi og nýir bakkar mynduðust. Maður, sem var að vitja um silunganet við hólmann - því að silungsgengd er þarna mikil - varð þess var, að fornleifar stóðu út úr bakkanum, og þótti líklegt, að fornt kuml væri. Rannsakaði ég kumlið samdægurs fyrir Þjóðminjasafnið. Reyndist þetta vera einn hinn glæsilegasti kumlfundur, sem fram hefur komið hér á landi. Kumlið stóð mjög lágt, aðeins 2-3 m ofar hinu upprunalega vatnsborði, í stórþýfðum, rökum móa. Lík og haugfé var mjög lítið niðurgrafið, en orpinn hafði verið lágur haugur með miklu grjóti í. Haugurinn var

mjög siginn og vakti ekki lengur neina athygli í stórþýfinu, og líklega hefur hann aldrei verið meira en 1 m í hæsta lagi. Grjótið hefur verið tekið hér og hvar í vatnsbökkunum. Þegar vatnið fór að þvo moldina úr kumlinu, hrundi grjót þetta niður og skemmdi nokkuð þá forngripi, sem voru vestast í kumlinu (18. mynd). Einnig gæti verið, að eitthvað hefði með öllu skolazt í vatnið, en það mun varla hafa verið mikið. Að öðru leyti var kumlið algjörlega óhreyft frá upphafi vega. Höfðahlutinn einn er ekki alveg ljós vegna landbrotsins. Þá gerði það og myndina nokkru óskýrari, að allar líkamsleifar voru horfnar að undanteknum örlitlum beinögnum, er mettazt höfðu spanskgrænu. Fótleggir og lærleggir sáust þó sem svört strik í moldinni og sýndu, að þarna hafði verið grafinn fullorðinn maður, liggjandi á bakið, með höfuð til vesturs. Þetta mátti einnig að nokkru leyti ráða af niðurröðun haugfjárins (19. mynd). En við vatnsbakkann fundust tvær augntennur úr 7-8 ára barni, og má því víst þykja, að hér sé um tvíkuml að ræða, fullorðins manns og barns. Tennur hins fullorðna hljóta þá að hafa týnt í vatnið, af því að þær voru vestast í kumlinu. Óvíst er um afstöðuna milli líkanna tveggja, en þó hefur barnslíkið verið fremur vestarlega en austarlega í gröfinni. Ástæðan til þess, að bein fundust ekki í kumlinu, er eflaust sú, að jarðvegurinn hefur eytt þeim með öllu. Í kumlinu var mesti fjöldi gripa, enda má ætla þá haugfé tveggja manna. Þeir eru sem hér segir (20. mynd): Sverð af O-gerð, Sverd 104, knappur og hjölt silfurrekin, mjög fágætt vopn: Hafði verið við hægri hlið manningnum, niður frá beltisstað. Spjót af I-gerð, Sverd 20, lá hægra megin við fætur og sneri oddi niður eftir. Leifar af skafti sáust. Örvaroddar, 5 heilir og tangi af þeim sjötta, af gerðinni Rygh 539. Tveir loða saman, og á þeim sjást leifar af leðri, líklega úr örvamæli. Heilu örvaroddarnir voru fjórir vestan við og einn austan við spjótið og sneru allir eins og það. Staki tanginn mun hafa verið í þeim hluta kumlsins, sem brotinn var. Öxi af G-gerð, Sverd 38, nú í brotum, af því að vatnið hafði fært hana úr stað og grjóthrunið brotið hana. Á öxinni sjást för eftir einskeftudúk, sams konar og einnig sjást á meðalkafla sverðsins. Leifar af skaftinu sjást í axarauganu. Axarblað þetta virtist munu hafa legið ekki allfjarri mitti mannsins. Beltishringja úr bronsi, í Borróstill, mjög lík Rygh 605 og hringjum frá Gokstad og Borró, sbr. Osebergfundet III, bls. 224, 223. mynd og bls. 225, 232. - 233. mynd. Svipt hringjunnar er úr bronsblikki, og innan í henni eru leifar af leðri. Hefur því maðurinn verið gyrtur leðurbelti. Hringjan lá í mittisstað. Beltissproti úr bronsi, skreyttur upphleyptri pálmettu, sem er ættuð frá frankversku skrautverki. Lá niður frá hringjunni. - Við smáhluti þessa úr bronsi höfðu varðveitt pötulur af dúk þeim, sem fót mannsins höfðu verið úr að einhverju leyti. Vendin er hin sama og á svokölluðum vormeldúk, sem notaður var í yfirhafnir á seinni tímum. Á þessu svæði, í kringum hringjuna, var einnig töluvert af litlum glimmerflögum, sem minna á síldarhreistur. Ekki er ljóst, hvernig á þeim stendur. Silfurvír, lítil hönk, 2,78 g að þyngd, virðist vera sams konar og vafinn var um sverðsmeðalkafla, t.d. á Hafurbjarnarstaðasverðinu. Lá rétt hjá hringjunni. Tveir molar af rauðum jaspis, eldfæri. Lágu hjá silfurvírnum. 80-90 rær úr járn og naglabrot með áföstum, ryðmettuðum viðarbútum. Gripir þeir, sem áður voru taldir, höfðu sýnilega allir legið hið næsta manningnum. Rærnar og naglarnir lágu í breiðu norðan við þá og virtust augljóslega vera úr litlum bát, sem lagður hafði verið norðan við lík mannsins. Af bátinum var ekki annað eftir en saumurinn, og sennilega hafa aldrei verið í honum meira en um 100 járnaglar. Aðeins 5 naglar eru heilir, og er lengd þeirra 2,4-8,0 sm. Vatnið hafði ekki þvegið burtu neitt af bátsleifunum, og kom svæði hans vel fram í odd í vesturendanum, en miður austast. Eftir nöglunum að dæma hefur bátslengdin verið um 2,80 m, en breiddin um 80 sm miðskips, mjög lítil fleyta. Öll smíði bátsins er annars óljós. Skjaldarbóla af gerðinni Rygh 562. Var við austurenda bátsins, líkt og skjöldurinn hefði verið reistur upp við hann. Brot af

annarri skjaldarbólu lá frammi við vatnið, fært úr stað. Annar skjöldur virðist því hafa verið nær vesturenda. Spjót, eins konar afbrigði af K-gerð, lá norðan við bátssauminn, líkt og hefði því verið smeygt inn undir bátssíðuna. Öxi af H-gerð, Sverd 39, lá einnig norðan við sauminn. - Þessi tvö vopn eru minni en hin, sem fyrr voru talin, og gæti verið, að þau væru vopn barnsins (drengsins?), enda er í kumlinu alvæpni tveggja manna. Járnkrokur af krókstjaka, sem fylgt hefur bátnum. Öngull úr járn, margbrotinn, þræði (færi) vafið um legginn. Blýsakka með einföldu skrautverki. Tveir litlir hnífar úr járn. Tveir tinnumolar. Járnkekkir, ókennilegir. Kaldárhöfðakumlið er eitt hinna örfáu bátkumla, er fundizt hafa á Íslandi. Eftirtektarvert er, að hvorugur mannanna, sem heygðir voru í kumlinu, höfðu þó verið lagðir í bátinn, heldur virðist hafa verið litið á hann þarna eins og hvert annað haugfé, enda var hann mjög lítill. Sjá annars um bátkuml bls. 212-18. Yfirleitt benda forngrípirnir til fyrri hluta 10. aldar.

Heimildir: Rannsóknarskýrsla höfundar og safnaukaskrá, sem eftir henni er gerð. Frétt í Morgunblaðinu 21.5. 1946. Alþýðleg frásögn: Vopngöfgir Grímsnesingar, Gengið á reka, bls. 25-44. 31. Kaldárhöfði, Grímsneshreppur. Þjms. 20.5.

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 5 og Kuml og haugfé, 65-70

Hættumat: hætta vegna rofs

ÁR-431:020 heimild rista 64°07.593N 21°01.261V

"Suður af Efra-Torfnesi er Fremra-Torfnæs. Torf var tekið á báðum nesjunum, og mór var tekinn fram um 1936-38"', segir í örnefnaskrá. Fremra-Torfnæs er auðfunduð, stórt nes sem skagar út í vatnið sunnan við brúna yfir Sog við Úlfjótuvatn.

Þýft og mýrlent nes. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar á nesinu torf var rist. Efra-Torfnæs er komið undir vatn sbr. 019.

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 5

Hættumat: engin hætta

ÁR-431:021 náma mógrafir 64°07.612N 21°01.133V

"Suður af Efra-Torfnesi er Fremra-Torfnæs. Torf var tekið á báðum nesjunum, og mór var tekinn fram um 1936-38"', segir í örnefnaskrá. Enn er stór mógröf greinileg 20-30 m vestan við Sogsveginn, rétt áður en komið er að brúnni yfir Sog, á leiðinni út í Vaðhól, þar sem bæði Kaldá og Sog renna í Úlfjótuvatn." Þýft og mjög mýrlent.

Gröfin er víðast hvar um 1 m á dýpt. Að mestu ferhyrningslaga, þó kemur sneið inn í eitt hornið. Gröfin hefur gróið mikið á síðustu 20 árum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 5

ÁR-431:022 *Straumur* heimild ferja 64°07.599 21°01.207 18

"Straumur hét, þar sem Sogið var að slá úr sér, þegar það féll niður í Úlfjótuvatn. Þar var ferjan", segir í örnefnaskrá. Ferjustaðurinn hefur líklega verið rúmum 100 m neðan við brúna í Soginu. Lítill klettur skagar þar fram úr Vaðhól; þar gæti ferjan hafa verið. Mýrlent, svolítill sandrönd á norðurenda Vaðhóls niður við vatnsborðið.


Áður var ferjustaðurinn upp við Þingvallavatn en var fluttur niður fyrir eftir slys þegar heil líkfylgd drukknaði á ferjunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 6

ÁR-431:023 *Borgardalur* hleðsla rétt 64°07.999N 21°00.932V

"Norðar er Borgardalur, skeifumynduð hvílt niðri í gljúfrinu. Skjól er þar í



Hættumat: engin hætta

öllum veðrum, enda sækir fé þangað til að leita þess. Fjarrétt er þarna, notuð til 1948-49", segir í örnefnaskrá. Þegar farið er frá Kaldárhöfðaafleggjara og áleiðis til Þingvalla, er ekið upp hæð. Vestan megin við veginn og ofan í gljúfrinu á þessum slóðum, er allmikið undirlendi. Þar er fjarrétt. Réttin er innst og austast í hvíltinni, 20-30 m frá ánni. Grasi gróðið svæði, girt klettaveggjum að norðan og austan. Hinumegin við Sogið er þverhníptur klettaveggur og ekkert undirlendi. Grjóthlaðin rétt, skiptist í tvö hólf. Stórt op norðan megin, skammt frá klettavegg; þar hefur verið gott að reka inn skepnur því kletturinn myndar aðhald. Hætt var að nota réttina vegna mývargs skömmu eftir 1950.

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 7

ÁR-431:024 Aðhald hleðsla rétt 64°08.004 N 21°01.392 V


"Þá er standberg og síðan svonefnt Aðhald, dálítið undirlendi niðri í gljúfrinu. Það var notað til að geyma fé. Að mestu er það girt frá náttúrunnar hendi. Sér fyrir fornum gördum, sem liggja frá Soginu upp að bergi ofan við. Nýrri garður, sem notaður var í minni Óskars, minnkaði svæðið aðeins", segir í örnefnaskrá. Til að komast á þennan stað er best að ganga niður í gljúfrið rétt neðan við stífluna í Sogi upp við Þingvallavatn. Talsvert þarf að klóngrast yfir stórgrýti. Sjálft Aðhaldið er efst upp við bergvegginn, um 500 m neðan við stífluna. Þar er lítið og slétt undirlendi. Spölkorn sunnar er hlaðinn grjótgarður sem nær frá ánni og upp að bergveggnum.

Mjög brött en sumsstaðar gróin brekka frá bergvegg, sem er efst, og niður að ánni. Víða stórgrýti og skriðurtaumar. Sjálft aðhaldið er lítið og lárétt undirlendi alveg upp við bergvegginn efst. Umhverfis er hleðsla í hálfhring, ekki há. Sunnar er hlaðinn grjótgarður í beina línu frá ánni og upp að bergvegg. Hann er 15-20 m langur og hleðslan allt að 1.30 m að hæð. Þessi hleðsla er frá fyrri hluta 20. aldar en hinir fornu garðar sem getið er í örnefnalýsingu eru nú mjög óglöggir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 7

ÁR-431:025 tóft hesthús 64°08.105 N 21°01.738 V



vera gömul.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 8

"Dálitlu fyrir ofan stífluna stendur veiðimannahús frá síðari hluta 19. aldar, frá þeim tíma sem Englendingar áttu veiðirrétt í Soginu", segir í örnefnaskrá. Hægt er að aka niður að stíflunni og ganga síðan óljósan vegslóða til norðurs uns komið er að dálitilli laut alveg við vatnið; þar eru nokkrar tóftir og er sú nyrsta langleggst. Hún er af hesthúsi, ekki mjög gömlu. Grasi gróin laut eða geil við vatnið. Upp frá henni kemur smá halli og við taka valllendismóar. Hesthústóftin stendur í svolitlum halla 5-10 metra frá vatninu. Hesthústóftin er grjóthlaðin og lítt gróin en hrunin að nokkru leyti. Dyr á vesturgafli og snúa að vatninu. 7-8 umför af hleðslum. Þessi tóft mun ekki

ÁR-431:026 *Skálholtstóftirtóft* skemma 64°08.118 N 21°01.716 V

"Dálitlu fyrir ofan stífluna stendur veiðimannahús frá síðari hluta 19. aldar, frá þeim tíma sem Englendingar áttu veiðirrétt í Soginu. Einnig sér þar fyrir friðlýstum tættum, sem mun vera af skreiðarskemmu Skálholtsmanna", segir í örnefnaskrá. Hægt er að aka niður að stíflunni og ganga síðan óljósan vegslóða til norðurs uns komið er að dálítilli laut alveg við vatnið; þar eru nokkrar tóftir og er Skálholtstóftin vestast í lautinni.

Grasi gróin laut eða geil við vatnið. Upp frá henni kemur smá halli og við taka valllendismóar. Skálholtstóftin er orðin mjög óglögg. Hún er vestast í lautinni og aðeins um 1 m frá grunni af sumarbústað sem þar stóð. Hún er fremur aflöng og mjó en að miklu leyti sokkin inn í dálitinn halla sem þarna er. Ekki regluleg í laginu. Tóftin var friðuð 1927.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 8; Á.G: Friðlýstar fornminjar, 76

ÁR-431:027 heimild ferja 64°08.102 N 21°01.701 V

"Dálitlu fyrir ofan stífluna stendur veiðimannahús frá síðari hluta 19. aldar, frá þeim tíma sem Englendingar áttu veiðirrétt í Soginu. Einnig sér þar fyrir friðlýstum tættum, sem mun vera af skreiðarskemmu Skálholtsmanna. Biskuparnir létu flytja skreið af Suðurnesjum austur að Sogi og fluttu hana þarna yfir. Eins og áður getur, var ferjan síðar flutt neðar", segir í örnefnaskrá. Hægt er að aka niður að stíflunni og ganga síðan óljósan vegslóða til norðurs uns komið er að dálítilli laut alveg við vatnið; þar eru nokkrar tóftir. Á þessari hlið Sogsins er grasi gróin en allþýfð brekka upp að hraunbrún. Á þessum stað eru á að giska 200 m yfir ána en hinumegin er allbrattur höfði, gróinn að neðanverðu og uppeftir honum liggur vegur skáhallt. Ferjustaðurinn var síðar færður niður að Úlfljótsvatni eftir að heil líkfylgd drukknaði á ferjunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 8

ÁR-431:028 *Hraunskyggjur* varða 64°09.106 N 21°01.613 V

"Hóll með stórri vörðu á er norðaustur af Skútavík. Hann heitir Hraunskyggjur, er miklu síður nefndur Skyggjur frá Kaldárhöfða en sá, sem fyrr er lýst", segir í örnefnaskrá. Varðan stóð austan við Þingvallavegin á þeim slóðum sem sumarbústaðabyggðin hefst, rétt norður af Skútavík. Rétt austan við veginn er brot af Markavörðunni en varðan á Hraunskyggju var spölkorn austar. Mosavaxið og lynggróið hraun. Varðan er nú horfin

Hættumat: hætta vegna mannaferða

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 9

ÁR-431:029 *Skútavíkurvarða* varða 64°08.784 N 21°01.627 V

"Rétt við veginn, beint austur af Skútavík, er Skútavíkurvarða, eina varðan á stóru svæði", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 50 m austan við Þingvallavegin, beint austur af Skútavík. Lyng- og mosagróið hraun. Varðan er að miklu leyti hrunin og samanstendur af einum jarðgrónum kletti og fjórum steinum ofan á honum. Hlaðin úr hraungrýti. Allt í kring er grjót sem hrúnið hefur úr vörðunni. Fyrr á 20. öld var varðan mun hærri og nokkuð oddmjó.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 9

ÁR-431:030 *Krókhólavarða* varðasamgöngubót 64°08.479 N 21°01.065 V

"Austur af Mölvíkum, allangt austan vegar, eru Krókhólar, hólarið. Það eru ekki stórir hólar, sem mynda hrygg, en hraunbollar ganga inn í. Þar sem þeir eru hæstir, er stór varða, Krókhólavarða", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 600 m austan við Þingvallaveg. Á svipuðum slóðum er bátaskýli niðri við vatnið. Varðan stendur á mosagrónum hraunhól með stórum hellum í kolli. Þaðan er gott útsýni til allra átta, ekki síst yfir Þingvallavatn. Vel gerð og regluleg varða, hlaðin úr hraungrýti. Nánast hringlaga í grunninn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 9


ÁR-431:031 *Prestagötur* gata leið 64°08.295 N 21°01.213 V

"Vestan við Krókhóla liggja svonefndar Prestagötur út af Miðfellsgötum. Þegar Þingvallaprestar fóru til Úlfjótssvatnskirkju, stytta þeir sér leið með því að fara vestan Vesturhöfðann, beint yfir Kaldá fyrir vestan bæinn í Kaldárhöfða og svo beint að ferjustað móti Úlfjótssvatni", segir í örnefnaskrá. Gatan liggur frá Krókhólum, niður hraunið í nánast beina stefnu í skarðið milli Vesturhöfða og gljúfurs. Mosagróinn slakki í grónum hraunhólum. Gatan er vel sjáanleg sem einfaldur stígur, skerst nokkuð djúpt í jarðveginn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 9

ÁR-431:032 *Stekkatún* tóft stekkur 64°08.185 N 21°00.353 V



"Austan við Kleifina, sem áður er nefnd, norðvestan undir Austurhöfða er Stekkatún undir stórum kletti. Þar hefur verið túnblettur. Rúst er þar af stórum stekki", segir í örnefnaskrá. Norðvestur undir Austurhöfða sem er fellið norðaustan við bæinn er stekkjartóft undir klettabelti, 20 m sunnan við reiðgötur sem liggja norður á Selvelli. Þessi staður er 700-800 m austan við Þingvallavatn. Fast í brekkurótum, nánasta umhverfi grasi gróið. Norðan við göturnar eru flagmóar, hraun fjær. Svonefnt Stekkatún er komið úr rækt og hlaupið í þúfur. Stekkurinn er byggður inni brekkuna og skiptist í tvö hólf. Dyr á langvegg neðra hólfins snúa í norðaustur. Hleðslurnar er

farnar að bóligna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 10

ÁR-431:033 *Álagavarða* varða 64°08.196 N 20°59.744 V

"Upp á Höfðanum (Austurhöfða), þar sem hæst er, er varða mikil ummáls. Þau munnmæli eru um hana, að á meðan börn bóndans halda henni við, muni ekki verða búsvelt á bænum", segir í örnefnaskrá. Austurhöfði er austasti hluti af hólrana sem er norðan við bæinn. Hann er hæstur norðaustan við bæinn. Þar sem hann er hæstur eru nokkrar vörður og þar af tvær sem eru stærstar; að sögn Pálínu Þorsteinsdóttur er sú austari Álagavarða. Blásinn melur uppá felli. Sést ekki frá bæ. Varðan hefur sýnilega aldrei verið hærri og er hrúnin að sunnan og vestan. Varðan upp á


hávaðanum er svipuð að lögun og stærð.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 10

ÁR-431:034 tóft beitarhús 64°08.676 N 21°00.058 V

"Næst höfðanum er Vallagil, þá Stóragil og norðast Húsagil. Austan við það stóðu fjárhús", segir í örnefnaskrá. Norðan við bæinn er höfði. Milli hans og róta Lyngdalsheiðar myndast vallendisflatir. Efst og nyrst í þeim í dálitlum hvammi eru beitarhús. Þessi staður er um 1,5 km austan við Þingvallaveg. Á gilbakka, dálítill hvammur, vallendisflatir neðan við. Flötin næst brekkunni á túninu hefur verið ræktuð sem tún á þessari öld. Ofan við eru blásnir lyngmóar og gróið hraun neðan við. Stór þrístæðufjárhús með niðurgrafinni hlöðu aftanvið. Timburgafl hefur verið




vestanmegin. Veggir hlaðnir úr meðalstóru, reglulegu hraungrýti. Talsverður flái er á hleðslunum að utan. Garðarnir hafa verið steypir upp og er steyp baðþró við enda miðgarðans.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 10

ÁR-431:035 Selið tóft sel 64°09.298 N 20°59.276 V

"Milli Selmúlanna (Fremri og Innri) eru lautir og giljadrög. Norðan við Innri-Selmúla, austur af Hraunskyggjur (svo), eru Selvellir. Það eru vallendisflatir. . . Upp af Selvöllum er Selhvammur, töluvert stór. Gegnum hann skerst Selgil, sem liggur niður á Selvelli. Upp á brúninni ofan við Selhvamminn eru gamlar seltættur", segir í örnefnaskrá. Seltóftin er uppi á klettabrún um 500-1000 m norðaustan við beitarhúsið. Efst á brún, grónir móar umhverfis með melum á milli en neðan við brúnina eru vallendisflatir.



Tóftin er mjög ógreinileg og hleðslur nær alveg sokknar í brekkuna. Virðist fremur hringlaga en aflöng.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 11

ÁR-431:036 hleðsla skotbyrgi 64°09.293 N 20°59.286 V

"Milli Selmúlanna (Fremri og Innri) eru lautir og giljadrög. Norðan við Innri-Selmúla, austur af Hraunskyggjur [svo], eru Selvellir. Það eru vallendisflatir. . . Upp af Selvöllum er Selhvammur, töluvert stór. Gegnum hann skerst Selgil, sem liggur niður á Selvelli. Upp á brúninni ofan við Selhvamminn eru gamlar seltættur", segir í örnefnaskrá. Í heiðarbrúninni, skammt norður af Selhvammi er dálítill hleðsla í klettasprungu. Nokkuð um stórgrýti og mosapembur. Byrgið er hlaðið í litla klettasprungu, undirstaðan er þrír jarðfastir klettar og er hlaðið um þá. Skarð milli tveggja klettanna virðist hafa verið inngangur í byrgið. Hlaðið úr stórgrýti. Mjög óregluleg lögun.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 11

ÁR-431:037 tóft óþekkt

64°09.238 N 20°59.530 V

Undir Driftinni, við gilið í suðurenda hennar og um 100 m norður af Selgili er aflöng tóft en vel greinileg.

Grashvammur, lyngvaxnir móar vestur af. Mjög samansigin tóft og líkust reglulegri dæld, þó mjög greinileg. Aflöng og mjó, brekka austur af. Dyr um miðbik syðri langhliðar.



Hættumat: engin hætta

ÁR-431:038 hleðsla skotbyrgi 64°09.327 N 21°00.537 V

Úti á hrauninu, rétt vestan við Selvellina, er lítið, hlaðið skotbyrgi úr hraungrýti. Sést vel úr fjarlægð og lítur þá út eins og svartur klettur. Stendur uppi á lágum, mosagrónum hól úti á hrauninu. Mjög heillegt byrgi en hleðslan er orðin nokkuð mosagróin. Hlaðið úr hraungrýti, þrjár hliðar alls. Á vesturhlið er inngangur, raunar er engin hleðsla þeim megin.

Hættumat: engin hætta


ÁR-431:039 hleðsla herminjar 64°08.774 N 21°01.933 V

Örfáa metra norðaustur af Skútavík er gróinn slakki inn í móann. Þar sést móta fyrir tóft og er 4 m hár skorsteinn fallinn í henni miðri. Þessi tóft er eftir veru herliðsins í seinni heimsstyrjöld. Gróinn slakki inn í móann skammt frá vatninu. Sér móta fyrir 3 hliðum tóftarinnar, þ.á.m. steypar undirstöður undir gafli. Skorsteinninn liggur í miðri tóftinni; hann er hlaðinn úr múrsteini og hraungrýti og orðinn nokkuð mosagróinn. Skammt frá strompinum er steypit hella undan eldstæði.

Hættumat: engin hætta

ÁR-431:040 tóft fjárhús 64°08.060 N 21°00.378 V

Í Kleifinni, sem er e.k. gildrag og auðfundin vestan við bæinn, er Hellirinn svonefndi sbr. 005. Á þaki hans er tóft. Hellirinn er í stökum kletti í grasi grónu gildragi sem er mýrlent neðst. Þak hellisins er grasi gróið og upp af gildraginu eru valllendislautir. Auðveldlega má ganga upp á þak hellisins norðan megin. Þar er nokkuð stór og greinileg tóft, líklega af fjárhúsi, aflöng með dyr austan megin. Hleðslur nokkuð signar. Þetta hús hefur ekki verið í notkun í manna minnum.



Hættumat: engin hætta

ÁR-431:041 hús skemma 64°08.010 N 21°00.264 V

Um 50 m beint vestan við íbúðarhúsið, á leið upp í Kleif, fast við götu sem þar er, er kartöflugeymsla. Grasi gróin hóll, brekka ofan við. Um 5 m sunnar er skógrækt, einkum aspir. Kartöflugeymslan er grafin inn í hól en steypitir veggir að innanverðu. Dyrnar einnig steypar en svo hrúnið fyrir þær að innganga er ekki vænleg. Því erfitt

að átta sig á nákvæmu flatarmáli geymslunnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

ÁR-431:042 heimild skemma 64°07.638 N 21°01.189 V

"Vestur við Úlfljótsvatn er Vaðhóll, ekki stór. Gott vað var á Kaldá móts við hólinn. Þar er gömul húsrúst, og er sagt, að þar hafi skreiðarskemman Skálholtsmanna staðið", segir í örnefnaskrá. Skemman stóð eiginlega beint ofan á Vaðhól, nálægt ósum Kaldár, norður af hesthústóttinni 017. á þessum stað er engin eiginleg tóft, aðeins svolítill dæld ofan í hólinn. Hefur staðið þar sem hólinn er hæstur, þó er hann ekki hár. Þýfður og grasi gróinn, alveg við vatnið. Mjög óljós tóft.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 5


ÁR-431:043 hleðsla sæluhús 64°08.099 N 21°01.708 V

"Dálitlu fyrir ofan stífluna stendur veiðimannahús frá síðari hluta 19. aldar, frá þeim tíma sem Englendingar áttu veiðirrétt í Soginu", segir í örnefnaskrá. Hægt er að aka niður að stíflunni og ganga síðan óljósan vegslóða til norðurs uns komið er að dálítilli laut alveg við vatnið; þar eru nokkrar tóftir. Í miðri lautinni er ferköntuð, lág steinhleðsla; það eru undirstöður undan sumarhúsi Sveins Benediktssonar. Það var að hluta til byggt úr gamla veiðimannahúsinu og stendur því á grunni þess. Grasi gróin laut eða geil við vatnið. Upp frá henni kemur smá halli og við taka vallengismóar. Veiðimannahúsið var minna en grunnur bústaðarins.

Hættumat: hætta vegna bygginga

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 8

ÁR-431:044 tóft óþekkt 64°08.097 N 21°01.740 V



"Dálitlu fyrir ofan stífluna stendur veiðimannahús frá síðari hluta 19. aldar, frá þeim tíma sem Englendingar áttu veiðirrétt í Soginu", segir í örnefnaskrá. Hægt er að aka niður að stíflunni og ganga síðan óljósan vegslóða til norðurs uns komið er að dálítilli laut alveg við vatnið; þar eru nokkrar tóftir. Nyrst er greinileg hleðsla af gömlu hesthúsi sbr. 025. Rétt sunnan við hana og nær vatnsborðinu er lítil og ógreinileg tóft. Grasi gróin laut

eða geil við vatnið. Upp frá henni kemur smá halli og við taka vallengismóar. Lítil tóft og hringlaga, virðist eldgömul og lítur einna helst út eins og regluleg mishæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 8

ÁR-431:045 hleðsla lending 64°08.106 N 21°01.673 V

"Dálitlu fyrir ofan stífluna stendur veiðimannahús frá síðari hluta 19. aldar, frá þeim tíma sem Englendingar áttu veiðirrétt í Soginu", segir í örnefnaskrá. Hægt er að aka niður að stíflunni og ganga síðan óljósan vegslóða til norðurs uns komið er að dálítilli laut alveg við vatnið; þar eru nokkrar tóftir. Nyrst er greinileg hleðsla af gömlu hesthúsi sbr. 025. Rétt sunnan við hana og nær vatnsborðinu er lítil og ógreinileg tóft sbr. 044. Skammt sunnar sér móta fyrir hleðslum af bryggju um 3 m út í vatnið.

Grasi gróin laut eða geil við vatnið. Upp frá henni kemur smá halli og við taka valllendismóar. Hleðslan nær um 3 m út í vatnið en frekar ógreinilegt, aðeins nokkrir steinar sjáanlegir, fáeinir stórir næst landi og tveir litlir 3-4 m frá landi.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Kaldárhöfði, 8

ÁR-431:046 *Markavarða* varða 64°09.108 N 21°01.809 V

Brot af Markavörðunni er austan við Þingvallaveg og austur af sumarhúsabyggð sem hefst skammt sunnar. Vörðubrotið sést frá veginum sem lítil grjóthrúga en er um 30 m frá honum, uppi á hól handan við svolitla lögð. Mosa- og lynggróið hraun, flagmói næst veginum. Varðan er rústir einar. Mikið grjót var tekið úr henni af sumarhúsaeigendum í nágrenninu fyrir allöngu síðan. Hún var mjög stór eins og umfang rústanna bendir til en grjót dreifin nær nú tæplega metra á hæð. Var fagurlega hlaðin úr þunnum hraunhellum.

Hættumat: hætt vegna rasks

ÁR-431:047 *Miðmundarvarða* varða samgöngubót 64°07.685 N 21°00.536 V

Miðmundarvarða stendur efst á Miðmundarhlið sem er suðvestur af bænum. Hún sést frá bænum en best sést hún sunnan megin við upphaf heimreiðarinnar að Kaldárhöfða. Varðan stendur á stórri, mosagróinni klöpp sem sker sig nokkuð úr umhverfinu. Í kring eru valllendismóar. Nett og haganlega gerð varða; nokkuð oddmjó. Hlaðin úr fallegu hraungrýti.

Hættumat: engin hætt


ÁR-432 Syðri-Brú

20 hdr. 1803, óviss 1708 og 1847. Þingvallakirkjujörð. Fyrst getið [haustið 1269]: "[frá Búrfelli] scal oc sijngia ... til anrar Brûar: vij messur: oc en xiiij Bûnhûs dagar oc caupa halfri morc." DI II 63. 13.10.1461 selur Björn Þorleifsson Hauki Einarssyni Minni Brú - DI V, 241-42. 19.6.1474 skipar Sveinn biskup Jón Jónsson rauðkoll og Ásdísi Ólafsdóttur umboðasmenn Péturs sonar síns og skyldu þau taka að sér þá peninga sem Sveinn hafði gefið syni sínum en það er jörðin á Neðri Brú í Grímsnesi í Búrfellskirkjusókn, og þar til fimm kýr og hin sjötta sú bænhuskú sem þar fylgir, sex ásauðarkúgildi, hest - DI V, 751. 18.6.1564 bera Helgi Jónsson og Sölvör Pétursdóttir vitni um landamerki Efribrúar: "Enn sudur fra Bru ofan j Markargil og sionhending j lækinn fyrir nedan Liosafoss og burt v adurgreindu Markargile sionhending vppi Burfellsfiall." DI XIV, 269-70. Í Þingvallakirkjumáldaga frá um 1570 er þess fyrst getið að Brú sé komin undir kirkjuna og var hún þá leigð fyrir 1 hdr - DI XV, 644. "Sydre Bru, kallast öðru nafni Nedri Bru." JÁM II, 355."Jb. 1803 ein segir jörðina haldna 20 h. að dýrleika; jb. 1760 tilgreinir hvorki lsk. né kúg., en A.M. segir lsk. 1 h. 20 al. og kúg. 6." JJ, 71."Land jarðarinnar Syðribrúar takmarkast: 1. að vestanverðu af Soginu. 2. Að norðanverðu, millum landa Efribrúar og Syðribrúa liggja landamerkin vestan úr Sogi eptir keldulæk einum, er rennur í Sogið fyrir sunnan Ljósafoss, og ræður sá lækur upp að krók þeim, er á honum er fáum föðmum neðar, en þar, er hann greinist, og hverfur í tvær keldur. Úr þessum krók á læknum ræður bein stefna austur yfir Hallinn til Draugagils; þá ræður gilið mörkum norðan við nyrðra Hallvelli til Brúarar gegnt Gunnlaugslækjarmynni í Svartabakka austan við ána; frá Gunnlaugslækjarmynni í Svartabakka ræður bein stefna í Dagmálagil við Búrfellsrætur og eptir því gili upp eptir fjallshlíðinni og svo eftir úr gljúfri þess beina

stefnu í Vatnsás uppi á Búrfelli. 3. Að sunnanverðu við Syðribrúarland, millum þess og Ásgarðs-lands, og svo að austanverðu, allt frá Soginu til fjalls, eru þessi landamerki: Neðan frá Sogi ræður lækur sá, er fellur millum Hólmavaðsmýrar og Kálfshólamýrar uppí Giljatungusporðinn, þaðan bein stefna upp yfir Há-Borgarbrún í miðja hina djúpu laut, sem liggur uppí Búrfellsfjall milli hnúka svonefndra Skefilfjalla, úr þeirri laut, beint í Fjallsgnýpuna, og þaðan í Vatnsás uppi á Búrfellsfjalli." Ö-Syðri-Brú, 5.29.6. 1596 var gerður áreiðardómur um landamerki Efri- og Syðri-Brúar. Þar kom fram 12 manna dómur þar sem sr. Jón Jónsson hafði stefnt Eyvindi Þorkelssyni eiganda Efri-Brúar vegna Þingvallakirkjujarðar Syðri-Brúar. Þeir höfðu þó hvorgur önnur skjöl en "um Gard sem liggur a millum jardanna". Því var málið dæmt til áreiðar Þórðar Guðmundssonar lögmanns og taldi hann og dómurinn þessi landamerki: "Sa gardur logligur og myndugur a millum greindra jarda sem liggur þar a millum. thil rettra landamerkia. sem annar endinn horfer fyrer nedan Liosafoss. og annar vid ofanverdan Burfellshäls ad sionhendingu." AÍ III, 89-90

1920: Tún 5,4 ha. Garðar 1071 m². "Bærinn stendur sunnan undir móbergshæð. Landið liggur meðfram Soginu og Írafoss og

Kistufoss eru í landi jarðarinnar. Austurbakki Sogsins var melur með móabörðum sem á síðasta áratug var breytt í tún. Þá kemur þjóðvegurinn til Þingvalla en austan hans var blaut mýri, Djúpamýri, austur að Búrfelli. Norðan við Djúpumýri eru tún á framræsturlandi. Nokkuð valllendi er við fjallsrætur en gróður minnkar eftir því sem ofar kemur í fjallið." Sunnlenskar byggðir III, 139.



ÁR-432:001 Syðri-Brú bæjarhóll bústaður

64°05.449N 20°59.903V

Núverandi íbúðarhús var byggt um 1970. Fram að þeim tíma stóð bærinn vestar á túninu, u.þ.b. miðja vegu milli núverandi íbúðarhúss og gamals söluskúrs sem stendur við innkeyrsluna heim að Syðri-Brú.

Gamli bæjarhóllinn er í vesturhorni núverandi túns. Sogsvegurinn er rétt vestan við, heimreiðin norðan við og handan við hana hestagirðing.

Túnið er í halla mót suðri.

Kort 6. Fornleifakort. Syðri-Brú – bæjarstæði
Nú hefur algerlega verið sléttað yfir gamla bæjarhóllinn og því ekki hægt að áætla umfang hans. Ein hella fannst þó í túninu, um miðja vegu milli bæjar og söluskúrs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-432:002 heimild um útihús 64°05.471N 20°59.912V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 10 m norðan við gamla bæjarstæðið og gæti hafa verið öðru hvoru megin við heimreiðina, eða hafa lent undir henni.

Á þessu svæði er nú heimreið, norðan við hana er grasræma og svo hestagirðing. Sunnan við heimreiðina er heimatúnið í halla til suðurs. Ekkert sést nú lengur til þessa mannvirkis.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-432:003 heimild um útihús 64°05.455N 20°59.819V

Samkvæmt túnakort var útihús um 80 m austur af gamla bæjarstæðinu.

Á þessu svæði, rétt austan við núverandi íbúðarhús, er nú lítill, afgirtur skiki með kartöflubeði og trjárækt. Um 40 m austur af honum er gripahús og hlaða.

Ekkert sést nú lengur til þessa mannvirkis.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-432:004 Stekkatún tóft fjárhús 64°05.249N 20°58.459V

"Við austurenda Þvermels, norður af Skriðumýri, er lítið móaholt, sem heitir Ullarholt, og austan við það eru valllendismóar, er heita Stekkjarvellir. Upp af þeim er dálítill kvos upp við fjallið, og er það Stekkatún; þar voru fjárhús frá Syðri-Brú, svo lengi sem vitað er. Upp af Stekkatúni eru grasblettir uppi í fjallinu, heita Bekkir", segir í örnefnaskrá. Stekkatúnið er í gróinni kvos í vesturhlíðum Búrfells, um 1 km suðaustur af bænum. Þessi staður er rétt sunnan við svonefnda Skriðu, en þar er malarnám. Í Stekkatúni eru þrjár tóftir; tvær þær syðri eru 007 og 008. Tóftin sem hér um ræðir er nyrst þeirra og fjærst Skriðunni. Hún er uppi á hól rétt við veginn, um 50 m norður af 007.

Stekkatún er hvorki stórt né slétt. Grasi gróið svæði í hlíð, hólar og hæðir og grónir bekkir. Hólum girt austan til. Vestan við túnið liggur vegur upp í Skriðuna, þar er mikið malarnám.

Þessi tóft er sýnu elst þeirra þriggja sem á túninu eru. Aflöng og einföld, veggir mjög signir, einkum syðri langveggur og engar grjóthleðslur sjáanlegar. Dyr mót vestri.

Hættumat: hætta vegna grjótnáms

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, 2


ÁR-432:005 Hólmavað heimild um vað 64°04.536N 20°59.403V

"Móts við mýrina [Hólmanesmýri eða Hólmavaðsmýri] er hólmi úti í Soginu, sem ýmist er kallaður Sakkarhólmi eða Vaðhólmi; hann mun aldrei hafa tilheyrt Syðri-Brúarlandi. Í gamalli landamerkjalyðingu er talað um Hólmavað þarna, nú er það ekki þekkt", segir í örnefnaskrá. Vaðið hefur verið um 500 m neðan við Sogsvegin og um 1km neðan við Ljósafossvirkjun. Staðurinn sést ekki vel frá veginum en er auðfundinn vegna Sakkarhólma; ekki eru fleiri hólmar í Soginu á þessum slóðum. Til að komast að vaðinu þarf að ganga yfir blásna sandhóla.

Á þessum slóðum breiðkar áin og rennur í sveigju frá norðri til suðausturs. Bakkinn Syðri-Brúar megin er þurr mói með lágvöxnu kjarri en örlítið fjær tekur við mýri, Hólmavaðsmýri. Raflína liggur yfir ána 20-30 m neðar.

Við Sakkarhólma er áin um 100 m breið. Hólminn, sem er um 50 m langur, er nær vesturbakkanum. Næst bakkanum austanmegin er djúpur og straumharður áll, sem sýnist grynna eftir því sem nær dregur hólmanum.

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, 1



Kort 7. Fornleifakort. Syðri-Brú og Ásgarður

ÁR-432:006 Ullarholt örnefni 64°05.257N 20°58.527V

"Við austurenda Þvermels, norður af Skriðumýri, er lítið móaholt, sem heitir Ullarholt, og austan við það eru valllendismóar, er heita Stekkjarvellir", segir í örnefnaskrá. Holtið er rétt neðan við veg sem liggur að Skriðunni svonefndu, rétt eftir að hann beygir til suðurs, um 1 km suðaustur af bænum.

Holtið sker sig nokkuð úr umhverfinu sökum þýfis. Í kring eru rofabörð en vegurinn að Skriðunni liggur yfir austasta hluta holtisins. Um 300 m norðvestar er bílakirkjugarður.

Holtið er þýft, markast að norðanverðu af svolitlu gili, þar rennur lítill lækur.

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, 2

ÁR-432:007 Stekkatún tóft+garðlag fjárhús 64°05.209N 20°58.449V

"Við austurenda Þvermels, norður af Skriðumýri, er lítið móaholt, sem heitir Ullarholt, og austan við það eru valllendismóar, er heita Stekkjarvellir. Upp af þeim er dálítill kvos upp við fjallið, og er það Stekkatún; þar voru fjárhús frá Syðri-Brú, svo lengi sem vitað er." segir í örnefnaskrá. Túnið er í gróinni kvos við vesturhluta Búrfells, um 1 km suðaustur af bænum. Skammt norðan við svonefnda Skriðu, þar er malarnám. Þessi tóft er líklega greinilegust þeirra þriggja sem á túninu eru og um miðja vegu milli þeirra, þ.e. 008 og 004.

Túnið ekki mjög stórt, hólum girt austantil. Vestan við það liggur malarvegur upp í malarnámið í Skriðunni og eru aðeins um 100 m frá því að tóftinni. Svolítið vestar en malarvegurinn tekur við mýri allt að Sogsvegi.

Þessi tóft er af myndarlegu fjárhúsi. Hún snýr frá suðvestri til norðausturs og er mjög greinileg. Mikið grjót sjáanlegt í útveggjum sem eru enn mjög háir. Þá eru tveir grjóthlaðnir garðar eftir tóftinni endilangri. Svolítið brekka tekur við norðaustan við, annars er túnið sjálft slétt. Syðri útveggur fjárhússins er gríðarmikill og nær langt aftur fyrir sjáanlega tóft. 20 m norður af tóftinni sér votta fyrir garðlagi. Það er um 20 m langt og sveigir í endann, virðast raunar vera 2 garðlög sem liggja alveg samhliða.



Hættumat: mikil hætta vegna grjótnáms

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, 2

ÁR-432:008 Stekkatún tóft fjárhús 64°05.173N 20°58.359V

"Við austurenda Þvermels, norður af Skriðumýri, er lítið móaholt, sem heitir Ullarholt, og austan við það eru valllendismóar, er heita Stekkjarvellir. Upp af þeim er dálítill kvos upp við fjallið, og er það Stekkatún; þar voru fjárhús frá Syðri-Brú, svo lengi sem vitað er." segir í örnefnaskrá. Túnið er í gróinni kvos við vesturhluta Búrfells, um 1 km suðaustur af bænum. Skammt norðan við svonefnda Skriðu, þar er malarnám. Í túninu eru þrjár tóftir, hinar eru 004 og 007. Þessi tóft er skammt sunnan og neðan við 007, sem er greinilegust tóftanna þriggja, uppi á hól.

Vegurinn að Skriðunni er rétt vestan við en malarnámið í henni er aðeins um 15 m sunnan við þessa tóft. Austan við er um 10 m hár malarkambur en norðan við gróinn hóll; þar er tóft 007.



Fremur ungleg tóft, aflöng og snýr frá vestri til austurs, inngangur vestanmegin. Hleðslur enn heillegar, einkum að innanverðu, og er nyrðri langhlið langheillegust. Undir henni að innanverðu

glittir í leifar af garða sem hrunið hefur yfir.

Hættumat: mikil hætta vegna grjótnáms

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, 2

ÁR-432:009 *Grafarmýri* örnefni mógrafir 64°05.420N 20°59.964V

Grafarmýri var beint vestur af bænum, handan við Sogsveginn. Nú er þar myndarlegur trjálundur og byggingar ofan við sundlaugina á Ljósafossi.

Sogsvegur austan við, vegur í átt að Grafningi norðan við.

Mýrin er horfin, var ræst fram og sléttuð.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, viðbætur 1

ÁR-432:010 *Djúpamýri* heimild um mógrafir 64°04.757N 20°58.485V

"Skammt austan við veginn [Sogsveginn] beygir Markalækur til norðurs og heitir eftir það Bolagil. Það hefir upptök sín í svonefndum Jarðföllum, sem eru syðst og austast í Djúpumýri. Þar er mikið og gott móland", segir í örnefnaskrá. Miklar mógrafir voru í Djúpumýri í manna minnum en vegna framkvæmda við virkjunina var mikið rask á þessu svæði og fyllt upp í grafirnar. M.a. var sett gríðarmikið malarplan undir raflínuna sem að öðrum kosti hefði sokkið í mýrina.

Votlend mýri. Yfir hana norðanverða liggur raflína en efst eða austast er malarvegur við rætur Búrfells. Austurhluta mýrarinnar hallar til suðvesturs.

Hvergi sjást reglulegar mógrafir í Djúpumýri; hins vegar má sumsstaðar greina gróður- og litabreytingar í mýrinni. Virðist vatn framur síga þangað og gæti það bent til gamalla mógrafa.

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, 2

ÁR-432:011 *Helguhóll* varða 64°05.513N 20°58.530V

"Ofan við Prestteig er lítill hóll með vörðubroti, er heitir Helguhóll", segir í örnefnaskrá. Prestteigur sést mjög vel frá Syðri-Brú, hefur nú verið ræktaður upp sem nokkur samhliða tún og mjög regluleg í laginu; á milli þeirra eru skurðir. Helguhóll er rétt suðaustan við austasta túnpartinn.

Lítill hóll og lágur. Norðaustan við mýri en Búrfell í suðurátt; í rótum þess eru hólar, sundurskornir af giljum og drögum.

Nokkuð stórt vörðubrot er á hólnum en varðan er greinilega löngu fallin því hrúgan er vel gróin mosa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Brú, 3

ÁR-433 **Ásgarður**

48 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Fyrst getið í máldaga Búrfellskirkju frá [1269]: "J asgard xij messur log helga daga oc en xij Bunhus dagar oc caupa vj aurum. ... [til Búrfellskirkju] liggia tijundir heima mana or caldaraufda oc as gardi." DI II, 63. 24.10.1515 lýsti Ástríður Össurardóttir, áttæð að aldri, uppalin í Miðengi landamerkjum jarðarinnar við Ásgarð að ofan en Snæfoksstaði að neðan: "... En fyrir ofan til moz vid asgard. skyllði mideingi eiga sionhending vr fuglsþufuhol firir nedan þreijngl [þreyngls annað hdr]. ok ofan j mosvallarbrvn sem geingur vt j

altavatn." DI VIII, 571. 1708: "Munnmæli eru, að hjer hafi til forna kirkja verið. Engin eru þess líkindi nema örnefni tvö í túninu, sem menn hyggja að taki sitt nafn af kirkjunni og eru kölluð Kirkjuhóll og Blasiusvöllur og liggja í þeim stað, sem kirkjan skyldi staðið hafa." JÁM II, 63."Landamerki Ásgarðs er samkvæmt landamerkjabréfi: Milli Ásgarðs og Syðri-Brúar ræður lækurinn, sem liggur fyrir sunnan Hólmavaðið, og ræður hann í Giljatungusporð, úr Giljatungusporði sjónhending yfir há-Borgarbrún í stóru lágina, sem liggur inn í fjallið milli Skefilfjallanna. Þaðan sjónhending í fjallsgnípunna á há-fjallinu. Þaðan sjónhending um Sauðadalinn í Hnífhól, beina sjónhending í Gildruhólinn. Úr Gildruhólnum sjónhending í klett þann, er Hestur er nefndur og liggur austan undir Tjarnarhólum. Úr Hesti sjónhending í steinininn á Nónhólataglinu. Þaðan beina stefnu í há-Grensásinn og þaðan í Þrengsaáspáfuna. Milli Miðengis og Ásgarðs eru merkin þessi: Beina stefnu úr Þrengslaáspáfunni í Álfhól um Smalaskála í hólmann í Álftavatni. Svo ræður Álftavatn og Sog að fyrrnefndum merkjum milli Ásgarðs og Syðri-Brúar." Ö-Ásgarður,1. Nú er enginn búskapur í Ásgarði og verður líklega ekki framar; Oddfellowar á Selfossi hafa keypt jörðina og skipuleggja nú sumarhúsabyggð á meirihluta hennar.

1920: Tún 11,1 ha, þar af slétt um ¼. Garðar 2467 m²."Eins og nafnið bendir til er bærinn umlukinn allháum ásum á þrjá vegu en útsýn er til vest-suðvesturs og hallar landinu niður að Sogi. Syðsti hluti landsins er kjarri vaxið hraun frá Álftavatni að Ásgarðslæk. Þá taka við klapparásar en mýrar eru nær Sogi, að mestur framræstar. Melar og móbergsásar með lyngbrekkum eru austar og ofar. Landið er nokkuð skorið af giljum hið næsta Búrfelli. [...] Sumarbústaðir og veiðihús eru í landi jarðarinnar, eign eiganda sem árið 1978 var dánarbú Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur." Sunnlenskar byggðir III, 140.

ÁR-433:001 Ásgarður bæjarhóll bústaður 64°03.778N 20°57.986V
Löngum var þrífyllt í Ásgarði. Hluti bæjarhólsins er þar sem íbúðarhúsið stendur nú; þar var Vesturbærinn. Miðbær og Austurbær voru í beinu framhaldi austanvið. Því nær eiginlegur bæjarhóll talsvert lengra í austur en húsið stendur nú, líklega um 20 m. Nyrst í túni. Aftan við bæinn er svolítið klettabelti og er þar Fjósaklettur mestur. Nú er trjárækt hafin framan við íbúðarhúsið og vegur hefur verið ruddur yfir hluta bæjarhólsins, líklega þar sem Austurbærinn stóð. Ekki er áberandi hóll á bæjarstæðinu. Af lýsingum að dæma hefur þó bæjarstæðið verið alllangt en ekki mjög breitt. Austurbærinn var rifinn síðastur, á árunum milli 1960 og 70.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-433:002 heimild um útihús 64°03.746N 20°57.981V
Útihús var rúmlega 30 m suðaustur af íbúðarhúsinu sem nú er.
Í túni eða nálægt jaðri þess.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-433:003 heimild um fjárhús 64°03.867N 20°58.355V
Fjárhús var þar sem nú er fjárhús og hlaða vestast í túninu.
Ofarlega og vestast í grasi grónu túni. Ofan við er talsvert þýfi og brekka, allt gróið.
Fjárhús þetta var rífið milli 1940 og 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Kort 8. Fornleifakort. Ásgarður-bæjarstæði

ÁR-433:004 heimild um útihús 64°03.854N 20°58.325V

Skammt ofan við fjárhús og hlöðu sem nú standa vestast í túninu, var útihús í brekkunni.

Ofarlega og vestast í grasi grónu túni. Ofan við er talsvert þýfi og brekka, allt gróið.

Fjárhús þetta var rífið milli 1940 og 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-433:005 tóft útihús 64°03.910N 20°58.296V

Mjög vestarlega í túninu er stórt fjárhús með hlöðu. Norðaustur af því er svolítið afgirt stykki og rennislétt, þó ekki beinlínis túnrækt. Austarlega í þessu stykki er sandruðningur, gróinn að vestanverðu. Þar mótast fyrir óljósu tóftarbroti, á sama stað og útihús er sýnt á túnakorti.

Afgirtur skiki norðaustur af fjárhúsi og túnrækt. Grasi gróinn en þó virðist ekki sérlega góður jarðvegur á svæðinu, frekar sandur en mold.

Brotið lítur út eins og leifar tveggja hliða úr húsi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-433:006 Blasíusvöllur heimild um kirkju 64°03.761N
20°57.822V

"Munnmæli eru, að hjer hafi til forna kirkja verið. Engin eru þess líkindi nema

örnefni tvö í túninu, sem menn hyggja að taki sitt nafn af kirkjunni og eru kölluð Kirkjuhóll og Blasíusvöllur og liggja í þeim stað, sem kirkjan skyldi staðið hafa", segir í jarðabók Árna og Páls. Í örnefnaskrá er minnst aftur á Blasíusvöll: "Sunnan við Kinnina, vestast, er Blasíusvöllur. Hann verður nú ekki greindur þar sem túnið hefir verið sléttað." Blasíusvöllur er undir Hádegisási, sem er grótás í túninu austan við heimreiðina, um 200 m suðaustur af bænum. Ekki er vitað lengur hvar Kirkjuhóll var. Fast í túnjaðri skammt frá bæ. Gróin brekka neðst í ásnum og niður að Blasíusvelli en grjót efst.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM II, 354; Ö-Ásgarður, 2

ÁR-433:007 tóft fjárhús 64°03.868N 20°57.918V


Um 150 m norðaustur af bænum, í hvarfi bakvið klett, er fjárhústóft. Í þessu húsi hafði Sigurður Ólafsson kindur sínar en hann hafði einnig túnskika til umráða og kartöflugarðinn 011.

Hún er austan undir svolitlum kletti, á grasi vöxnum skika, sem ekki er sléttaður en tengist þó túninu. Örfáum metrum suðaustan við eru gömul garðbrot 011.

Tóftin er ekki stór en byggt hefur verið í henni aftur, og hangir gamalt bárujárnsþak enn uppi í austurhlutanum; þar hefur hún verið breikkuð. Því er aðeins syðri hlutinn heillegur og er inngangurinn þar. Þar eru greinilegar grjóthleðslur.

Hættumat: hætta vegna rasks

Heimildir: Ö-Ásgarður, 1



ÁR-433:008 garðlag túngarður 64°03.828N 20°57.724V

Þegar ekið er heim að Ásgarði er Hádegisás á hægri hönd, nokkuð stór, gróinn hóll með klöppum og stórgrýti í kolli. Norðan við hann er garðbrot, nokkuð langt, sem liggur frá austurhluta hólans og til vesturs í átt til bæjarins.

Garðurinn er í kringum túnblett sem er í beinum tengslum við heimatúnið en að mestu í hvarfi frá bænum. Meðfram honum að norðanverðu liggur nýlegur vegur til austurs; sé honum fylgt er komið að mikilli gryfju, þar sem refabú stóð til skamms tíma.

Garðurinn er enn greinilegur á rúmlega 200 m kafla, hefur þó rofnað á nokkrum stöðum. Hann liggur í smáboga. Frá Hádegisás stefnir hann til norðurs, þar er hann ógreinilegastur en síðar beygir

hann til vesturs. Í krikanum þar sem garðurinn mætir Hádegisási, er regluleg ójafna sem gæti verið eldgömul tóft.

Heimildir: Ö-Ásgarður, 1-2

ÁR-433:009 Steingrímskvíar heimild um kvíar 64°03.869N 20°58.267V

"Vestur af Kúmenkletti er klettur, sem Slánki heitir, og vestan við hann er Mosarófa og Mosafllá. Vestast er Lambaklettur og vestan við hann er gamalt tóftarbrot, sem heitir Steingrímskvíar, þær eru beint upp af fjárhúsunum, sem nú standa þar, vestast í túninu", segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin standa ónotuð og hrum 200-300 m vestur af íbúðarhúsi. Upp af þeim er brekka. Beint upp af fjárhúsunum eru mjög miklar ójöfnur og hátt gras en engin ótvíræð tóft.


Fjárhúsið stendur ofan við túnjaðarinn, vestast. Upp af þeim tekur við þýfð en grasi gróin brekka; þar hafa kvíarnar verið. Þegar ofar dregur sjást klettur, þar fyrir ofan

eru grónir bekkir og melar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 2

ÁR-433:010 tóft óþekkt 64°03.900N 20°58.206V



Um 100 m norðvestur af íbúðarhúsi og norðaustur af fjárhúsinu sem er vestast í túninu, er tóft. Hún er 50-70 m ofan við veginn heim að fjárhúsinu.


Á þessum stað er fremur óslétt brekka sem hallar til suðvesturs, og er vel gróin. Vestan og austan megin eru klettastapar ofarlega í brekkunni. 5 m vestan við tóftina er svolítill gilskorningur.

Tóftin er lítil og frekar ógreinileg. Myndar um 1 m breiðan slakka en grjótt sést vel í hliðum að innanverðu. Dyr mót suðvestri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 2

ÁR-433:011 garðlag kálgarður 64°03.848N 20°57.877V



Austur af íbúðarhúsinu er dálítill brekka; þar liggur nú malarvegur til austurs. Norðan við þann veg og um 150 m frá húsinu, eru gömul garðbrot.

Uppi á brekkunni er grasi gróin flöt milli Hádegisáss og lítills klettabeltis sem er norðvestar. Vegurinn liggur um miðbik flatarinnar. Sunnan við garðbrotin er gamall túngarður 008 og er ekki útilokað að hann hafi tengst þeim en vegurinn hefur verið lagður á milli. Norðvestan við er gömul fjárhústótt 007 sem byggt hefur verið í að nýju.

Talsvert miklar hleðslur, þó ekki háar, sem mynda þrjú hólf. Syðsti hlutinn hefur verið skemmdur með vegi en nyrsti parturinn nær næstum að fjárhústóttinni 007.

Miðhólfið er stærst og næstum

nákvæmlega fimmhyrnt; hin koma beinu framhaldi af því sitthvoru megin og eru þríhyrningslaga. Miðhólfið er greinilegast.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

ÁR-433:012 Stöðulholt örnefnikvíar 64°03.724N 20°58.194V

"Suðvestur af íbúðarhúsinu er Lindarflöt og sunnan við hana er uppsprettulind, er heitir Siggupyttur. Suður af honum er Stöðulholt, nú tún; austur af því, austan við veginn heim að bænum, eru Stöðulflatir", segir í örnefnaskrá. Stöðulholt er nokkra tugi metra suðvestur af bænum. Það er í túninu en virðist ekki slegið.

Í túni. Nokkuð óslétt.

Engin merki um mannvirki sjást á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 2

ÁR-433:013 Þvottabólshéði örnefni 64°03.464N 20°57.854V

"Sunnan við Búrfellsveginn og austan við Sogsveginn er Kaplakriki. Suður af honum og vestan við Hádegisásinn er Þvottabólshéði", segir í örnefnaskrá. Sogsvegurinn

liggur rétt vestan við Þvottabólshéiði sem er rétt vestan undir Hádegisás. Því er ekið framhjá heiðinni rétt áður en beygt er inn Búrfellsveg til austurs.

Rétt sunnan við heiðina rennur Ásgarðslækur, tær og vatnsmikill. Bærinn er 700-800 m norðar en heiðin sem er að mestu valllendismói.

Þýfðir valllendismóar en blásinn melur þegar nær dregur Sogsvegi og Búrfellsvegi. Vel gróið land alla leið í Ásgarðslæk sem og upp í hlíðar Hádegisáss. Talið er að nafnið sé þannig tilkomið að farið

hafi verið yfir heiðina á leið að Köldulind með þvott. Lindin rennur í Ásgarðslæk nokkur hundruð metra austur af Sogsvegi og var raunar mikilvægt vatnsból; m.a. var farið þangað með Ásgarðskýrnar til brynningar.

Heimildir: Ö-Ásgarður, 2

ÁR-433:014 *Köldulindarvarða* varða 64°03.465N 20°57.285V

"Norðaustur af Hádegisás er Miðás. Upp á honum er varða og þar er einnig dálítill grasblettur, sem heitir Miðásvelli eða Flotbeinamýri", segir í örnefnaskrá. Varða þessi er kölluð Köldulindarvarða og sést hún ágætlega frá Búrfellsveginum, til hægri handar sé ekið örskamman spöl frá Ásgarði til austurs. Sést líka frá bænum sjálfum.

Mosagróinn klapparhóll, og er ágætt útsýni af honum. Í suðri eru sumarbústaðir handan Ásgarðslækjar. Rétt norðan við hólinn er svolítill mýri en í norðvestri Ásgarðsbærinn.

Varðan er á flatrí klöpp efst á hól, sýnist gömul og nokkuð úr skorðum gengin. Breið að neðan og nálæga hringlaga. Hún er hlaðin úr flötum hellum ofantil en mjög stórt grjót neðst.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Ásgarður, 3

ÁR-433:015 *Kónsvegur* gata leið 64°03.311N 20°57.912V

"Þá færum við okkur suður fyrir Ásgarðslækinn og tökum fyrir svæðið austan við Sogsveginn. Hrafnaklettaflúð er í læknum ofan við, þar sem gamli vegurinn lá yfir lækinn", segir í örnefnaskrá. Vegurinn liggur yfir lækinn um 100 m ofan við Sogsveginn. Þetta er svonefndur Kónsvegur og lá hann til Þingvalla. Vegurinn sést jafnvel betur hjá beitarhúsatóftunum 016 og 036-038. Þar liggur hann í brekku og er allmikil grjóthleðsla, um mannhæðarhá, undir honum.

Á þessum slóðum er land víðast hvar gróið, þó er meira kjarr sunnan við lækinn. Skammt frá er lítill klapparhóll með hundapúfu í kolli.

Vegurinn er enn greinilegur, einkum þó norðan lækjar þar sem minna er um gróður. Lítur út fyrir að möl hafi verið borin í hann einhverntíma en vegurinn var síðast lagfærður 1920 vegna konungskomu.


Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Ásgarður, 3

ÁR-433:016 *tóft beitarhús* 64°02.885N 20°57.009V

"Austan við Sogsveginn standa fjárhús. Norðan við þau er lítill hóll, er heitir Sauðhóll", segir í örnefnaskrá. Húsin standa aðeins fáeina metra austan við Sogsveginn, rétt áður en komið er að Digra- og Harðsnúnahól 023 og 024. Húsamýri heitir svo vegna þessara húsa. Þau voru aðalfjárhús Ásgarðsmanna og hafa oftsinnis verið færð eins og ummerki benda til. Á þessum stað eru

fjórar tóftir en hér er fjallað um stærsta fjárhúsið og það sem er næst veginum. Hin húsin eru 036, 037 og 038. Húsin standa fast á hraunbrún. Sunnan við er sléttur og



gróinn vallendisbotn, að mestu laus við hraun. Hraunbrúnin er gróin, talsvert bratt niður af henni sumsstaðar og þar tekur við vallendisbotn, grasi og kjarri vaxinn. Sauðhóll er norðan við húsinn, talsvert minni en Harðsnúnihóll og Digrihóll. Um 500-700 eru frá þessum stað í sumarbústaðabyggð.

Þessi tóft er næst veginum. Hún er jafnframt stærst og virðist langyngst. Stór hlaða er í enda og inngangur mót suðaustri. Tveir steyptir liggja garðar eftir endilöngu og brött brekka tekur við niður og suður af dyrunum. Húsið lét Vegagerðin rífa á 8. áratug 20. aldar. Von var á erlendum fyrimennum á svæðið og þótti ekki við hæfi að særa fegurðartilfinningu þeirra með svo ömurlegri

byggingu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 3

ÁR-433:017 gata leið 64°02.661N 20°57.381V

Sé ekið Brúnavegin til austurs frá Sogsvegi (hann er merktur með skilti skammt frá Harðsnúnahól og Digrihól) og beygt 2. eða 3. afleggjara til vinstri, er farið niður mjög bratta brekku sem liggur niður af Brúnum til norðurs og í átt að opnu svæði með sléttum botni. Ef vel er gáð, má sjá leifar af götuslóða austan megin við veginn þar sem brekkunni sleppir. Þessi gata lá frá Miðengi og að Tunguferjustað 022. Gatan liggur um birkigróinn slakka. Mjög ógreinileg gata, hefur sennilega aldrei verið meira en slóði eða troðningur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 3

ÁR-433:018 Álfhóll örnefni huldufólksbústaður 64°02.696N 20°56.910V

"Norðaustur af [Brúnaskyggni] er annar hóll, heitir Álfhóll", segir í örnefnaskrá. Brúnavegur liggur frá Sogsvegi til austurs og er merktur með skilti skammt frá Harðsnúnahól og Digrihól. Farið næstum eins langt og hægt er að komast, beygt afleggjara til vinstri. Þar er sumarbústaður sem heitir Álfhóll og er skilti með nafninu við. Fast suðaustan við bústaðinn er hóllinn sjálfur. Kjarri vaxið svæði, mikil sumarbústaðabyggð. Birkigróinn vallendishóll, ekki stór, með þúfu í kolli.

Heimildir: Ö-Ásgarður, 4

ÁR-433:019 Smalaskáli örnefnismalakofi 64°02.117N 20°57.777V

"Suðvestur af Brúnaskyggni er hóll, sem Smalaskáli heitir, vestan undir honum er Sogsvegurinn; milli Brúnaskyggni og Smalaskála liggur gamli ferðamannavegurinn, þó nær Smalaskála", segir í örnefnaskrá. Vaðvík heitir þar sem Sogsvegurinn liggur næst Álftavatni. Þegar haldið er áfram veginn frá víkinni til norðurs er svolítil hæð, þar er Smalaskáli fast austan við veginn. Með "gamla ferðamannaveginum" er átt við Kongsvegin. Ekki hefur heyrst um raunverulegan smalaskála á þessum slóðum, og talið einna helst að börn að leik hafi gefið hólum nafnið. Kjarri gróið svæði, mikil sumarbústaðabyggð. Samhliða Sogsveginum og rétt við hólinn er rafmagnslína. Þaðan eru 200-300 metrar niður að vatninu. Gróinn vallendishóll, birki, víðir og blágresi áberandi. Sker sig úr umhverfinu vegna lögunar, mjög greinilegur og svolítið uppmjór.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 4


ÁR-433:020 tóft fjárskýli 64°02.889N
20°57.814V

Sé gengið með hraunbrúninni sem fjárhústóttirnar 016 standa á og til austurs um 200 m, má sjá svolitla fjárrétt undir brúninni. Réttin er undir brekkurótum og afgirt frá náttúrunnar hendi á tvo vegu; norðan og austan megin. Allt í kring er gróið beutiland, sléttur vallendisbotn.

Grjóthlaðin, aflöng rétt sem skiptist í tvö hólf. Hún snýr frá vestri til austurs, op að vestanverðu, breikkar eftir því sem austar dregur. Níu umför af hleðslum sjáanleg en veggurinn sem skilur hólfina að er fallinn. Hleðslur lítið sem ekkert grónar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 4



ÁR-433:021 Sel heimild um sel 64°02.204N 20°58.301V

"Norðan við [Sprænur] er Sel, þar sér móta fyrir gömlum húsum", segir í örnefnaskrá. Til að finna Sprænur þarf að ganga svolítið niður fyrir þar sem Sog rennur í Álftavatn. Þar, austan megin, er svolítil vík, Selvík, með sandströnd. Örlítið lengra er klettarið út í vatnið, það er Sprænuhöfði og undan honum koma Sprænur. Uppi á höfðanum er talsvert mikið kjarr og sumarbústaður. Þar hefur selið verið en merki um það eru nú horfin.

Kjarri vaxinn höfði við Álftavatn, talsvert bratt klettarið við vesturendann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 4

ÁR-433:022 Tunguferjustaður heimild um ferju 64°02.837N 20°58.705V

"Lítið eitt norðar [en Jónsklettur] er annað klettanef. Þar er Sogið mjóst og þar var Tunguferjustaður, og lögferja um langa tíð", segir í örnefnaskrá. Mikið kjarr er við Sog á þessum slóðum. Víðast hvar liggur slóði eða göngustígur með ánni austan megin en ágætt er að komast niður að henni rétt norðan við Digrahól 023, þar er traktorsslóði.

Austan megin ganga smá klettarið út í Sogið en nær alls staðar er kjarr alveg niður að vatnsborðinu. Vestan megin er breiður tangi eða útskot. Þar eru tún ofan til en við ána ýmist gróinn bakki eða sandbakki. Sumarbústaður er fyrir ofan eða austan Tunguferjustað. Á þessum stað eru 30-40 m milli bakka og Sogið talsvert djúpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 4-5

ÁR-433:023 Digrihóll varða 64°03.053N 20°58.048V

"Norðvestur af fjárhúsunum [016 og 036-038], sem áður eru nefnd, er Digrihóll, vestan við veginn, með vörðu á kolli", segir í örnefnaskrá. Digrihóll og Harðsnúnihóll eru skammt hvor frá öðrum. Þeir skera sig úr umhverfinu, enda einu hólarnir á þessu svæði vestan við veginn. Þegar farið er Sogsveginn til norðurs er á einum stað ekið mjög nálægt Álfatavatninu, þar heitir Vaðvík. Skömmu síðar er ekið framhjá nokkrum fjárhústóftum á hraunbrún austan við veginn (016 og 036-038). Örlítið lengra eru Digrihóll og Harðsnúnihóll vestan við veginn.

Kjarri gróið svæði. Hóllinn gróinn að mestu en hraungrýti í kolli.

Digrihóll er nær veginum og hefur verið grafið í hann að austanverðu. Varðan er

horfin. Þó er grjót efst á hólnum sem gætu verið undirstöðurnar.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

Heimildir: Ö-Ásgarður, 5

ÁR-433:024 *Harðsnúnihóll* varða 64°03.037N 20°58.086V

"Vestur af [Digrahóll] er Harðsnúnihóll, einnig með vörðu", segir í örnefnaskrá. Digrihóll og Harðsnúnihóll eru skammt hvor frá öðrum. Skera sig úr umhverfinu, enda einu hólarnir á þessu svæði vestan við veginn. Þegar farið er Sogsveginn til norðurs er á einum stað ekið mjög nálægt Álfatavatninu, þar heitir Vaðvík. Skömmu síðar er ekið framhjá nokkrum fjárhústóftum, 016 og 036-038 á hraunbrún austan við veginn. Örlítið lengra eru Digrihóll og Harðsnúnihóll vestan við veginn.

Kjarri gróið svæði. Hóllinn gróinn að mestu en hraungrýti í kolli.

Harðsnúnihóll er lægri en Digrihóll en svipaður að öðru leyti. Það litla sem eftir stendur af vörðunni er greinilega komið til ára sinna. Hún er hlaðin úr hraungrýti, að hluta styðst hleðslan við

jarðfastan klett sem stendur upp úr hólnum. Grjót sem hrunið hefur úr vörðunni liggur á víð og dreif í kring.

Hættumat: hætta vegna mannaferða

Heimildir: Ö-Ásgarður, 5

ÁR-433:025 *Torfholt* örnefnirista 64°03.388N 20°58.697V

"Norðan við [Ásgarðslæk] er lítið undirlendi við Sogið og myndast tangi við lækinn, hann heitir Kvígutangi. Austan við undirlendið er Torfholt, vestan undir því er Torfholtshvammur og Torfholtisdý", segir í örnefnaskrá. Torfholt er rétt vestan við Sogsveg þar sem Ásgarðslækur rennur í Sog. Torfdalur mun einnig vera á þessum slóðum. Frekar þurrhent og gróft holt við lækinn.

Þurrt móaholt, nær sumsstaðar alveg niður að Sogi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 5

ÁR-433:026 *Ferjutangi* heimild um ferju 64°03.779N 20°59.491V

"Norður af Gíslahvammi er Syðra-Ferjuholt og norður af því Efra-Ferjuholt og norður af því er Ferjutangi. Þar var ferjað frá Ásgarði yfir Sogið, þar var ekki lögferja", segir í örnefnaskrá. Ferjutangi er úti á ystu tanni á stóru nesi úti í Sogið beint niður frá Ásgarði. Að sunnanverðu hefst

Gróið nes en nokkuð mýrlent á köflum. Hinumegin skiptast á blásnir og grónir bakkar en túnrækt syðst. Suður af Ferjutanga er nær landfastur hólmi í ánni. nesið um það bil þar sem Ásgarðslækur rennur í Sog.

Á þessum stað eru 50-70 m milli árbakka.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 5

ÁR-433:027 *Veizluteigur* heimild um áveitu 64°03.312N 20°57.078V

"Norður af Ferjutanga er sléttlend mýri með smá vatnsrásum, heitir Veizluteigur, og ofan við hana Veizluteigsbrún", segir í örnefnaskrá. Hnit var ekki tekið á Veizluteig heldur við Ásgarðslæk þar sem hann var stíflaður og veitt úr honum. Ekið er upp Hvamma (merktur afleggjari frá Sogsvegi) til austurs. Talsvert ofarlega liggur afleggjari til vinstri að sumarbústað, þar má komast nær alveg að læknum þar sem stíflan var.

Lækjarbakkinn er kjarri vaxinn sunnan megin en norðvestan til er svolítið grjóthrun.

Lækurinn breiðir úr sér á þessum stað en mjókkar aftur á því svæði sem stíflan var á. Stíflan er löngu horfin og erfitt að segja til um hvar hún var nákvæmlega. Hins vegar liggur skurður frá læknum norðan megin til norðvesturs. Hann er um 6 m breiður og vel greinilegur á a.m.k. nokkurra tuga metra löngum kafla. Stíflan var gerð í kringum síðustu aldamót en hélst illa í læknum í leysingum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 6

ÁR-433:028 *Kirkjugötur* heimild um leið 64°03.930N 20°57.606V

"Norður af bænum er Skyggfir, stór og hár móbergshóll, suðaustur af honum er lítið móaholt, er Ballholt heitir, um það liggja svonefndar Kirkjugötur, en það eru göturnar, sem lágu milli bæjanna Búrfells og Ásgarðs", segir í örnefnaskrá. Sé gengið til austurs frá bænum, upp slakkann milli ásanna tveggja og út í mólendið, sést bútur af götunum þar í moldarbarði. Þær liggja frá vestri til austurs og eru sumsstaðar aðeins 10-20 m frá Búrfellsvegi.

Hátt í 2 m breiður troðningur, orðinn mjög gróinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 6

ÁR-433:029 *Steingrímsstekkatún* heimild um stekk 64°04.139N 20°58.417V

"Norðvestan við Sandhól er Steingrímsstekkatún, þar sér til tótta", segir í örnefnaskrá. Steingrímsstekkatún hefur verið nokkur hundruð metra suður af Syðra-Melgili.

Á þessu svæði hefur verið gríðarlegt rask. Vegur liggur upp í hlíðina og er þar mikið malar-og grjótnám á stóru svæði. Eflaust hefur mörgum tonnum af jarðvegi verið rutt til og sér hvorki til túns né stekkjar.

Hættumat: mikil hætta vegna grjótnáms

Heimildir: Ö-Ásgarður, 6

ÁR-433:030 *Gamlastekkatún* tóft stekkur 64°04.241N 20°58.512V

"Norður af [Steingrímsstekkatúni] og norðan við Syðra-Melgilið er Gamlastekkatún", segir í örnefnaskrá. Gamlastekkatún er beint vestur af Tjarnhólum og um 100 m ofan við Sogsveginn. Syðra-Melgil er 10-15 m sunnan við. Ef grannt er skoðað sést fjárhústóftin frá veginum.

Ekki mjög stór vallendisflöt, frekar óslétt en trjáhrslur hér og þar. Ofan í Syðra-Melgili rennur lítill lækur og spölkorn norðar er annað gil, líklega hitt Melgilið.

Í Gamlastekkatúni er annars vegar aflangt fjárhús, frekar lítið og norður af því er sambyggð einskonar rétt eða aðhald. Samanlögð stærð þessa mannvirkis er 8 x 6 m. Hins vegar er stekkur, um

10 m austur af fjárhúsinu. Mál um 6 x 4 m. Inni í honum vottar fyrir hleðslu sem eflaust hefur skipt honum í tvö hólf.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 6




ÁR-433:031 frásögn brunnur 64°03.715N 20°57.061V

Beint suður af Ásgarðsbænum er svolítið þýft holt í túninu, gróið kjarnmiklu grængresi og súrum. Sunnarlega í holtinu er slakki, iðagrænn og grænni en umhverfið. Þar var brunnur. Iðagrænt holt vestan við heimreiðina en norðan við hið eiginlega tún.

Hættumat: engin hætta vegna ábúðar

ÁR-433:032 tóft fjárhús 64°03.662N 20°57.960V




Suðaustarlega í heimatúni Ásgarðs er stór fjárhústóft. Hún sést vel bæði af hlaðinu og Búrfellsvegi, sem er um 40 m sunnar. Austan við heimreið.

Túnið er í suður frá bænum. Aflöng tóft, inngangur mót suðvestri. Hlaða í norðausturenda, þar eru hleðslur enn mjög háar, allt að 14 umför. Tveir steyptir garðar eftir endilöngu. Langhliðar að miklu leyti hrundar og óljósar leifar eru af hleðslu framantil. Virðist ekki mjög gömul.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

ÁR-433:033 tóft 64°03.851N 20°57.994V



Uppi á Fjósakletti sem er beint fyrir aftan bæinn er tóft. Hún er um 20 m frá klettanefinu sem er fremst og vísar að bænum. Uppi á klettinum eru stórar klappir og grasigrónir blettir. Skammt suðaustar og neðan við er grasigróið tún.

Lítill tóft, nánast hringlaga. Gæti verið hrútakofi eða jafnvel kartöflugeymsla. Inngangur mót suðvestri, grjót sést í veggjum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

ÁR-433:034 Kúmenblettur garðlag 64°03.847N 20°58.004V

"Milli þeirra [Kúmenkletts og Fjósakletts] er garðbrot, sem umlykur dálítinn blett, sem heitir Kúmenblettur", segir í örnefnaskrá. Fjósaklettur er beint ofan við íbúðarhúsið og Kúmenklettur vestan við hann. Á milli þeirra er nær nákvæmlega ferkantaður blettur. Gróinn láréttur flötur, brött brekka sunnan megin niður að íbúðarhúsi, fjósi og hlöðu en smáhalli norðan við. Garðbrot eru sjáanleg á tveimur, e.t.v. þremur hliðum umhverfis blettinn. Suðausturhliðin snýr að Fjósakletti; þar hefur ekki þurft garð vegna klettsins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 2

ÁR-433:035 Hnífhóll varða landamerki 64°04.793N 20°57.292V

"Sunnan við Sauðadalinn er lítill hóll með klapparkast í kolli og upp á því lítið vörðubrot, þetta er Hnífhóll", segir í örnefnaskrá. Nokkuð langt norður af bænum er ræktað tún sem gengur upp frá Sogsvegi; það er í Giljatungu. Fyrir ofan túnið norðaustan megin er Stóri-Gildruhóll, á honum er varða og önnur hleðsla. Austan við hólinn er gil sem á upptök í Búrfelli. Á suðausturbakka gilsins, talsvert langt fyrir ofan Gildruhól, er Hnífhóll. Varðan á Hnífhól er á mörkum Syðri-Brúar og Ásgarðs. Hóllinn er hrjóstrugur og hrikalegur, klettóttur með hvössum brúnum. Mosi. Ef staðið er uppi á hólnum má sjá dálítinn dal fyrir norðan hann, mun vera Sauðadalur.

Vörðubrotið er lítið, af ummerkjum að dæma hefur þetta aldrei verið stór varða. Aðeins nokkrir steinar í hrúgu og stendur spýta upp úr.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 8

ÁR-433:036 tóft beitarhús 64°02.922N 20°57.971V


"Austan við Sogsveginn standa fjárhús. Norðan við þau er lítill hóll, er heitir Sauðhóll", segir í örnefnaskrá. Húsin standa aðeins fáeina metra austan við Sogsveginn, rétt áður en komið er að Digra- og Harðsnúnahól 023 og 024. Þau standa fast á hraunbrún. Sunnan við er sléttur og gróinn valllendisbotn, að mestu laus við hraun. Á þessum stað eru fjórar tóftir en hér er fjallað um þá sem er um 10 m norðan við stóru fjárhústóftina 016.

Gróin hraunbrún, talsvert bratt niður af henni sumsstaðar og þar tekur við valllendisbotn, grasi og kjarri vaxinn. Sauðhóll er norðan við húsin, talsvert minni en Harðsnúnihóll og Digrihóll. Sumarbústaðabyggð er í 500-700 m fjarlægð.

Þessi tóft virðist vera sú langelsta á svæðinu. Hún er ógreinileg, veggir bólgnir og hlaupnir í mosa, einkum langveggur vestan megin. Einföld tóft, aflöng, ekkert sjáanlegt innan veggja, hvorki garðar né aðrar hleðslur. Snýr nákvæmlega eins og 016 en er nokkuð fjær hraunbrúninni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 3




ÁR-433:037 tóft beitarhús 64°02.913N 20°57.910V

"Austan við Sogsveginn standa fjárhús. Norðan við þau er lítill hóll, er heitir Sauðhóll", segir í örnefnaskrá. Húsin standa aðeins fáeina metra austan við Sogsveginn, rétt áður en komið er að Digra- og Harðsnúnahól 023 og 024. Þau standa fast á hraunbrún. Sunnan við er sléttur og gróinn valllendisbotn, að mestu laus við hraun. Á þessum stað eru fjórar tóftir en hér er fjallað um þá sem er 3 m vestur af 038. Gróin hraunbrún, talsvert bratt niður af henni sumsstaðar og þar tekur við valllendisbotn, grasi og kjarri vaxinn. Sauðhóll er norðan við húsin, talsvert minni en Harðsnúnihóll og Digrihóll. Sumarbústaðabyggð er í 500-700 m fjarlægð.

Tóftin er tvöföld, þ.e. tvö hús sambyggð og liggja samsíða frá suðri til norðurs. Eystra húsið er lengra og í því virðist hafa verið hlaða, a.m.k. er húsið mun dýpra innst. Annars eru húsin jafnbreið. Veggir eru allhár en orðnir mjög grónir svo að hvergi sést grjót og engar aðrar hleðslur eru greinilegar inni í húsunum. Dyr mót suðri eða suðaustri.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 3



ÁR-433:038 tóft+garðlag beitarhús 64°02.904N 20°57.897V

"Austan við Sogsveginn standa fjárhús. Norðan við þau er lítill hóll, er heitir Sauðhóll", segir í örnefnaskrá. Húsin standa aðeins fáeina metra austan við



Sogsveginn, rétt áður en komið er að Digra- og Harðsnúnahól 023 og 024. Þau standa fast á hraunbrún. Sunnan við er sléttur og gróinn valllendisbotn, að mestu laus við hraun. Á þessum stað eru fjórar tóftir en hér er fjallað um þá sem er um 3 m austur af 037.

Gróin hraunbrún, talsvert bratt niður af henni sumsstaðar og þar tekur við valllendisbotn, grasi og kjarri vaxinn. Sauðhóll er norðan við húsin, talsvert minni en Harðsnúnihóll og Digrihóll. Sumarbústaðabyggð er í 500-700 m fjarlægð.

Tóftin virðist fremur ung og er nokkuð frábrugðin hinum. Frekar djúp og virðist inngangur hafa verið á langhlið. Garðlag er fast við tóftina og virðist hafa verið einhvers konar aðhald eða hlaða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásgarður, 3

ÁR-433:039 Stóri-Gildruhóll varða 64°04.681N 20°57.634V

Nokkuð langt norður af bænum er ræktað tún sem gengur upp frá Sogsvegi; það er í Giljatungu. Fyrir ofan túnið norðaustan megin er Stóri-Gildruhóll.

Hóllinn er mjög gróinn og vaxinn birki neðan til. Ofar er mosi og efst mikið grjót, aðallega flatar hellur. Fáeinum metrum norðaustar er rafmagnslína

Varðan er hringlaga í grunninn, hlaðin úr flötu grjóti og virðist ekki mjög gömul. Uppi á hólnum, 5 m suðaustar er L-laga hleðsla, mest um 70 sm há, gæti verið skotbyrgi. Annar endinn er 3 m, hinn 3,5 m.

Hættumat: engin hætta


ÁR-433:040 Borgarbrún tóft beitarhús 64°04.610N 20°58.262V

"Skammt austan við Sogsveginn, norðan við Borgargil er vallendisflöt, sem heitir Skollatófa; í Borgargili er Borgarfoss og norður af honum er Borgarbrún; á Borgarbrún var gömul fjárborg, þar eru nú fjárhúsatættur", segir í örnefnaskrá. Borgarbrún er mjög nærri merkjum við Syðri-Brú.

Umhverfis er vallendismýri, en þurr skiki er þar sem fjárhúsið stendur. Markalækur er fáeinum Tóftin er rétt norðan við Markalæk. metrum sunnar. Lágt kjarr sumsstaðar í kring. Löng og mjó tóft, snýr frá norðri til suðurs með inngang að sunnanverðu. Einfaldur garði er eftir endilöngu, hlaða gæti hafa verið norðan megin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásgarður, 7-8



Kort 9. Fornleifakort. Miðengi

ÁR-434 Miðengi

40 hdr. 1395, 1847, óviss 1708. Viðeyjarklausturseign. "Grímr fór til Íslands ok nam Grímsnes allt upp til Svínavatns ok bjí í Ondurðunesi fjóra vetr, en síðan at Búrfelli. Hans son var Þorgils, er Æsu [Oddleifsdóttur], systur Gests [spaka], átti. Þeira synir váru þeir Þórarinn at Búrfelli ok Jorundr í Miðengi." Landnámabók, ÍF I, 387 sbr. 172. [haustið 1269]: "[frá Búrfelli] scal oc sijngia J mid eingi en fiorda húern dag oc caupa mork." DI II 63-64. 1391: [jarðskjálfti um Flóa og Grímsnes] fiortaan bæi skok nidr at nockuru leiti. enn Mideingi Burfell ok Laugardælar braut at ollu; Flateyjarannáll, IA 417. 1395 er Miðengi, 40 hdr, talin meðal þeirra jarða sem komu undir Viðeyjarklaustur "sidan pall aboti kom" - DI III, 598. 24.10.1515 lýsti Ástríður Össurardóttir, áttæð að aldri, uppalin í Miðengi landamerkjum jarðarinnar við Ásgarð að ofan en Snæfoksstaði að neðan: "Jn primis ath mideingi ætti landeign audrvmeigin j tiarnarholum ok suo ofan j raudhol ok þadan sionhending j kolgrafarhol ok sidan j far þat sem geingur fram j alftavatn. En fyrir ofan til moz vid asgard. skyllði mideingi eiga sionhending vr fuglsþufuhol firir nedan þreijngl [þreyngls annað hdr]. ok ofan j mosvallarbrvn sem geingur vt j alftavatn." DI VIII, 571. 16.2.1567 ber sr. Björn Ólafsson sem var 9 ár á Snæfuglsstöðum vitnisburð um landamerki Snæfuglsstaða: "Enn ä mille Mideingis og fyrrgreindra Snæfulgstada er so landamerkium haattad. wpp epter fare og vr farbotne i Tiarnarhöla. Wr Tiarnarhölum i Grähellu i Markarbreckum." DI XIV, 580-81. "Landamerki eru þannig samkvæmt landamerkjaskrá: Úr Gráhellu á Markabrekkum, beint í þúfu á vestri Vatnskersbrún á Tjarnarhólum, þaðan sjónhending í vörðu á Rauðhólshrauni og þaðan bein stefna í þúfu norðan í Finnheiði og þaðan beint í Farklöpp, þaðan norðanhallt við Rauðvíkurhól þar sem Mið-Vaðlækur fellur í Álftavatn, svo til norðurs með Álftavatni í þúfu á Smalaskála, þaðan áframhaldandi stefna í Álfhól, frá honum í Þrengslapúfu, svo ræður Búrfellslækur upp að lækjarfarveg, sem liggur yfir Grásteinsvelli, úr þeim farveg bein stefna í þúfu á Kálfhólakeri og þaðan sjónhending í áðurnefnda Gráhellu." Ö-Miðengi, 1


1920: Tún 7 ha. Garðar 1014 m². "Bærinn stendur á brekkubrún en túnin teygja sig til suðausturs og austurs og heita þar Miðengisflatir. Slægjuland var einnig vestur í hrauninu í svokölluðu Fari og upp á bökkum við Búrfellslæk. Landið er að mestu hraunlendi, kjarri vaxið." Sunnlenskar byggðir III, 141.

ÁR-434:001 Miðengi bæjarhóll bústaður 64°02.985N 20°54.403V

Ekki er annað vitað en að bærinn hafi ávallt staðið sem hann er nú. Hann stendur á dálítlum hól og er trjárækt framanvið. Heimreiðin kemur að bænum norðan megin. Norður af henni er gamalt tún, Norðurtún. Suður af bænum er hraun, gróin drög á milli en suðaustur af tún.

Vel sér móta fyrir hól. Húsaröðin var býsna löng, svipað og nú er. Framhlið snýr mót suðri. Í örnefnalýsingu Benedikts Einarssonar frá Miðengi er nákvæm lýsing á öllum bæjarhúsum eins og þau voru um 1920: "Bæjarhús snúa til norðurs og suðurs. Það eru tvö hús samstæð, portbygð, járnklædd með tveim standpílum mót suðri. Hjallur er undir rúmlega hálfri vesturhlið; skúrþak, járn, útveggur tvíhlaðinn steinveggur. Salerni yfir for í útnorðurshorni. Jarðvegur hlífir allri norður hlið upp að gluggum neðrihæðar. Heyhlaða er með austurhlið baðstofunnar fráskilin henni með einföldum timburvegg. Stærð bæjarhúsa er þessi: Breidd 6 áln. hvert hús, lengst 12 áln., hæð undir loft austurhúss 3 áln, vesturhúss 3 1/2 áln. Bæjardyr um vestrhúsið inn með vestri vegg austurhússins, 3 álnir inn að gangarhurð; gangur þar innar af 6 álnir. Í vestra húsi undir lofti, er svefnherbergi. Inngangur úr bæjardyrum til vinstri, rétt innan við gangarhurð. Stærð 5 1/2 x 4 1/2 alin. Norður af þessu

herbergi er eldiviðargeymsla, en til hægri við hana búr gengt bæjardyrum. Gangur upp á frambæjarloft er til vinstri, rétt fyrir innan svefnherbergisdýrnar, úr bæjardyrum. Loftplássið ósundurþiljað. Þar eru byrður og kistur fyrir korn, handspunavél, vefstóll o.fl. Hanabjálkaloft, ógert, fyrir ýmiskonar geymslu, eftir endilöngu húsi. Úr fremsta gangi bæjardyra eru dyr til hægri að gestastofu. Úr innri bæjardyrangangi eru dyr inn í eldhúsið, það er innar af gestastofu. Þar eru gengt dýrum í eldiviðarhúsið en búrðyr mitt á milli. Eldavél er við gafl gestastofu. Milli heyhlöðu og gestastofu er klæðaskápur. Inn af honum liggur stigi úr eldhúsi upp á baðstofu loft. Fyrir norðan stigauppganginn er afþiljað



Kort 10. Fornleifakort. Miðengi – bæjarstæði

svefnherbergi;

innangangur úr baðstofu. Leirpípur eru fyrir reykhálf frá eldavél, liggja þær í gegnum svefnherbergið upp með skilrúminu innanverðu. Einn gluggi er á hverju herbergi á öllum stöfum, uppi og niðri. Kjallari er undir eldhúsi og gestastofu. Heyhlaða er í alnir á breidd, 13 alnir á lengd, vegghæð 6 alnir, ris 5 alnir. Hesthús er áfast við hlöðu, snýr til austurs og vesturs; þar austur af er fjós, einstætt 5 básar; hesthús er fyrir 5 hross. Járnpak á fjósi og hesthúsi, skúrþak. Á þessum húsum öllum eru útveggir allir hlaðnir úr grjóti, norðurhlið öll að mestu í jörðu. Heyhlaða með hálfþilum og alinporti á austurhlið. Dyr inn í hesthús inn með austurvegg heyhlöðu, þar innangengt í hlöðuna úr hesthúsi. Úr hesthúsi sömuleiðis innangengt í fjós. Útidyr aðrar eru á fjósi. Haughús undir torfpaki austur af fjósi. Hlaðnir steinveggir."

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Örnefnalýsing Benedikts Einarssonar, geymd í Miðengi.

ÁR-434:002 heimild um fjárhús 64°03.119N 20°54.444V

Á túnakorti eru merkt tvö útihús í Norðurtúni. Enn er til tóft af öðru þeirra 003 en hitt var beint norður af bænum og um 100 m suður eða suðvestur af 003, fáeina metra frá vesturhlið túngarðsins 020. Um þessi hús segir í örnefnalýsingu frá 1920: "Norður á túninu eru tvö hús, sitt í hvoru lagi. Þau eru undir torfpaki, taka 30 og 40 kindur."

Í túni sem er norður frá bænum, ekki lengur ræktað sem tún heldur kúagirðing.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Örnefnalýsing Benedikts Einarssonar, 5.

ÁR-434:003 tóft fjárhús

64°03.163N 20°54.314V

Á túnakorti eru merkt tvö útihús í norðurtúni. Um þau segir í örnefnalýsingu frá 1920: "Norður á túninu eru tvö hús, sitt í hvoru lagi. Þau eru undir torfbaki, taka 30 og 40 kindur." Tóft af öðru þessara húsa er um 300 m norðvestur frá íbúðarhúsinu, nálægt norðaustasta hluta túngarðsins.

Í túni sem er norður frá bænum, ekki lengur ræktað sem tún heldur kúagirðing. Rétt sunnan við tóftina er hrumur fjárhúskofi.

Einföld fjárhústóft, uppgróin. Dyr mót suðri, engin hlaða eða garðar sjáanlegir. Aflöng, grjót sést aðeins í veggjum innanverðum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Örnefnalýsing Benedikts Einarssonar, 5.

ÁR-434:004 heimild um útihús 64°02.987N 20°54.390V

Í örnefnalýsingu segir: "Vestur af lambhúsi 005 tveir kofar, lausir frá lambhúsinu. Þeir eru annar fyrir hrúta, hinn fyrir hænsn. Þeir eru með torfbaki, veggir hlaðnir úr grjóti." Þetta er beint aftan við íbúðarhúsið og rétt austan við bílastæðið, líklega um 5 m frá íbúðarhúsi.

Næstum á sjálfum bæjarhólnum. Umhverfis hefur verið grasi vaxið en nú hefur verið sléttað bílastæði þar sem ætla má að annar kofinn hafi staðið.

Svo virðist sem kofarnir tveir hafi verið nánast sambyggðir og sjást þeir á ljósmynd sem geymd er í Miðengi. Þeir eru ekki sérstaklega tilgreindir á túnakorti og hafa verið taldir með bæjarhúsum. Annar kofinn skipti um hlutverk og var notaður sem þvottahús í tíð Helgu Benediktsdóttur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnalýsing Benedikts Einarssonar, bls.4-5, geymd í Miðengi.


ÁR-434:005 heimild um lambhús 64°03.014N 20°54.406V

Í örnefnalýsingu segir: "Norður af heyhlöðu er lambhús, sund á milli húsa. Það er járnklætt, tekur 60 fjár." Húsið hefur staðið beint fyrir aftan bæinn, raunar er heyhlaðan enn á sama stað í bæjarröðinni, nú aflögð.

Næstum á sjálfum bæjarhólnum. Nánasta umhverfi grasi vaxið, nú liggur heimreiðin meðfram bænum að norðanverðu fáeina metra frá staðnum sem húsið stóð á.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Örnefnalýsing Benedikts Einarssonar, 4.

**ÁR-434:006** Fjósadalur hleðsla óþekkt

64°02.905N 20°54.301V

"Vestur af [Veitum] er laut, sem heitir Fjósadalur. Ekki er þar fjós", segir í örnefnaskrá. Fjósadalur er 100 m frá bæ, beint fyrir sunnan nýlegt íbúðarhús sem er rétt fyrir vestan aðalíbúðarhúsið og bæjarhólinn.

Nokkrar samtengdar lautir í hrauninu, vel grónar og iðagrænar. Ein er sýnu stærst og alveg slétt í botninn.

Inn af stærstu lautinni er önnur laut, minni og þrengri og girt frá náttúrunnar hendi á þremur hliðum að mestu leyti; því kjörin til að hemja skepnur. Best er að ganga inn í hana norðan megin,

brekkur á aðrar hliðar. Þar mótar fyrir einfaldri grjóthleðslu sem nær þvert yfir lautina framanverða og gæti hafa verið aðhald. Þá er mjög lítil, hringlaga hleðsla, alveg hrunin, rétt innan við beinu hleðsluna og raunar örlar á svipuðu fyrirbæri rétt vestan við. Allt er þetta orðið mjög ógreinilegt, þó ekki gróíð yfir steinana. Þá má geta þess að í lautinni innanverðri, ofarlega, eru steinar í beinni línu, næstum í framhaldi af aðhaldshleðslunni fremst í lautinni; þetta gætu verið hleðsluleifar. Einfalda línan fremst er alls um 10 m að lengd en hringhleðslan sem er greinilegri u.þ.b. 2,5 x 2 að flatarmáli.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Miðengi, 2

ÁR-434:007 *Reykkofi* hús útihús 64°02.947N 20°54.465V


Vestur af íbúðarhúsi og bæjarhól er annað íbúðarhús, nýlegt. Um 15 m suður af því er eldgamalt torfhús. Stendur á gróinni brekkubrún, sunnan við og fyrir neðan brekkuna er Fjósadalur 006. Gamalt torfhús. Breiðar grjóthleðslur neðan frá og upp í um 160 sm hæð. Þá tekur við torfþak, illa farið en mænirinn og hluti þaksins hafa einhverntíma verið endurbyggð og styrkt með járn. Litlar dyr á norðurgafli og gluggi við hlið þeirra. Sú hlið er nú bárujárnsklædd og afar illa farin. Húsið, sem nú er kallað Reykkofi, var notað sem kindakofi á 3. áratug 20. aldar. Nú hefur húsið ekkert verið notað í tvö ár sökum þess að ástand þess fer óðum versnandi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



ÁR-434:008 tóft beitarhús 64°03.472N 20°53.447V Austnorðaustur af Miðengisbænum eru Kálfshólar, grónir upp í miðjar hliðar en rauðamöl efst. Á hinum hæsta er varða. Vestan í hólunum, neðst og suðvestur af vörðunni, er fjárhústóft. Grasi og kjarri vaxin kvos. Vestar eru blásin börð og melur. Skammt handan við börðin er Rjómabúsgatan 010. Tóftin virðist mjög gömul og er ekki grænni en umhverfið. Hún er byggð í dálitlum halla og skiptist í tvö hól og er hið innra aflangt og mjórara en framhlutinn. Engir garðar sjáanlegir. Dyr á vestari skammhlið, einnig má greina dyr inn í innra hólfið. Grjót er aðeins sjáanlegt í veggjum innra hlutans.

Hættumat: engin hætta



ÁR-434:009 heimild um áveitu 20°52.864V

64°03.396N

"Austan undir Kálfshólunum sér móta fyrir lækjarfarvegi. Það er svo tilkomið, að um síðustu aldamót var grafinn þarna skurður og Hæðarendalækur stíflaður austan við Kálfshólana og læknum veitt suður á Miðengisflatir. Þetta stóð þó ekki lengi, því að stíflan vildi illa tolla í læknum", segir í ornefnaskrá. Farvegur kemur úr austri og liggur alla leið inn í Miðengisland. Hann sést vel ofan af Kálfshólum þegar horft er í átt til Hæðarenda. Raunar liggja mörkin þar rétt austan við kerid í Kálfshólum.

Þegar inn í Miðengisland er komið er farvegurinn í vallengismóa uns hann rennur út á túnið þar sem áður voru Miðengisflatir.

Farvegurinn virðist skiptast í tvær kvíslar nálægt túnjaðrinum. Báðar eru greinilegar

og aðeins nokkrir metrar á milli. Farvegurinn sést óljóst í túninu þó að jafnað hafi verið yfir hann er túnið var gert.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Miðengi, 3

ÁR-434:010 *Rjómabúsgatagata* leið 64°03.443N 20°53.499V

"Rjómabúsgata er gata nefnd vestan undir Kálfshólum, um Fossvelli að Hæðarendalæk. Þar var farið með rjóma til rjómabúsins í Hæðarendalandi. Rjómabúið var aflagt um 1920, en gatan sést enn", segir í örnefnaskrá.

Liggur um blásna vallendismóa. Gatan sést enn mjög vel á löngum kafla. Hún liggur fyrst í austur fyrir ofan túnið austan við bæinn en sveigir svo í norðurátt við Kálfshóla. Býsna breið og skýr gata; var vagnfær á sínum tíma en er nú haldið við af hrossahófum og kindaklaufum. Gatan er ekki jafngreinileg þegar ofar dregur í hólana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Miðengi, 3-4

ÁR-434:011 gata leið 64°03.403N 20°54.763V

"Um Breiðengið liggja götur heiman frá bæ og norður yfir Búrfellslæk. Þar heitir Brúnsvað á læknum", segir í örnefnaskrá. Nú liggur slóð, lögð rauðamöl og sæmilega bílfær frá Miðengi og í átt til Búrfells. Hún liggur sumsstaðar í gömlu götunni en á köflum vottar fyrir gömlum troðningi austan við rauðmalarveginn.

Vallendismóar og hraun undir en sléttar flatir þegar nær dregur Búrfellslæk.

Þar sem sést í götuna er hún algróin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Miðengi, 4

ÁR-434:012 *Stekkatúnsvað* heimild um vað 64°03.532N 20°54.880V

"Vestan við Breiðengi gengur hrauntangi norður undir lækinn og vestan við hann er valllendisflöt, sem heitir Stekkatúnsflöt. Tún var áður á flötinni, nefnt Stekkatún. Það er ekki slegið nú. Þarna er vað á læknum, sem heitir Stekkatúnsvað." segir í örnefnaskrá. Rauðmalarveginum til Búrfells sbr.011 fylgt til norðurs, farið fram af hraunbrún og Búrfellslækur kemur í ljós. Þar er hlykkur á læknum, hann rennur fyrst til suðurs en tekur svo skarpa beygju til norðvesturs. Þarna mun vaðið vera.

Grasi grónir og sléttir bakkar báðum megin.

Þetta er ekki gott vað lengur. Talsvert hefur brotnað úr bökkum og er lækurinn dýpri en æskilegt getur talist.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Miðengi, 4

ÁR-434:013 *Stekkatún* tóft stekkur

64°03.544N 20°54.832V

"Vestan við Breiðengi gengur hrauntangi norður undir lækinn og vestan við hann er valllendisflöt, sem heitir Stekkatúnsflöt. Tún var áður á flötinni, nefnt Stekkatún. Það er ekki slegið nú. ... Gamall stekkur er í hraunjaðrinum við flötina", segir í örnefnaskrá. Slóði liggur til norðurs frá Miðengi og að Búrfelli. Best er að fylgja honum uns komið er að Búrfellslæk; hann liggur þar í krappri beygju. Stekkurinn er rétt austan við lækinn, í hraunjaðri.

Flötin er allstór og rennislétt. Stekkurinn er austan megin í



henni en flötin teygir sig til vesturs með læknum og má segja að hún tengist Breiðengi norðan megin.

Gömul og gróin stekkjartóft. Hún skiptist í tvö hólf og er hið innra, líklega lambakró, mun greinilegra. Fremri hlutinn, sem er fjær hraunbrúninni, er að mestu hlaupinn í þúfur. Nokkuð

aflangur, snýr frá suðvestri til norðausturs.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Miðengi, 4

ÁR-434:014 Brúnsvað heimild um vað 64°03.883N 20°55.098V

"Um Breiðengið liggja götur heiman frá bæ og norður yfir Búrfellslæk. Þar heitir Brúnsvað á læknum", segir í örnefnaskrá. Brúnsvað er nálægt merkjum við Búrfell. Ágætt er að fylgja slóðanum sem liggur milli bæjanna uns komið er að þar sem hann liggur yfir lækinn. Vaðið er spottakorn ofar, á grynningum.

Valllendisbakkar beggja vegna. Landamerki við Búrfell eru örfáum metrum norðar, norðan við lækinn.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Miðengi, 4

ÁR-434:015 garðlag kálgarður 64°03.067N 20°54.296V

Um 100 m norður og eilítið austur af núverandi fjósi, eru leifar af garði. Þar var kartöflugarður í eina tíð

Í norðurtúni sem nú er kúagirðing.

Það sem eftir er af garðinum liggur frá vestri til austurs fram á brekkubrún og beygir eystri endinn svo örlítið til suðurs. Búturinn sem sést er orðinn mjög uppgróinn.

Hættumat: hætt vegna ábúðar

ÁR-434:016 varða samgöngubót 64°03.103N 20°55.358V

Norðvestur af bænum, rúmlega 1 km, er gamalt beitarhús 026. Þangað liggur vörðuð leið. Gróið, kjarri vaxið og smáhæðótt hraun. Fátt um kennileiti og eflaust villugjarnt í slæmu skyggni.

Vörður hlaðnar úr hraungrýti. Allar svipaðar, 1,50 - 1,60 m að hæð. Þeim hefur verið klambrað saman, oft á nokkrum jarðföstum steinum. Vörðurnar eru lítið augnayndi en hafa þjónað tilgangi sínum.

Hættumat: engin hætt

ÁR-434:017 Vaðvík heimild um leið

"Vaðvík heitir, þar sem Álftavatnið gengur lengst austur. Vegurinn liggur þar mjög nærri vatninu. Úr Vaðvík var þjóðleið yfir Álftavatn", segir í örnefnaskrá. Vaðvík auðfundin, þar sem Sogsvegurinn liggur alveg við vatnið.

Sandorpin vík norðan megin, heldur grónari sunnan til en annars er lúpína farin að festa rætur í sandinum hér og þar. Sunnan megin lokast víkin næstum af af tanga sem gengur út í vatnið til norðurs.

Farið var á hestum yfir vatnið úr Vaðvík út í eyjuna í miðju vatni og svo áfram vestur úr.

Heimildir: Ö-Miðengi, 5

ÁR-434:018 Hellirinn hellir fjárskýli 64°03.041N 20°54.385V

"Beint fyrir norðan bæ er hellir, aldrei kallaður annað en Hellirinn. Hann var notaður að einhverju leyti sem lambhús áður fyrr og byrgt yfir hann. Er hann það djúpur, að

vel má ganga niður í hann", segir í örnefnaskrá. Hellirinn er um 70 m norðan við gömlu hlöðuna sem stendur í bæjarröðinni. Þarna er nú kúagirðing.

Í gamla norðurtúni. Grasi gróið, afgirt svæði, nokkuð um hæðir og hóla og raunar er hellirinn í einum hólanna. Hellirinn hefur ekki verið notaður lengi og er alveg byrgt fyrir opið sem liggur niður á við í hólinn, enda hætta búin börnum og skepnum. Hellisopið snýr að íbúðarhúsinu og var áður hlaðinn stígur

að því, nú horfinn. Þá voru hleðslur við hellisopið en á síðustu árum hefur talsvert hrúðið ofan í hellinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Miðengi, 6

ÁR-434:019 *Álftavatnsgötur* heimild um leið 64°02.962N 20°54.283V

"Vestan undir túngarðinum liggja tvær götur vestur hraunið að Álftavatni, nefndar Álftavatnsgötur", segir í örnefnaskrá. Álftavatnsgata sést enn vel, einkum ef farið er suður fyrir bæinn og gægst yfir túngarðinn rétt hjá ferkantaðri rétt í suðausturhorni garðsins. Álftavatnsgöturnar eru ekki tvær heldur ein gata; hin er Tungugata en þær liggja báðar í átt að Álftavatni. Álftavatnsgata lá að Vaðvík við Álftavatn, þar var farið yfir. Tungugata (Ár-433-017) lá að Tunguferjustað (Ár-433-022) við Sog.

Gatan liggur um gamalt og hæðótt hraun með grasi grónum drögum á milli.

Þrátt fyrir að gatan sé nær alveg upp gróin, er hún mjög greinileg, allt að 2 m breið og nokkuð djúp á köflum. Kemur úr suðaustri en snarbeygir til vesturs við túngarðinn og liggur með honum áfram; má vel fylgja henni nokkurn spöl um grasivaxinn slakka. Gatan virðist jafnvel enn grænni en umhverfið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Miðengi, 6

ÁR-434:020 hleðsla túngarður 64°03.101N 20°54.217V

"Umhverfis túnið var vörzlugarður, hlaðinn úr grjóti, mjög gamall að stofni til. Dálítið er enn til af honum, en hluta hans varð að fjarlægja vegna nýræktar", segir í örnefnaskrá. Enn er geysimikið eftir af garðinum umhverfis bæinn og gamla túnið. Hlutinn sem var fjarlægður var að mestu suðaustan við bæ; þar liggur heimreiðin um tún sem hljóta að einhverju leyti að vera nýrækt.

Í túni eða túnjaðri.

Garðurinn er grjóthlaðinn, hvergi mjög hár en ótrúlega heillegur og ekkert gróinn. Nokkuð vantar upp á að endar hans nái alveg um túnið gamla. Austan við bæ hefst garðurinn á um 100 m stubbi sem liggur frá austri til vesturs. Það er nýleg hleðsla, gerð um miðbik 20. aldar og ekki talin með í heildarlengd garðsins. Gamli túngarðurinn hefst á sömu slóðum, í 90° horni við nýja hlutann. Hann liggur nær óslitið umhverfis bæinn og gömlu túnin, lengst nær hann norður fyrir bæ, eins og sést á túnakorti. Sumsstaðar er rof í veggjum vegna vegagerðar, annarsstaðar hafa hleðslur hrúðið. Á tveimur stöðum eru réttir eða aðhöld innan við garðinn og sambyggð honum. Garðinum var haldið við fram undir 1960.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Miðengi, 6

ÁR-434:021 *Biskupsvarða* varða áningarstaður 64°02.708N 20°56.294V

"Á Brúnum, við Tunguferjugötuna, er grjótvarða, sem heitir Biskupsvarða, og hjá henni Biskupslaut. Sagt var, að þar hefði verið áningarstaður biskupa", segir í

örnefnaskrá. Biskupsvarða er á hraunbrún um 1 km austan við Álfhól [Ár-433-018] Stendur rétt við Tungugötuna [Ár-433-017] sem reyndar er illfinnanleg á þessum slóðum sökum mikils gróðurs. Til að komast að vörðunni þarf að brjótast gegnum þétt kjarr á úfnu hrauni. Biskupslaut er væntanlega einhver lautanna fast sunnan vörðunnar, virðist ekki lengur vitað nákvæmlega hver.

Kjarri vaxið svæði, sumsstaðar nokkuð há tré. Suður og suðaustur af Álfhól er hraunbrún (Brúnir), þar lækkar land töluvert fyrir neðan en gróður svipaður.

Lítið er eftir af vörðunni og lítið þarf til að hún hverfi alveg. Einn strýtumyndaður steinn, um 0.5 m hár og afar mjór, stendur upp úr lítilli grjóthrúgu. Hann sést úr nokkurri fjarlægð en er orðinn valtur.

Falli hann verður nær vonlaust að finna vörðuna.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Miðengi, 6

ÁR-434:022 tóft útihús 64°02.190N 20°55.797V

"Vestur af gömlu fjárhúsunum er Farið. Það er langur, bogadreginn slakki, að mestu vaxinn mýrargróðri. Há hraunbrún er að því að vestan og norðan. Austast í því er valllendisflöt, sem heitir Stekkatúnsflöt, og þar eru leifar af gömlum stekk sunnan undir háum klapparhól", segir í örnefnaskrá. Í svari við bréfi Örnefnastofnunar 1982, segir eftirfarandi: "Þau hjónin [Helga Benediktsdóttir og Kristinn Guðmundsson] kannast vel við Stekkatúnsflöt við Búrfellslæk, en ekki í Farinu. Hins vegar getur vel staðist, að Stekkatúnsflöt hafi verið í Farinu þótt þeim sé ekki kunnugt um það. Í Farinu er gömul rétt, sem gæti hafa verið notuð sem stekkur. Réttin var komin úr notkun áður en Helga kom að Miðengi [1923]. Það var fært frá a.m.k. 3 sumur eftir að hún flutti að Miðengi." Til að finna réttina er best að aka afleggjara frá Álftavatni til austurs; hann er merktur "5. Braut". Fara verður eftir honum uns ekið er yfir ristarlíð, og sést þá í traktorsfæran veg sem liggur niður í Farið. Þaðan er gengið yfir í austasta hluta þess; þar er réttin 025 og tóft þessi.

Í austurenda Farsins, sem er geysistór, sléttur slakki og dálítið bogadreginn, að mestu vaxinn mýrargróðri. Þó er þurrt í austurhlutanum; þar er svolítið gildrag eða skora upp í hraunbrún, vaxin lágu kjarri. Þar eru tóftirnar.

Lítill tóft, einföld og ferköntuð, dálítið aflöng. Gæti hafa verið fjárhús eða lítill rétt. Umfang veggja bendir alls ekki til hárrar hleðslu. Engir garðar. Dyr á nyrðri skammhlíð; það er hliðin sem snýr að réttinni 025.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Ö-Miðengi, 7

ÁR-434:023 tóft beitarhús 64°02.472N 20°55.600V

"Sunnan við Álftavatnsgöturnar eru fjárhúsatættur, nýlega aflögð fjárhús", segir í örnefnaskrá frá 1972. Að þessum húsum liggur vörðuð leið til suðvesturs frá bænum; þangað eru a.m.k. 2 km. Húsin standa uppi á háum, grasi grónum hól úti í hrauninu og sjást mjög vel að. Stór og grasgefinn hól, umhverfis kjarri vaxið hraun. Rétt vestan við húsin er mjög djúpt gil.

Stór tóft og miklar hleðslur, sumsstaðar mjög háar. Hér eru tvö hús samhliða og sambyggð, snúa frá suðaustri til norðvesturs. Vestara húsið er minna og sýnist eldra.

Eystra húsið hefur hlöðu í norðurenda, hún er ekki mikið niðurgrafin heldur virðist



upphlaðið gólf í fjárhúsinu valda hæðarmun. Í minna húsinu er engin hlaða, hins vegar er þar lítið, sambyggt hól í norðurenda, lítur ekki út eins og hlaða. Óljóst hvar var gengið inn í það. Á hvoru húsi eru tvennar dyr á syðri gafli og tveir garðar í hvoru húsi inn frá dyrunum. Eystra húsið mun byggt eftir 1920.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Miðengi, 6

ÁR-434:024 *Snæfoksstaðagata* gata leið 64°02.685N 20°54.237V

"Í [Miðleyni] er sérkennilegur hóll rétt austan við Snæfoksstaðagötuna; hann heitir Álfakirkja [sbr. 027]", segir í örnefnaskrá. Sé ekið heim að Miðengi, er komið að rimlahliði; frá því liggur vegarslóði til vesturs, lagður rauðamöl. Ef honum er fylgt, er komið í Leyni og þaðan má ganga í Miðleyni, sem er næsta dæld sunnan við. Hóllinn Álfakirkja 027 sést strax, enda mjög sérstakur, strýtulaga með klettum að norðanverðu. Rétt vestan við hólinn er gatan og lá hún milli Miðengis og Snæfoksstaða


Snæfoksstaðagata liggur um Miðleyni sem er dæld eða dalur með sléttum en grónum vallendisbotni.

Gatan er mjög uppgróin en þó greinileg. Í Miðleyni liggur hún frá suðri til norðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Miðengi, 7

ÁR-434:025 *Stekkatúnsflöt* tóft fjárskýli 64°02.209N 20°55.800V



"Vestur af gömlu fjárhúsunum er Farið. Það er langur, bogadreginn slakki, að mestu vaxinn mýrargróðri. Há hraunbrún er að því að vestan og norðan. Austast í því er vallendisflöt, sem heitir Stekkatúnsflöt, og þar eru leifar af gömlum stekk sunnan undir háum klapparhól", segir í örnefnaskrá. Í svari við bréfi Örnefnastofnunar 1982, segir eftirfarandi: "Þau hjónin [Helga Benediktsdóttir og Kristinn Guðmundsson] kannast vel við Stekkatúnsflöt við Búrfellslæk, en ekki í Farinu. Hins vegar

getur vel staðist, að Stekkatúnsflöt hafi verið í Farinu þótt þeim sé ekki kunnugt um það. Í Farinu er gömul rétt, sem gæti hafa verið notuð sem stekkur. Réttin var komin úr notkun áður en Helga kom að Miðengi [1923]. Það var fært frá a.m.k. 3 sumur eftir að hún flutti að Miðengi." Til að finna réttina er best að aka afleggjara frá Álftavatni til austurs; hann er merktur "5. Braut". Fara verður eftir honum uns ekið er yfir ristarlið, og þá sést í traktorsfæran veg sem liggur niður í Farið. Þaðan er göngufæri yfir í austasta hluta þess; þar er réttin og fjárhústóft 031.

Í austurenda Farsins, sem er geysistór, sléttur slakki og dálítið bogadreginn, að mestu vaxinn mýrargróðri. Þó er þurrt í austurhlutanum; þar er svolítið gildrag eða skora upp í hraunbrún, vaxin lágu kjarri. Þarna eru tóftirnar.

Nokkuð stór rétt, grjóthlaðin. Eitt aflangt hól, inngangur vestan megin. Um miðbikið er lítil kró til norðurs, í brekku. Veggir hrundir að miklu leyti, heillegust er eystri skammhlið, hátt í mannhæð.

Suður af réttinni er tóft 031.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Miðengi, 7; Svar við bréfi Örnefnastofnunar, 1


ÁR-434:026 tóft beitarhús 64°03.161N 20°55.617V

Skammt norðvestur af bænum er vörðuð leið 016 til norðvesturs, raunar aðeins 3-4 vörður. Skammt vestur af síðustu norðaustustu vörðunni er hóll; norðarlega á honum og ekki í beina stefnu við vörðurnar er beitarhúsatóft.

Mosagróid og kjarri vaxið hraun en grasblettur uppi á hólnum í kringum tóftina.

Einföld fjárhústóft. Aflöng frá austri til vesturs, dyr á vestari skammhlið. Einn hlaðinn garði er eftir endilöngu og lítill hlaði í austurenda. Húsið er hlaðið úr stórgerðu hraungrýti og tóftin sérstök fyrir þær sakir. Mjög lítið gróin, enda lítill jarðvegur í kring.

Hættumat: engin hætta



ÁR-434:027 Álfakirkja örnefni huldufólksbústaður 64°02.702N 20°54.202V

"Sunnan við Leyni er hæðarhryggur, og sunnan við hann önnur löng lægð, sem heitir Miðleynir. Í honum er sérkennilegur hóll rétt austan við Snæfoksstaðagötuna; hann heitir Álfakirkja. Hóllinn er líkur kirkju í lögun. Þetta er sennilega ekki gamalt nafn að sögn Kristins", segir í örnefnaskrá. Sé ekið heim að Miðengi, er komið að rimlahliði; frá því liggur vegarslóði til vesturs, lagður rauðamöl. Ef honum er fylgt, er komið í Leyni og þaðan má ganga í Miðleyni, sem er næsta dæld sunnan við. Hóllinn Álfakirkja sést strax, enda mjög sérstakur.

Gróinn dalur eða dæld, aflöng með sléttum vallendisbotni.

Miðlungshár hóll en nokkuð sérstakur að gerð. Vel gróinn og strýtumyndaður, klettar efst, sérstaklega norðan til.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Miðengi, 7

ÁR-434:028 tóft fjárskýli

64°02.353N 20°54.323V


"Sunnan við Miðleyni er Borgarleynir. Hann er breiðari en hinir og dregur nafn af gamalli fjárborg, sem er rétt vestan við Snæfoksstaðagötuna. Leynir, Miðleynir og Borgarleynir eru allir djúpar, aflangar lautir í hrauninu", segir í örnefnaskrá. Borgarleynir er syðstur og því næst Grímsnesvegi. Sé gengið frá Álfakirkju 027 í Miðleyni, er fjárborgin um 1 km norðvestar, svotil beint norður af Kerinu sem er sunnan vegarins. Flatir dalbotn, vallendisþýfi og sumsstaðar lágt kjarr. Borgin er norðantil í slakkanum, inni í svolítilli hraunkró.

Nær nákvæmlega hringlaga, inngangur suðvestan megin. Mjög gróin og veggir talsvert bólgnir,

þannig er flatarmál að innanverðu aðeins um 4x5. Alls ekkert grjót sést í þeim. Lítill sem enginn litamunur er á tóftinni og umhverfi. 5 m vestan við er tóft 030.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Miðengi, 7-8




ÁR-434:029 varða samgöngubót 64°02.791N 20°54.813V

Suðvestur af bænum er vörðuð leið út að fjárhústóftum 023. Gróið hraun, lágvaxið kjarr og lynggróður.

Vörðurnar er hvorki háar né vel hlaðnar, u.þ.b. 1.20 - 1.50 m. Þær standa býsna þétt næst bænum og sumsstaðar eru vörður á báðar hendur, þ.e. ekki alltaf bein lína. Þegar komið er að vörðunni sem stendur hæst frá bænum séð, sést að fjárhúsunum í sæmilegu skyggni en þegar nær dregur því fækkar vörðunum mikið.

Hættumat: engin hætt

ÁR-434:030 tóft fjárhús 64°02.335N 20°54.261V



"Sunnan við Miðleyni er Borgarleynir. Hann er breiðari en hinir og dregur nafn af gamalli fjárborg, sem er rétt vestan við Snæfoksstaðagötuna. Leynir, Miðleynir og Borgarleynir eru allir djúpar, aflangar lautir í hrauninu", segir í örnefnaskrá. Borgarleynir er syðstur og því næst Grímsnesvegi. Sé gengið frá Álfhól 027 í Miðleyni, er fjárborgin talsvert vestar, beint norður af Kerinu sem er sunnan vegarins. Fjárhústóft er 5 m vestan við fjárborgina.

Flatir dalbotn, vallendisþýfi og sumsstaðar lágt kjarr. Borgin er norðantil í slakkanum, inni í svolíttli hraunkró.

Einföld og lítil tóft, aflöng. Dyr mót suðvestri, hvorki hlaða né garðar. Talsvert grjótt er í veggjum

en samt virðist tóftin gömul og stendur lágt.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Miðengi, 8

4. Fornleifar og byggð

Landslag á skráningarsvæðinu er breytilegt og má skipta jörðunum í þrennt eftir legu

og landslagi, Heiðajarðir, jarðir þar sem votlendi er ráðandi og Hraunajarðir. Tvær

hinna efstu og jafnframt þær landmestu, Kaldárhöfði og Efri-Brú, teljast til

Heiðajarða. Þær ná að hluta yfir víðáttur Lyngdalsheiðar, allt til Þrasaborga. Þar eru

gróskumikil beitolönd. Fjalllendi er hinsvegar ekki nema þar sem Efri-Brú á land upp

í hlíðar Búrfells. Neðan við fjallið eru víða mýrar, einkum kringum ár og læki. Syðri-

Brú er ekki landmikil jörð og mýrlendi er þar mikið. Blásnir sandhólar eru áberandi

neðan við Búrfellshlíðar, einkum suðaustast. Nyrðri hluti Ásgarðs snýr að Búrfelli og

er fremur hæðóttur með holtum, móum og melum. Þegar sunnar dregur breytist

landslagið, við tekur uppgróið hraun og talsvert kjarrlendi.

Miðengi telst til Hraunajarða og sker sig nokkuð úr þessum jörðum hvað landslag varðar. Þar er flatlent og nánast eingöngu uppgróið hraun með gígum austast og gróskumiklu kjarri sem fer vaxandi eftir því sem nær dregur Álftavatni.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst hafa farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir, og þar sem kjallarar eru niðurgrafir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst.

Þeir fimm bæjarhólar sem skráðir voru 1999 eru allir í slæmu ásigkomulagi. Á Efri-Brú má enn greina hleðsluleifar utan í gamla bæjarhólnum sem er spölkorn austan núverandi bæjarstæðis. Útihús var byggt á hólnum á sínum tíma og gnæfa steiptir veggir þess enn upp úr honum miðjum. Á Kaldárhöfða var byggt útihús með haughúsi undir á gamla bæjarhólnum. Gamli Syðri-Brúarbærinn stóð nokkuð sunnar og vestar í túninu en núverandi íbúðarhús. Sléttað var yfir bæjarhólinn og sjást nú engar leifar hans á yfirborðinu. Í Ásgarði var byggt nýtt íbúðarhús með kjallara á bæjarhólnum, einkum þó vestari hluta hans. Yfir eystri hlutann hefur verið ruddur vegur. Miðengisbærinn hefur alltaf staðið á svipuðum stað eftir því sem næst verður komist. Er þar nokkur hólmyndun og á henni steinsteipt hús frá 20. öld.

Útihús og túngarðar

Útihús eru einn stærsti minjaflokkurinn en þau eru víðast horfin, hafa ýmist verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Í túni Efri-Brúar stóðu mörg útihús í byrjun 20. aldar. Flest stóðu þau í námunda við bæjarhólinn og hafa ýmist horfið undir byggingar eða við rask. Norður í túninu stóðu allmörg fjárhús og hefur verið sléttað yfir þau. Þá sjást leifar túngarðs með suðurtúninu vestanverðu og er talið að sama garðs sé getið í Sturlungu. Á Kaldárhöfða eru vísbendingar um þrjú útihús. Tvö eru horfin undir tún en tóftir eins, hesthúss, standa enn á Hesthústúni svonefndu. Í túni Syðri-Brúar voru tvö útihús í byrjun 20. aldar sem nú eru bæði horfin og hefur

líklega verið sléttað yfir rústirnar, a.m.k. sjást þær ekki lengur. Í Ásgarði er vitað um fjögur útihús í túninu sem nú eru horfin. A.m.k. eitt þeirra var fjárhús. Líklega hefur verið sléttað yfir tvö þeirra og önnur tvö horfið undir nýbyggingar vestast í túninu. Leifar tveggja annarra útihúsa eru greinilegar í Ásgarðstúni. Annars vegar er það lítið útihús, líklega fjárhús. Hluti hlaðinna veggja er enn greinilegur en síðar hefur verið byggt bárujárnsþak ofan á tóftina og henni nokkuð raskað. Hins vegar stór fjárhústóft með hlöðu. Hús þetta var byggt eftir 1920. Auk þess eru leifar tveggja lítilla útihúsa enn sjáanlegar rétt utan túngarðs. Gæti annað þeirra hafa verið hrútakofi. Leifar garðs, sem líklega var túngarður, eru austarlega í túninu. Garðurinn er alllangur en víða rofinn og hvergi sér í grjót. Í túni Miðengis voru tvö útihús og voru bæði fjárhús. Sléttað var yfir annað er tóftir hins eru enn greinilegar norðarlega í gamla túninu. Þá er til ljósmynd á Miðengi sem sýnir tvo sambyggða kofa á hlaðinu fast upp við bæinn norðantil. Reykkofinn svonefndi stendur enn undir þaki framan við bæinn en var ekki á túnakorti. Hann er að grunni til úr torfi og grjóti þótt síðar hafi verið bætt við nútímalegra byggingarefni eins og bárujárni. Hellir norður í túninu gegndi lengi hlutverki útihúss en hefur nú verið byrgður. Á Miðengi er gríðarmikill túngarður, talinn mjög gamall að stofni til. Umlykur hann túnið að mestum hluta og er víðast hvar ótrúlega heillegur og lítt gróinn.

Svarðartekja og torfrista

Á Efri-Brú var talsverð mótekja og sjást mógrafir enn á a.m.k. tveimur stöðum: Í Pyttamýri rétt hjá Hvítungslæk og skammt sunnan Brúarár. Þá var torfrista í Bæjarmýri steinsnar frá gamla bænum. Á Kaldárhöfða er ein mógröf, skammt frá þar sem Sog rennur í Úlfljótsvatn. Torf var rist í Torfnesi, eins og nafnið gefur til kynna. Á Syðri-Brú bendir örnefnið Grafarmýri til mótekju þótt heimildamaður kannist ekki við slíkt. Mýrinni var raskað vegna bygginga á Ljósafossi. Geysimikil mótekja var í Djúpumýri, nálægt merkjum við Ásgarð, en öll ummerki eru þar horfin, m.a. vegna framkvæmda Landsvirkjunar. Í Ásgarði eru ekki heimildir um mótekju en hins vegar var torfrista í Torfholti nálægt mótum Ásgarðslækjar og Sogs. Þar er einnig örnefnið Torfdalur. Í landi Miðengis er landslag ekki mótvenlegt, uppgróið hraun að mestu. Þar eru heldur ekki heimildir um torfristu þótt eflaust hafi hún verið einhver.

Beitarhús og sel

Heimildir eru um tvö sel á skráningarsvæðinu. Annars vegar í landi Kaldárhöfða, ofan við svonefnda Drift, nánast í rótum Lyngdalsheiðar. Var það haft svo hátt til að forðast flugu. Seltóftin er mjög ógreinileg og nánast alveg sokkin í þúfur. Þess ber að geta að til er þjóðsaga tengd þessu seli og fjallar um kynni bóndadóttur af huldumanni (ÞJÁ III, bls. 112-114). Hins vegar var sel í Ásgarðslandi, fast við nyrsta hluta Álftavatns. Þar eru nú sumarbústaðir í kjarri vöxnu umhverfi og sést seltóftin ekki lengur. Auk þessa eru örnefni í landi Efri-Brúar sem benda til selstöðu: Selhvammur og Selklettur. Báðir þessir staðir eru einkar vel til selbúskapar fallnir með tilliti til beitar og vatns. Þá liggja þeir svo hátt að ekki þarf að óttast flugnaplágu. Þrátt fyrir þetta fundust tóftir á hvorugum staðnum og er ekki vitað um sel þar.

Beitarhús eru mýmörg á skráningarsvæðinu og á a.m.k. þremur stöðum fleiri en eitt á sama blettinum, þá misgömul. Langflest voru notuð fram á þessa öld og hið yngsta, á Efri-Brú, ekki reist fyrr en á fimmta áratug 20. aldar. Þar eru tvö stök beitarhús til viðbótar og að auki eru rústir a.m.k. tveggja húsa á Hólsstekkjartúni. Þau virðast mun eldri og mögulegt er að þar hafi verið sel. Í landi Kaldárhöfða er aðeins eitt beitarhús en veglegt og góð beit í kring. Á Syðri-Brú voru löngum beitarhús á Stekkatúni upp við svonefnda Skriðu. Þar eru rústir a.m.k. þriggja misgamalla húsa auk garðlags. Vera má að fleira leynist á túninu sem verður að teljast á barmi eyðileggingar vegna malarnáms í Skriðunni. Í Ásgarði er stakt beitarhús nálægt mörkum við Syðri-Brú. Þá eru rústir a.m.k. fjögurra beitarhúsa rétt við Sogsveginn á móts við Harðsnúnahól og Digrahól. Hvert er með sínu lagi en eitt sýnilega langelst og sokkið í mosa. Á Miðengi eru tvö beitarhús í ámóta fjarlægð frá bæ og vörðuð leið út að þeim. Þá eru rústir eins húss sem virðist mjög gamalt skammt austur af bæ.

Stekkir og kvíar

Hvergi á skráningarsvæðinu fundust vel varðveittar kvíar. Þó hafa þær verið á a.m.k. tveimur stöðum ef marka má örnefni og aðrar heimildir. Í Ásgarði voru kvíar skammt utan túns en þær virðast með öllu horfnar vegna rasks og nýbygginga. Þá er varðveitt örnefnið Kvíanes í landi Efri-Brúar en engin tóft sést þar og heimildamaður kannast ekki við kvíar í nesinu. Hann telur það raunar óheppilegt til slíkra nota vegna mikils mýs við vatnið. Stekkir voru algengir og eru nokkrir þeirra ágætlega varðveittir. Á

Efri-Brú eru þrjú örnefni sem benda til stekkja, þó fundust aðeins leifar af einum þeirra og er hann hlaupinn í þúfur og ógreinilegur. Á Kaldárhöfða er ágætlega varðveittur stekkur svo og í landi Ásgarðs. Þar benda örnefni raunar til fleiri stekkja. Á Syðri-Brú er svonefnt Stekkatún með ýmsum mannvistarleifum þó engar þeirra séu ótvírætt af stekk. Í landi Miðengis er sæmilega varðveittur stekkur og örnefni bendir til annars slíks.

Kirkjur og kuml

Kuml fannst í landi Kaldárhöfða árið 1946 og telur Kristján Eldjárn það eitt hið glæsilegasta sem fundist hefur hér á landi. Nokkrum árum áður hafði aflstöðin við Ljósafoss verið reist og vatnsborð Úlfljótswatns hækkað af þeim sökum. Torfnes, sem áður var landfast, varð að hólma úti í vatninu og fundust fornleifar fyrir tilviljun þar sem þær stóðu út úr bakka hólman. Tveir menn voru heygðir í kumlinu og með þeim ýmsir merkir gripir, þar á meðal bátur. Uppgrafterstaðurinn er kominn undir vatn fyrir löngu.

Kirkjur og bænhús voru á öllum bæjum á skráningarsvæðinu fyrir utan Kaldárhöfða. Minjar um þessi hús eru hinsvegar ekki miklar. Þó hafa varðveist örnefnin Kirkjumelur og Kirkjunef á Efri-Brú og er talið að kirkjan hafi staðið skammt austan við gamla bæjarstæðið. Í Ásgarði eru örnefnin Kirkjuhóll og Blasíusvöllur í túninu en hinsvegar er ekki vitað nákvæmlega hvar bænhúsið stóð. Engar heimildir eru um hvar bænhúsin á Syðri-Brú eða Miðengi stóðu.

Leiðir

Fyrir utan leiðir sem lágu milli bæja voru helstu þjóðleiðir á skráningarsvæðinu þessar: Fyrst ber að nefna þjóðleiðina af Suðurlandi til Þingvalla. Hún lá m.a. um hlaðið á Kaldárhöfða, upp Kleifina svonefndu og áfram norður Miðfellshraun. Í Kleifinni eru greinilegar leifar upphlaðins vegar og sé gengið inn með Driftinni neðan Lyngdalsheiðar má sjá gríðarmiklar reiðgötur, sumsstaðar margar samhliða og liggja þær til norðurs. Auk þess er vegurinn greinilegur í landi Ásgarðs og lá því frá suðri til norðurs um Grímsnesið. Hann var síðast lagfærður um 1920 vegna konungskomu og því oft nefndur Kóningsvegur. Prestagötur lágu um Kaldárhöfða og eru enn sjáanlegar í námunda við Krókhólavörðu. Þegar Þingvallaprestar messuðu í kirkjunni á

Úlfljótsvatni fóru þeir þessa leið að ferjustað til móts við kirkjuna og mun það vera í landi Efri-Brúar. Álftavatnsgötur eru enn greinilegar rétt sunnan við túngarð á Miðengi. Þar riðu meðal annars Skálholtsbiskupar á leið sinni að Álftavatni og þar yfir um. Þá lágu Tungugötur sunnan Miðengis og að Tunguferjustað í landi Ásgarðs. Á kafla vestan Miðengis liggja Tungugötur og Álftavatnsgötur samsíða. Hæðarendagötur lágu frá Kaldárhöfða og suður yfir Búrfellsdal, þá austur fyrir Búrfell og allt að Hæðarenda.

5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu.

Ein friðlýst fornleif er á skráningarsvæðinu og er hún í landi Kaldárhöfða. Flestar friðlýsingar á minjastöðum voru gerðar á fyrri hluta 20. aldar og valdar með hliðsjón af gögnum fornfræðinga og fornleifafræðinga sem fóru könnunarferðir um landið um og fyrir aldamótin 1900. Tóftin sem hér um ræðir er talin vera af skreiðaskemmu Skálholtsmanna og stóð hún við gamla ferjustaðinn þar sem Sog rennur úr Þingvallavatni. Hún er orðin mjög óglögg og erfitt fyrir ókunnuga að ætla að finna staðinn. Á sínum tíma var rústin merkt rækilega en nú stendur aðeins eftir fúíð prik upp úr sverðinum. Engin ástæða er til að ætla að Skálholtstóftir séu í bráðri hættu en gaman væri fyrir þá sem hafa áhuga að geta skoðað staðinn.

Framkvæmdir í landbúnaði hafa dregist saman síðastliðinn áratug en í staðinn hafa komið nýjar ógnir, skógrækt og sumarbústaðabyggð. Skógrækt virðist nú einkum stunduð með skipulögðum hætti í landi Kaldárhöfða. Skógur eyðileggur ekki fornleifar á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja hinsvegar vegghleðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður bæði að átta sig á þeim á yfirborðinu og kanna þær með uppgreftri. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatarmáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst þess aðeins að fornleifastaðirnir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Á sama hátt geta sumarbústaðabyggð og fornleifar átt samleið. Það krefst þess þó vitanlega að vandað sé til skipulags bæði við uppbyggingu hverfa svo og lagningu göngustíga o.s.frv. Á svæðinu er gríðarlegur fjöldi sumarbústaða og á þeim eflaust

eftir að fjölga um ókomin ár. Nú er til dæmis ljóst að Ásgarðsland verður að mestu lagt undir sumarbústaðabyggð eftir að félagasamtök á Selfossi festu kaup á jörðinni.

Ekki er mikið um að fornleifar séu í bráðri hættu á skráningarsvæðinu en þó ber að vekja athygli á einu slíku dæmi. Í landi Syðri-Brúar, fast upp við Skriðuna svonefndu í hlíðum Búrfells er Stekkatún. Þar hafa löngum verið beitarhús og jafnvel stekkir frá bænum og eru a.m.k. þrjár misgamlar tóftir greinilegar á svæðinu. Fleira gæti leynst þar. Nú er svo komið að malarnám í Skriðunni stefnir þessum minjum í voða og er sú tóft sem mest hætta steðjar að einungis fáeina metra frá umrótinu.

Ekki verður hægt að gera endanlegar tillögur um verndun og kynningu minja fyrr en heildaryfirlit er fengið af fornleifum í Grímsneshreppi öllum. Hér á eftir verður þó bent á helstu minjasvæði og athyglisverðustu minjastaði á skráningarsvæðinu:

a) Túngarður á Miðengi. Hann er talinn forn að stofni til og hefur verið vel við haldið fram á þessa öld. Aðeins lítill hluti var fjarlægður vegna nýræktar og full ástæða til að hann verði varðveittur áfram.

b) Reykkofi á Miðengi er eina uppistandandi torfhúsið á skráningarsvæðinu. Kofinn hefur gegnt ýmsum hlutverkum gegnum árin en liggur nú undir skemmdum, veggir farnir að hrynja inn og þak heldur hvorki vindi né vatni.

c) Beitarhúsatóftir við Sogsveg. Þar eru fjölbreytilegar tóftir á litlu svæði og innan seilingar fyrir ferðamenn sem leið eiga um Grímsnesið.

6. Viðbætur

ÁR-415 Neðra-Apavatn

55 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. 1708: "Munnmæli eru hjer hafi til forna kirkja. Engin vita menn rök til þess og engin sjást þess merki. JÁM II, 325. [1220] "Máldagi kirkjunnar að Apavatni í Grímsnesi,... Mariu kirkia at Apa vatni a x hvndrað j heima landi." [D.I.I 405]

ÁR-415:001 bæjarhóll bústaður

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:002 Áfangamýri heimild um leið

Þá kemur Heiðarbrúin og neðan undir henni eru mýrardrög sem heita Hálfánartungur og neðan undan þeim engi, sem heitir Áfangamýri. Hún er kend við forna alfararleið. Um hana liggja gamlar götur upp og norður heiðina.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:003 *Borgarmýri* heimild
Sunnan undir Borgarás er Borgarmýri, þar eru mjög gamlar rústir.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:004 *Fremra-Smiðjuholt* heimild um smiðju
Fyrir norðan þessa mýri (Borgarmýri) er stórt holt, sem heitir Fremra-Smiðjuholt.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:005 *Djúpavað* heimild um Vað
Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað. Þar næst Hólfríðarbrot, kent við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað við Aphól, og neðst Lambhagavað.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:006 *Hólfríðarbrot* heimild um Vað
Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað. Þar næst Hólfríðarbrot, kent við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað við Aphól, og neðst Lambhagavað.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:007 *Hólvað* heimild um Vað
Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað. Þar næst Hólfríðarbrot, kent við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað við Aphól, og neðst Lambhagavað.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:008 *Lambhagavað* heimild um Vað
Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað. Þar næst Hólfríðarbrot, kent við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað við Aphól, og neðst Lambhagavað.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:009 *Dalvað* heimild um Vað
Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað. Þar næst Hólfríðarbrot, kent við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað við Aphól, og neðst Lambhagavað. En neðan undir Aphól er Dalvað þar fóru Laugdælir.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:010 *Gyltupyttur* þjóðsaga
Framan við hann er lækur sem heitir Gyltulækur og pittur sem heitir Gyltupyttur. Þjóðsaga hermir að ofan í nonum sé silfur eða gullketill og hella mikil ofan á.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:011 *Stekkholt* heimild um stekk
Byrja skal þar sem Bæjarlækurinn rennur út í Vatnið, þá kemur Stekkhiolt með rústum, en þá Stekkjarmýri, se, liggur norður að Vatninu.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:012 *Borgarmýri* heimild um rétt
Í því (Apavatnsnes) er múrarblettur, sem nefnist Borgarmýri, þar eru rústir fjárborga, enn sunnar er Sauðhúsdæla og Sauðhóll og þar tóftir.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:013 *Sauðhóll* heimild um fjárhús
Í því (Apavatnsnes) er múrarblettur, sem nefnist Borgarmýri, þar eru rústir fjárborga, enn sunnar er Sauðhúsdæla og Sauðhóll og þar tóftir.
Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:014 *Grafarhæð* heimild um mógrafir
Vestan við Háubrekku er Grafarhæð og dregur nafn af gömlum mógröfum

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:015 heimild um leið

Vestan við Háubrekku er Grafarhæð og dregur nafn af gömlum mógröfum. Yfir hana lá leiðin að Mosfellskirkju um götur að vaði á Stangalæk.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:016 heimild um Vað

Vestan við Háubrekku er Grafarhæð og dregur nafn af gömlum mógröfum. Yfir hana lá leiðin að Mosfellskirkju um götur að vaði á Stangalæk.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:017 Stekkatún heimild um stekk

Vestan við hann (Moldarhóll) er Stekkatúnið, sem var til 1920.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:018 Selhöfði heimild um sel

Fram úr Heiðarbrúninni ganga Selhöfðar og má þar sjá leyfar gamalla Selja. Þaðan er klukkustundar gangur heim að Apavatni.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:019 Réttargil heimild um rétt

Austnorður af þessum flötum er Réttarflöt. Allar þessar flatir eru slægjur. Við Réttarflöt er Réttargil og þar hjá réttatættur.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:020 Fjárhústún heimild um fjárhús

Sér skilið tún framan við bæjarlækinn heitir Fjárhústún, þar hafa fjárhús verið mjög lengi. Í túninu fyrir sunnan bæjarlækinn var fjárhús og auk þess voru þar áður fyrr tvö sauðhús. Sá hluti túnsins heitir Fjárhústún.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:021 heimild um fjárhús

Sér skilið tún framan við bæjarlækinn heitir Fjárhústún, þar hafa fjárhús verið mjög lengi. Í túninu fyrir sunnan bæjarlækinn var fjárhús og auk þess voru þar áður fyrr tvö sauðhús. Sá hluti túnsins heitir Fjárhústún.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:022 heimild um fjárhús

Sér skilið tún framan við bæjarlækinn heitir Fjárhústún, þar hafa fjárhús verið mjög lengi. Í túninu fyrir sunnan bæjarlækinn var fjárhús og auk þess voru þar áður fyrr tvö sauðhús. Sá hluti túnsins heitir Fjárhústún.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:023 heimild um myllu

Niður undan yngra íbúðarhúsinu í suðaustur, þar sem bæjarlækurinn fellur um túnjaðarinn var mylluhús yfir lækinn. Þar var malað korn til heimilisins og af næstu bæjum.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-415:024 heimild um fjárskýli

Þar sem Rafmagnslækurinn er tekinn úr Þverá, sem fellur í Apá- er hleðsla nokkur við lækinn. Gæti hafa verið fjár eða hrossbyrgi.

Heimildir: Ö-Neðra Apavatn

ÁR-416 Þóroddstaðir

32 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Fyrst getið [1220]: "Máldagi kirkjunnar að Apavatni í Grímsnesi,...Tivnd skal þar heima allra þeirra manna er þar erv vistvm eða a Þoris stoðvm en eigi af fleirvm bæivm." - DI I, 405.

1920: Tún 6,8 ha, þar af slétt ¾. Garðar 1208 m². "Bærinn stendur á lágum hól. Túnin eru vestan við bæinn upp að þjóðvegi til Laugarvatns.

Framræst mýrlendi er austan og sunnan við bæinn að Stangarlæk. Ofan þjóðvegur er heið, þurrir en graslitlir móar og miklir ræktunarmöguleikar. Stangarlækur ræður mörkum að austan og sunnan, allt til upptaka í Lyngdalsheiði." Sunnlenskar byggðir III, 120.

ÁR-416:001 Þóroddsstaðir bæjarhóll bústaður

Íveruhúsið er timburhús 14 og 7 álnir með forstofu og skúr-inngangi. Forstofan er fyrir miðju húsinu að sunnan. Úr henni er gengið í baðstofuna til vinstri, en stofuna til hægri handar, en norður úr henni í eldhúsið. Austur úr eldhúsinu er svo gengið í gegnum skúr, sem er meðfram húsinu að austan, einnig er gengið vestrur eldhúsinu í þvottahús, og úr því í kjallara, sem er undir öllu húsinu, og er nokkuð af honum notað sem búr, en nokkuð fyrir eldivið. Eftir öllu húsinu er svo loft, sem notað er fyrir geymslu. Ö-Þóroddsstaðir, 1.

Heimildir: Túnakort 1920, Ö-Þóroddsstaðir 1

ÁR-416:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-416:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-416:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-416:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-416:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-416:007 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-416:008 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-416:009 heimild um fjós

"Heyhlaða, sem tekur 550 hesta, og fjós standa saman, rétt fyrir norðan íveruhúsið"

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 1

ÁR-416:010 heimild um hesthús

"Eitt hesthús með járn er vestrá hlaðinu, sem tekur 6 hesta ..."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 1

ÁR-416:011 heimild um hrútakofa

"Eitt hesthús með járn er vestrá hlaðinu, sem tekur 6 hesta, og þar er líka kofi, sem hafður er fyrir hrúta."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 1

ÁR-416:012 heimild um fjárhús

"Svo er vestra túninu tvístætt garðahús með járn, sem tekur 115 kindur, og heyhlaða við, er tekur 130 hesta."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 1

ÁR-416:013 heimild um fjárhús

"Annað fjárhús er fremst á túninu, tvístætt garðahús með járn, sem tekur 100 fjár og er haft fyrir lömb og sauði."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 1

ÁR-416:014 heimild um hesthús

"Annað fjárhús er fremst á túninu, tvístætt garðahús með járn, sem tekur 100 fjár og er haft fyrir lömb og sauði. Þar hjá er hesthús fyrir 3 hesta."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 1

ÁR-416:015 álagablettur

"Norðrá túninu er hár hóll og er stór þúfa upp á honum, sem er munnmæli um, að megi ekki slá, því þá drepist bezta kýrin í fjósinu".

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 2

ÁR-416:016 Þórnyjarhóll heimild um býli

"Fyrir austan túnið er hóll með gömlum bæjarrústum, og er sagt, að þar hafi nú fyrir mörgum árið (sic) búið gömul kona, er Þórny hét, og hóllinn kenndur við hana og nefndur Þórnyjarhóll."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 2

ÁR-416:017 heimild um fjárhús

"Þar [Lækjarmýri] er fjárhús með torfbaki og heyhlaða við, og eru þar hafðir sauðir."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 2

ÁR-416:018 Grásteinn þjóðsaga

[...] Hjá honum [Stórhóll] er stór steinn, sem heitir Grásteinn, og eru þau munnmæli, að ef fenginn er hestur einhversstaðar að og teymdur þrisvar kringum Grástein, þá strjúki hann ekki."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 3

ÁR-416:019 Veitur heimild um áveitu

"Fyrir norðan túnið eru sléttar vallendisflatir, sem kallaðar eru Veitur, og eftir þeim miðjum rennur smálækur, sem veitt er á þær."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 3

ÁR-416:020 Heimaalda álagablettur

"Austan í Heimaöldunni er vallendisflöt og eru þau munnmæli, að megi ekki slá hana, því þá drepist einhver bezti hesturinn á bænum."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, 3

ÁR-416:021 Kolgrafarhóll heimild um kolagröf

"Upp af Kolgrafarmýri er hóll, sem heitir Kolgrafarhóll. Suðvestan í honum eru tóftir tvær, sem gætu verið kolagrafir."

Heimildir: Ö- Þóroddsstaðir, viðbót 1

ÁR-416:022 heimild

"Heimreiðin er um traðir, sem liggja beint vestrúr túninu, og skiftist túnið um traðirnar og kallað Framtún fyrir framan þær, en Norðurtún fyrir norðan."

Heimildir: Ö-Þóroddsstaðir, 2

ÁR-416:023 Tjaldhóll örnefni

"Rétt fyrir vestan veiturnar eru þrír hólar. Norðasti hóllinn heitir Tjaldhóll og er í mörkum við Apavatnsland."

Heimildir: Ö-Þóroddsstaðir, 3

ÁR-417 Sveinavatn

16 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Einnig Svínavatn. "Landamerki jarðarinnar Svínavatns í Grímsneshreppi innan Árnessýslu eru þessu : Þúfan framarlega á Svínholti, hornmark. Beint frá henni í þúfuna á Efstagrófarhöfða, beint frá henni í miðþúfuna á Markahryggjum. Bein stefna frá henni í þúfuna á Stórhólahæðinni. Frá henni beint í gilmynnið, sem fellur í Stangalæk. Svo ræður Stangalækur austur þangað sem Skolalækur kemur í hann. Svo beint í Skolalækjarmynni fremra í áðurnefnda hornmarksþúfuna framarlega á Svínholti." Ö-Svínavatn, 1.

1920: 4 ha, þar af slétt um 5/6. Garðar: 540 m².Bærinn stendur norðan við samnefnt vatn. Jörðin er að mestum hluta gróin heiðarlönd en mýrar eru

með vatninu og útfli þess. Þjóðvegur liggur um landið og skiptast hér leiðir í Laugardal og Biskupstungur. Jörðin er snjóþung og kalhætta á túnunum." Sunnlenskar byggðir III, 121.

ÁR-417:heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920.

ÁR-417:001 *Sveinavatn* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-417:002 heimild um Útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

ÁR-417:003 heimild um Útihús
Heimildir: Túnakort 1920.

ÁR-417:005 *Stekkjarholt* heimild um stekk
"Vestanverðu við vatnið gengur út í það holt til austurs, beint á móti bænum, er heitir Stekkjarholt. Austast á því eru rústir fornar, gæti það verið gamall stekkur, sem holtið ber nafn af, en virðast þó vera stærri og meiri en venjulegur stekkur. Vestan í holtinu er brekka. Þar sést fyrir vallgrónum rústum, sýnilega ævafornum. Er þær allstórar, og gætu bent til að verið hafi fjárréttir, þó er það tilgáta ein."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 2

ÁR-417:006 *Undirlendi* heimild
"Sunnan vatnsins var svo kallað Undirlendi frá Skolalækjarmynni vestur undir Svartaskurð. Þetta voru áveituengjar frá því um síðustu aldamót og fram undir miðik 20. aldar, eða unz tún voru það stór orðin, að hætt var að nytja þessar engjar."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 3

ÁR-417:007 heimild um leið
"Vestur af Nónþúfunni er slétt heiði og vestur af henni Skeiðvellirnir, en þeir eru í Stærribæjarlandi. Um Skeiðvellina lá gömul alfaraleið milli Svínavatns og Borgar, einmitt þar sem þjóðvegurinn liggur enn í dag."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 3

ÁR-417:008 *Þóroddsstaða- eða* heimild um leið *Bjarkargötur*
"Vestan Stórhóla eru gamlar og miklar ferðamannagötur er liggja milli Þóroddsstaða og Bjarkar og nefndust ýmist Þóroddsstaða- eða Bjarkargötur."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 4

ÁR-417:009 *Borgargötur* heimild um leið
"Austan Stórhóla eru aðrar götur, sem heita Borgargötur. Þær liggja ofan frá Þóroddsstöðum suður á Skeiðvelli og þaðan út að Borg. Götur þessar hafa frá fornu fari verið fjölfarnar mjög milli suðurhluta sveitarinnar og Laugardals. Var svo allt fram um 1920 eða þar til þjóðvegurinn var lagður austur Grímsnesið."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 4

ÁR-417:010 heimild um leið
"Austur af Launmýraröldu liggur þjóðvegurinn frá Svínavatni upp að Laugarvatni, voru þar einnig fornar ferðamannagötur milli Svínavatns og Þóroddsstaða."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 5

ÁR-417:011 *Stangarlækjarvað* heimild um Vað
"Vestan við brúna á Stangarlæk var Stangarlækjarvaðið. Þar var alltaf farið yfir lækinn unz hann var brúaður um 1930."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 5

ÁR-417:012 *Stekkjartún eða* heimild um stekk *Stekkur*
"Austur af brúnni liggur lækurinn í allstórru bugðu til suðurs og er sunnan við hann smáþýft svæði, sem heitir Stekkjartúnþýfi. Fremst í því, á lækjarbakkanum, er hið gamla Stekkjartún eða Stekkur frá Svínavatni, er notað var fram um 1920 eða þar til fráfærurnar voru lagðar niður með öllu."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 5

ÁR-417:013 *Kúavað* örnefni Vað
"Austan við Jaðrana er vað á Skolalæk, er hét Kúavað."
Heimildir: Ö-Svínavatn, 6

ÁR-417:014 *Bjarnastaðavað* heimild um Vað

"Norður undir Lækjarmótum er annað vað á læknum, sem hét Bjarnastaðavað. Þar lá fyrrum gömul ferðamannagata austan af bæjunum, vestur með Stangarlæk og yfir hann í Skógavaðstanga út í Lyngdalsheiði."

Heimildir: Ö-Svínavatn, 6-7

ÁR-417:015 heimild um mógrafir

"Skammt þar frá [Skolalækjarmynni] eru nú uppgrónar mógrafir, en um langan aldur var mórinn tekinn þar á Svínavatni eða svo lengi, sem hann var notaður til eldsneytis. Mýrabakkinn norður frá Mógröfunum með vatninu heitir Móbakki."

Heimildir: Ö-Svínavatn, 7

ÁR-417:016 *Nátthagi* heimild

"Fyrir neðan Stöðulinn var Nátthaginn. Umhverfis hann sást fyrir gömlum hleðslum, er verið hafði varnargarður. Allt hefur það nú verið sléttað og sjást engin merki þess framar."

Heimildir: Ö-Svínavatn, 7

ÁR-417:017 heimild um leið

"Heiman frá bænum lágu götuslóðar hjá Grásteini í út í Stórhóla og Lyngdalsheiði."

Heimildir: Ö-Svínavatn, 4

ÁR-417:018 *Smalahóll* örnefni

"Norðaustur af henni [Stórhólahæð] er heiðlendi með nokkrum hólum, er heita Smalaskáli, Stórhólavarða og Stórhólatögl, er ná norður undir Stangalæk."

Heimildir: Ö-Svínavatn, 4

ÁR-418 *Stærribær*

48 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. "Landamerki jarðarinnar Stærribæjar í Grímsneshr. innan Árnessýslu, eru þessi: Úr Hornmarkssteininum í Litla-Kláfsholti til hávesturs sjónhending um Þúfuna á Farholt í upphlaðna þúfu við kelduna austur við Stærribæjartungu; svo ræður keldan til Engjalækjar og Engjalækur til Stærribæjargils; svo til hálandnorðurs ræður Gilið upp fyrir Stórþúfnanes; þar að vestanverðu við gilið skal þúfu uppsetja; þaðan beint til hánorðurs um túnmörkin millum Stærri- og Minnibæjar áfram haldandi bein stefna í Hornmarksþúfu á Smámýrarhæð, þaðan beint í þúfu á Brjámsstaða-Smalaskála sjónhending í Miðþúfu á Markahryggjum, sem er hornmark að vestan; þaðan sjónhending til austurs um efsta Grófarhöfðann í syðstu-Markapúfu á Svínholti; þaðan bein stefna um þúfu á Smalaskálaholti í fyrstnefndum Hornmarkastein á Litla-Kláfsholti." Ö-Stærribær, 22. 1918 skiptist jörðin í Austur- og Vesturbæ.

1918: Vesturbær: Tún: 3,6 ha, þar af slétt um ½. Garðar: 683 m². Austurbær: Tún: 3,5 ha, þar af slétt um 1/4. Garðar: 1034 m².

"Stærribær var lengi tvíbýlisjörð og 48 hundruð að fornu mati. Bærinn stendur á bungumyndaðri hæð og er mjög víðsýnt af bæjarhlaði til allra átta. Túnin liggja að mestu norðureftir Skaganum en þar fyrir vestan og norðan taka við heiðalönd allt upp til jaðars Lyngdalsheiðar. Austanvert við bæinn var blautt mýrlandi sem Skagamýri heitir og hallar norður til Svínavatns og suðvestur til Stærribæjar. Skagamýri er nú framræst að nokkru." Sunnlenskar byggðir III, 122.

ÁR-418:001 *Stærribær* bæjarhóll bústaður

"Gamli bærinn stóð vestarlega í túninu lítinn spotta frá upp frá mýrinni. Hann var fluttur árið 1955. Þar sem bæjarhúsin standa nú hét Stöðull."

Heimildir: Ö-Stærribær, 1

ÁR-418:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-418:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-418:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-418:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-418:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-418:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-418:008 *Austurbæjarlind* lind
"Suð austur af gamla bænum, við túnjaðarinn, er uppsprettulind, Austurbæjarlind."
Heimildir: Ö-Stærribær, 1

ÁR-418:009 heimild um fjárhús
"Fremsti hlut skagans [Stærribæjarskagi] heitir Háskagi, fremst á honum er fjárhústótt."
Heimildir: Ö-Stærribær, 1

ÁR-418:010 *Rúst* heimild
"Austur af Háaskaga, þar sem þurrlendið gengur lengst austur í mýrina, er einhverskonar mannvirki í mýrarjaðrinum, nefnt Rúst."
Heimildir: Ö-Stærribær, 1-2

ÁR-418:011 *Smalaskáli* örnefni smalakofi
"Alllangan spöl suður á heiðinni er Smalaskáli, á honum er stór þúfa, það er hornmark milli jarðanna Stærribæjar, Brjánsstaða, Minniborgar og Bjarkar."
Heimildir: Ö-Stærribær, 2

ÁR-418:012 *Smalaskáli* örnefni smalakofi
"Suður af Einbúa [sem er lítið holt sunnan við Svínholt] er langt holt, Smalskáli."
Heimildir: Ö-Stærribær, 2

ÁR-418:013 heimild um smalakofa
"Norðast á honum [Smalahól] eru gamlar húsarústir og einnig á suðurenda."
Heimildir: Ö-Stærribær, 2

ÁR-418:014 heimild um sel
"Engjatak í Hamraland þar sem heitir Hamratúnga hefur jörðin átt mót selstöðu Hamramanna ut supra."
Heimildir: JÁM II, 338

ÁR-419 **Minnibær**
28 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.
1918: 5 ha, þar af slétt ca. ¼. Garðar: 782 m². "Íbúðarhús er ekki á Minnibæ en bærinn stóð skammt frá Stærribæ. Land er mjög líkt landi Stærribæjar en Minnibær taldist tæpum helmingi minni jörð. Túnið liggur til suðurs á heiðlendi og mikið heiðarland er einnig til vesturs, ágætt til ræktunar. Mýri er austan til að Grjótá. Fjárhús og tún eru á svokölluðu Selholti." Sunnlenskar byggðir III, 125.

ÁR-419:001 *Minnibær* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918.

ÁR-419:002 heimild um bústað
"Bærinn stóð austast og neðst í túninu, en þar hefir ekki verið búið nú um 30 ára skeið."
Heimildir: Ö- Minnibær, 1.

ÁR-419:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-419:004 *Atdý* heimild
"Suðvestur frá bænum, vestur með mýrarjaðrinum, er Jaðarsflöt; í mýrarvikinu niður af henni er djúpur vatnspyttur, er heitir Atdý." "Hvolpum og kettlingum var drekkt í Atdýi."

Heimildir: Ö- Minnibær,1; Ö- Minnibær, aths.,1.

ÁR-419:005 *Hesthúsflatir* örnefni hesthús

"Vestur af Jaðarsflöt eru Hesthúsflatir."

Heimildir: Ö- Minnibær,1

ÁR-419:006 *Hjónaleiði* heimild um legstað

"Vestur, norðvestur af bænum er Hjónalaut í túninu, þar hjá er Hjónaleiði, stór þúfa. Munnmæli herma, að þar hafi hjón verið jarðsett." "Hjónaleiði er eins og leiði að sjá."

Heimildir: Ö- Minnibær,1; Ö- Minnibær aths., 1.

ÁR-419:007 *Stekkjargil* örnefni stekkur

"Vestan við Þrætu er Stekkjargil [...]" "Engin merki eru um stekk við Stekkjargil [...]"

Heimildir: Ö- Minnibær,1; Ö-Minnibær aths., 1

ÁR-419:008 heimild um mógrafir

"Vestan við Þrætu er Stekkjargil, vestan við það eru gamlar mógrafir." "Mór var síðast tekinn 1934. Mótakan var þá flutt að Stærribæ. Mórinn var sjö stungur á dýpt, ruðningur þrjár."

Heimildir: Ö- Minnibær,1; Ö- Minnibær aths.,1

ÁR-419:009 *Selholt* heimild um sel

"Mýrin suður og vestur af mógröfunum heitir Móabarðsmýri, nær hún suður að Markakeldu, sem liggur frá Selholti austur í Stærribæjargil og eru um hana landamerki milli Minnibæjar og Eyvíkur." "[...] kvíar voru við Selholt."

Heimildir: Ö- Minnibær,1; Ö- Minnibær aths.,1

ÁR-419:010 *Sel* heimild um sel

"Norður af Langarima er Sel, þar sér enn til tóttá."

Heimildir: Ö- Minnibær, 2

ÁR-419:011 *Krossheiði* örnefni

"Heiðin austan við Markalág og sunnan gömlu Stærribæjarbrautar heitir Krossheiði."

Heimildir: Ö- Minnibær, 2

ÁR-419:012 *Barnhólar* þjóðsaga

"Talið var, að þar hefði horfið barn. Tómas [fæddur og uppalinn á Minnibæ] hefur það eftir gamalli konu, sem átti jörðina, þegar hann var barn. Þar átti að vera huldufólk."

Heimildir: Ö- Minnibær, aths. 1.

ÁR-419:013 *Stekkjartún* heimild um stekk

"Stekkjartún er austan við Saura. Þar eru tættur og hefur verið tún, e.t.v. haft í seli."

Heimildir: Ö- Minnibær, aths. 1

ÁR-420 Brjámstaðir

30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. "Landamerki samkvæmt landamerkjabréfi frá 22. maí 1885: Úr þúfu á Markarima beina línu í svonefndan Tíðhól, þaðan beina stefnu í hól norðanvert við Úlfssteinshæðina, þaðan beina línu í þúfuna á Smalaskála, þaðan í eystri þúfuna í Smámýrarbotnum. Þaðan beina leið eftir Markaláginni í þúfuna fremst á Selholti. Þaðan beint í rústina við Heiðrimakeldu, þaðan með keldunni í dý fyrir austan Héðinslækjarbotninn. Þaðan eftir miðri Margróf í Nýgræðuþúfuna austan á Oddsholti og þaðan í fyrnefnda Markarimaþúfu." Ö- Brjánsstaðir, 4.1920: Tún 5,7 ha, þar af slétt ca. 9/10. Garðar: 1208 m²."Bærinn stendur á lágum ás en þó er mikið víðsýni til austurs, suðurs og vesturs. Austan og sunnan við bæinn er mýrlendi að undanskildu heiðarholti, Múla, en þar eru 150 kinda fjárhús. Efri hluti landsins er heiðaland og er land allt afgirt upp að þjóðvegi, Biskupstungnabraut." Sunnlenskar byggðir III, 124.

ÁR-420:001 *Brjámstaðir* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-420:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-420:003 heimild um bústað

"Sólheimabrautin liggur um hlaðið. Gamli bærinn stóð vestan við veginn. Þar standa nú fénaðarhús."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 1

ÁR-420:004 *Álfabær* örnefni huldufólksbúst aður

"Milli Hróks og bæjarins stendur stór klettur upp úr túninu, Álfabær."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 1

ÁR-420:005 *Nátthag* heimild

"Norðaustur af bænum er klapparhóll, Hrókur [...]. Vestur af Hrók er Nátthagi, það er nú tún, en stórir steinar standa upp úr því hér og hvar."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 1

ÁR-420:006 *Bæjarholt* örnefni bústaður

"Sunnan við gamla túnið og sunnan vegarins er Bæjarholt, nú tún."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 1

ÁR-420:007 *Selholt* örnefni sel

"Austan við kelduna [Brjánsstaðakelda], sunnan vegarins, er Litla-Selholt, austan við það og norðan við veginn er Selholt. Framst á því er há þúfa, þar er hornmark milli jarðanna Minnibæjar, Eyvíkur og Brjánsstaða."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 1

ÁR-420:008 *Grænhóll* heimild

"Norðan við hann [Langirimi] er Grænhóll, gömul rúst."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 1-2

ÁR-420:009 *Ullarpyttur* örnefni þvottastaður

"Norðvestan við hann [Grænhóll] er Ullarpyttur."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 2

ÁR-420:010 *Torfholt* örnefni rista

"Vestan við Bæjarholtið er Augholt. Rétt neðan við túnið, vestur af því er Torfholt."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 2

ÁR-420:011 *Heybrún* örnefni

"Austan undir Múlanum er vallendisjaðar, mjög þýfður, heitir Heybrún."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 2

ÁR-420:012 *Gvendarbrunnur* örnefni brunnur

"Vestanundir suðvesturhorni Múlans er Gvendarbrunnur, það er uppsprettulind."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 2

ÁR-420:013 varða

"Upp á honum [Markarimi] er há þúfa. Norður af þúfunni er lítill hóll í heiðinni með vörðu, heitir Tíðhóll."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 2

ÁR-420:014 heimild um leið

"Sunnan undir honum [Tíðhóll] liggja götur frá Minniborg austur í Stærribæjarhverfi."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 2

ÁR-420:015 *Slóðarimi* örnefni leið

"Norður af Holuklettum er Slóðarimi, austur af honum er Kisuklettur."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 3

ÁR-420:016 *Gildruhóll* örnefni refagildra

"Suður af því [Norðurtún] er Gildrumýri, suðaustan við hana er Gildruhæð. Norðast á henni er

Gildruhóll."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 3

ÁR-420:017 *Stekkatún* heimild um stekk
"Vestan í Gildruhæð er Stekkatún, þar sér fyrir rústum."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 3

ÁR-420:018 *Þvottadýörnefni* þvottastaður
"Suður af því [Rollholt] er Þvottadý, frá því er nú leitt vatn heim til bæjar."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 3

ÁR-420:019 *Klofavarða* varða
"Norðast á Úlfssteinshæðinni er gömul varða, Klofavarða."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 3

ÁR-420:020 *Smalaskáli* örnefni smalakofi
"Norðan við þær [Smámýrar] er Smámýrarhæð, og norður af þeim er Smalaskáli."

Heimildir: Ö- Brjánsstaðir, 3

ÁR-421 Minniborg

15 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Tómhúsbylíð Gilsbakki stóð beint á móti bænum og var í byggð fram undir lok 19. aldar. Ö- Minniborg, 1.

1920: Tún: 3,1 ha, þar af slétt ca. 1/3. Garðar: 618 m². "Bærinn stóð áður fremst á brekkubrún sem hallar niður að bæjargili en íbúðarhús sem byggt var

1958 er 80 m ofar. Landið er að mestu heiðlendi, flatt og kalhætta mikil. Mýrlendi er einkum syðst í landareigninni, sunnan Oddsholts, en þar voru beitarhús til skamms tíma." Sunnlenskar byggðir

ÁR-421:001 *Minniborg* bæjarhóll bústaður

III, 126.

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-421:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-421:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-421:004 *Smalaskáli* örnefni smalakofi
"Austur af Farinu austan við Blótbjörk, sem er í Bjarkarlandi, er stór hæð, sem heitir Smalaskáli."

Heimildir: Ö- Minniborg, 1

ÁR-421:005 *Gilsbakki* heimild um býli

"Beint á móti bænum, sunnan við Minniborgargilið, sér til gamalla tóttu, þar stóð tómhúsbylíð Gilsbakki, sem var í byggð nokkur ár á síðasta tug 19. aldar."

Heimildir: Ö- Minniborg, 1

ÁR-421:006 *Hústóttarholt* heimild

"Sunnan við hann er mjög lítið holt, sem heitir Hústóttarholt, þar er gömul kofarúst."

Heimildir: Ö- Minniborg, 1

ÁR-421:007 varða

"Rétt austan við veginn er há markapúfa. Norður af henni er lítill hóll norður í heiðinni, er heitir Tíðhóll. Upp á honum er varða."

Heimildir: Ö- Minniborg, 2

ÁR-421:008 heimild um leið

"Sunnan við hann [Tíðhóll] eru gamlar götur, er farnar voru milli Minniborgar og Stærribæjar."

Heimildir: Ö- Minniborg, 2

ÁR-421:009 *Fornutættur* heimild um býli

"Beint norður af Héðinsholti eru gamlar húsarústir í Oddsholtsjaðrinum, nefndar Fornutættur, um þær

eru landamerki milli Borganna."

Heimildir: Ö- Minniborg, 2

ÁR-421:010 heimild um beitarhús

"Mýrlendi er einkum syðst í landareigninni, sunnan Oddsholts, en þar voru beitarhús til skamms tíma", segir í bókollu.

Heimildir: SB III, 126

ÁR-422 Björk

28 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð."Landamerki jarðarinnar eru, samkvæmt landamerkjabréfi, sem gert er rétt fyrir síðustu aldamót: Úr þúfunni á há-Skógarholti í þufu á Farkjafthæð, þaðan í þufu á Smalaskála. Þaðan í þufu á Miðmarkahrygg, þaðan í þufu á Stelpuhæð. Þaðan í þufu á litlu holti vestan við norðasta Lyngdalsmýraroddann. Þaðan í stóra steininn á Langamel, og þaðan í áðurnefnda þufu á Skógarholti." Ö-Björk, 1.

1920: Tún 7,2 ha, þar af slétt um 2/3. Garðar 960 m². "Bærinn stendur á brekkubrún mót suðaustri. Túnin eru að mestu norðan og austan við bæinn.

Mestur hluti landsins er móaland sem hækkar upp til Lyngdalsheiðar. Mýrlendi er helst suðaustast í landareigninni og vallendi hér og þar." Sunnlenskar byggðir III, 128.

ÁR-422:001 *Björk* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-422:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-422:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-422:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-422:005 *Lindin* heimild um vatnsból

"Austan við bæinn, í djúpri laut, er uppsprettulind, kemur þar undan stórum steini og rennur suður með túninu að austan, alltaf nefnd Lindin."

Heimildir: Ö- Björk, 1-2

ÁR-422:006 *Fjóshóll* heimild um heystæði

"Vestan við bæinn er dálítill hóll nefndur Fjóshóll. Það lítur út fyrir að vera gamall heygarður því enn sér móta fyrir heystæðum."

Heimildir: Ö- Björk, 2

ÁR-422:007 heimild um túngarð

"Frá Fjóshólnum og vestur úr túninu lá gamalt garðlag, vafalaust gamall túngarður, hefur þá ekkert tún verið fyrir norðan bæinn."

Heimildir: Ö- Björk, 2

ÁR-422:008 heimild um útihús

"Norðvestur af bænum eru fjárhús og heyhlaða, hlaðan var byggð 1906, hlaðin úr torfi og grjóti, og standa þeir veggir að nokkru enn."

Heimildir: Ö- Björk, 2

ÁR-422:009 heimild um útihús

"Öll önnur fénaðarhús, sem voru út um allt tún, ekki færri en 8, sem ég man eftir, hafa nú verið sléttuð út og sér þeirra nú hvergi stað."

Heimildir: Ö- Björk, 2

ÁR-422:010 *Gamlibær* heimild um bústað

"Suður af bænum, suðaustast í gamla túninu, sunnan í brekkuhalla, voru gamlar rústir talsvert umfangsmiklar. Þetta hét Gamlibærinn. Það er nú fyrir löngu sléttað út."

Heimildir: Ö- Björk, 2

ÁR-422:011 heimild

"Ef bærinn hefur staðið þarna til forna, hefði mátt veita lindinni heim að bænum, og fannst mér stundum ég sjá merki til þess, að svo hefði verið gert, en mjög var það óglögg."

Heimildir: Ö- Björk, 2

ÁR-422:012 *Mógil* heimild um mógrafir

"Sunnan og vestan við túnið er mýri. Dálítinn spotta fyrir vestan túnið myndast alldjúpt gil í mýrinni, það heitir Mógil. Við upptök þess eru gamlar mógrafir."

Heimildir: Ö- Björk, 2

ÁR-422:013 heimild um útihús

"Við norðvesturhorn Vesturmýrar er lítil vallendisflöt vestur í heiðinni, nefnd Skógarholtsflöt. Þar er rúst af gömlu fjárhúsi, sem ekki mun hafa verið notað nema nokkur ár, og aflagt er það fyrir 1880" segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö- Björk, 2-3

ÁR-422:014 *Mógilsteigur* heimild

"Rétt neðst í Mógilsteignum eru rústir af mannvirki, hverskonar mannvirki það hafa verið veit ég ekki," segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö- Björk, 3

ÁR-422:015 heimild

"Sunnan við holtin er Hlauphólamýri. Austarlega í henni er dálítill tjörn. Austan við hana er hlaðinn flóðgarður yfir mjótt sund; annar flóðgarður er hlaðinn þvert yfir mýrina dálítið vestar" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 3

ÁR-422:016 heimild um fjárskýli

"Sunnan við holtin er Hlauphólamýri. Austarlega í henni er dálítill tjörn. Austan við hana er hlaðinn flóðgarður yfir mjótt sund; annar flóðgarður er hlaðinn þvert yfir mýrina dálítið vestar. Við suðurenda hans uppi í hæðinni er mjög gamalt mannvirki, hringlaga, 10-11 metrar í þvermál, vafalaust gömul fjárborg", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 3

ÁR-422:017 *Blótbjörk* örnefni

"Austan við veginn, þar sem Farið rennur suður úr mýrinni, er dálítill vallendisflöt og sunnan við hana moldarflag nokkru lægra í botnin en flötin; milli vegarins og flatarinnar er mjór heiðarrimi, þetta er Blótbjörk. Á heiðarrimanum gæti verið um forn mannvirki að ræða, en erfitt er nú að ákveða hvort svo er. Þetta svæði er nú friðlýst," segir í örnefnalýsingu. Í búkollu segir: "Tvær sögur eru til skýringar á þessu örnefni. Önnur er sú að birkitré mikið hafi staðið þar og verið blótað í heiðnum síð svo sem síður var. En kristnir menn hafi höggvið tréð. Hin sagan er í Þjóðsögum Jóns Árnasonar og segir frá því að þar hafi bær staðið en tvær kerlingar rifust svo mikið á jólanótt að bærinn sökk.

Heimildir: Ö- Björk, 4

ÁR-422:018 *Blótkelda* heimild

Heimildir: Ö- Björk, 4

ÁR-422:019 *Smalaskáli* örnefni smalakofi

"Austur af Blótbjörk er hæð með stórri þúfu í kalli, það er Smalaskáli," segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 4

ÁR-422:020 *Svarthúfutjörn* álagablettur

"Mýrin suðaustur af bænum, austan við veginn heitir Austurmýri. Í henni, rétt við veginn, er lítil tjörn, vaxin ljósastör, hún heitir Svarthúfutjörn; á henni hvíla þau álög, að ekki má slá hana, þá drepst bezta kýrin í fjósinu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 4

ÁR-422:021 heimild um leið

"Sunnan í henni [Svínavatnshæð], eru götur, sem liggja milli Svínavatns og Bjarkar", segir í

örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 5

ÁR-422:022 heimild

"Frá Farinu liggur garðlag til austurs, sunnan við Blótbjörk, beygir svo til norðurs austan við hana og liggur alla leið upp að Austurviki, vestan undir Svartahrygg. Alls mun garðlag þetta vera nokkuð á annan kílómetra á lengd. Mjög er þetta gamalt mannvirki og engar sagnir hef ég heyrt því tengdar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 5

ÁR-422:023 *Beinagróf* örnefni

"Vestur af honum [Náttmálaás] er löng valllendislaut, er liggur frá norðaustri til suðvesturs, það er Beinagróf", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 5

ÁR-422:024 *Stekkatúnsbrekka* heimild

"Vestan í honum [Austastíás] er gamalt stekkatún, sem er í samnefndri brekku, Stekkatúnsbrekka", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 6

ÁR-422:025 *Bolasteinn* þjóðsaga

"Suður af Lyngdalsmýrum og norðaustur af Langamel eru tvær litlar hæðir, sú eystri er með klapparkast í kolli, en upp á hinni er stór steinn, þetta eru Bolahæðir og Bolasteinn. Su saga er til um þessi nöfn, að einhverju sinni var stúlka frá Björk að smala þarna. Réðist þá að henni mannýgt naut, en hún gat forðað sér upp á steinininn og þar gat tuddi ekki náð til hennar, og beið hún þar unz hjálp kom", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö- Björk, 6

ÁR-422:026 heimild um áveitu

"Friðlýstar fornminjar eru flóðveitugarðlag fornt á Farmýri hjá Blótbjörk", segir í bókollu.

Heimildir: SB III, 128; Friðlýsingaskrá, 76

ÁR-423 Stóraborg

30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð 1708 og 1760 en lénsjörð Grindavíkurprests 1847. Í JÁMr hjáleigan Borgarkot talin með. "Borgarkot, eyðihjáleiga, hefur 4 ár í auðn legið, en var fyrst bygð fyrir tæpum 30 árum á fjárhússtæði." JÁM II 340-41.

1920: Tún 6,6 ha, þar af slétt ca. 1/3. Garðar 885 m². "Bærinn stendur á brekkubrún en túnin að mestu norðan við hann á flötu heiðlendi. Kalhætta er

þar mikil þó áraskipti séu að því. Mýrlendi er suður og vestur af bænum allt til Höskuldslægjar sem ræður mörkum að vestanverðu. Allmikil framræsla og ræktun hefur verið framkvæmd á jörðinni hin síðari ár. Jörðin er vel í sveit sett og var lengst af þingstaður sveitarinnar. Austan til í túninu eru friðlýstar rústir þar sem þingstaðurinn var. Félgsheimilið Borg er í landi jarðarinnar. Kirkja var reist á Stóruborg 1931 en þangað var hún flutt frá Klausturhólum." Sunnlenskar byggðir III, 127.

ÁR-423:001 *Stóraborg* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-423:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-423:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-423:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-423:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-423:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-423:007 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-423:008 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-423:009 *Þinggerði* heimild

"Austan við túnið myndast slakki vestan við Minniborgarbæinn. Norðast og vestast í þeim slakka heitir Þinggerði, þar er hinn forni þingstaður", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Stóraborg, 1

ÁR-423:010 heimild um rétt

"Suðvestan í hólunum, skammt norður af núverandi félagsheimili, eru leifar af gamalli fjárrétt og norður af henni eru hraunklettur, ekki háir, sem heita Grýlubær", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Stóraborg, 1

ÁR-423:011 *Lindin* heimild um vatnsból

"Í túnjaðrinum, vestan við Kinnina, er uppsprettulind, alltaf nefnd Lindin. Þar er vatnsból bæjarins; frá henni rennur lækur vestur í Höskuldslæk, hann heitir Augnlækur. Nú hefur verið grafinn skurður eftir læknum, og er hann því horfinn í sinni upprunalegu mynd", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Stóraborg, 1

ÁR-423:012 *Stekkatún* heimild um stekk

"Mitt á milli þess [Minniborgargil] og Augnlækjar, þar sem tekur að halla vestur að Höskuldslæknum er gamalt Stekkatún. Það var notað fram yfir síðustu aldamót", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Stóraborg, 3

ÁR-423:013 *Gálgagil* örnefni aftökustaður

"Lítinn spöl austur af fossinum [í Höskuldslæknum] er dálítið klettagil í brekkubrúninni sem heitir Gálgagil", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Stóraborg, 3

ÁR-423:014 heimild um fjárhús

"Syðst og vestast á há-Oddsholtinu eru fjárhúsatættur, þar voru fjárhús frá Stóruborg fram um 1940", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Stóraborg, 4

ÁR-423:015 *Fornutættur* heimild

"Dálítið austar í Oddsholtsjaðrinum eru gamlar húsarústir, nefndar Fornutættur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir:

ÁR-424 Foss

36 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

1920: Tún 5,6 ha, þar af slétt ca. ½. Garðar 1116 m². "Land jarðarinnar er vestan Höskuldslækjar gegnt landi Stóruborgar og suðaustan

Biskupstungnabrautar. Nafn jarðarinnar er komið af fossi í Höskuldslæk, um 12 m háum. Mýrlendi er hið næsta læknum en þá tekur heiðlendi við, ofan á hrauni. Sæmilegasta ræktunarland er á Fossi en hraun gægist upp á yfirborðið hér og þar. Öllu landinu hallar lítillega til austurs og suðausturs. Veiðiréttur er í Höskuldslæk. Ekki hefur verið föst búseta á Fossi hin síðari ár en jörðin nýttuð af bóndanum á Stóruborg." Sunnlenskar byggðir III, 129.

ÁR-424:001 *Foss* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-424:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-424:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-424:004 *Móbrún* örnefni mógrafir

"Þetta dý [Hunangsdý] er vestast í mýrarbrún, er liggur þaðan til norðausturs að Höskuldslæk og heitir Móbrún", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 1

ÁR-424:005 stífla

"Þar sem Móbrúnin endar við lækinn er í honum allhár foss. Skammt fyrir ofan fossinn hefir lækurinn einhvertíma verið stíflaður og vatni veitt úr honum til áveitu í skurði, sem liggur upp á Móbrúninni, sér enn móta fyrir þessu mannvirki", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 1

ÁR-424:006 heimild um leið

"Göturnar, sem eru sunnan undir Markaskaganum, beygja fyrir hæðina, sem þúfan stendur á; á Fossi var þetta kallað Hólakotsháaleiti", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 1-2

ÁR-424:007 *Stekkatúnshóll* örnefni stekkur

"Austur af túninu á Fossi er hóll í mýrinni neðan við Móbrúnina, er heitir Stekkatúnshóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 2

ÁR-424:008 *Byrgisrimi* örnefni

"Rétt fyrir neðan túnið er lágt holt, heitir Byrgisrimi, og mýrin þar suður og austur af heitir Dýjamýri", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 2

ÁR-424:009 *Kúatangi* örnefni

"Beint suður af bænum er Kúatangi við lækinn og vestan við hann eru klettur, sem lækurinn beygir fyrir, heitir þar Hrafnshnef", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 2

ÁR-424:010 heimild um fjárhús

"Vestur af Hallinum, skammt vestan við veginn, er fjárhús frá Fossi og lítill Túnblettur hjá því", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 2

ÁR-424:011 heimild um fjárhús

"Dálítinn spöl norðvestur af fjárhúsinu, sem áður er nefnt, er gömul sauðahústóft; stendur hátt á brekkubrún; rétt neðan við tóttina er stór steinn, nefndur Tófusteinn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 3

ÁR-424:012 heimild um leið

"Vestur frá hústóttinni [áður nefnd gömul sauðahústóft norðvestur af fjárhúsinu] liggja götur og alllangan spöl frá tóttinni eru þrívörður", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 3

ÁR-424:013 varða

"Vestur frá hústóttinni liggja götur og alllangan spöl frá tóttinni eru þrívörður", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 3

ÁR-424:014 *Markavarða* örnefni

"Suðvestur af Klofsteinum er varða vestur á Karlhrauninu, er hún nefnd Markavarða", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Foss, 3

ÁR-425 **Klausturhólar**

75 hdr 1847, óviss 1708. "Kirkjustaður annækteraður með Snjáfuglstaða og Búrfellskirkjum. Þessi jörð var af sál. kónginum Fridericho tertio háloflegar minningar gefin til að vera hospital." JÁM II, 342. Í

landi jarðarinnar er ein hjáleiga, Klausturhóla­kot, oftast nefnd Hóla­kot."Klausturhólar er kirkjustaður og var eign kirkjujarðasjóðs, en ábúandinn þar, Magnús Jónsson, sem nú [1923] er þar, keypti jörðina 1916."Ö-Klausturhólar og Hóla­kot, 1Í Landnámu segir að Hallkell, bróðir Ketilbjarnar á Mofelli, er "nam Grímsnes að utanverðu "til landa eðr holmgöngu. Grímur gekk á hól­m við Hallkel undir Hallkelshólum ok fell þar, en Hallkell bjó þar síðan.""Land á jörðin vestur að Hæðarendalæk í Bauluvatn og þaðan upp Lyngdalsheiði til Þrasaborga. [...] Kirkja var í Klausturhólum til 1932 og prestssetur frá 1801-1884. Um 1651 var hér stofnsettur holdsveikraspítali og var hann hér til 1753 er hann var fluttur að Kaldaðarnesi." Sunnlenskar byggðir III, 131. 1840: "Gullsignetshringur steinsettur, eignaður Alexíus eðu[r] Ála, síðarsta ábóta í Viðey, en síðar prestur í K.hólum, fannst í tíð formanns míns í bæjarlæk þeim, er hér verður, í vörn Áli skyldi hafa kastað hönum með ummælum: Að sá skyldi finna hann, sem best hressti við Hóla. En meira meina menn formaður minn sál. hafi hresst sig við í Hólunum en Hólana. Hefi eg heyrt sagt, - og mun það satt -, að hringur þessi hafi farið til sál. biskups Vídalíns, en hvað so er orðið um hann síðan veit eg ekki." Sóknarlýsing Jóns Bachmanns, SSÁ, 170 1920: Tún 6,6 ha, þar af slétt ca. ¾. Garðar 1741 m². "Bærinn stendur á lágum hól við norðausturmörk Grímsneshrauna. Túnin eru suður og vestur af bænum. Neðri hluti landsins er gróíð hraunlendi, kjarr er ekki teljandi. Seyðishólar, miklar brunanámur, eru suður af bænum. Klausturhólaréttir er á vallendisflöt skammt austur af hólunum, umluktar hraunkambi. [...] Landið vestur af bænum er heiðlendi en mýrarsund hið næsta Bauluvatni. Vallendi er hér og þar en ofar móbergs- og klapparásar. Hrólfs­hólar eru þeirra stærstir. [...] Talsverð sumarbústaðabyggð er í landi jarðarinnar." Sunnlenskar byggðir III, 131.

ÁR-425:001 *Klausturhólar* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-425:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-425:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-425:004 *Austurtraðir* heimild um traðir
 "Austur frá hlaðinu liggja traðir, Austurtraðir", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hóla­kot, 2

ÁR-425:005 *Réttin* heimild um rétt
 "Neðan við Gullhól, í mörkum, er Réttin, markar þar fyrir hringmyndaðri hleðslu, og er sagt, að það hafi verið hestarétt fyrir hesta kirkjufólks og annarra gesta á meðan staðið var við í bæ eða kirkju", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hóla­kot, 2

ÁR-425:006 *Framtraðir* heimild um traðir
 "Vestur af Túnhala eru Framtraðir, eftir þeim tröðum eru kýr reknar til lækjarins til að drekka, og um þær er önnur umferð niður fyrir lækinn", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hóla­kot, 3

ÁR-425:007 *Mylluvað* örnefni vað
 "Niður af tröðunum [Framtraðir] er Mylluvað á læknum", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hóla­kot, 3

ÁR-425:008 heimild um myllu
 "Niður af tröðunum [Framtraðir] er Mylluvað á lænum. Vestan við vaðið á læknum var einu sinni kornmylla, sett þar upp af séra Þórði Árnasyni, presti í Klausturhólum, um 1850. Myllan var niðurlögð áður en faðir minn fluttist að Klausturhólum, en tóftin stendur enn á lækjarbakkanum", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hóla­kot, 3

ÁR-425:009 *Goðhólstún* heimild
 "Vestur af Framtröðum er Goðhólstún. Þar er sagt, að goðhús hafi staðið til forna upp á háhólnum austast óg sjúkrahús fyrir holdsveika, að líkindum framan í miðjum hólnum", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hóla­kot, 3

ÁR-425:010 heimild

"Vestur af Framtröðum er Goðhólstún. Þar er sagt, að goðhús hafi staðið til forna upp á háhólnum austast og sjúkrahús fyrir holdsveika, að líkindum framan í miðjum hólnum", segir í örnefnaskrá. Í búkollu segir um sjúkrahúsið: Um 1651 var hér stofnsettur holdsveikraspítali og var hann hér til 1753 er hann var fluttur að Kaldaðarnesi."

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3; SB III, 131.

ÁR-425:011 Grímsleiði heimild um legstað

"Vestan við Goðhólinn vestur við garðinn, er þúfa, sem nefnd er Grímsleiði; á þar að vera heygður Grímur sá, er féll fyrir Hallkeli, er byggði fyrstur Klausturhóla", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

ÁR-425:012 Vesturtraðir örnefni traðir

"Norðan við Goðhólstún liggja Vesturtraðir", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

ÁR-425:013 heimild um lambhús

"Í norðvestur jaðri þess [Vesturtún] standa 3 fjárhús, tvö lambhús samstæð og eitt ærhús austar og ofar" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

ÁR-425:014 heimild um fjárhús

"Í norðvestur jaðri þess standa 3 fjárhús, tvö lambhús samstæð og eitt ærhús austar og ofar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

ÁR-425:015 heimild um legstað

"Þegar ég var barn kom hingað í heimsókn til foreldra minna gamall maður, Brynjólfur frá Sitjanda undir Eyjafjöllum. Hann sagðist hafa verið vinnumaður hér í Klausturhólum, þegar hann var unglingur. Sagði hann, að þá hefði Grímsleiði verið talið vera á balanum milli fjárhúsanna, og er það sennilegri staður en þar sem það nú er talið vera í Goðhólstúni. Hafi Grímur beðið um að jarða sig, "þar sem sól kemur fyrst á og fer seinast", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

ÁR-425:016 Tryppakofi heimild um hesthús

"Austur af Vesturtúni og norður af bænum er Norðurtún. Þar stendur Tryppakofi norður í túnjaðri", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:017 heimild um fjárhús

"Þegar faðir minn flutti að Klausturhólum voru 4 fjárhústóftir í túninu, sem nú hafa verið sléttaðar út. Ein var í norðvesturhorninu á Goðhólstúni, þar er nú hestarétt, [...]"

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:018 heimild um fjárhús

"Þegar faðir minn flutti að Klausturhólum voru 4 fjárhústóftir í túninu, sem nú hafa verið sléttaðar út. Ein var í norðvesturhorninu á Goðhólstúni, þar er nú hestarétt, ein á balanum norðvestast í Túndal og tvær á Tröntunum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:019 heimild um fjárhús

"Þegar faðir minn flutti að Klausturhólum voru 4 fjárhústóftir í túninu, sem nú hafa verið sléttaðar út. Ein var í norðvesturhorninu á Goðhólstúni, þar er nú hestarétt, ein á balanum norðvestast í Túndal og tvær á Tröntunum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:020 heimild um fjárhús

"Þegar faðir minn flutti að Klausturhólum voru 4 fjárhústóftir í túninu, sem nú hafa verið sléttaðar út. Ein var í norðvesturhorninu á Goðhólstúni, þar er nú hestarétt, ein á balanum norðvestast í Túndal og

tvær á Tröntunum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:021 *Veitur* heimild um áveitu

"Niður af túninu og lengra vestur eru vallendisflatir sem nefndar eru Veitur. [...] Hólalæk er veitt yfir veiturnar á vorin til að auka grassprettu á þeim", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:022 *Heimaveita* heimild um áveitu

"Veiturnar heita ýmsum nöfnum; þau eru þessi: Heimaveita, niður af Hundakrök og austur af Barði og Tínhala, niður að læknum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:023 *Hraunkotsveita* heimild um áveitu

"Hraunkotsveita heitir framan við lækinn á móti Heimaveitu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:024 heimild um leið

"Hraunkotsveita mun bera nafn af því, að um hana lágu göturnar að bænum Hraunkoti áður fyrr", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

ÁR-425:025 *Grímstóft* heimild um býli

"Í hraunbrúninni, suðaustan við Hraunkotsveitu, í mörkum milli Klausturhóla og Hólakots, er Grímstóft. Þar hafði einu sinni verið tómthúsbyli, og er talið, að það hafi verið í byggð fram undir aldamótin 1700", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4-5

ÁR-425:026 *Mylluveita* örnefni mylla

"Mylluveita nefnist fyrir framan lækinn á móti Undirlendi, en Tjarnartangar þar vestur af báðumegin við lækinn, nema heimasti krikinn fyrir ofan lækinn, sem skagar lengst upp í svonefndan Stöðul, heitir Litlatjörn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

ÁR-425:027 *Mylluveita* örnefni áveita

"Mylluveita nefnist fyrir framan lækinn á móti Undirlendi, en Tjarnartangar þar vestur af báðumegin við lækinn, nema heimasti krikinn fyrir ofan lækinn, sem skagar lengst upp í svonefndan Stöðul, heitir Litlatjörn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

ÁR-425:028 *Kýrvað* heimild um vað

"Vað er á læknum fram undan Stöðli, þar sem aðskiljast Mylluveita og Tjarnartangar, það heitir Kýrvað", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

ÁR-425:029 *Lambhúshóll* heimild um lambhús

"Hái balinn vestur á túninu er kallaður Lambhúshóll, þar stóð lambhús, sem var niðurlagt 1908-1910", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

ÁR-425:030 heimild um hrútakofa

"Hrútakofi stendur í túninu norðan við Snúð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

ÁR-425:031 heimild um rétt

"Austast í túninu er laut, þar stendur fjárrétt, lautin er nefnd Réttarlaut", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

ÁR-425:032 *Hólakotsstíflur* örnefni

"Fram undan suðurhorni Snúðs eru hlöð á læknum, nefnd Hólakotsstíflur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

ÁR-425:033 *Heimaveita* örnefni áveita

"Fyrir vestan bæinn í Hólakoti og heiman lækinn er vallendisflöt, sem kölluð er Heimaveita, en sunnan við lækinn Borgarkrókur, um hann lágu áður göturnar til Borgarbæjanna", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5-6

ÁR-425:034 heimild um leið

"Fyrir vestan bæinn í Hólakoti og heiman lækinn er vallendisflöt, sem kölluð er Heimaveita, en sunnan við lækinn Borgarkrókur, um hann lágu áður göturnar til Borgarbæjanna", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5-6

ÁR-425:035 *Vargakjafur* heimild um bústað

"Austur af Borgarkrók er gróið móabýfi og sést þar vel fyrir nokkrum tóftarbrotum, þarna heitir Vargakjafur, þar hafði áður fyrir löngu verið býli með þessu nafni, líklega grasnytjalaus", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 6

ÁR-425:036 *Grímstóft* heimild um býli

"Vestur af Borgarkrók eru aðrar tóftir. Þar hafði verið annað tómthúsbyli, en seinna hét það Grímstóft og heitir enn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 6

ÁR-425:037 *Gvendargil* örnefni

"Austur í mýrinni [Hólakotsmýri], upp við heiðina, er þríhyrnd mýrarspilda, Engjatunga, er hún aðskilin frá öðrum hlutum mýrarinnar með tveim lækjum, rennur annar suðvestan við mýrina og heitir þar Engjatungulækur. Gvendargil er hann kallaður upp í heiðinni fyrir ofan", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 6

ÁR-425:038 *Hólakotsstekkatún* heimild um stekk

"Rennur hann [Markalækur] í Höskuldslæk suðaustur af Stekkatúnsskaga, sem er vestan við lækinn og eitt af þrem hornum, sem skaga austur í mýrina. Nyssta gornið heitir Skagahorn, það sem er í miðið, Stekkatúnsskagi. Rétt norðan undir því eru gamlar stekkatúnstóftir, þar er nefnt Hólakotsstekkatún eða Stekkatúnspýfi, syðsta skagahornið heitir Markaskagi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

ÁR-425:039 *Byrgishólar* örnefni

"Vestur af Markaskaga liggur hæð til vesturs og heitir Háaleiti. Nær það vestur að svonefndum Byrgishólum, sem eru grjóthólar við hornið, þar sem hæðin vinkilbeygist til suðurs og heitir þá Gjáarhlíð, nær hún alla leið suður í Fossland", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

ÁR-425:040 heimild um fjárhús

"Norðan við Háaleiti er fjárhús frá Hólakoti og annað norðar, heim undir áðurnefndum Borgarkrók", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

ÁR-425:042 heimild um fjárhús

"Norðan við Háaleiti er fjárhús frá Hólakoti og annað norðar, heim undir áðurnefndum Borgarkrók", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

ÁR-425:043 *Stóragerði* heimild

"Fram undan bænum í Klausturhólum liggja vallendisflatir fram í hraunið og heita Gerðisflatir, liggja þær fram að Hólaréttum, það eru aðalréttir Grímsnesinga. Eru þar 2 fjárgerði, Stóragerði, sem safnið er látið liggja í nóttina fyrir réttina, hitt Litlagerði, notað fyrir féð réttardaginn. Það er aðskilið frá Stóragerði með grjótvegg og liggur nær almenning og dilkum. Réttirnar eru allar hlaðnar úr grjóti..

Út frá almenningum, til beggja hliða, liggja 21 fjárdilkur" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

ÁR-425:043 *Litlagerði* heimild

"Fram undan bænum í Klausturhólum liggja vallendisflatir fram í hraunið og heita Gerðisflatir, liggja þær fram að Hólaréttum, það eru aðalréttir Grímsnesinga. Eru þar 2 fjárgerði, Stóragerði, sem safnið er látið liggja í nóttina fyrir réttina, hitt Litlagerði, notað fyrir féð réttardaginn. Það er aðskilið frá Stóragerði með grjótsvegg og liggur nær almenning og dilkum. Réttirnar eru allar hlaðnar úr grjóti.. Út frá almenningum, til beggja hliða, liggja 21 fjárdilkur" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

ÁR-425:044 *Arahús* heimild um fjárhús

"Hraunið vestan undir Klofsteinum heitir Karthraun. Vestnorðan í því er fjárhús frá Klausturhólum, nefnt Arahús, var það fyrst notað frá Hólakoti, en lagt niður 1896, en byggt aftur upp frá Klausturhólum 1920 og notað þaðan", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 8

ÁR-425:045 varða

"Landmælingamennirnir dönsku settu merki á Seyðishólinn, þegar þeir mældu Grímsnesið skömmu eftir aldamótin 1900. Klöppuðu þeir þar hól í stein og ráku í hana bolta merktan "G.S." (General Staben). Hlóðu þeir svo vörðu á hólnum og settu steininn neðst í hana", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 8

ÁR-425:046 *Kerhólshús* heimild um fjárhús

"Vestan undir Kerhól, fast upp við hólinn, er Grátsteinn, stendur hann við götu heim að fjárhúsi, sem er framan undir hólnum, er það hús nefnt Kerhólshús" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

ÁR-425:047 *Kýrvarða* varða

"Kýrvarða heitir varða, sem er dálítið fyrir framan Kerhól, stendur hún fremst á hæðarbrún, er skagar fram úr hólnum" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

ÁR-425:049 varða

"Fyrir sunnan Kerhól eru tveir hellar, Geitahellir rétt fyrir framan hólinn. Er hann svo sem 80-100 mtr. frá vörðu sem er við hólinn að framan í stefnu á Fossbæinn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

ÁR-425:050 varða

"Fyrir sunnan Hólahelli er hæð með vörðu á, heitir sú hæð Árnahreysi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

ÁR-425:051 heimild um leið

"Fossleiti er hæð vestar í hrauninu; framan undir því eru krossgötur, kirkjugatan frá Vaðnesi að Klausturhólum, sem liggur norður og suður. Þvert yfir hana liggur gata af þjóðveginum á Vatnskarsheiði og austur að Hraunkoti og Mýrarkoti", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

ÁR-425:052 heimild um leið

"Fossleiti er hæð vestar í hrauninu; framan undir því eru krossgötur, kirkjugatan frá Vaðnesi að Klausturhólum, sem liggur norður og suður. Þvert yfir hana liggur gata af þjóðveginum á Vatnskarsheiði og austur að Hraunkoti og Mýrarkoti", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

ÁR-425:053 *Munkasetur* örnefni

"Munkasetur heitir hæðarbrúnn skammt norðaustur af austurenda Markabrekknahús", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

ÁR-425:054 *Markabrekknahús* heimild um fjárhús

"Upp af vesturenda Markabrekknahús eru fjárhústóftir, þar voru lengi og fram að árinu 1922 fjárhús frá Klausturhólum og nefnd Markabrekknahús" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9-10

ÁR-425:055 *Kristinsskurður* heimild

"Austan undir Kálfshólum er skurður, nefndur Kristinsskurður. Veitti ábúandi Miðengis, um 1890, er Kristinn hét, vatni í þeim skurði úr Hæðarendalæk og heim að Miðengistúni, en ábúandi Klausturhóla fékk skóg úr Miðengislandi í staðinn fyrir vatnið og jarðraskið. Kristinsstífla er og nefnd þar sem skurðurinn er tekinn úr læknum" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

ÁR-425:056 *Kristinsstífla* heimild

"Austan undir Kálfshólum er skurður, nefndur Kristinsskurður. Veitti ábúandi Miðengis, um 1890, er Kristinn hét, vatni í þeim skurði úr Hæðarendalæk og heim að Miðengistúni, en ábúandi Klausturhóla fékk skóg úr Miðengislandi í staðinn fyrir vatnið og jarðraskið. Kristinsstífla er og nefnd þar sem skurðurinn er tekinn úr læknum" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

ÁR-425:057 *Tjaldflötheimild*

"Norðan undir Hólatöglum og Seyðishól er mýri, Hæðarendamýri. Framan við hana er vallendisflöt, er heitir Tjaldflöt. Sennilega ber hún nafn af því, að þar hafi ferðamenn oft tjaldað og áð, því vegurinn úr Laugardal og ofanverðu Grímsnesi lá þar um, þegar farið var til Eyrarbakka og í verstöðvarnar utan Ölfusár: Þorlákshöfn, Selvog og Herdísarvík, en um eitt skeið sóttu menn úr þessum sveitum mikið útræði í þessar verstöðvar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

ÁR-425:058 heimild um leið

"Norðan undir Hólatöglum og Seyðishól er mýri, Hæðarendamýri. Framan við hana er vallendisflöt, er heitir Tjaldflöt. Sennilega ber hún nafn af því, að þar hafi ferðamenn oft tjaldað og áð, því vegurinn úr Laugardal og ofanverðu Grímsnesi lá þar um, þegar farið var til Eyrarbakka og í verstöðvarnar utan Ölfusár: Þorlákshöfn, Selvog og Herdísarvík, en um eitt skeið sóttu menn úr þessum sveitum mikið útræði í þessar verstöðvar. Hefir því vegurinn um Tjaldflöt verið mikið farinn, minnsta kosti um lokin (11. maí), þegar frá hverjum bæ var farin "lokaferð" eftir skreið og öðru fiskmeti", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

ÁR-425:059 *Miðengisgata* heimild um leið

"Með Beizlisholti liggur Miðengisgata", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

ÁR-425:060 *Vörzlur* heimild um vatnsból

"[...] vestan við Harðavallarmýri eru Vörzlur. Þaðan er veitt vatni heim að Klaustur hólum með vatnshrút, er vegalengdin rúmir 600 metrar" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11

ÁR-425:061 heimild um rétt

"Norðan undir túninu í Klausturhólum er mishæðótt hraun, Bæjarhraun. Fjárrétt er í því, austur af áðurnefndum Túndal. Þar í hrauninu voru áður fyrr aðalréttir Grímsnesinga, og má enn sjá þar fyrir dilkum út frá aðalréttinni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11

ÁR-425:062 laug

"Austan við Efri-Rauðhólsflöt, norðan undir Bæjarhrauni, eru laugar, þær eru ca. 34° heitar, þar er baðað sauðfé frá Klausturhólum og næstu bæjum í sundbaðkeri", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11

ÁR-425:063 *Aftanköld* heimild um bústað

"Fyrir austan laugarnar, en nyrzt í Bæjarhrauni að austan, er Aftanköld. Er sagt, að þar hafi einhverntíma verið bær með því nafni, sjást þar tóftir og tústæði og garðsbrot í kring", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11

ÁR-425:064 *Skollavöllur* heimild um mógrafir

"Austan undir tungunni, sem er milli þeirra gilja [Fremsta-Gil og Efra-Gil] - en norðan undir Aftanköld - er vallendiskennur mýrarblettur, sem heitir Skollavöllur. Þar er mótak frá Hólakoti og þar var

einnig tekinn mór (svörður) frá Klausturhólum fram til ársins 1898", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11-12

ÁR-425:065 *Móvað* heimild um vað

"Móvað heitir vaðið á læknum milli Aftankaldar og Skollavallar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 12

ÁR-425:066 *Laugarmýraborg* heimild um fjárskýli

"Uppi í mýrinni, þar sem lækurinn, sem kemur úr Skollagili, og Efra-Gil koma saman, er Laugarmýraborg. Það er kringlótt rúst, sem sagt er, að hafi verið fjárborg. Auðsjáanlega er þar gamalt mannvirki", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 12

ÁR-425:067 heimild um mógrafir

"Vestnorðan við Laugarmýraborgina eru tvö gil, sem smálækir renna eftir, heitir eystra gilið Fossgil. Við botninn á því að norðan, þar sem fossinn er, er tekinn mór frá Klausturhólum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 12

ÁR-425:068 *Stekkjartún* heimild um stekk

"Oddinn milli giljanna [Fossgil og Stekkjartúnsgil] er nefndur Giljatunga, en vestan við Stekkjartúnsgil er Stekkjartún. Það er gróðurmikill, þýfður vallendisblettur. Stekkjartóftir eru í suðausturhorninu á Stekkjartúnshlíðinni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 12

ÁR-425:069 *Kotselsás* heimild um sel

"Austur af Brennimýri er há heiði, sem heitir Kotselsás, framan undir honum er Sléttuheiði", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 13

ÁR-425:070 *Dalmannaflöt* heimild

"Í krikanum norðaustur af Laugarmýri, en neðan undir Kotselsás, er Dalmannaflöt. Þar lá um sami vegurinn og áður er minnst á, að hefði legið um Tjaldflöt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 13

ÁR-425:071 *Selmýri* heimild um sel

"Vestur af Langamel er hálend mýri, Selmýri. Vestur af henni er Selkelda, munu mýrar þessar draga nafn af seli, sem hefir verið norðan við Selkeldu, austast. Sést þar enn þá vel móta fyrir tóftum framan í hól og kvíum eða rétt uppi á honum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 13

ÁR-425:072 *Borgin* heimild um fjárskýli

"Mýrin sunnan við Skolalæk og meðfram Ásnum heitir Ásmýri, nær hún vestur að mjóu holti, sem liggur norður frá Ásnum og norður undir Skolalæk, heitir það holt Borgarholt. Mótar enn vel fyrir kringlóttu hleðslu á miðju holtinu, er það alltaf nefnt Borgin; er sagt, að þar hafi verið fjárborg", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 13

ÁR-425:073 *Gálginn* heimild um aftökustað

"Þar suðvestur af eru tveir hólar, heitir sá eystri og sem er stærri Strokkhóll, hinn er oft nefndur Litli-Strokkhóll eða Vestri-Strokkhóll. Nokkru vestar, austan við Lyngbrekkur, sem áður eru nefndar, er Gálgagil. [...] Gálgagil er hamragil á parti og eiga þar að haf verið hengdir óbótamenn áður fyrr. Er skora inn í bergið í giliinu að norðanverðu og er kölluð Gálginn.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 15

ÁR-425:074 *Gálgagilþjóðsaga*

"Heyrði ég talað um það, er ég var ungur, að reimt væri í giliinu [Gálgagil]", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 15

ÁR-425:075 *Gamla-Stekkatún* heimild um stekk

"Norðantil á móti Sandhól, vestan lækjarins, er Gamla-Stekkatún. Þar er lítil fjárrétt og stekkur, hlaðið

úr grjóti", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 16

ÁR-425:076 *Stríðsflötur* Þjóðsaga

"Suðvestan undir þeim [Þrasaborgir] er flöt, sem heitir Stríðsflötur", segir í örnefnaskrá. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir: "Efst upp á Lyngdalsheiði standa hólar nokkrir háir mjög og hallar heiðinni út frá þeim á alla vegu. Hólar þessir heita Þrasaborgir og er mælt að þeir sem land áttu að heiðinni hafi þar barizt á fleti þeim er liggur vestan undir hólunum og Stríðsflötur heitir. Þar voru þeir bóndinn frá Efra-Apavatni, Klausturhólum, Búrfelli og Efribrú og unnu þeir sigur á bændunum frá Neðra-Apavatni, Björk, Neðribrú og Kaldárhöfða. Nú eiga hinir síðartöldu bærir ekkert land að Þrasaborgum, heldur hinir, og á það að hafa haldizt frá þeim tíma sem þessi bardagi var."

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 16 og Þjóðsögur J.Á. II, 83.

ÁR-425:077

840: "Gullsignetshringur steinsettur, eignaður Alexíus eðu[r] Ála, síðarsta ábóta í Viðey, en síðar prestur í K.hólum, fannst í tíð formanns míns í bæjarlæk þeim, er hér verður, í vörn Áli skyldi hafa kastað hönum með ummælum: Að sá skyldi finna hann, sem best hressti við Hóla. En meira meina menn formaður minn sál. hafi hresst sig við í Hólunum en Hólana. Hefi eg heyrt sagt, - og mun það satt -, að hringur þessi hafi farið til sál. biskups Vídalíns, en hvað so er orðið um hann síðan veit eg ekki." Sóknarlýsing Jóns Bachmanns, SSÁ, 170

Heimildir:

ÁR-425:078 *Geitahellir* örnefni

"Fyrir sunnan Kerhól eru tveir hellar, Geitahellir rétt fyrir framan hólinn. Er hann svo sem 80-100 mtr. frá vörðu sem er við hólinn að framan í stefnu á Fossbæinn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

ÁR-426 **Hólakot**

Hjáleiga frá Klausturhólum. Kölluð Klausturhólakot JÁM II, 343. Nú Hallkelshólar.

1920: Tún 2,6 ha, þar af slétt um 6/7. Garðar 900 m². "Túnin eru að mestu norðaustur af bænum, austan við lækinn, og halla til suðurs. Ofan við túnin tekur við sléttlent heiðlendi upp til Langamels. Austasti hluti landsins er mýrlendi. Suður af bænum er gróið hraunlendi." Sunnlenskar byggðir III, 130þ

ÁR-426:001 *Hólakot* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-426:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-427 **Hæðarendi**

16 hdr. 1708, 1847. Bændaeign. "Hægendi (in plurali) heitir jörðin í gömlum brjefum. Og Hægende kalla hana ennnú menn almennilega." JÁM. II, 343.

1920: Tún 3,5 ha, þar af slétt um 1/3. Garðar 1161 m². "Bærinn stendur suðaustan í allstórum móbergsás, Skyggni. Gamla túnið var vestur frá bænum og nýrri tún eru vestar í hrauninu, nokkuð dreifð því víða kreppir hraunlendi að. [...] Beðri hluti landsins er gróið hraunlendi með móum og mýrarsundum. Einn brunahóll er í landinu, Selhóll. Efri hluti landsins teygir sig upp eftir Lyngdalsheiði. Þar er heiðlendi með valllendisflötum og klapparhólum." Sunnlenskar byggðir III, 132.

ÁR-427:001 *Hæðarendi* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-427:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-427:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-427:004 *Gvendarbrunnur* heimild um brunn

"Sunnan við veginn [Búrfellsvegur], norðaustan við Gvendarmýrina, er Gvendarbrunnur. Það er uppsprettulind, hlaðin að innan með grjóti, vafalaust fornt mannvirki. Frá Gvendarbrunni rennur Gvendarlækur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hæðarendi

ÁR-427:005 heimild

"Þar sem Hæðarendalækur rennur fast norðan við Kálfshóla er í honum dálítill foss, Fossvallafoss. Vestan við hann er sléttlendi, er heitir Fossvellir. Skammt vestar er annar foss í læknum, Heydalafoss. Vestan við hann, norðan megin, stóð Fossvallarjómabú", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hæðarendi, 1-2

ÁR-427:006 *Sigurðartættur* heimild

"Austan við Berjaholtalækinn og sunnan við Búrfellsveginn er lítill Túnblettur, Guðnatún, kennt við Guðna Guðmundsson, er áður bjó á Hæðarenda. Dálítið austur af því er fjárhús, byggt þar fyrir nokkrum árum í gömlum tóttum, þær hétu Sigurðartættur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hæðarendi, 2

ÁR-427:007 *Sel* heimild um sel

"Norðvestur af Skyggni er Selhóll, stór Gjallhóll með gígskál í kolli. Mitt á milli Skyggis og Selhóls er Sel. Þar sér móra fyrir gömlum tóttum neðan undir hárri brekku, Selbrekka", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hæðarendi, 2

ÁR-427:008 heimild um leið

"Dálitinn spotta fyrir norðan Búrfellsveginn, austan við Berjaholtalækinn, eru Prestbrekkur. Neðan undir þeim eru gamlar ferðamannagötur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hæðarendi, 2

ÁR-427:009 heimild

"Sunnan í Selhól eru tveir hellisskútar og vestan í honum er einnig hellir. Þar sér fyrir grjóthleðslu við hellisopið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hæðarendi, 2

ÁR-427:010 heimild um leið

"Norðaustur af norðurenda Svínholts er allstór vallendisflöt, Höskuldarflöt. Um hana liggja gamlar ferðamannagötur vestur í Búrfellsdal", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hæðarendi, 3

ÁR-427:011 *Gálgagil* örnefni aftökustaður

"Syðst í þeim [Lyngbrekkur] er strýtumyndaður hóll, Níphóll, sunnanundir honum er Níphólsflöt og sunnan við hana rennur Hrólfgil, sem þarna heitir Gálgagil", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hæðarendi, 3

ÁR-428 **Búrfell**

47 hdr., 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. "Kirkjustaður annecteraður með Snjáfuglsstaða og Klausturhóla kirkjum" JÁM II, 353. 18.6.1564 bera Helgi Jónsson og Sölvör Pétursdóttir vitni um landamerki Efríbrúar: "Enn sudur fra Bru ofan j Markargil og sionhending j lækinn fyrir nedan Liosafoss og burt v adurgreindu Markargile sionhending vppi Burfellsfiall. So og j austurætt. halfann Burfellsdal. og sionhending af sama dal j Þrasaborger." DI XIV, 269-70. Tvær hjáleigur taldar með í landi jarðarinnar 1708; Suðurhjáleiga og Vesturhjáleiga. Ennfremur segir frá Búrfellskoti sem stóð 300 metra suður frá Búrfellsbæ og var búið þar fram yfir 1920. Ö-Búrfell, 3 (1995). "Landamerki Búrfells eru þannig samkvæmt landamerkjaskrá frá 20. okt. 1884: Úr þúfu í Þrengslás (sem skal endurbyggjast) bein stefna norður í há-Grensás og áframhaldandi bein stefna í stein þann, sem stendur á Nónhólataglinu, svo í klett þann, sem stendur austan undir Tjarnarhólum og nefndur er "Hestur", þaðan í Gildruhólinn, svo í Hnífhól, þaðan bein stefna um Sauðadalinn í Gilfarveg, sem liggur niður úr Búrfellsfjalli úr vatninu á Vatnsásnum. Úr Vatnsásnum áframhaldandi bein stefna í vestari Gílklofann, sem liggur ofan úr norðari Búrfellsfjallsenda vestur að austari brún á Búrfellshálsi, þaðan yfir Búrfellsdal upp eftir Lyngdalsheiði. Klapparhólinn við efri Beinugrófarenda og þaðan í Þrasaborgir, þaðan aftur til suðurs í Markagil, sem liggur vestan við Lyngbrekku, þaðan bein stefna í norðurendann á Grænugróf, svo eftir miðri Grænugróf og þaðan í Berjaholtalæk, svo ræður hann til Búrfellslækjar,

svo ræður hann (Búrfellslækur) til áður nefnds Þrengslaáss. Hér að auki tilheyrir jörð þessari svokallaður Hólmi fyrir sunnan Búrfellslæk, sem er afmarkaður í suðursíðuna með gömlum lækjarfarvegi." Ö-Búrfell, 1-2."Jörðin er landnámsjörð Gríms þess er sveitin ber nafn af. Fluttist hann þangað eftir fjögurra vetra búsetu í Öndverðarnesi." Sunnlenskar byggðir III, 133. Nú skiptist jörðin í Búrfell I, II og III. Tvíbýlt frá 1939 en þríbýlt frá 1963. Sunnlenskar byggðir III, 133-135.

Ekkert ártal á túnakorti. Tún 10,8 ha. Garðar: 1563 m². Búrfellsskot 1920: Tún 1,8 ha, þar af slétt um ¼. Garðar 676 m².

"Neðsti hluti jarðarinnar er þurrlendir móar með klapparásam. Síðan taka við mýrar inn með fjallinu en melar og vallendisbrekkur ganga upp í fjallið. Þá eru heiðalönd með grámosaþufum og minnkar gróður eftir því sem ofar dregur í Lyngdalsheiðinni. Nokkur gróður er utan í hlíðum Búrfells en lítill hið efra. Efst á fellinu er stöðuvatn, gamall sporöskjulagaður gígur. Bærinn stendur upp við fjallið sem skýlir fyrir norðanátt." Sunnlenskar byggðir III, 133.

ÁR-428:001 *Búrfell* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort

ÁR-428:002 heimild um kirkju
Heimildir: Túnakort

ÁR-428:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort

ÁR-428:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort

ÁR-428:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort

ÁR-428:006 *Traðir* heimild um traðir
"Tvær heimreiðar voru að bænum, bæði að austan og vestan. Voru kallaðar Traðir eða Vesturtraðir að vestan, en að austan voru götutroðningar, sem úr varð vagnbraut síðar", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Búrfell, 2

ÁR-428:007 heimild um leið
"Tvær heimreiðar voru að bænum, bæði að austan og vestan. Voru kallaðar Traðir eða Vesturtraðir að vestan, en að austan voru götutroðningar, sem úr varð vagnbraut síðar", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Búrfell, 2

ÁR-428:008 *Lambhústún* heimild um lambhús
"Þegar kom inn úr hliði að vestan, var farið yfir Bæjarlæk. Á vinstri hönd voru lambhús, og túnið þar hét Lambhústún", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Búrfell, 2

ÁR-428:009 *Gamligarður* heimild
"Fyrir ofan Löngulág, á Upptúni, var Gamligarður, gamall heygarður", segir í örnefnaskrá frá 1981. Öllu ítarlegri lýsing er í annarri skrá frá 1995 og hljóðar svo: "Allmiklir varnargarðar hafa einhvern tíma verið hlaðnir ofan við túnið, bæði ofan við Skriðuflatar og eins að austanverðu til að hindra aurskriður á túnið. Skammt norðan og austan við bæinn er allmikill hóll, sem hét Gamligarður. Um 1930 sást vel móta fyrir mörgum tóftum og stórum heygarði; höfðu þar verið allt að 10 hey hlið við hlið, svo og fjós og hesthús."
Heimildir: Ö-Búrfell, 3 (1981); Ö-Búrfell, 2 (1995)

ÁR-428:010 heimild um hesthús
"Fyrir ofan Löngulág, á Upptúni, var Gamligarður, gamall heygarður. Þar voru höfð hesthús", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Búrfell, 3

ÁR-428:011 *Fjárhústún* örnefni
"Bæjarlækur var milli Skriðuflata og Fjárhústúns. Fyrir neðan Fjárhústún hét Bæjarmýri", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 3

ÁR-428:012 *Veitan* örnefni

"Fram (=suður) af Lindarhaus var Veitan, mjög blaut með dýjum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 3

ÁR-428:013 heimild um túngarð

"Gamall túngarður var um túnið, en girðing náði lengra", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 3

ÁR-428:014 heimild um rétt

"Gamall túngarður var um túnið, en girðing náði lengra. Fyrir austan gamla túngarðinn var rétt. Fyrir ofan og vestan réttina var kallaður Harðhaus", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 3-4

ÁR-428:015 *Harðhaus* þjóðsaga

"Gamall túngarður var um túnið, en girðing náði lengra. Fyrir austan gamla túngarðinn var rétt. Fyrir ofan og vestan réttina var kallaður Harðhaus. Hann var austast í Brekkunni, seinsprottinn og vont að slá hann. Þar var gróið upp úr skriðu. Munnmæli voru um Harðhaus, að aldrei mætti slá hann fyrr en síðastan, annars kæmi rigning", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 4

ÁR-428:016 *Nátthagi* örnefni

"Niður frá réttinni var Nátthagi innan girðingar. Þar var vallendisgróður, sléttur og börð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 4

ÁR-428:017 heimild um kvíar

"Kvíar voru í Nátthaga, einnig á Fjárhústúni (færikvíar). Síðast var fært frá 1925, en hafði þá ekki verið gert reglulega síðurst árin", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 4

ÁR-428:018 heimild um kvíar

"Kvíar voru í Nátthaga, einnig á Fjárhústúni (færikvíar). Síðast var fært frá 1925, en hafði þá ekki verið gert reglulega síðustu árin", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 4

ÁR-428:019 heimild um fjárhús

"Fram (=suður) af Nónhólum voru kallaðir Ásar, börð og móar. Þar var beitiland frá Búrfellskoti. Í Ásunum var sauðahús frá Búrfelli, og var látið liggja þar við opið. Talsvert stórgrýti er í Ásunum og gott skjól fyrir sauði", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 6

ÁR-428:020 *Veita* örnefni

"Búrfellskotslækur, í daglegu tali Kotslækur rann með landi Búrfellskots. Strengur og Búrfellslækur, sem er sami lækur og Bæjarlækur, sameinast alveg við landamerki Búrfellskots, og heitir lækurinn þá Kotslækur, meðfram landi kotsins. Kölluð var Veita þar, sem lá að læknum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 6

ÁR-428:021 *Efravað* heimild um vað

"Á Stóralæk voru tvö vöð. Efravað er fast við, þar sem Engjalækur rennur í hann, en Fremravað fyrir framan Þverstokk", segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum er Efravað einnig nefnt Brúnsvað.

Heimildir: Ö-Búrfell, 7; Ö-Búrfell aths., 1

ÁR-428:022 *Fremravað* heimild um vað

"Á Stóralæk voru tvö vöð. Efravað er fast við, þar sem Engjalækur rennur í hann, en Fremravað fyrir framan Þverstokk", segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum er Fremravað einnig nefnt Kirkjuvað.

Heimildir: Ö-Búrfell, 7; Ö-Búrfell aths., 1

ÁR-428:023 *Skál* Þjóðsaga

Í örnefnaskrá segir: "Gengið er nú til suðurs frá vatninu [nafnlaust vatn uppi á Vatnsásnum] og niður skriður hjá Skálarhbjúk og niður í Skál. Þá er farið fyrir kjaftinn á Hrafnagili. Skálin er nokkuð stórt svæði, mosabembur, lyng og graslendi. Um hana er eftirfarandi saga, sem gerðist, þegar Jón Sigurðsson, fóstri Geirrúnar, var barn á Búrfelli, eða jafnvel áður en hann kom þangað: Eitt sinn dreymir fóstur Jóns, sem Guðrún hét, að til hennar kemur kona, sem biður hana að hætta að láta reka kýrnar í Skálina, því að það fari svo mikið rusl í mjólkina hjá sér. En það var venja á Búrfelli að reka kýrnar upp í Skál. Um þetta var ekki skeytt, og dreymir Guðrúnu sama draum aftur og í þriðja sinn. Segir þá draumkonan eitthvað á þessa leið: "Taktu til greina orð mín, og hætta að láta reka kýrnar í Skálina. Í staðinn skal ég launa með því, að aldrei þurfi að leita að kúm hjá ykkur." Nú var hætt að reka kýrnar í Skálina. Þurfti aldrei að leita að kúm á Búrfelli, þegar Geirrún [heimildamaður] átti þar heima, þær komu alltaf á sama tíma heim að hliði, eins og væru þær reknar."

Heimildir: Ö-Búrfell, 8-9

ÁR-428:024 *Stekkur* heimild um stekk

"Austan Þjófagilja er Stekkjarlækur, sem rennur um Stekkjargil. Austan við lækinn var Stekkur. Þar var stíað, þegar Geirrún var barn", segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum segir um Stekkinn: "Þar sést vel móta fyrir hleðslum."

Heimildir: Ö-Búrfell, 9-10; Ö-Búrfell, aths.1

ÁR-428:025 *Selrimi* heimild um sel

"Nú eru lengi vel engin örnefni í fjallinu, en taka við melar og moldarbörð. Selflatir koma ofan frá fjallinu, nokkuð langt innarn við Stekk. Það eru afhallandi sléttur, uppgróin skriða. Talinn var klukkustundar lestagangur heiman frá Búrfelli inn á Selflatir. Næst austan við Selflatir er Selrimi. Þar var stórþýfi, sem munu hafa verið uppgrónar seltættur. Þar var allt vafið í grasi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 10

ÁR-428:026 *Stöðlarnir* heimild um kvíar

"Austan við kirkjugarðinn er bali, sem nær svo sem 100 m suður frá tröðum og heitir Snúður. Þar litlu austar var túngarður, sem náði ofan úr fjalli og niður í Kotslæk. Er sá garður nú löngu sléttaður út og túnið fært austur; voru þar móar og flatir, sem hétu Stöðlarnir, og var þar málnytupeningur mjaltaður, svo sem nafnið ber með sér. Nú er þar allt sléttað og ræktað og ekkert örnefni sjáanlegt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 1-2 (1995)

ÁR-428:027 *Lambhúshóll* heimild um lambhús

"Gamlar traðir lágu vestur úr túninu meðfram lind vestan við Lindarhaus. Slétt vallendisflöt er vestan lindar og nær að Bæjarlæk í vestur, og nær í suður að lækjarmótunum; heitir Lindarflöt. Ofan við veginn var lambhús á hól, sem hét Lambhúshóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 2 (1995)

ÁR-428:028 *Völvuleiði* örnefni

"Túnbrekkan austur af Skriðuflötum er örnefnalaus, en smáhóll, svo sem stórt leiði, var vestarlega í brekkunni og hét Völvuleiði. Þetta reyndist, þegar sléttað var, malarðyngja, sem líklegt er, að hafi verið borin saman, þegar túnið hefur verið hreinsað af malarburði, sem borizt hefur á túnið ofan úr fjalli", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 2 (1995)

ÁR-428:029 *Búrfellskot* heimild um býli

"Búrfellskot hét býli, sem stóð sunnan við Kotslæk um 300 m suður frá Búrfellsbæ. Var þar búið fram yfir 1920. Næst læknum og suður með honum voru vallendisflatir og nokkurt votlendi, sem hét Kotsveita. Þar sá lengi vel fyrir smáveggjahleðslu þvert á veituna. Þar hefur verið áveita úr Kotslæk. Önnur örnefni eru ekki þekkt í Búrfellskotstúni. Í bæjarrústum voru reist fjárhús, kölluð Kotshús, sem enn standa þar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 3 (1995)

ÁR-428:030 *Kotsveita* heimild

"Búrfellskot hét býli, sem stóð sunnan við Kotslæk um 300 m suður frá Búrfellsbæ. Var þar búið fram yfir 1920. Næst læknum og suður með honum voru vallendisflatir og nokkurt votlendi, sem hét

Kotsveita. Þar sá lengi vel fyrir smáveggjahleðslu þvert á veituna. Þar hefur verið áveita úr Kotslæk. Önnur örnefni eru ekki þekkt í Búrfellskotstúni. Í bæjarrústum voru reist fjárhús, kölluð Kotshús, sem enn standa þar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 3 (1995)

ÁR-428:031 *Kotshús* heimild um fjárhús

"Búrfellskot hét býli, sem stóð sunnan við Kotslæk um 300 m suður frá Búrfellsbæ. Var þar búið fram yfir 1920. Næst læknum og suður með honum voru vallendisflatir og nokkurt votlendi, sem hét Kotsveita. Þar sá lengi vel fyrir smáveggjahleðslu þvert á veituna. Þar hefur verið áveita úr Kotslæk. Önnur örnefni eru ekki þekkt í Búrfellskotstúni. Í bæjarrústum voru reist fjárhús, kölluð Kotshús, sem enn standa þar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, 3 (1995)

ÁR-428:032 heimild

"Bolablettur er rennislétt flöt norðan við Selrima. Austast á flötinni, á smáhávaða rétt á lækjarbakka, eru einar þrjár húsatóftir hlaðnar úr hellugrjóti og hnausum. Hellur eru enn yfir inngangi á tveim. Annars er mikið farið að gróa upp veggir", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Búrfell, aths.1

ÁR-435 **Öndverðarnes**

50 hdr. 1708, 32,5 hdr. 1847. Bændaeign. 1708: "Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið. og voru hjer tíðir veittar um þá stund sem hjer bjó sál. Margret Oddsdóttir biskups" 16.2.1567 ber sr. Björn Ólafsson sem var 9 ár á Snæfuglsstöðum vitnisburð um landamerki Snæfuglsstaða: "J fyrstu millum Andverðarness. framan wr Kambe og sionhendig i Kolgraffarhöl. Og vr Kolgraffarhöl og vtj fuglstapa þuffuna ä Finnaheide. þä wr þuffunne i Fared. Enn ä mille Mideingis og fyrrgreindra Snæfulgstada er so landamerkiuum haattad. wpp epter fare og vr farbotne i Tiarnarhöla. Wr Tiarnarhölum i Grähellu i Markarbreckum." DI XIV, 580-81. Hjáleigurnar Suður- og Norðurhjáleigur eru taldar með jörðinni. JÁM II, 350-351 [1356] "Máldagi Snjófuglstaðakirkju í Grímsnesi...Item gafust með líjkama þoroddz j onndurdunesi vj ær." [D.I.II 113]"Í Öndverðarnesi bjó Grímur landnámsmaður, sem sveitin er kennd við, hina fyrstu fjóra vetur sína á Íslandi." Sunnlenskar byggðir III, 142.

1920: Tún 5,3 ha, þar af slétt 5/6. Garðar 1288 m²."Bærinn stendur á bungumynduðum ás. Túnið liggur umhverfis bæinn að hraunjarinum að vestan og norðan en austan við taka við mýrar með lyngholtum niður að Hvítá. Kjarri vaxið hraun er vestur að Sogi. [...] Frá Sogsbrú upp að Álftavatni liggur landspilda sú sem Tryggvi Gunnarsson gaf Ungmennafélagi Íslands og nefnist Þrastaskógur. Golfvöllur er nú í Öndverðarnesi. Vesturhluta jarðarinnar gaf Magnús Jóhannesson í Alviðru Árnessýslu og Landvernd árið 1973. Hinn helmingur jarðarinnar er í eigu Múrarafélags Reykjavíkur. Mikil sumarhúsabyggð hefur risið á báður helmingum jarðarinnar hin síðari ár." Segja má að venjulegur búskapur hafi lagst niður um 1962. Sunnlenskar byggðir III, 142.

ÁR-435:001 *Öndverðarnes* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-435:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-435:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-435:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-435:005 *Kirkjuhóll* heimild um bænahús

"Austan við húsið er hóll, sem Kirkjuhóll heitir. Þar stóð bænahús til forna. Þar markar fyrir kirkjugarði og leiðum. Mannabein hafa fundizt austan við afmarkaðan kirkjugarð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 1

ÁR-435:006 kirkjugarður

"Austan við húsið er hóll, sem Kirkjuhóll heitir. Þar stóð bænahús til forna. Þar markar fyrir kirkjugarði og leiðum. Mannabein hafa fundizt austan við afmarkaðan kirkjugarð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 1

ÁR-435:007 *Móholt* heimild

"Holtið sunnan við túnið heitir Fótárholt, stundum var það kallað Móholt. Þar var oft þurrkaður mór", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 1

ÁR-435:008 *Lambhúsklettur* örnefni

"Klettarnir vestan í suðurtúni Lambhúsklettur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 1

ÁR-435:009 *Sýruker* örnefni

"Hæsti hluti á vesturtúninu heitir Kaldrani. Sýruker er vestan í brekkunni", segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Þar er klöppuð all stór hola ofan í þursabergsklöppina, sem Sýruker heitir, er nú all sprungið og ekki nothæft, enda ekki lengur not fyrir það."

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 1; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

ÁR-435:010 *Sjújúhóll* örnefni

"Rétt sunnan við Sýruker er strýtumyndaður hóll og heitir hann Sjújúhóll", segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir: "[...] er talið, að fransmaður hafi verið veginn þar."

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 1; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

ÁR-435:011 *Volgibrunnur* heimild um þvottastað

"Vestan í brekkunni er hæðarbunga nokkur, sem Háimói heitir. Voru þar klofháar þúfur áður, en sléttað var. Volgibrunnur er í hraunkrikanum vestast í dalnum. Þar var volgt vatn, se notað var frá Öndverðarnesi til þvotta, en rennsli, sem rann af túnunum, hefir runnið í hann og fyllt hann upp, því nú er hann horfinn", segir í örnefnaskrá. Annars staðar segir: "Og kennt var um jarðskjálftum 1896."

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 1; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 2

ÁR-435:012 *Réttarhóll* örnefni

"Upp í hraunbrúninni, nokkru fyrir sunnan Volgabrunn, er lítill hóll, sem heitir Réttarhóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 2

ÁR-435:013 *Gvendarbarð* örnefni

"Háa barðið vestan undir Norðurás heitir Gvendarbarð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 2

ÁR-435:014 *Borgarás* heimild um fjárskýli

"Þá komum við í svokallað Nes, en það heitir allt svæðið fyrir austan heimamýrina í Öndverðarnesi, sem er land frá Öndverðarnesi. Skulum við þá byrja á fyrirnefndum Norðurás; nokkru sunnar er Borgarás og markar fyrir borgarrústum upp á honum. Fjárborgir voru æði oft hlaðnar upp á holtum og hæðum, svo snjór settist síður að þeim", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 2

ÁR-435:015 *Kambur þjóðsaga*

"Kambur heitir mjög sérkennilegur hóll, sem gengur suðaustur úr Kamsheiði. Þar var talið, að væri kirkja álfanna, og gengu ýmsar sögur því til sönnunar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 2

ÁR-435:016 *Ferjustaður* heimild um ferju

"Suður af Kambi er Ferjuholt og Ferjustaður. Þar var lögferja til forna, þar þótti einhver hægasti og bezt ferjustaður á allri Hvítá", segir í örnefnaskrá. Önnur skrá segir: "Hún [ferjan] lagðist niður 1905 þegar Sogsbrúin kom til afnota."

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 2; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 3

ÁR-435:017 *Hestaskor* heimild

"Rétt austan við (ferjustaðinn) Ferjuhamarinn er ofurlítill skor í brúninni og heitir hún Hestaskor. Þar var farið niður með þá hesta, sem ferja átti suður fyrir ána. Þá ber straumurinn þá nærri sjálfkrafa yfir ána", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 2

ÁR-435:018 heimild

"Sunnan undir Borgarás voru 2 laxalagnir frá Öndverðarnesi til forna, sem nú eru löngu komnar í eyði", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 3

ÁR-435:019 heimild

"Stangarnef er austan við Kambsvík, þar voru laxalagnir í ánni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 3

ÁR-435:020 *Langabryggja* örnefni

"Árnalátur, Langabryggja, Stuttabryggja, Horn og Stangarnef", segir í örnefnaskrá og er ekki skýrt nánar.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 3

ÁR-435:021 *Stuttabryggja* örnefni

"Árnalátur, Langabryggja, Stuttabryggja, Horn og Stangarnef", segir í örnefnaskrá og er ekki skýrt nánar.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 3

ÁR-435:022 *Fjósadalir* örnefni

"Fjósadalir heita slakkarnir vestan við túnið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 4

ÁR-435:023 *Torfvík* örnefni

"Hrauntangarnir út með ánni heita Veiðines, þá koma [sic] Torfvík", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 4

ÁR-435:024 *Kvartilshóll* þjóðsaga

"Upp að miðri Hamrabrunn er stór steinn eða hóll, sem Kvartilshóll heitir. Var talið, að þar væri grafið gull eða aðrir málmar, því þar hafa oft sést ljós brenna upp af", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 4; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 3

ÁR-435:025 *Fjárhólar* heimild um fjárhús

"Nokkru norðar [en Kvartilshóll] eru Fjárhólar. Þar markar fyrir fjárhústóftum á 2 stöðum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 4

ÁR-435:026 *Fjárhólar* heimild um fjárhús

"Nokkru norðar [en Kvartilshóll] eru Fjárhólar. Þar markar fyrir fjárhústóftum á 2 stöðum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 4

ÁR-435:027 *Leiði* heimild um legstað

"Prestur er lítill klapparhóll; þar norðaustur af eru nokkrar smálautir, sem Brunnar heita. Þar eru og tvær smágrjóthrúgur, sem Leiði heita og eru þær taldar vera yfir tveim smölum frá Öndverðarnesi og Norðurkoti, sem lentu þarna í illdeilum og börðust og drápu hvorn [sic] annan", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 5

ÁR-435:028 *Leiði* heimild um legstað

"Prestur er lítill klapparhóll; þar norðaustur af eru nokkrar smálautir, sem Brunnar heita. Þar eru og tvær smágrjóthrúgur, sem Leiði heita og eru þær taldar vera yfir tveim smölum frá Öndverðarnesi og Norðurkoti, sem lentu þarna í illdeilum og börðust og drápu hvorn [sic] annan", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 5

ÁR-435:029 *Ferjustaður* heimild um ferju

"Er þar ofar [en Þrastalundur] Guddunef, þá Ferjustaður. Þar var flutt til forna og þar til að brúin kom á Sogið. Þar var góður ferjustaður, og fóru menn þar, er hvergi var fært á öðrum stöðum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 6

ÁR-435:030 *Gildrunef* heimild um refagildru

"Fyrir ofan Ferjustað er klettur sléttur að ofan með gjótu í. Niður við vatn á þessum kletti var höfð gildra fyrir tófur, var hann því kallaður Gildrunef", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 6

ÁR-435:031 *Jónsvarða* varða

"Í landnorður frá fjárhúsunum er varða sem heitir Jónsvarða. Hana hlóð maður frá Öndverðarnesi og var hún kennd við hann", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 6

ÁR-435:032 *Goðhóll* örnefni

"Í norður frá Jónsvörðu er lágur hóll, er heitir Goðhóll. Á honum er hella, lík legsteini, sem er reistur til háls", segir í örnefnaskrá. Í annarri lýsingu segir: "Þar nokkru suðvestur af er Goðhóll. Þar standa fjárhús frá Alviðru."

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 6; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 5

ÁR-435:033 *Baðstofulágar* örnefni

"Þá komum við aftur fram að Ferjustað; fyrir ofan Gildrunef er Bás, þá Básklettur. Austar á hrauninu eru Baðstofulágar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 7

ÁR-435:034 *Englendingadalur* heimild um áfangastað

"Þá er norðar og vestar, djúp lægð hringmynduð með mýrgresi í botninn. Það kemur upp í henni vatn, þegar hátt er í Soginu, hún heitir Englendingadalur. Þar höfðu tjaldað Englendingar, er voru á ferð, og er langt síðan", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 7

ÁR-435:035 *Helguselheimild* um sel

"Helgusel er á millum veganna, fyrir austan Sogsbrúna, þar mótar fyrir fjárrétt og hústóttum, sem selið var. Þar var sel frá Öndverðarnesi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 7

ÁR-435:036 *Jókuhellir* þjóðsaga

"Jókuhöfði er allstór hæð þar austur af, eru þessi örnefni kennd við konu, sem átt hafði heima í Jókuhellir [sic], sem er í fyrrnefndum Jókuhöfðum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 7

ÁR-435:037 *Selvík* örnefni sel

"Stóra vikin sunnan við Álftavatn heitir Selvík. Og er trúlegt, að hún beri nafn af seli, sem þar hefir verið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 7-8

ÁR-435:038 *Markagarður* heimild

"Þar [Selvík] endar hið mikla mannvirki, Markagarðurinn á milli Öndverðarness og Norðurkots", segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir: "Þá skulum við færa okkur austur á bóginn og taka fyrir Miðhraunið vestur af Öndverðarnesi og byrja á hinum svokallaða Markagarði, sem enginn veit, hver byggt hefur, en hann er mjög gamall, víða siginn í jörð, en ekki mun hann byggður sem markagarður, heldur sem varnargarður til að girða af ærið stórt og velgróið skógarland, enda er hann ekki markagarður, þegar kemur heim að bæjum, því þar gildi hann sem túngarður, enda var honum þar haldið við til skamms tíma, hlaðinn upp á ári hverju, og var hann þar svo hár, að sauðfé fór ekki mikið yfir hann. Hann hefir að líkindum verið hlaðinn áður en Norðurkot var byggt og látinn þá gilda sem markagarður, er því var úthlutað land af Öndverðarnesinu. En í Öndverðarnesi bjó Margrét dóttir Odds biskups í Skálholti. Hann flutti mikið grjót að Skálholti, en af því gizkuðu menn á, að hún Margrét hefði lært það í Skálholti að nota grjót til bygginga. [...] Sem sagt, það veit víst enginn, hver hlóð þennan Markagarð, eða hvenær hann var hlaðinn. En hann hefir verið hlaðinn fyrst af öllu til að girða nesið af. Það var ekki lítil þægindi að hafa svo stórt land og gott, afgirt, þar sem fénaður gat verið allt árið. Þess fyrir utan átti Öndverðarnesið stórt land utan girðingar. Garðurinn var 4 km á lengd og mannhæðar hár. Hefir hann verið mikið mannvirki og lá úr Álftavatni í Hvítá."

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 8-9

ÁR-435:039 *Hákarlsbyrgi* heimild

"Vestan við túngarðinn er grjóthæð, sem hákarlsbyrgi heitir; er talið, að þar hafi verið verkaður hákarl", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 9

ÁR-435:040 *Réttarslakkar* örnefni

"Vestan við túngarðinn er grjóthæð, sem Hákarlsbyrgi heitir; er talið, að þar hafi verið verkaður hákarl. Slakkarnir þar norður Réttarslakkar [...]", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 9

ÁR-435:041 *Húshóll* heimild um fjárhús

"Vestan Löngubrún, sem er við fyrrnefnda ferjugötu er Gráhöll. Rétt norðar er Fjárhóll, þá, aðeins vestar, Húshóll, sem nú standa fjárhúsin á", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 9

ÁR-435:042 *Brenna* heimild

"Lágahraunið vestur af Húshól heitir Brenna. Er talið, að þar hafi verið brennd viðarkol. En það tíðkaðist í Öndverðarnesi að seldar voru á ári hverju um 50 tonnur viðarkola og að auki mikið af skógi og var farið skógarítak á 12 hesta og 12 nauta beit frá Hróarsholti, en Öndverðarnes átti slægjuítak í Hróarsholtlandi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 9

ÁR-435:043 *Lögréttuhöfði* örnefni

"Hæðarbungan vestan við Brennuna heitir Lögréttuhöfði", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 10

ÁR-435:044 *Svönkubali* heimild

"Mýrin norður með hraunbrúninni heitir Svankamýri og hraunið Svanakahraun og er Svönkubali þar í hraunbrúninni. Sést marka þar fyrir gömlum rústum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 10

ÁR-435:045 *Kolgrafarhóll* örnefni

"Vestan við Svankahraun er Kattargjá og þar norður af er Djúpahraun og nær það allt upp undir Kolgrafarhól", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 10

ÁR-435:046 *Selhóll* örnefni

"Norður af Kringlumýri er Selhóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 10-11

ÁR-435:047 *Fráfæruneð* heimild um rétt

"Norðan við Farkjaftinn er Fráfæruneð, þar var fjárrétt. Þangað voru ærnar reknar úr Öndverðarneshverfinu, þegar fært var frá eða lömbin undan þeim tekin á vorin", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 11

ÁR-435:048 heimild um leið

"Vaðhólar upp af miðjum Vaðlækjum. Þar var riðið yfir Álftavötn til forna, áður en Sogsbrúin kom, og var talið hálf tíma reið yfir vatnið, þegar gott var. Það var ófært eða sund, þegar að vatnavextir voru. Kom þá fyrir, að synt var í því, en það varð aldrei grynna en í bóghnútu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Öndverðarnes, 11

ÁR-435:049 heimild um mógrafir

"Hæðarbungan suður af túninu heitir Fótarholt. Móhost þar aðeins sunnar. Þar var mór ævinlega þurkaður. En mór var ávalt tekinn í mýrinni þar austur af", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

ÁR-435:050 *Ámundatættur* örnefni

"Austasti hluti þess [Norðurtún] heitir Köldukinn, nyrzt í því eru Ámundatættur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

ÁR-435:051 *Geitaborg* heimild

"Í hraunkantinum norður af Dalkrika markar fyrir ofurlitlu tóftarbroti, sem Geitaborg heitir", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

ÁR-435:052 heimild um traðir

"Vestur af bæjarhúsunum voru traðir, sem náðu nokkuð niður í brekkuna og voru notaðar til allrar aðalumferðar til varnar heimatúni að vori til og sumri", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

ÁR-435:053 heimild um brunn

"Neðst við traðarkjafstinn er brunnur um 2 m djúpur, og var það aðal vatnsbólið í Öndverðarnesi jafnvel um aldaðir. Var oft erfitt aðsækja vatn þangað í miklum snjóum á vetrum í þungum tréfötum, þótt aldrei nema þær væru bornar í grind (vatnsgrind)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1-2

ÁR-435:054 *Húshóll* huldufólksbústaður

"Austan við bæjarhúsin í Suðarkoti er uppgróinn klapparhóll, sem Húshóll heitir og var sagt, að huldufólk ætti þar heima" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 3

ÁR-435:055 heimild um fjárhús

"Fram á túninu eru nokkrir grjóthólar, sem eru leifar af gömlum fjárhúsum. En það kom fyrir oft en einu sinni, fyrir og eftir aldamótin, að meira eða minna af fé í þessum húsum druknaði, þegar snöggar leysingar komu og áin óx og stíflaðist af jakaburði við Höfðann", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 3

ÁR-435:056 heimild um leið

"Ofan við Þröngukletta markar enn fyrir ferjugötunni og er hægt að rekja hana allt austur að Norðarkoti og síðar austur í Grímsnes, ef einhver vildi reyna að fylgja þeirri slóð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 4

ÁR-435:057 heimild um beitarhús

"Nyrst á Gónhöfða standa beitarhús frá Alviðru", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 5

ÁR-435:058 *Karl* þjóðsaga

"Suðaustur við Harðavöll er klapparhóll, sem Karl heitir og þóttist fólk oft hafa heyrt í kyrð [sic] og róleigheitum þar ýmis húsverk unnin, svo sem slá vefstól, skaka strokk og jafnvel kveðnar rímur, en það var mjög almennt iðkað á heimilum, fyrr á dögum, til tilbreytinga", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 6

ÁR-435:059 *Kambsflöt* þjóðsaga

"En Kambsvík heitir víkin austan við Kamb, þar er og Kambsflöt, og var hún stundum slegin. Það þótti þó frekar fátútt, ef það hey náðist í garð, vegna ýmis legra [sic] forfalla. Ýmist fauk það, hraktist eða forglataðist á einn eða annan veg. Og var huldufólki æfinlega um kennt" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 6

ÁR-435:060 *Höfðalögn* örnefni

"Höfði heitir klungurbrekkan austur af Gönguskor, þar var og Höfðalögn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 7

ÁR-435:061 *Ferjulögn* örnefni

"Ferjulögn var út af Ferjuhamri", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 7

ÁR-435:062 *Eystri-Óslögn* heimild

"Suðvestanundir Borgarás voru 2 laxalagnir frá Öndverðarnesi. Hétu þær Eystri- og Ytri-Óslagnir",

segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 8

ÁR-436 Norðurkot

Hjáleiga frá Öndverðarnesi, 12 ½ hdr. 1847. 1708: "Nordurhiáleiga, annað eyðiból, bygt í heimalandi fyrir elstu manna minni, lagðist í auðn í næstliðnum fardögum." JÁM II, 351. "Landamerki á milli Norðurkots annars vegar og Miðengis og Snæfoksstaða hins vegar, úr miðjum Vaðlæk sjónhendingu í Forklökk, í þúfu á Finnheiði, í þúfu á Kolgrafarhól, í vörðu á Svönkuhrauni, í þúfu á Skógarholti. En þar koma þrjú lönd saman, Norðurkots, Snæfoksstaða og Öndverðarness." Ö-Norðurkotslandareign, 1
1918: Tún 5 ha, þar af slétt um 4/5. Garðar 762 m². "Öndverðarnes-Norðurkot stóð í dalverpi norður af Öndverðarnesbænu og var hjáleiga þaðan.

Jörðin var 12 hundruð að fornu mati og tæpur þriðji partur af Öndverðarnestorfunni allri. Landið er kjarri vaxið hraun vestur að Álftavatni. [...] Byggð lagðist niður í Norðurkoti 1938 er síðasti bóndinn þar, Sveinbjörn Jónsson, fór að Snæfoksstöðum. Skömmu síðar voru öll hús rifin og jöfnuð við jörðu. Norðurkot var lagt undir Öndverðarnes I enda komið í eigu búenda þar. Landið er núna að mestum hluta sumarhúsabyggð." Sunnlenskar byggðir III, 143.

ÁR-436:001 Norðurkot bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-436:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-436:003 Norðurkot bæjarhóll bústaður

"Norðurkotsbærinn stóð í miðjum túnslakkanum nokkru fyrir norðan Öndverðarnesbæinn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Norðurkotslandareign, 1

ÁR-436:004 Húshóll örnefni

"Fyrst er þá að nefna hólinn austan við bæinn, sem ýmist var nefndur Húshóll eða Kotshóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Norðurkotslandareign, 1

ÁR-436:005 Svaunkubæli heimild

"Svaunkubæli er rétt austur undir landamerkjunum og markar þar fyrir kofarústum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Norðurkotslandareign, 1

ÁR-436:006 Kolgrafarhóll örnefni

"Slakinn þar norður af [Kattargjá] heitir Djúpahraun og nær það allt upp undir Kolgrafarhól. En svo heitir stóri brunahóllinn norðan við þjóðveginn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Norðurkotslandareign, 1

ÁR-436:007 Finnheiði þjóðsaga

"Norðan við Kringlumýri er Finnheiði. Þar vex nokkuð af eski og var það trú manna, að ef sauðkind fengi 3 strá af því á dag, þá horfelldi hún ekki", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Norðurkotslandareign, 1

ÁR-436:008 Húshóll heimild um fjárhús

"Vestan við þá [Borgarhólar] er lítill hóll, er Húshóll heitir og eru fjárhús á honum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Norðurkotslandareign, 1

ÁR-436:009 Selhóll örnefni

"Norðvestan af Kringlumýri er Selhóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Norðurkotslandareign, 1

ÁR-437 Suðurkot

Hjáleiga frá Öndverðarnesi, 5 hdr. 1847. 1708: "Sudurhiáleiga, er skamt frá túninu, byggð fyrir elstu manna minni, til þess í næstliðnum fardögum lagðist hún í auðn." JÁM II, 351.

1918: Tún 2,3 ha, þar af slétt um ½. Garðar 992 m². "Hún [jörðin] varð við landskipti 1927 - eftir að Elín Egilsdóttir veitingakona í Þrastarlundi hafði eignast jörðina - í þremur hlutum. Fyrst kjarri vaxið hraun umhverfis bæinn og túnið og liggur að Hvítá. Önnur spilda er austur með Hvítá, svokallað Stórholt eða Órunes. Þriðji hlutinn er kjarri vaxinn hektari við Sog, seldur undir sumarbústað fyrir nokkrum árum." Sunnlenskar byggðir III, 144.

ÁR-437:001 Suðurkot bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-437:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-438 Snæfokstaðir

Kirkjustaður og beneficium. "Máldagi Snjófuglstaðakirkju í Grímsnesi []. Kirkia a sn[í]ofvlgzstodvum vorar fru a atian ær oc eina ku." [D.I. III 113]24.10.1515 lýsti Ástríður Össurardóttir, áttæð að aldri, uppalin í Miðengi landamerkjum jarðarinnar við Ásgarð að ofan en Snæfoksstaði að neðan: "Jn primis ath mideingi ætti landeign audrvmeigin j tiarnarholum ok suo ofan j raudhol ok þadan sionhending j kolgrafarhol ok sidan j far þat sem geingur fram j alftavtn." DI VIII, 571. 16.2.1567 ber sr. Björn Ólafsson sem var 9 ár á Snæfuglsstöðum vitnisburð um landamerki Snæfuglsstaða: "J fyrstu millum Andverdarness. framan wr Kambe og sionhendig i Kolgraffarhöl. Og vr Kolgraffarhöl og vtj fuglstapa þuffuna ä Finnaheide. þä wr þuffunne i Fared. Enn ä mille Mideingis og fyrrgreindra Snæfulgstada er so landamerkium haattad. wpp epter fare og vr farbotne i Tiarnarhöla. Wr Tiarnarhölum i Grähellu i Markarbreckum. Enn ä millum Wadness og Snæfuglstadar er so landamerkium wared. Wr fyrrgreindum Markarbreckum og ä Effra Kialarspord med affskornum wijkum og nesum riettleidis framm i Gardsenda sem ad liggur framm i Batzviyk vid aana. þesse greind landamerke lystu Gudlaugssyner Jön og Eisteirn ad sinn fader Sira Gudlaugur Siguatsson. sem i langa tijma haffde hallded Snæfuglstade. heffde hafft og hallded. SO og vissa eg fyrer full sannende ad Sigmundur Jonsson og Sijra Stephan Gijslason hielldu fyrrsogd landamerke ... Jtem su ey sem ad liggur fyrer nedan rijttneffnda Snæfuglsstade war halldinn Snæfuglstada eign so leinge sem eg heffe til vitad. Og so skipade Biskup Ogmund mier þessa ey ad bruka og ad yrkia til Snæfuglstada æ edan eg hielldt fyrrneffnda Snæfulgstade." DI XIV, 580-81. "Jörðu þessari var skipt fyrir Skálholts jörð Klausturhóla; [...] JJ, 72." Jörðin var lengi kirkjustaður og prestssetur var hér til ársins 1801." Sunnlenskar byggðir III, 145.

1918: Tún 6,7 ha. Garðar 1282 m². "Bærinn stóð á lágum ás en bæjarhús hafa nú verið rifin. Jörðin á land að Hvítá og eru þar lyngholt

með mýrarsundum á milli. Efri hluti jarðarinnar er kjarri vaxið hraun. [...] Miklir reimleikar voru á Snæfoksstöðum 1915-1926. Nokkrir sumarbústaðir eru á jörðinni. Byggingar eru nú engar á Snæfoksstöðum." Sunnlenskar byggðir III, 145.

ÁR-438:001 Snæfokstaðir bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-438:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-438:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-438:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-438:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-438:006 Kirkjuhóll heimild um kirkju

"Austan við bæinn er dálítill hóll, heitir Kirkjuhóll. Þar stóð kirkja, sem var aflögð 1801", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 1

ÁR-438:007 kirkjugarður

"Umhverfis kirkjuna var kirkjugarður og sér enn móta fyrir garðinum og mörgum leiðum, mest ber á

svonefndu Fimmmannaleiði, en þar er grafið fólk frá Norðurkoti, er inni brann árið 1773, alls fimm menn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 1; Friðlýstar fornleifar

ÁR-438:008 *Fimmmannaleiði* heimild um legstað

"Umhverfis kirkjuna var kirkjugarður og sér enn móta fyrir garðinum og mörgum leiðum, mest ber á svonefndu Fimmmannaleiði, en þar er grafið fólk frá Norðurkoti, er inni brann árið 1773, alls fimm menn. Það er undan suðvesturhorni kirkjugrunnsins", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 1

ÁR-438:009 *Postulagerði* heimild

"Nærri suðvestast í túninu er Postulagerði, það er ferhyrndur reitur afmarkaður með garðlagi, sést nú mjög óglögg", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 1

ÁR-438:010 *Nautakrókur* heimild

"Norðvestast í túninu er Nautakrókur, þar sér fyrir kofarúst", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 1

ÁR-438:011 *Húshóll* örnefni

"Norðan við túnið er dálítill hóll, er Húshóll heitir", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 1

ÁR-438:012 *Borgarhóll* örnefni

"Norðaustur af bænum er hóll, algróinn, heitir Borgarhóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 1-2

ÁR-438:013 *Veita* örnefni

"Niður af Harðavelli, niður að Nautavökum, heitir Veita", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 1-2

ÁR-438:014 heimild um leið

"Skógarhlíð heitir vestur af Nautavökum. Norðanundir henni liggur gamli vegurinn austur að Arnarbæli", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 2

ÁR-438:015 *Bátavör* örnefni lending

"Suður af Skógarhlíð eru Skipaklettur við ána. Bátavör er sandvikið syðst í klettunum. Þar var báturinn geymdur, þegar Langholtseyjan var nytjuð, en Snæfoksstaðir áttu allstóran hluta af eyjunni og var garður hlaðinn yfir hana í mörkum og sér enn móta fyrir honum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 2

ÁR-438:016 garðlag

"Suður af Skógarhlíð eru Skipaklettur við ána. Bátavör er sandvikið syðst í klettunum. Þar var báturinn geymdur, þegar Langholtseyjan var nytjuð, en Snæfoksstaðir áttu allstóran hluta af eyjunni og var garður hlaðinn yfir hana í mörkum og sér enn móta fyrir honum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 2

ÁR-438:017 varða samgöngubót

"Austan við Þríhaus er Þríhausafliot, norðan við hana er Skógarhlíðarholt, þar er stór smalavarða", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 3

ÁR-438:018 *Svönkubæli* heimild

"Suðvestur af honum [Rauðhóll] gengur hraunrimi allt vestur undir Borgarhóla, sem eru í Norðurkotslandi, og heitir Svönkuhraun. Sagt er, að það sé kennt við einsetukonu, er þar hafi búið, og Svönkubæli heitir kofarúst í hrauninu rétt vestan við landamörkin og er í Norðurkotslandi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 3

ÁR-438:019 *Fjárhúsabrunir* heimild um fjárhús

"Fjárhúsabrunir eru upp af Heyleynir [sic], þar eru gamlar fjárhúsatættur; [...]" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 3-4

ÁR-438:020 heimild um leið

"Suðaustur af Tjarnarhól gengur hraunbrún suðaustur í hraunið, en lækkar og hverfur, þegar austar dregur, heitir Kirkjubrunn, yfir hana liggja gömlu göturnar frá Snæfoksstöðum að Klausturhólum; góðan spöl norðar við sömu götur er Prestshöfði, það er dálítill hóll, sem sést vel sunnan frá en ber minna á honum að norðan", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 4

ÁR-438:021 *Kolgrafarhóll* örnefni

"Næst tökum við landið norðan þjóðveggarins. Norðan við Djúpahraunið er Kolgrafarhóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 5

ÁR-438:022 heimild um fjárhús

"Norður af Rauðhól er Rauðhólshæð, yfir hana liggur þjóðvegurinn; norðan undir henni eru fjárhúsatættur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 5

ÁR-438:023 *Gildruhraun* örnefni

"Austan við Litlafar eru Farbrúnir og austur af þeim eru Nautabrekkur og Lágahraunið sunnan við þær Nautadalur [sic]. Þar austur af er Gildruhraun og Grenjaleiti", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Snæfoksstaðir, 5

ÁR-439 **Vaðnes**

30 hdr. 1847, óviss 1708. Konungsjörð "Kirkia Gudz modur Mariæ j Wadnesi a .ij. kyr oc .viij.ær." [D.IV 95]. 16.2.1567 ber sr. Björn Ólafsson sem var 9 ár á Snæfuglsstöðum vitnisburð um landamerki Snæfuglsstaða: "Enn ä millum Wadness og Snæfuglstadar er so landamerki wared. Wr fyrrgreindum Markabreckum og ä Effra Kialarspord med affskornum wijkum og nesum riettleidis framm i Gardsenda sem ad liggur framm i Batzviyk vid aana.." DI XIV, 580-81. Skv. fasteignamati 1917 er tvíbýlt í Vaðnesi, þó sést bara eitt bæjarstæði á túnakorti frá 1918. Landamerki: "Að utanverðu: Úr grjóthól framan í Markabrekkum (sem er hornmark) beina stefnu í vörðu í Kjöltöglum, þaðan beina stefnu í þúfu á Stóravikshæðum, þaðan beint í þúfu utarlega á Norðurnefi, svo sjónhending í þúfu á Þrívörðuhrauni, og þaðan beina stefnu í eystri árþúfunu, og þaðan beint í Hvítá, fyrir utan Borgarvík. Svo ræður Hvítá að Höskulslæk, svo Höskulslækur upp að Torfavaði, þaðan sjónhending í þúfu á Löngumýrarhæð. Þaðan bein stefna um vörðu á heiðinni, beint í upphlaðna vörðu á Fossleiti, þaðan beint í nefndan grjóthól (Gráhellu) í Markabrekkum." Ö-Vaðnes, 3.1840: "Gamalt axarblað, ryðgað mjög, fannst [í tíð fyrra prests] á einhverri óþekktri, uppblásinni fornmannadys niður í Vaðneslandi. Voru þar og nokkur bein með, sem látin voru í kirkjugarð við nærsta gröft. En axarkjakið hefi eg heyrt, hafi verið sent suður til Reykjavíkur, hvaðan það hafi átt að sigla, en hvað um það er síðan, veit eg ekki." Sóknarlýsing Jóns Bachmanns, SSÁ, 170

1918: Tún 8,4 ha, þar af slétt um 6/7. Garðar 1617 m². "Bærinn stendur á lágum hól. Mikil vatnssuppspretta kemur undan hraunbrún við bæinn og rennur

lækur austan við hann í tjörn neðan bæjar. Gamla túnið nær að hraunbrún að vestan og norðan. Jörðin á land að mörkum Hraunkots niður með Höskulslæk að Hvítá. Þar er kallað Nes og var þar þurrhent vallendi. Því hefur nú verið breytt í 55 ha. tún. Vesturhluti landsins er kjarri vaxið hraunlendi allt að Snæfoksstaðamörkum. Norðaustan og austan við bæinn eru mýrarsund og heiðarholt. Volgrur eru niðri í Nesi við hraunbrúnina." Sunnlenskar byggðir III, 147.

ÁR-439:001 *Vaðnes* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-439:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-439:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-439:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-439:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-439:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-439:007 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-439:008 heimild um bústað
"Hús: Timburbær að mestu leyti, baðstofan 5 x 3,8 m., járnvarin á þaki" segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 1

ÁR-439:009 heimild um bústað
"Íbúðarhús að mestu úr timbri, 1 hæð, port og ris; 5 x 4,8 m." segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 2

ÁR-439:010 heimild
"Geymsluskúrar tveir", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 1

ÁR-439:011 heimild um fjós
"Fjós fyrir 10 gripi", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 1

ÁR-439:012 heimild um fjárhús
"Fjárhús fyrir 160 kindur" segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 1

ÁR-439:013 heimild um hesthús
"Hesthús fyrir 6 gripi", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 1

ÁR-439:014 heimild um hlöðu
"Heyhlöður fyrir 350 hesta", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 1

ÁR-439:015 heimild um myllu
"Mylna", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 1

ÁR-439:016 heimild
"Skemma", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 2

ÁR-439:017 heimild um hesthús
"Hesthús fyrir 4 gripi", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
Heimildir: Ö-Vaðnes, 2

ÁR-439:018 heimild um fjárhús
"Djúpipyttur heitir einu nafni mikill mógrafaskurður vestnorðvestan við Pyttbakka og suðvestur af vegi, sem liggur á beitarhús", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 2

ÁR-445:010 *Fjárhústún* örnefni fjárhús

"Vestan við Kelduna er Fjárhústún, austan við Langastykkið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 2

ÁR-445:011 *Dyrabarð* heimild um mógrafir

"Síðan tekur við Móflöt, neðan við Fjárhústúnið til suðausturs, og síðast Dyrabarð, sem er mýrarstykki á syðri bakka Keldunnar og stendur mun hærra en nyrðri bakkin, og má þar segja, að Keldan renni í gili á kafla neðan við brúna. Ekki er vitað, hvers vegna Dyrabarð heitir svo. Mór var tekinn þar og þurrkaður á Móflöt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 2

ÁR-445:012 *Veita* örnefni

"Sundið suðaustan við Austurkinn heitir Veita. Eru það tvö stykki ræktuð úr mýri, og áfram til suðausturs er Múlholt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 3

ÁR-445:013 heimild um fjárhús

"Sundið suðaustan við Austurkinn heitir Veita. Eru það tvö stykki ræktuð úr mýri, og áfram til suðausturs er Múlholt. Fremst á Múlholti voru gríðarstórar fjárhústættur, áður en þar var tún", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 3

ÁR-445:014 *Sólheimabraut* heimild um leið

"Austast á Múlholti, þar sem Sólheimabraut kemur á það, heitir Hamramelur. Það er örfoka melur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 3

ÁR-445:015 heimild um leið

"Þar um [Hamramelur] lágu götur að Hömrum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 3

ÁR-445:016 heimild um leið

"Nokkru vesta í Múlholti er slakki, sem heitir Ormsstaðamelur. Þar lágu götur að Ormsstöðum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 3

ÁR-445:017 *Tóftatangi* heimild um fjárhús

"Næst holtinu er Heimatangi, þá Tóftatangi og syðst Króarholtstangi. Á Tóftatanga voru tóftir af fjárhúsum, en þar var ekki fjárhús í minni Emmu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 3

ÁR-445:018 *Stíflukrókur* heimild um áveitu

"Norður með Grjótá, mótis við suðurenda Vaðholts, sem er austan við ána, heitir Stíflukrókur. Þarna eru hleðslubrot við Grjótána beggja vegna, síðan Jóhannes Einarsson, óðalsbóndi í Eyvík og á Ormsstöðum (hann átti báðar jarðirnar um tíma og bjó átta ár á Ormsstöðum) hugðist gera stíflu í ána til að veita vatni úr henni í áveituskyni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 4

ÁR-445:019 heimild um ristu

"Tekið var torf í mýrarslakka austan við Lassholt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 4

ÁR-445:020 heimild um brú

"Neðan við brúna á Grjótá er lítið klapparnef, Hellunef. Út af því var fyrst sett brú á Grjótá", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 4

ÁR-445:021 *Torfskurðarhvamm* heimild um ristu *ur*

"Skammt norðan við Þverkeldu, austur við Grjótá, er Torfskurðarhvammur. Vafalaust hefur verið rist torf í Torfskurðarhvammi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 5

ÁR-445:022 varða

"Suður af Heimaás er Vörðuás með vörðu á kolli", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 6

ÁR-445:023 *Stekkatúnsmýri* heimild um stekk

"Suðvestur af Vörðuás er Stekkatúnsmýri. Talsvert miklar tættur eru í eða við Stekkatúnsmýri", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 6

ÁR-445:024 *Kirkjusteinn* huldufólksbústaður

"Niður undan Dyrámýri er stór klettur í miðri brekku, Kirkjusteinn. Kirkjusteinn var álitinn vera álfakirkja vegna þaklaga lögunar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 6

ÁR-445:025 heimild um fjárhús

"Utan (þ.e. vestan) við Krakalæk er Tungholt. Þar eru fjárhús og allstórt tún", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 7

ÁR-445:026 *Garðholt* örnefni

"Norður af henni [Kerlingartjörn] er Garðholt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 7

ÁR-445:027 *Fagurhlíð* heimild um býli

"Suðvestast á Hlíðinni eru fjárhús og tún umhverfis. Fjárhúsin eru byggð í gömlum bæjartóftum, því að þarna var býli fyrrum, sem hét Fagurhlíð. Hún er norður af Nónás. Er nokkuð breitt mýrarsund frá Fagurhlíð að heimatúnum. Emma veit ekki upp á ár, hvenær Fagurhlíð fór í eyði, en þegar móðir hennar kom að Eyvík 1915, var þar gömul kona til heimilis, sem mundi eftir fólki í Fagurhlíð. Átti það þá eina kú, sem þessi gamla kona, þá barn að aldri, var látin reka mað Eyvíkurkúnum", segir í örnefnaskrá. Í búkollu segir: "Býlið Fagurhlíð var byggt 1688-1702."

Heimildir: Ö-Eyvík, 8; SB III, 153.

ÁR-445:028 heimild um kvíar

"Engar glöggar sagnir hefur Emma um kvíaból, en telur sennilegt, að það hafi verið sunnan- og austanvert við eða við fjárhús á Fjárhústúni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 8

ÁR-445:029 heimild um rétt

"Gömul fjárrétt stendur framan við Móflöt. Var hún byggð að fyrirlagi Guðrúnar Sigurðardóttur, sem þá bjó ekkja stórbúi í Eyvík. Síðast munu ær hafa verið mjólkaðar 1926-1929 en þá hafði það ekki verið gert öll ár á undan", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Eyvík, 8

ÁR-446 **Ormstaðir**

30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. "Landamerki Ormsstaða eru þessi, samkvæmt landamerkjabók Árnæssýslu: Slauka, öðru nafni Hestlækur, sem rennur úr Hestvatni fyrir austan eyrar,

ræður að Helgalækjarmynni. Þaðan til norðurs Helgalækur og svo austasta flóðakeldan í efsta botn á Volgaflóði; úr miðjum þeim flóðbotni áframhaldandi bein stefna um þúfu, sem skal hlaðast upp á ásunum þar norður af í hornmarkssteininn í Litla-Kláfsholti. Þaðan vestur í þúfu á Faxholti og áframhaldandi bein stefna í keldu, sem rennur fyrir austan Engjalækjartungu, og skal þar þúfu upp setja; svo ræður nefnd kelda til Engjalækjar, Engjalækur til Grjótár og Grjótá til Hestvatns." Ö-Ormsstaðir, 1.

1918: Tún 7,4 ha, þar af slétt 11/12. Garðar 1172 m². "Bærinn stóð suðaustan í allstórum ás en nú á síðustu árum hafa íbúðarhús og griahús verið færð

upp á brúnina (ásinn) þar sem miklu víðsýnna er. Landið er að mestu framræst mýrlendi en móaholt hér og þar. Slauka og Grjótá ráða landamerkjum að suðaustan, sunnan og vestan en að öðru leyti vélgrafnir skurðir og girðingar. Góðar 300 hesta flæðiengjar voru á bökkum Slauku. (...) Nokkrir sumarbústaðir eru á jörðinni. [...] Jörðinni var skipt upp 1958 í Ormsstaði I og II." Sunnlenskar byggðir III, 154.

ÁR-446:001 Ormsstaðir bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-446:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-446:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-446:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-446:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-446:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-446:007 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-446:008 heimild um traðir

"Neðan við stóru klettana er graslendi, ekki breitt, og síðan koma traðirnar heim að bænum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 1

ÁR-446:009 Klettakofi heimild um fjárhús

"Fjárhús var við norðurenda klettabrúnarinnar og nefnt Klettakofi; þetta var áberandi kofi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 1

ÁR-446:010 heimild um rétt

"Fjárhús var við norðurenda klettabrúnarinnar og nefnt Klettakofi; þetta var áberandi kofi. Aðeins norða og vesta en kofinn var fjárréttin og var með litlum dilk. Þarna voru kvíærnar mjólkaðar, dálítinn spöl frá bæ. Hætt var að færa frá á Ormsstöðum, þegar Guðmundur fór að Eyvík", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 1

ÁR-446:011 heimild um áveitu

"Austur af bænum er stór jafnlend mýri, Austurmýri. Þar er áveitan, var búið að gera garða áður. Stórt flóð var í Austurmýrinni, Austurmýrarflóð. Mýrin var mestöll undir flóði. Grjótá var stífluð og gerður skurður milli Dyrarima og túns og austur á áveitu. Það var faðir Guðmundar, sem stíflaði ána. Stíflan var svo breið, að hún var vagnfær", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

ÁR-446:012 Ormsstaðalaug heimild um þvottalaug

"Norður af Austurmýri er hallandi mýri vestan við Laugarholt. Ormsstaðalaug er í suðvesturhorni

holtsins; hún mun hafa verið 60° heit. Þar var þvegið, og hefur ef til vill verið komið frá Hömrum til þess að þvo þar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

ÁR-446:013 heimild um leið

"Gatan að Hömrum lá rétt fyrir austan hana [Ormsstaðalaug]", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

ÁR-446:014 *Sólheimabraut* heimild um leið

"Sólheimabrautin liggur yfir Laugarholtið og skiptir því í tvennt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

ÁR-446:015 heimild um vað

"Þar sem Slauka byrjar í Hestvatni, hétu Toppur. Slauka er djúp, en breiddi úr sér þarna, svo að þar var sárgrunnt, og ferginstoppur voru beggja megin við hana. Þarna var vað, sem farið var yfir að Vatnsnesi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 2

ÁR-446:016 heimild um áveitu

"Keldan [Baulukelda] var stífluð ofan til með flóðgarði, sem myndaði Baulukelduflóð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 3

ÁR-446:017 *Rásarvað* heimild um vað

"Hluti af Slauku var í daglegu tali kallaður Rásin, þar sem Toppum sleppti, vatnið dýpkaði og varð stokklækur. Vað á henni milli Hamra og Vatnsness var kallað Rásarvað", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 3

ÁR-446:018 heimild um mógrafir

"Mótak var í Engjalækjarbakka, þar sem er hátt gil við lækinn. Hætt var að taka þar mó, þegar Guðmundur var á Ormsstöðum, en grafirnar sáust", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 4

ÁR-446:019 *Stekkjarholt* heimild um stekk

"Norðaustur af túninu og norðan við Sólheimabrautina er stórt holt, sem heitir Stekkjarholt. Vestan í því eru fjárhús, reist í gömlu stekkatúni. Holtinu hefur verið breytt í tún", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 5

ÁR-446:020 *Selhöfði* heimild um sel

"Þegar Smáholtamýri sleppir, kemur Selgil, skammt fyrir norðan Smáholtin. Selgil er grasi gróið af teðslu. Enginn áberandi lækur er í gílinu, og það er þurrt nema helzt í vetrarleysingum. Þá tekur við Selhöfði, bunguvaxinn höfði, með Selbergi framan í. Selbergið er töluvert hátt, og þar verpti hrafninn. Norðan við Selhöfðann er Seldalur, stuttur dalur og lítill. Selgil myndar höfðann á annan veginn, og Seldalur er hinum megin. Sel hefur verið á höfðanum, en það varð að beitarhúsi, sem lagt var niður", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 5

ÁR-446:021 heimild um sel

"Sel hefur verið á höfðanum, en það varð að beitarhúsi, sem lagt var niður. Annað var byggt á Hellhamri, og þar er tóft. Hellhamar er fyrir norðan Seldal. Endinn á Ásunum nær þangað. Svolítill klettahamar er fyrir neðan húsið, og þarna eru miklar hellur eins og víðar í grenndinni. Á Hellhamri hafði faðir Guðmundar sauðahús, en Þorbjörn Bjarnason lagði það niður. Talað var um að fara "upp í Sel" þegar farið var í húsið á Hellhamri. "Sel var haft um beitarhúsið á Selhöfðanum og haldið áfram að nota nafnið, þótt húsið væri flutt. Aldrei var talað um að fara upp eða norður á Hellhamar, þegar farið var í húsið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 5

ÁR-446:022 heimild um fjárhús

"Sel hefur verið á höfðanum, en það varð að beitarhúsi, sem lagt var niður. Annað var byggt á Hellhamri, og þar er tóft. Hellhamar er fyrir norðan Seldal. Endinn á Ásunum nær þangað. Svolítill

klettahamar er fyrir neðan húsið, og þarna eru miklar hellur eins og víðar í grenndinni. Á Hellhamri hafði faðir Guðmundar sauðahús, en Þorbjörn Bjarnason lagði það niður", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 5

ÁR-446:023 heimild um smalakofa

"Dálítið holt, sem heitir Svefnholt, er vestan við Hellhamar, þó nær Selhöfða. Líklega dregur það nafn af því, að smalar höfðu þar smákofa og hafa e.t.v. sofnað þar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 5

ÁR-446:024 *Torfhólmi* heimild um ristur

"Norður af honum [Litlihólmi] er stærri hólmi, Flóðahólmi, sem Guðmundur nefnir svo, en er nefndur Torfhómi í skrá Gísla. Mikil reiðingsrista var í hólmanum, kvistalausar dælur. Afí Guðmundar skar þar eitt sinn 80 reiðingstorfur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Ormsstaðir, 6

ÁR-447 Vatnsnes

10 hdr. 1840. Skálholtsstólsjörð. 1708: "Vatnsnes, eyðijörð, fjell nú síðast í auðn i næstliðnum fardögum, hafði áður um lángrandi tíð i eyði legið,..." JÁM II, 337. Jarðardýrl. óviss 1847. "Hreppstjóri telur jörð þessa sem konungs eign, en svo lítur út, sem hún hafi verið stóls eign (1760) og legið lengi í eyði, því eigi er hennar getið í skýrslu Rentukammersins um sölu konungs jarða til 1842, og að vísu heldur eigi í stólsjarðabókinni, en seld er hún eptir kon. úrsk. 19. Apríl 1837. Hreppstjóri einn telur hana 10 h. að dýrleika." JJ."Landamerki Vatnsness eru samkvæmt landamerkjabréfi frá 1870 þessi: Frá garðlaginu við Hvítá um Hesteyru í Þrengslahól, svo ræður garðlagið í Hestvatn, svo ræður Hestvatn og Slauka í Hvítá og Hvítá að áður nefndu garðlagi." Ö-Vatnsnes, 3

1918: Tún 4 ha. Garðar 1529 m²."Bærinn stendur á lágum hól skammt norðan undir Hestfjalli. Landið afmarkast af Hestvatni að

vestan og útfalli Hestvatns, ánni Slauku (Hestlæk) sem rennur fyrir landi Vatnsness að norðan og norðaustan. Þá er Hvítá í mörkum að austan en Hestfjall að sunnan. Suður af bænum - að Hestfjalli - eru sléttar, véltækar áveituengjar. (...) Áður var Slauka vondur farartálmi, ófær yfirferðar nema við Hvítá, en upp úr 1950 var hafist handa að gera grjótagarð yfir ána, 112 m vegalengd. Þetta er mikið mannvirki, grjótið flutt á sleða á ís um talsverðan veg og unnið að þessu öllum stundum í nokkur ár. Komst sámilegt vegasamband á en þegar vöxtur er í Hvítá flæðir hún inn í Hestvatn og bærinn einangrast í nokkra daga." Sunnlenskar byggðir III, 155.

ÁR-447:001 *Vatnsnes* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-447:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-447:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-447:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-447:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-447:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-447:007 heimild um rétt

"Snoppa heitir austasti hluti Hestfjalls. Ofan við Snoppuna er Snoppudalur. Austan undir Snoppunni er gömul fjárrétt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 2

ÁR-447:008 garðlag

"Niður með Hvítá, suður af Snoppunni, er gamalt garðlag", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 2

ÁR-447:009 *Stekkatún* örnefni stekkur

"Upp af Snoppuflóði er Stóristeinn. Lítið vestar með hlíðinni er Stekkatún", segir í örnefnaskrá. Ennfremur: "Stekkatún er suður við fjallið, um tuttugu mínútna gang frá bænum."

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 2; 5

ÁR-447:010 *Hreinstóft* heimild

"Vestan við það [Rauðaberg] er Hreinstóft. Er það gömul kofatótt, hlaðin við stóran stein og steinninn notaður fyrir annan vegginn, sér enn móta fyrir þar sem sperrurnar hafa verið klappaðar inn í klettinn", segir í örnefnaskrá. Ennfremur: "Hreinstóft er kennd við mann, sem hét Hreinn og flutti suður í Rangárvallasýslu og bjó að Sperðli."

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 2, 5

ÁR-447:011 heimild um fjárhús

"Upp af því [Ópugil] er Eturhóll. Vestan við Ópugil eru gamlar fjárhústættur", segir í örnefnaskrá. Ennfremur: "Fjárhústættur vestan við Ópugil voru sauðahús Lofts í Vatnsnesi. Hann var þar síðast búandi 1913, en bjó áður lengi í Vatnsnesi og hafði síðastur sauði."

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 3, 5

ÁR-447:012 garðlag

"[...] frá vatninu [hlýtur að vera Hestvatn] liggur gamalt garðlag upp í hólinn, einnig er garðlag yfir slakkann milli hólans og fjallsins, og endar í stórgrýttri urð upp í fjallinu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 3

ÁR-447:013 garðlag

"[...] frá vatninu [hlýtur að vera Hestvatn] liggur gamalt garðlag upp í hólinn, einnig er garðlag yfir slakkann milli hólans og fjallsins, og endar í stórgrýttri urð upp í fjallinu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 3

ÁR-447:014 heimild um vað

"Vaðholt er kennt við vað yfir Slauku. Það var farið, er farið var frá bænum með hesta að Hömrum eða þar upp fyrir, segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 5

ÁR-447:015 heimild um rétt

"Þar [Stekkatún] er rétt og sést enn. Fært var frá hjá foreldrum Vilborgar, Þórði Jónssyni og Sigrúnu Guðjónsdóttur, síðast 1926, þegar Vilborg var tveggja ára. Stekkatún er suður við fjallið, um tuttugu mínútna gang frá bænum. Mjólkað var úti á sumrin í fjárhúsréttinni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 5

ÁR-447:016 *Mógrafaholt* heimild um mógrafir

"Mór hefur ekki verið tekinn eftir 1930. Hann var ekki góður, sandborinn og rofakenndur. Mógrafaholt heitir norðan við Grenás," segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsnes, 6

ÁR-448 **Hamrar**

42 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. 1708: "Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið, og minnast menn að húsið var uppi. Nú er það af fallið." JÁM II, 334. Hjáleigurnar Hverakot og Lónakot eru taldar til jarðarinnar. Um Lónakot segir Árni: "Það er í auðn og hefur so verið fram yfir manna minni. Sýnileg eru hjer byggingamerki, tófta- og girðingaleifar." JÁM II, 335. Til eru Hamrar I og II. "Kirkja mun hafa verið á Hömrum frá kristnitöku, nefnd Sankti-Þorláskirkja um 1500. Var aflögð eftir 1664. Lónakot var í landi Hamra, komið í eyði fyrir 1700. Hamrakot var austan við bæjarlækinn, í byggð 1853-1866." Um Hamra II segir: "Skálholt átti Hamra og rak bú þar frá 1539-1708. Þegar stólsjarðir voru seldar keypti ábúandi jörðina ásamt hjáleigunni Hverakoti á 273 ríkisdali." Sunnlenskar byggðir III, 156-157.

1918: Tún 11,2 ha, þar af slétt um 8/9. Garðar 1400 m². "Jörðin á land að Brúará, Hvítá og Slauku og á veiðirétt í þeim öllum." Um Hamra II segir: "Hamrar standa á lágum hól spölkorn frá Hvítá. Landið er að mestu mýrlendi með holtum hér og þar." Sunnlenskar byggðir III, 156-157.

ÁR-448:001 *Hamrar bæjarhóll* bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-448:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-448:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-448:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-448:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-448:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-448:007 *Vesturbær* heimild um bústað
"Vesturbær og Auturbær", segir í upphafi örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:008 *Austurbær* heimild um bústað
"Vesturbær og Auturbær", segir í upphafi örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:009 heimild um fjós
"Vesturbæjarfjosið stóð vestast á bæjarhólnum, og brekkan til vesturs hét Fjóshóll", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:010 *Horkofi* heimild um lambhús
"Horkofi (Vesturbær), tóttarbrott vestast í túninu. Upphaflega fyrir ær, sem ekki þrífust, en lambhús á þessari öld", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:011 *Kristínartótt* heimild
"Þar fyrir vestan [Horkofi] er lítið holt, Kristínartótt, með smámóbergsklettum, og fremst smátóttabrot", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:012 *Gvendarhóll* örnefni
"Norðan brautarinnar heima ð bænum er Gvendarhóll með grágrýtisklettabelti að sunnan. Uppi á honum austast eru tættur af hesthúsi (fyrir 6 hesta, notað til 1927)", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:013 heimild um hesthús
"Norðan brautarinnar heima ð bænum er Gvendarhóll með grágrýtisklettabelti að sunnan. Uppi á honum austast eru tættur af hesthúsi (fyrir 6 hesta, notað til 1927)", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:014 heimild
"Framan við Gvendarhól er smátóttabrot", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:015 *Fjósbrunnur* örnefni
"Norðan brautarinnar, í mýri við túnið, er Fjósbrunnur ("vestur í Fjósbrunn")," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:016 *Bæjarbrunnur* örnefni

"Bæjarbrunnur fyrir Vesturbæinn var sunnan við bæjarhólinn vestarlega. Áður neðan við kálgarðinn", segir í örnefnaskrá. Annars staðar segir: "Lítið vatn var í Bæjarbrunni, en gott."

Heimildir: Ö-Hamrar, 1; Ö-Hamrar aths. og viðb., 1

ÁR-448:017 heimild um brunn

"Bæjarbrunnur fyrir Vesturbæinn var sunnan við bæjarhólinn vestarlega. Áður neðan við kálgarðinn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:018 Traðir heimild um traðir

"Traðir ("upp Traðir") skipta landi frá bæ og svo langt sem þær ná, rétt upp á Grjótvöllinn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:019 heimild um hesthús

"Ofarlega austan við Traðirnar var lítið hesthús frá Austurbænum, gamalt, notað fram undir stríð (1939)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:020 heimild um rétt

"Klettarnir eru brúnin á Grjótvelli. Lága klettabeltið hefur verið notað sem norðurveggur í hestarétt, og móta vel fyrir hleðslum sunnan við", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:021 áletrun

"Klettarnir eru brúnin á Grjótvelli. Lága klettabeltið hefur verið notað sem norðurveggur í hestarétt, og móta vel fyrir hleðslum sunnan við. Austast við hleðsluna er hestasteinn með fangamarki og ártali (1819)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:022 hleðsla

"Þaðan [frá hestasteininum með áletruninni] er veggur í átt að Læk", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:023 þjóðsaga

"Þaðan [frá hestasteininum með áletruninni] er veggur í átt að Læk. Hætt var við hleðslu hans vegna draums (1826-1871) um huldufólk, sem ekki kæmist með kýrnar í vatnsból, ef veggurinn yrði hlaðinn niður ða Læk, eins og til stóð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:024 Jónstótt heimild

"Fyrir austan Keldu (nú skurður) er efst klettasvæði, og nyrzt á því er tóttarbot, Jónstótt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:025 Lambhúsflöt heimild um lambhús

"Fyrri neðan klettasvæðið við Kelduna er Lambhúsflöt með tótt nyrzt. Lambhús frá Austurbæ. Notað til 1958", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:026 Langhúsheimild um fjárhús

"Austan Lambhúsflatar er Langhúskelda. Rétt austan við hana var Langhús, fjárhús Austurbæjarbóndans. Þar voru ærnar mjólkaðar. Notað til 1958. Sléttað", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 2

ÁR-448:027 Besshóll álagablettur

"Besshóll, hóll, þar sem nú er hlaðan og nyrzti hluti fjóssins. Álagablettur. Fyrst rofinn á seinni hluta 19. aldar. 1949 byggð heyhlaða. Í hólnum var allt að 4 m öskulag og 2-3 viðarkolagryfjur þar undir. Stórgripabein í einni hrúgu nyrzt, 1-2 skóflustungum undir yfirborði", segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum segir: "Fólk hafði ótrú á að rjúfa Besshól fyrst, en sá, sem það gerði,

Jörgen Jörgensson, sagðist ekki hætta við það, nema hann dreymdi eitthvað. Það varð ekki, en hjónin misstu fimm börn úr barnaveiki, fyrst eitt og síðar fjögur. Þá tóku þau móður Jóhönnu í fóstur, en þremur til fimm árum seinna dó konan, Ingibjörg Jónsdóttir." Enn er minnst á hólinn í annarri örnefnaskrá: "Þau ummæli voru á honum, að ekki mætti hreyfa við honum. Nú hefir verið byggt fjós og heyhlaða þar sem hólinn var. Þegar í hólinn var grafið kom þar upp mjög mikið magn af stórgriðabeinum og skýrðist þá, hvernig á ummælunum stóð. Í Kjósaannál, 1660, stendur; "Þá deyði Jón Jónsson lögréttumaður, yfirbryti og ráðsmaður á Hömrum. Eftir það skeði mikill og undarlegur dauði, bæði nautgripa og hrossa, á Hömrum." Hins sama er getið í Fitjaannál, er líklegt að þarna hafi gripirnir verið dysjaðir."

Heimildir: Ö-Hamrar, 3; Ö-Hamrar aths. og viðb., 1; Ö-Hamrar GG, 1.

ÁR-448:028 *Besshóll* heimild

"Besshóll, hóll, þar sem nú er hlaðan og nyrzti hluti fjóssins. Álagablettur. Fyrst rofinn á seinni hluta 19. aldar. 1949 byggð heyhlaða. Í hólum var allt að 4 m öskulag og 2-3 viðarkolagryfjur þar undir. Stórgripabein í einni hrúgu nyrzt, 1-2 skóflustungum undir yfirborði", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 3

ÁR-448:029 *Kirkjuflöt* heimild um kirkju

"Norðan þeirra [Traðir], við Besshól, var Kirkjuflöt". segir í örnefnaskrá. "Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið, og minnst menn að húsð var uppi. Nú er það af fallið. Ekki minnst menn að hjer hafi í 40 ár tíðir veittar verið", segir í Jarðabók Árna og Páls. Aftur er minnst á kirkju á Hömrum í aths. og viðb.: "Kirkja heilags Þorláks á Hömrum er nefnd í Stefánsmáldaga 1491-1518." Í annarri örnefnaskrá segir: "Norðan og austan við Besshól er Kirkjuflöt. Þar mun þó kirkjan ekki hafa staðið."

Heimildir: Á.M. II, 334; Ö-Hamrar, 3; Ö-Hamrar aths. og viðb., 2; Ö-Hamrar GG, 1

ÁR-448:030 *Traðir* heimild um traðir

"Í framhaldi af hlaðinu voru djúpar Traðir, austur í Læk", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 3

ÁR-448:031 *mannabein* legstaður

"1963 var komið niður á mannabein rétt við íbúaðarhúsið. Þjóðminjavörður (Kristján Eldjárn) taldi ekki vafa á, að þar væri hinn forni grafreitir, en á Kirkjuflöt hafi kirkjufólkið farið af baki", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 3

ÁR-448:032 heimild um hlóðir

"Austan við Kirkjuflöt er Brunnmýri, og nær hún að Læk, þ.e. bæjarlækurinn, sem á upptök í Klofningum, en hefur hér hreinsagt af mýrarrauðanum, og við Klöppina (grágrýti), sem er vestan Lækjar, aðeins neðar en Traðir, var sótt vatn í Austurbæ. Þar voru hlóðir og þveginn þvottur og hann klappaður á Klöppinni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 3

ÁR-448:033 heimild um þvottastað

"Austan við Kirkjuflöt er Brunnmýri, og nær hún að Læk, þ.e. bæjarlækurinn, sem á upptök í Klofningum, en hefur hér hreinsagt af mýrarrauðanum, og við Klöppina (grágrýti), sem er vestan Lækjar, aðeins neðar en Traðir, var sótt vatn í Austurbæ. Þar voru hlóðir og þveginn þvottur og hann klappaður á Klöppinni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 3

ÁR-448:034 *Lambhús* heimild um lambhús

"Fremsti hluti gamla túnsins heitir Hali. Á Hala var Lambhús, aðallambhús fyrir Vesturbæ, með kumli (til '37)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 3

ÁR-448:035 *Goðahellir* örnefni

"Beint fyrir framan Lambhúsið, fram undan túninu, er Goðahellir í 2 m háum kletti (suðurbrún túnsins). Hellirinn er 125 sm hár, breidd 90-140 sm og dýpt 100 sm", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 3-4

ÁR-448:036 *Ekrarnir* álagablettur

"Ekrarnir eru við Hvítá. Var slétt vallendi og álgablettur, sem ekki mátti hrófla við. Þar voru gerðir kartöflugarðar og síðan tún. Það vildi til, daginn sem fyrst var hrayft við Ekrunum, að snemmbæran í Austurbænum skarst á kviði, var saumuð og lifði góðu lífi", segir I örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 4

ÁR-448:037 *Ullarklettur* heimild um þvottastað

"Þar sem Ekrar skaga lengst í austur, er Ullarklettur. Þar var ullin oftast þvegin. Í "víkinni við Ullarklett" rak upp lík Jóns Gerrekssonar, Skálholtsbiskups, 1433", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 4

ÁR-448:038 *Áveita* heimild um áveitu

"Frammýri eða Áveita. Áveitan gerð fyrir tíð þeirra, sem á lífi voru 1960, og vatn tekið úr Helgalæk. Hún nær frá Ekrum að Maurholti, sunnan Framtúns. Framtún er allt tún frá bæ og niður á Hala", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 4

ÁR-448:039 *Slaukuvað* heimild um vað

"Oftast sagt: "Er Rásin fær?", þegar spurt var, hvort fært væri á Vaðinu eða Slaukuvaði", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 5

ÁR-448:040 *Sólheimabraut* heimild um leið

"Sólheimabraut liggur yfir Helgalæk og upp Helgalækjarholt. Það er allur móinn, sem er fyrir norðan, austan og sunnan smámýrarblett við Helgalæk, sem heitir Kringlumýri", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 5

ÁR-448:041 *Þjóðsaga*

"Austan Sólheimabrautar voru 2 lítill börð, Tíðholt. Þau eru í beinni stefnu að Hverakoti frá Hömrum og alltaf farið þar á milli bæjanna. Sagt er, að í fyrndinni hafi þar verið borið út barn, og að þar hefði mátt heyra útburðarvæl. (Haft eftir Ragnhildi Jónsdóttur, móður Sigríðar.)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 6

ÁR-448:042 *garðlag*

"Leifar af garði sjást af og til innan frá Mó og niður að Slauku, ef vel er að gáð. Óljósar sagnir eru um garðhleðslur Skálholtsmanna, þegar þeir nytjuðu Hestfjall. Hér hafi þeir verið hálfnaðir með garðinn. Stólsbú á Hömrum til 1708", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 6

ÁR-448:043 *Stöðull* heimild um kvíar

"Fyrir heiman Miðgarðsholt var Stöðull, nálægt Læk. Þar voru kýr mjólkaðar, en því var hætt á tímabilinu 1914-1918", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 6

ÁR-448:044 *Kotið* heimild

"Þar fyrir sunnan [Stöðull], við Lækinn, er Kotið. Það tilheyrir Vesturæ. Í miðju Kotstúni var Hamrakotsbærinn. Hann var í byggð stuttan tíma eftir miðja síðustu öld", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 6

ÁR-448:045 *Gimbrahús* heimild um fjárhús

"Norðvestarlega í Kotstúni var Gimbrahús", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 7

ÁR-448:046 *Ærhús* heimild um fjárhús

"Austarlega í Kotstúni var Ærhús. Norðurveggur hússins var í túngarði, og voru ærnar reknar þar inn, þegar þær voru mjólkaðar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 7

ÁR-448:047 heimild um túngarð

"Austarlega í Kotstúni var Ærhús. Norðurveggur hússins var í túngarði, og voru ærnar reknar þar inn, þegar þær voru mjólkaðar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 7

ÁR-448:048 heimild um mógrafir

"Fyrir austan Kotið og neðan Miðgarðsholts er Lindamýri að ánni. Þar eru tvær lindir. Mjög fornlegar mógrafir eru við ána", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 7

ÁR-448:049 heimild um rétt

"Björgin eru allhátt klettabelti við ána. Vestasti kletturinn er eiginlega alveg við ána, og síðan fjarlægjast þau ána smátt og smátt. Fjárrétt var í kverkinni austan við heimasta klettinn. (Líklega lögð niður 1926. 1927-58 var rétt norðan við Ærhúsið, síðan réttað við nýju fjárhúsin á Miðgarðsholti.)". segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 7

ÁR-448:050 *Rimhús* örnefni útihús

"Rimhúskelda kemur ofan af mýri, rétt vestan Rimhúsa, rennur norðan og austan við Fagurhóla og Miðstakkatún og niður á Engjar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 7

ÁR-448:051 *Lónakot* heimild um býli

"Austur af því [Hrossabeinsholt] er lítill hæð með snarbrattri brekku að vestan. Það er Lónakot" segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 7-8

ÁR-448:052 *Mór* heimild um mógrafir

"Við ána, aðeins sunnar en Gimbreholt, er Mór. Þar var síðast tekinn mór 1940. Hér var mórinn beztur. (Mógrafir eru líka ofan við Miðgarðsholt, og aðrar vestan Klofninga, norðan við gamlan skurð)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 8

ÁR-448:053 heimild um mógrafir

"Við ána, aðeins sunnar en Gimbreholt, er Mór. Þar var síðast tekinn mór 1940. Hér var mórinn beztur. (Mógrafir eru líka ofan við Miðgarðsholt, og aðrar vestan Klofninga, norðan við gamlan skurð)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 8

ÁR-448:054 heimild um mógrafir

"Við ána, aðeins sunnar en Gimbreholt, er Mór. Þar var síðast tekinn mór 1940. Hér var mórinn beztur. (Mógrafir eru líka ofan við Miðgarðsholt, og aðrar vestan Klofninga, norðan við gamlan skurð)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 8

ÁR-448:055 *Sauðhústættur* örnefni fjárhús

"Inn undir Hjarðarnesi eru gamlar tættur, Sauðhústættur. Að fullu grónar um síðustu aldamót", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 8

ÁR-448:056 *Hjarðarneshólmav* örnefni vað að

"Í ánni [Brúará] er Hjarðarneshólmi. Hjarðarneshólmavað, þar missti biskup hestamann sinn 1555, á leið sinni að Hömrum", segir í örnefnaskrá. Í aths. og viðb. segir: "Ekki er nú vitað, hvar Hjarðarneshólmavað var."

Heimildir: Ö-Hamrar, 8; Ö-Hamrar aths. og viðb., 2

ÁR-448:057 *Rimhús* heimild um beitarhús

"Rimar eru alllangt holt, sem nær sunnan frá Rimhúskeldu og norður að Grænuborgarlæk. Syðst á því er fjárhústótt, Rimhús. Þau voru beitarhús frá Vesturbænum, frá því fyrir tíð Sigríðar. Oft kölluð Sauðhús, og notuð fyrir sauði til 1927. Lögð niður um miðja þessa öld", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 8-9

ÁR-448:058 *Litluborgir* heimild

"Vestur af Rima er Litluborgarbrún. Í framhaldi af henni eru Litluborgir með gömlum tóttum. Þær eru í norður frá Klofningum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar, 9

ÁR-448:059 heimild um leið

"Leiðin, sem farin var til kirkju að Mosfelli, lá þannig: Farið var austur Traðir, norðan Miðgarðsholts, um Litlholt, norður hjá Rimhúsum, norður að Langatanga, upp með Brúará, áð við Hlöðuholt; um Keldudali, upp hjá Þórisstöðum, yfir lækinn fyrir neðan Minna-Mosfell. Hestar voru skildir eftir ofan við Minna-Mosfell, á Stöðlinum, og svo gengið heim að Stóra-Mosfelli", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar aths. og viðb., 2

ÁR-448:060 heimild um leið

"Norðan við bæinn er dálítill túnblettur, heitir Snúðsflöt; austan við hana liggja gamlar götur frá bænum norður", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar GG, 2

ÁR-448:061 *Miðstekkatún* örnefni stekkur

"Austarlega í henni [Fagurhólmýri] er grasigróinn hóll, heitir Miðstekkatún", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar GG, 4

ÁR-448:062 *Fjárból* heimild um fjárhús

"Norðaustan við það [Gimbraholt] eru gamlar sauðahústættur, þar heitir Fjárból", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hamrar GG, 4

ÁR-449 Hverakot

Hjáleiga Hamars. 1708: "Hverakot. eyðihjáleiga. Hefur byggð verið hjer um 40 ár, en eyddist í næstliðnum fardögum." JÁM II, 335. Hverakot nefnist nú Sólheimar. "Landamerki Sólheima eru: Um Markagil sunnan við Háubrekku, og þaðan beina línu í Langatangagil, við Brúará, svo ræður Brúará að Djúpá. Þá Djúpá til upptaka, þaðan í steininn í Stórasteinsholti og þaðan í steininn við Litlkláfsholt. Þaðan sunnan við há Vesturásinn beina línu í norðausturhornið á Volgaflóði. Þaðan í beina stefnu á Helgalækjarkjaft á móts við Markagil." Hverakot komst aftur í byggð rétt um 1800. Árið 1930 keypti Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar jörðina og hóf rekstur barnaheimilis fyrir vangefin börn. Sunnlenskar byggðir III, 158.

1918: Tún 4 ha, þar af slétt um 2/3. Garðar 1118 m². "Býlið stendur í dalverpi sem er umlukt ásum á þrjá vegu. Mestur hluti landsins er mýrlendi.

Nokkur skógrækt hefur verið framkvæmd hin síðari ár með góðum árangri." Sunnlenskar byggðir III, 158.

ÁR-449:001 *Hverakot* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-449:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-449:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-449:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-449:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-449:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-449:007 heimild um bústað

"Gamli bærinn stóð upp í túninu ca. 300 m norður af núverandi húsum. Honum hefir nú verið jafnað við jörð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sólheimar, 1

ÁR-449:008 *Klofningar* heimild um mógrafir

"Austan við hana [Steinholtsbrún] er keldudrag í mýrinni og liggur niður í Bæjarmýri, austan við Vesturásinn; þar sem keldan hefur upptök sín heita Klofningar. Þar var áður tekinn mór", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sólheimar, 1

ÁR-449:009 *Stórasteinsholt* heimild

"Alllangt norðaustur af mógröfunum [í Klofningi] er Stórasteinsholt, upp á því er stór, jarðfastur steinn og í hann var klöppuð hola og rennt í blýi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sólheimar, 2

ÁR-449:010 varða

"Rétt hjá honum [steininum á Stórasteinsholti] er vörðubrot", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sólheimar, 2

ÁR-449:011 *Sólheimabrautin* heimild um leið

"Vestan við holtið [Stórasteinsholt] liggur Sólheimabrautin", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sólheimar, 2

ÁR-449:012 *Hrossabeinsholt* heimild um fjárhús

"Austur af Stórasteinsholti er Hrossabeinsholt. Á því er gömul fjárhústótt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sólheimar, 2

ÁR-449:013 *Stekkjarholt* heimild

"Austur af því [Hrossabeinsholt] er Stekkjarholt, þar eru gamlar rústir", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sólheimar, 2

ÁR-450 **Kringla**

36 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Landamerki: "Stuttan spöl norðan við túnið er Kringlugil, sem er í mörkum milli Kringlu og Bjarnastaða og fellur austur í Brúará. Svo ræður Brúará mörkum suður í Djúpárós. Hann er í mörkum milli Kringlu og Sólheima (sem áður hét Hverakot), svo eftir Djúpárós út í Steinsholt. Þaðan í stein sunnan í Kláfsholti. Þaðan í Smalaskálann, þar sem hann er hæstur. Þaðan sjónhending út á Svínholt þar sem mörkin koma saman og þaðan sjónhending í Kringlugilsbotna." Ö-Kringla, 1 Til eru Kringla I og II frá 1975. Sunnlenskar byggðir III, 160.

1918: Austurbær: Tún 2,5 ha, þar af slétt 4/5. Garðar 727 m². Vesturbær: Tún 2,8 ha, þar af slétt 2/3. Garðar 560 m².

"Bærinn stendur á lágri hæð sem hallar svo til austurs niður að Brúará. Mikill hluti jarðarinnar er framræst mýrlendi sem hefur breyst í valllendi hin síðari ár. Talsverður ás er vestur af bænum, kallaður Bæjarholt. Þar eru fjárhús og tún." Sunnlenskar byggðir III, 159

ÁR-450:001 *Kringla* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-450:002 *Kringla* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-450:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-450:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-450:005 *Hlöðuholt* örnefni

"Stuttan spöl fyrir neðan Mógilið er holt, sem heitir Hlöðuholt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Kringla, 1

ÁR-450:006 *Kláfsholt* örnefni

"Suðaustur af honum [Votiblettur] rís allstórt holt, sem heitir Kláfsholt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Kringla, 1

ÁR-450:007 *Smalaskáli* örnefni smalakofi

"Norður af Kláfsholti er allmikið mýrarsund, er heitir Grænskálasund. Þá tekur við holt; austasti hlutinn af því heitir Grænskáli, en hinn hlutinn Smalaskáli", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Kringla, 2

ÁR-450:008 *Dómhringur* heimild

"Í túninu skammt fyrir norðan bæinn er vallgrónn torfhringur, um 8 m í þvermál, er heitir Dómhringur. Þetta mannvirki er ævafornt. Var það friðlýst á árunum 1921-1930 af Magnúsi sýslumanni Torfasyni og hefur ekkert verið hróflað við því, þó að túnið hafi allt verið sléttað", segir í örnefnaskrá. Í búkollu segir: "Brynjúlfrur Jónsson gróf á tveimur stöðum í rústina og taldi að hún væri mannabústaður. Hugsanlegt að hér hefði Ketilbjörn á Mosfelli haft þingstað með landsetum sínum og væri nafn jarðarinnar af þessari kringlu komið."

Heimildir: Ö-Kringla, 2; SB III, 160; Friðlýstar fornminjar, 76.

ÁR-451 **Bjarnastaðir**

47 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólseign.Landamerki: "Bjarnastaðarland takmarkast að norðan að nokkru leyti við Þórustaðargil austur í Brúará. Að austan meðfram Brúará, suður að Kringlugili. Að sunnan meðfram því út í Giljabotna, þaðan út á Svínholt, þaðan norður í Skolalækjarmynni út við Svínavatn. Skolalækur er í mörkum milli Bjarnastaða og Svínavatns, norður fyrir Lækjamót. Þaðan sjónhending austur í

Steinsholtsbrekkur." Ö-Bjarnastaðir, 11918: Tún 5,7 ha, þar af slétt ½. Garðar 1024 m²."Bærinn stendur sunnan í nokkuð hárrí hæð sem hallar svo til austurs niður að Brúará. Þar heita Lengi var tvíbýlt á jörðinni eða til 1912. Sunnlenskar byggðir III, 161,Keldudalur. Til vesturs er framræst mýri og valllendisholt. Jörðin á einnig land norðan þjóðveg, Biskupstungnabrautar. Er þar fjárhús og allmikil tún. Skiptast þar á mýrarsund og holt vestur að Stangarlæk. Jörðin er algróin." Sunnlenskar byggðir III, 161.

ÁR-451:001 *Bjarnastaðir* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-451:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-451:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-451:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-451:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-451:006 *Grafarbásar* heimild um mógrafir

"Norðan við túnið er svæði nokkuð, sem nefnist Grafarbásar. Þar var mór tekinn til eldsneytis frá elztu manna minnum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 1

ÁR-451:007 *Tjalddalur* örnefni

"Vestan við Keldudalinn skerast þrír litlir dalir upp í heiðina. Syðsti dalurinn heitir Heydalur sá norðasti Tjalddalur og sá í miðið Miðdalur, aðrir segja Seldalur; í honum eru gömul tóptarbot", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2

ÁR-451:008 *Seldalur*heimild

"Vestan við Keldudalinn skerast þrír litlir dalir upp í heiðina. Syðsti dalurinn heitir Heydalur sá norðasti Tjalddalur og sá í miðið Miðdalur, aðrir segja Seldalur; í honum eru gömul tóptarbot", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2

ÁR-451:009 *Skökuhóll* heimild

"Neðan við túnið á Bjarnastöðum, nálægt Kringlugili, er lítill óll, sem heitir Skökuhóll. Talið er, að forn venja hafi verið að skaka strokkinn á sumrin á Bjarnastöðum, er sólin var yfir þessum hól", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2

ÁR-451:010 heimild um beitarhús

"Norðan við mýrina er heiðarflatneskja, er nefnist Flatholt. Utast á því, skammt fyrir norðan þjóðveginn, eru beitarhús frá Bjarnastöðum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2

ÁR-451:011 Smalaskáli örnefni smalakofi

"Norðan við mýrina er heiðarflatneskja, er nefnist Flatholt. Utast á því, skammt fyrir norðan þjóðveginn, eru beitarhús frá Bjarnastöðum. Skammt vestur frá húsunum er lítill hæð, sem heitir Smalaskáli", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3

ÁR-452 Þórustaðir

26 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Nú eru til Þórisstaðir I og II, Þórisstaðir II mun meiri að umfangi. Sunnlenskar byggðir III, 162.

1918: Tún 4,4 ha, þar af slétt 2/3. Garðar 1132 m². "Jörðin er sléttlendir móar hið næsta bænum en mýrarsund sunnan við, nær Bjarnastöðum. Austur undir Brúará eru svokallaðir Keldudalir. Jörðin á talsvert land norðan þjóðveggar. Er það að mestu framræst mýrlendi með móaholtum. Talsverð sumarhúsabyggð hefur risið á jörðinni hin síðari ár. Malarnám er í landareigninni." Sunnlenskar byggðir III, 162.

ÁR-452:001 Þórustaðir bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-452:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-452:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-452:004 Kvennagönguhóla örnefni r

"Dálítið sunnar og austar, sunnan við Gilið, eru Kvennagönguhólar við þjóðveginn", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Þórisstaðir, 1

ÁR-452:005 Hrossdalur örnefni

"Skammt austan við bæinn er stór kvos inn í heiðina, er heitir Hrossdalur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Þórisstaðir, 1

ÁR-452:006 Kúalaut örnefni

"Skammt austan við hana [Blesabrekka] er djúp laut, Kúalaut", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Þórisstaðir, 1

ÁR-453 Reykjanes

28 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Landamerki: "Frá Brúará við Keldudalsholt í þúfu á Miðhöfða, þaðan í þúfu á Vestararima. Þaðan í Kaldós, svo ræður Brúará að Keldudalsholti." Ö-Reykjanes, 2. "Íþróttabandalag Reykjavíkur á jörðina og er að reisa íþróttahús og æfingabúðir. Reykjalundur er garðyrkjubýli stofnað 1939 á 17 ha. í landi Reykjanes." Sunnlenskar byggðir III, 163. 1917: 5,3 ha, þar af slétt ¾. Garðar 1238 m². "Jörðin er langt nes sem Brúará afmarkar á tvo vegu. Landið er að mestu mýrlendi en þar sem bærinn stóð er land nokkru hærra. En oft var bærinn umflotinn varni [sic] þegar flóð eða vatnavextir eru í Brúará." Sunnlenskar byggðir III, 163.

ÁR-453:001 Reykjanes bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1917

ÁR-453:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

ÁR-453:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1917

ÁR-453:004 lind vatnsból
"Norðan við bæinn er laug, þar var vatnsbólið, stundum flæddi upp í hana."
Heimildir: Ö-Reykjanes, 1

ÁR-453:005 *Fornibær* örnefni bústaður
"Austan við mýrarsundið, austan við bæinn, er dálítill hóll, heitir Fornibær."
Heimildir: Ö-Reykjanes, 1

ÁR-453:006 *Snúður* heimild um bænhús
"Sunnan við [Fornabæ 005] er annar hóll, Snúður. Þar er sagt, að bænhús hafi staðið til forna."
Heimildir: Ö-Reykjanes, 1

ÁR-453:007 *Steinkupyttla* hver þvottalaug
"Vestur af [Bústakeldu] er heit laug, er heitir Steinkupyttla, þar var æfinlega þveginn þvottur."
Heimildir: Ö-Reykjanes, 1

ÁR-453:008 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Austan í [Keldudalsholti] er Stekkatún."
Heimildir: Ö-Reykjanes, 2

ÁR-453:009 *Rimakot* heimild um býli
Í búkollu segir: "Smábýli var í landi jarðarinnar á síðustu öld, nefnt Rimakot."
Heimildir: SB III, 163.

ÁR-454 **Minna-Mosfell**
30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.
1918: Tún 4,3 ha. Garðar 827 m². "Bærinn stóð um 200-300 m vestan við Stóra-Mosfell og var þetta 30 hundraða jörð að fornu mati.
Lítill jörð að flatarmáli en land allt gróið. Tún hallar móti suðaustri og er það samliggjandi við túnið á heimajörðinni, kirkjustaðnum. Í landinu skiptast á lyngholt og mýrarsund. Jörðin hefur verið í eyði af og til hin síðari ár en nýttu til beitar frá Bjarnastöðum. Tvö sumarhús eru í landi jarðarinnar. [...] Byggingar eru nú engar á Minna-Mosfelli." Sunnlenskar byggðir III, 164.

ÁR-454:001 *Minna-Mosfell* bæjarhóll bústaður
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-454:002 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-454:003 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-454:004 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-454:005 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-454:006 heimild um útihús
Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-454:007 *Fjárhústún* örnefni fjárhús
"Vestan bæjarins er Enni, en vestar Fjárhústún og Lágabúð", segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Minna-Mosfell GG, 1

ÁR-454:008 *Veitan* örnefni áveita

"Niður af brekkunni er Veitan, og nær hún niður að Mosfellsgili, alltaf nefnt Gilið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Minna-Mosfell GG, 1

ÁR-454:009 *Stöðullinn* örnefni kvíar

"Vestan við Veituna eru Leirur, og ná þær að Þvergili, sem er vestan við túnið. Þá er Stöðullinn, Stöðullág og Stöðulklettur vestan við túnið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Minna-Mosfell GG, 1

ÁR-454:010 *Seigadæla* örnefni

"Fyrir norðan Flóðalæk, norðast í Djúpumýri, er Seigadæla", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Minna-Mosfell GG, 1

ÁR-454:011 *Gamli-Garður* garðlag

"Austanvert við bæinn er Gamli-Garður (sennilega leyfar [sic] heygarðs og fjóss)", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Minna-Mosfell, 1

ÁR-454:012 *Stekkjarmýri* örnefni stekkur

"Vestan við Tíðholt er Stekkjarmýri og upp af henni Langimelur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Minna-Mosfell GG, 1

ÁR-454:013 *Kirkjuvað* heimild um vað

"Kirkjuvað, vað á Mosfellsgili. Fólk framan af bæjum fór þessa leið að Mosfelli. Kirkjuvaðið er ekki á móts við bæinn á Minna-Mosfelli, heldur talsvert utar", segir í viðbót við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Minna-Mosfell viðbót, 1

ÁR-455 **Stóra-Mosfell**

Kirkjustaður. Ein hjáleiga í landi Stóra-Mosfells, Mosfellskot. "Dýrleiki, lsk. og kúg. eru ótilgreind í jarðabókunum, þó telur A. M. 12 staðar kúg., en hreppstjóri 6." JJ, 72. "Landamerki Mosfells og Minna-Mosfells sameiginlega: Frá Brúará, norðan við Breiðateig, í þúfu norðarlega á Berginu, þaðan yfir fjallið um Smyrlakletta í Lat, þaðan í Vatnsholtslæk, þar sem hann beygir til vesturs Svo ræður hann mörkum að Stangarlæk, svo Stangarlækur að Flóðalæk, frá Flóðalækjarmynni í steininn á Steinsholti og þaðan í Giljabotna, svo ræður Gilið að Kvennagönguhólum, þaðan í þúfu á Miðhöfða, og þaðan um þúfu á Vesturrima, í Kaldós." Ö-Mosfell, 5Landnámsjörð Ketilbjarnar hins gamla Ketilssonar.

1918: Tún 8,9 ha. Garðar 1874 m². "Kringum 1990 tók Skógrækt ríkisins á leigu til langs tíma allt land Stóra-Mosfells milli fjallsins og Stangarlækjar til skógræktar. Þar hefur stórvirkum vélum verið beitt á landið og ýmsu raskað. Líkatjörn hefur verið grafin út að hluta. Sellækur hefur verið grafinn niður og er orðinn að skurði." Ö-Mosfell, viðbætur, 1. "Vísýnt er af bæjarhlaði. engjaland er til suðausturs niður að Brúará. Vallendi er vestan við Mosfell og þar er aðalland jarðarinnar, heiðamóar með mýrarsundum allt vestur að Stangarlæk." Sunnlenskar byggðir III, 165.

ÁR-455:001 heimild um bústað

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-455:002 heimild um bústað

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-455:003 heimild um bústað

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-455:004 heimild um kirkju

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-455:005 heimild um legstað

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-455:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-455:007 *Selvöllur* örnefni sel

"Slétta túnið norðaustur af íbúðarhúsinu heitir Selvöllur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:008 *Hof* heimild

"Neðarlega í brekkunni austur af íbúðarhúsinu markar fyrir rúst, er gæri verið fornt mannvirki, og er kallað Hof", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:009 *Grímsdalur* álagablettur

"Norður af íbúðarhúsinu er slakki í túninu, er nær upp í fjallið og heitir Grímsdalur. Þau ummæli hvíla á þessum bletti, að þar hrekst aldrei hey, þykir það ganga eftir", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:010 heimild um traðir

"Fyrir vestan kirkjugarðinn og neðan við gömlu traðirnar er Kúalaut", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:011 *Álfasteinn* heimild um huldufólksbústað

"Fyrir vestan kirkjugarðinn og neðan við gömlu traðirnar er Kúalaut. Neðst í henni er Álfasteinn. Uppi á honum er grastorfa, sem ekki má slá, sé það gert drepst bezta kýrin í fjósinu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:012 heimild um bústað

"Túnið norðan við gamla bæinn heitir Harðhaus", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:013 *Veita* örnefni áveita

"Túnið norðan við gamla bæinn heitir Harðhaus. Neðan við túnið er hallandi mýri, nefnd Veita, nær hún niður að Mosfellsgili, alltaf nefnt Gilið og eins landið meðfram því", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:014 *Borgartún* örnefni

"Austan við túnbrekkuna upp af Veitunni er Leirdalur, ofan við hann er grýttur hóll, er heitir Borgartún", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:015 heimild um leið

"Milli Bergsins og fjallsins er þröngur dalur, Klofningur, um hann liggja götur milli Mosfells og Sels", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:016 heimild um fjárhús

"Sunnan í Berginu eru fjárhúsatættur og dálítill túnblettur", segir í örnefnaskrá. Í Skruddu segir: "Þau voru oftast nefnd Berghús."

Heimildir: Ö-Mosfell, 1; Skrudda, 200

ÁR-455:017 *Breiðiteigur* heimild um áveitu

"Fyrir austan Bergið og norðan Gilið er Holtsmýri, og austan við hana er áveituengi, er heitir Breiðiteigur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 2

ÁR-455:018 heimild um leið

"Á Holtunum heitir Tíðaskarð. Um það liggur vegur að Reykjalundi", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 2

ÁR-455:019 *Stöðull* örnefni kvíar

"Beint upp af gamla bænum er grastorfa ofarlega í hömrnum, heitir hún Einitorfa. Vestan við

traðirnar er Stöðull", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 2

ÁR-455:020 *Þorsteinsstígur* heimild um leið

"Vestan við hann [Stöðul] er Þorsteinsstígur. Þar er hægt að ganga upp á fjallið", segir í örnefnaskrá. Í Skruddu segir: "Enn vestar er Einitorfa, grastorfa ofarlega í klettunum og loks Þorsteinsstígur og er það mál manna að brattsækinn maður Þorsteinn að nafni hafi klífrað þar upp klettana."

Heimildir: Ö-Mosfell, 2; Skrudda, 201

ÁR-455:021 *Hálshús* heimild um fjárhús

"Norðan við Flakahlíðina, neðan undir fjallinu, er fjárhústóft, alltaf nefnt Hálshús", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 3

ÁR-455:022 *Skyggisflatir* heimild um fjárhús

"Norðvestan við hann [Skyggni] eru Skyggisflatir, þar eru fjárhúsatættur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 3

ÁR-455:023 heimild um leið

"Áður en nokkrir vegir voru gerðir, var fjölfarin ferðamannaleið frá ferju við Spóastaði, fyrir norðan Mosfell, niður með því að vestan, og sunnan við Selmýrar út að Neðra-Apavatni, og þaðan eins og leið lá, um norðanverða Lyngdalsheiði til Þingvalla", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 3

ÁR-455:024 *Líkatjörn* þjóðsaga

"Vestur af Kerhól, vestur í mýrinni, er dálítill tjörn, sem heitir Líkatjörn. Úr henni rennur Vatnsholtslækur fyrst til norðurs, en beygir síðan til vesturs og rennur vestur í Stangarlæk. Úr henni rennur Vatnsholtslækur fyrst til norðurs, en beygir síðantil vesturs og rennur vestur í Stangarlæk. Munnmæli herma, að tjörnin beri þetta nafn, af því að lík Jóns biskups Vídalín hafi verið þvegið þar á leið til Skálholts", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum segir: "Líkatjörn hefur verið grafin út að hluta [af Skógrækt ríkisins]."

Heimildir: Ö-Mosfell, 4; Ö-Mosfell, viðbætur, 1

ÁR-455:025 *Smalaskáli* örnefni smalakofi

"Fyrir sunnan það [Hellisholt] er Smalaskáli, það er stórt heiðlendi, er nær langt suður með Stangarlæk", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, 4

ÁR-455:026 *Seltóftir* örnefni sel

"Austan við Seldælu eru Seltóftir og austan við þær Sellækur, og rennur hann norður í Vatnsholtslæk, skammt vestan við Einbúa", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við örnefnaskrá segir: "Eru það tóftir miklar og grónar, og á herforingjaráðskorti frá 1908 eru þær merktar með nafninu Stóra- Mosfellssel og sem eyðibýli."

Heimildir: Ö-Mosfell, 4; Ö-Mosfell, viðbætur, 1

ÁR-455:027 *Kotið* heimild um býli

"Í norðvestur frá Smalaskála, þar sem Stangarlækur sveigir til austurs, er hóll við lækinn. Örskammt sunnan við hólinn á lækjarbakkanum eru mjög grónar og fornar toftir, og heitir þar Kotið. Má vera, að þar hafi verið fyrrum bær um skeið" segir í viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, viðbætur, 1

ÁR-455:028 heimild um beitarhús

"Norðvestur undir fjallinu eru á nokkrum stöðum tóftir beitarhúsa", segir í viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Mosfell, viðbætur, 1

ÁR-455:029 *Selsvöllur* örnefni sel

"Í túninu austan bæjarins er flöt, sem nefnist Selsvöllur", segir í Skruddu.

Heimildir: Skrudda, 200

ÁR-455:030 *Kerhóll* heimild um fjárhús

"Lítið eitt vestar [en Harðivöllur] gengur hóll nokkur út úr Heiðinni, norðvestan við Harðavöll. Hann

nefnist Kerhóll. Þar voru fjárhús frá Mosfelli", segir í Skruddu.

Heimildir: Skrudda, 202

ÁR-455:031 *Hakaskarð* sögustaður

"Norðan í fjallinu [Mosfelli] er Hakaskarð. Það er í Selslandi. Sagnir herma að Ketilbjörn gamli á Mosfelli hafi falið gull sitt uppi á Mosfelli og haft við það verk með sér þræl einn og ambátt er Haki og Bót nefndust. Til þess að þau segðu ekki frá felustað gullsins drap Ketilbjörn þrælinn í Hakaskarði, ambáttina í Bótarskarði", segir í Skruddu.

Heimildir: Skrudda, 202

ÁR-455:032 *Bótarskarð* sögustaður

"Norðan í fjallinu [Mosfelli] er Hakaskarð. Það er í Selslandi. Sagnir herma að Ketilbjörn gamli á Mosfelli hafi falið gull sitt uppi á Mosfelli og haft við það verk með sér þræl einn og ambátt er Haki og Bót nefndust. Til þess að þau segðu ekki frá felustað gullsins drap Ketilbjörn þrælinn í Hakaskarði, ambáttina í Bótarskarði", segir í Skruddu.

Heimildir: Skrudda, 202

ÁR-455:033 *Mosfellskot* heimild um býli

"Mosfellskot er gamalt eyðibýli, byggt um 20 ár, rétt fyrir 1700", segir í búkollu.

Heimildir: SB III, 165.

ÁR-456 **Sel**

33 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. "Bærinn Sel stendur undir Mosfelli austanverðu. Sagt er, að á landnámsöld hafi þar verið sel frá Mosfelli." Ö-Sel, 1Nú eru til Sel I og II. Sunnlenskar byggðir III, 166.

1918: Tún 7 ha, þar af slétt um ½. Garðar 1425 m². "Landareign Sels er víðáttumikil, mest mýrar með holtum á víð og dreif." Ö-Sel, 1

"Bærinn stendur austanvert við Mosfell. Neðst á bökkum Brúarár eru flæðiengjar en nokkur holt rísa úr mýrinni, ágæt til ræktunar." Sunnlenskar byggðir III, 166.

ÁR-456:001 *Sel* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-456:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-456:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-456:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-456:005 heimild um sel

"Bærinn Sel stendur undir Mosfelli austanverðu. Sagt er, að á landnámsöld hafi þar verið sel frá Mosfelli", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 1

ÁR-456:006 *Álfhóll* heimild huldufólksbústaður

"Fremst í túnjaðrinum er hóll, sem Álfhóll heitir. Hann má ekki slá", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 1

ÁR-456:007 *Lambhústún* örnefni lambhús

"Fyrir austan Kúalaut er túnspilda, sem heitir Lambhústún", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum segir að hér eigi að standa "fyrir vestan Kúalaut".

Heimildir: Ö-Sel, 2; Ö-Sel, svör við spurningum, 2

ÁR-456:008 *Lambhúshóll* örnefni lambhús

"Syðst á því [Upptún] er lítill hóll, sem heitir Lambhúshóll", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 2

ÁR-456:009 Aðhald heimild rétt

"Fyrir norðan bæinn er einkennilegt klettabyrgi, sem heitir Aðhald. Það hefur löngum verið notað sem fjárrétt og af því mun nafnið dregið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 2

ÁR-456:010 Gilið heimild þvottastaður

"Fyrir sunnan túnið er gil, sem venjulega er nefnt Gilið. Í þurrkatíð er það vatnslaust. Þar var oft þvottur skolaður og stundum þvegin ull, ef nóg vatn var í því", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 2

ÁR-456:011 Varðan varða

"Norðan við Bergið eru greiðfæriri balar, sem heita Enni. Þeir eru slægjuland. Helztu örnefni í fjallinu eru þessi: Varðan, svo er nefnt vörðubrot á kletti upp af Framtúninu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 2

ÁR-456:012 Strákavarða varða

"Tvær aðrar vörður hærri í fjallinu sjást að heiman. Hefi ég heyrt, að sú efri nefnist Strákavarða en ekki hefur hún átt neitt nafn í seinni tíð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 2

ÁR-456:013 varða

"Tvær aðrar vörður hærri í fjallinu sjást að heiman. Hefi ég heyrt, að sú efri nefnist Strákavarða en ekki hefur hún átt neitt nafn í seinni tíð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 2

ÁR-456:014 Lambadý heimild um vatnsból

Rétt norðan við Hagavegin, á móts við bæinn, er uppsprettudý, sem heitir Lambadý, er það vatnsból heimafénaðar á vetrum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 3

ÁR-456:015 Reiðholt heimild um fjárhús

"Skammt norður frá Lambalæk er allstórt holt, sem heitir Reiðholt. Þar hafa lengi verið fjárhús, við þau hefur nú verið ræktað tún", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 3

ÁR-456:016 Stekkjarholt heimild um fjárhús

"Fyrir austan Reiðholt er mýrarsund, en austan við það er holt, sem heitir Stekkjarholt. Þar er gamalt Stekkjartún. Þar var fjárhús lengi, en var lagt niður 1937", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 3

ÁR-456:017 heimild um bústað

"Þegar tvíbýli var á jörðinni var mýrinni skift í skákar, sem slegnar voru sitt árið af hvorum bónda", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 3

ÁR-456:018 Runkarimi heimild

"Í norðurjaðri hennar [Austustuskákar] er lítill stórþýfður rimi, sem heitir Runkarimi. Hann þótti tilvalinn staður til borðhalds og hvíldar, þegar verið var við heyskap í kringum hann", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 3-4

ÁR-456:019 Biskupstungnavegur heimild um leið

"Neðarlega í heimamýrinni er Biskupstungnavegur. Hann var lagður hér um sumarið 1918", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 4

ÁR-456:020 heimild um fjárhús

"Fyrir norðan það [Mósteinagil] er nýræktartún. Við norðurenda túnsins er holtið nærri tvískift af mýrlendinu. Þar er fjárhústópt, hús það lagðist niður 1930", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 4-5

ÁR-456:021 heimild um brú

"Vegurinn liggur yfir Ferjuholtið norðast og yfir árbakkann að brúnni. Brúin var byggð sumarið 1921 og er hún á ferjustaðnum gamla", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 5

ÁR-456:022 heimild um ferju

"Vegurinn liggur yfir Ferjuholtið norðast og yfir árbakkann að brúnni. Brúin var byggð sumarið 1921 og er hún á ferjustaðnum gamla. Þeir, sem þurftu að fara austur yfir ána, biðu eftir ferjunni austast á Ferjuholtinu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 5

ÁR-456:023 varða

"Þar [austast á Ferjuholtinu] var lengi vörðubrot, en er nú horfið, og nú þarf ekki lengur að standa á holtinu og bíða ferju", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 5

ÁR-456:024 Gamli heimild um ferju ferjustaðurinn

"Fyrir innan Klöppina er Gamli ferjustaðurinn. Er þar dálítið skarð í árbakkann; fyrir innan Gamla ferjustaðinn er undirlendi með ánni, sem takmarkast að vestan af lágu, grýttu klifi, sem nefnt er Bríkin", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 5

ÁR-456:025 Mógrafirnar heimild um mógrafir

"Fyrir innan Bríkina eru nokkrar gamlar uppgrónar mógrafir, venjulega nefndar Mógrafirnar. Þær eru á árbakkanum, sem er mýrlundur þarna. Ekki veit ég, hve langt er síðan þarna var tekinn mór, sennilega hefur það einhverntíman verið á síðastliðinni öld", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 5

ÁR-456:026 Sellækurörnefni sel

"Stuttan spöl frá Mógröfunum er Sellækur, upptök hans eru í blautum mýrarslakka, sem heitir Sellækjarflóð", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum um sel segir: "Um sel við Sellækinn eru engar sagnir, og rústir sjást þar ekki."

Heimildir: Ö-Sel, 5; Ö-Sel, svör við spurningum, 2

ÁR-456:027 heimild um fjárhús

"Sunnarlega á þessu holti [Sellækjarheiði eða Flatholt] fjárhústópt, hús það var aflagt 1939", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 6

ÁR-456:028 Hústóptin heimild um fjárhús

"Norðast á Sellækjarheiði er dálítill hæð eða alda. Á þeirri öldu er fjárhústópt, venjulega nefnd Hústóptin. Hús það mun hafa verið lagt niður fyrir síðustu aldamót", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 6

ÁR-456:029 heimild um leið

"Fari maður gamla veginn norður með fjallinu er Gvendarbrunnur fyrsta örnefnið á þeirri leið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 6-7

ÁR-456:030 Gvendarbrunnur örnefni

"Fari maður gamla veginn norður með fjallinu er Gvendarbrunnur fyrsta örnefnið á þeirri leið. Það er uppsprettulind rétt norðan við götuna, vatnið í honum er hreint og tært, en hann þrýtur í mikilli þurrkatíð. Hvort lind þessi er kennd við Guðmund góða Hólabiskup eða einhvern annan Gvend, sem nú er gleymdur, er ekki gott að vita", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 6-7

ÁR-456:031 Mórinn heimild um mógrafir

"Norður í mýrarjaðrinum, örlítið frá Gvendarbrunni, eru mógrafir. Þar var öðru hvoru tekinn mór, en ekki þótti hann góður", segir í örnefnaskrá. Annars staðar segir: "Ofan af mónum varð að ryðja

fjórum skóflustungum og mólagið var svipað að þykkt. Í mótum var mikið af birkilurkum, fornar skógarleifar. Þarna var mór tekinn til 1930, en ekki síðan."

Heimildir: Ö-Sel, 7; Ö-Sel, svör við spurningum, 2

ÁR-456:032 *Dys* heimild

"Svæði það sem mógrafirnar ná yfir, er venjulega nefnt Mórinn. Rétt norðan við girðinguna fyrir ofan götuna, er valllendisbarð; á því er gömul rúst, venjulega nefnd Dys", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum um Sel segir: "Fyrir löngu síðan, líklega einhverntíma á 19. öld, fóru einhverjir heimamenn á Seli að grafa í Dysina. Þegar þeir höfðu grafið svo sem tveggja til þriggja feta djúpa holu, varð þeim litið í átt til bæjarins og sáu þar mikinn reyk. Hlupu þeir þá heim, héldu, að kviknað væri í bænum. Þegar heim kom, var það hvorki eld né reyk að sjá. Ekki fóru þeir aftur í gröftinn og munu hafa orðið honum alveg afhuga. Ekki mokuðu þeir aftur ofan í holuna, sem þeir höfðu grafið, og sést hún ennþá og er grasi gróin. Síðan hefur enginn hreyft við Dysinni."

Heimildir: Ö-Sel, 7; Ö-Sel, svör við spurningum, 1

ÁR-456:033 *Hlífastaðabær* heimild um bústað

"Norður af Sléttunum er alllöng valllendislaut, sem Hlífastaðalaut heitir. Við norðurenda Hlífastaðarlautar er dálítill hólbunga til vinstri handar, gangi maður norður eftir lautinni. Þessi hóll er venjulega nefndur Hlífastaðabær. Þar eru vallgrótar rústir bæjar, sem hét Hlífastaðir eða Hlífarstaðir. Um það býli eru fáar sagnir til, sem byggjandi er á, og sennilega alveg óvíst, hvenær það byggðist eða hve lengi það var í byggð", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 8

ÁR-456:034 heimild um fjárhús

"Austur úr Hlífastaðaheiði eru tveir tangar, sem heita Heiðarskagar. Milli þeirra er grasgefin mýrarbrún sem heitir Loðnabrún. Í Loðnubrún var einstöku sinnum slegið. Á austari heiðarskaganum er fjárhústöpt. Hús það var aðeins notað í tvö ár, var rífið 1937", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 8-9

ÁR-456:035 heimild um ristur

"Í þessari mýri [nafnlaus en í henni er Grensáskelda] er góð torfrista og heytorf var skorið þarna frá ómunatíð. Sjást þess enn merki; heytorfið var þá flutt upp á Grensásinn og þurrkað þar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sel, 9

ÁR-456:036 *Reiðholt* heimild um leið

"Þar voru margir götuslóðar. Menn úr suðurhluta Biskupstungna, sem ferðuðust til Reykjavíkur og fóru Lyngdalsheiði um Þingvelli, fóru á ferju yfir Brúará hjá Spóastöðum. Leiðin frá ferjunni út fyrir fjallið lá um Reiðholt og Almenningsholt. Áður en vegir komu, var þetta fjölfarin leið. Um það vitnuðu djúpar götur. Nú hefur túnrækt á holtunum máð út þessar gömlu götur", segir í svörum við spurningum um Sel.

Heimildir: Ö-Sel, svör við spurningum, 2

ÁR-457 *Vatnsholt*

12 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. "Landamerki eru úr Apavatni um miðborgina í Markasteina á Flatholti. Þaðan í Lat og þaðan í Vatnsholtslæk, þar sem hann beygir til vesturs. Svo ræður lækurinn að Stangarlæk, og svo Stangarlækur (Svartós) í Apavatn." Ö-Vatnsholt, 3.

1918: Tún 4,5 ha, þar af slétt 4/5. Garðar 1370 m². "Þetta er frekar lítil jörð við sunnanvert Apavatn, 12 hundruð að fornu mati. Landið er flatt og hallar lítillega norður að vatninu. Skiptast á mýrar og móar. Bærinn stóð á lágu holti nokkurn spöl frá vatninu. [...] Nokkrir sumarbústaðir hafa risið í landi jarðarinnar. [...] Ekki hefur verið búskapur í Vatnsholti síðan [1949] en húsið er notað sem sumarbústaður." Sunnlenskar byggðir III, 167.

ÁR-457:001 *Vatnsholt* bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-457:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-457:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-457:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-457:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1918

ÁR-457:006 heimild um fjárhús

"Austur á Heiðinni, norðanvert við Smáhóla, eru gamlar fjárhúsatættur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 1

ÁR-457:007 heimild um lendingu

"Norður af henni [Króarholtsmýri] er dálítill tangi út í vatnið, er heitir Lambatangi. Við hann, eða í vikinu austan við hann, var veiðibátum alltaf lent", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 2

ÁR-457:008 *Stöðull* örnefni kvíar

"Norðan við veginn, austan við túnið, er grösugur mói, heitir Stöðull", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 2

ÁR-457:009 *Hústóttarholt* heimild

"Suður af Einbúa er Hústóttarholt. Vestan í því er gömul húsrúst, yfir þetta holt liggur vegurinn heim að bænum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 2

ÁR-457:010 *Langholt* heimild um -

"Norður af Litlarima er Háamýri og nær hún austur að Langholti, en það er alllangt holt, er liggur frá norðri til suðurs; á því er gömul húsrúst", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 2

ÁR-457:011 *Seldælur* örnefni sel

"Austur af þeim [Langholtsdælum] er Seldæla", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 2

ÁR-457:012 *Rústabrún* heimild um rétt

"Suður af Seldælu er Rústabrún. Þar sér móta fyrir gamalli fjárborg", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 2

ÁR-457:013 *Stekkatún* örnefni stekkur

"Austur af Króarholti er Stekkatún, rétt við vatnið", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 2-3

ÁR-457:014 *Móhóll* örnefni mógrafir

"Þar hjá [Stekkatúni] er grasivaxinn hóll er heitir Móhóll, og norður af honum er Torfmýri og vestan við vatnið Torfnes", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 3

ÁR-457:015 *Torfnes* örnefni rista

"Þar hjá [Stekkatúni] er grasivaxinn hóll er heitir Móhóll, og norður af honum er Torfmýri og vestan við vatnið Torfnes. Austan við Torfmýrina eru tveir litlir holtsrimar, heita Torfrimar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 3

ÁR-457:016 *Borgir* örnefni

"Norðan við Torfnesið er stór bugur á vatninu, heitir Stóribugur, og norðan við hann Engjanes, og norðan við það eru Borgir. Það eru þrír grasivaxnir hólar á vatnsbakkanum", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Vatnsholt, 3

ÁR-458 Hagi

16 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Einnar hjáleigu er getið í örnefnaskrá og hvergi annars staðar. Hét hún Hagavöllur, einnig nefnd Kotið og var í byggð 1883-1898. Ö-Hagi, viðbætur, 2. Jörðin skiptist í Haga I og II frá 1943. Sunnlenskar byggðir III, 169.

1920: Tún 4 ha. Garðar 1976 m². "Hagaland er mestmegnis mýraflákar með aðhallandi lágum brúnum ofan að vötnunum." Ö-Hagi, 2

"Bærinn stendur á bökkum Apavatns. Þar skammt fyrir norðan bæinn er útfall Apavatns og nefnist Hagaós, um 1 ½ km langur og rennur í Brúará. Efst í Hagósi er vað. Brúará rennur svo austan við land jarðarinnar. Hagi er því umgirtur vatni og ám á þrjá vegu. Landið er að hluta flatt mýrlendi með vel grónum mómum. Stærsta samfellda ræktarlandið heitir Flatholt." Sunnlenskar byggðir III, 168.

ÁR-458:001 Hagi bæjarhóll bústaður

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-458:002 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-458:003 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-458:004 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-458:005 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-458:006 heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-458:007 Borgir heimild

"Merki milli þessara bæja [Vatnsholts og Haga] við Vatnið eru um svonefndar Borgir, sem eru minjar veiðihúsa frá þeim tíma, er Skálholtsbiskupar létu stunda veiði í Apavatni", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hagi, 1

ÁR-458:008 Hagavöllur heimild um bústað

"Skammt fyrir austan það [Breiðanef] er lítið holt, sem nefnist Einbúi, en litlu norðar við Vatnið var smábýli, sem hét Hagavöllur og var í byggð frá 1883-1898. Það stóð örlítinn spotta fyrir sunnan túnið í Haga", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við örnefnaskrá segir: "Býlið Hagavöllur, sem getur um í skrá afa míns, var og er kallað Kotið (hjáleiga frá Haga)."

Heimildir: Ö-Hagi, 1; Ö-Hagi, viðbætur, 2

ÁR-458:009 Hestavað heimild um vað

"Vað er á Ósnum litlu fyrir neðan Vatnið og nefnist Hestavað", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hagi, 1

ÁR-458:010 Húsatangi örnefni

"Efsta örnefnið með Brúará eru Lambeyrar, þar næst Húsatangi og nokkru sunnar Reykhólmaeyrar", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hagi, 1

ÁR-458:011 Selholt örnefni sel

"Skammt fyrir norðan Flóðin er lítið holt og nefnist Selholt og stuttu fyrir vestan það stórt holt, Flatholt", segir örnefnaskrá. Í viðbótum segir: "Hef ekki heyrt getið um sagnir um Selholt, en þar sjást tóftir."

Heimildir: Ö-Hagi, 1; Ö-Hagi, viðbætur, 2

ÁR-458:012 Mógrafarós örnefni mógrafir

"Mógrafarós er milli Hagavallar og túnsins í Haga", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Ennfremur: "Já, mór var tekinn í Haga við Mógrafarós, en ég get ekki svarað öðrum spurningum í sambandi við

móinn."

Heimildir: Ö-Hagi, viðbætur, 1-2

ÁR-458:013 *Stekkatún* heimild um stekk

"Þá tel ég (K.H.) mig muna eftir stað, sem hét Stekkatún norður við Urriðatanga. Þar sjást stórar þúfur, grænni en umhverfið í kring", segir í viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hagi, viðbætur, 1

ÁR-458:014 *Ósgata* heimild um leið

"Ósgatan lá áður heiman frá bæ, eftir Bæjarholtinu og í Hestvað", segir í viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hagi, viðbætur, 1

ÁR-458:015 heimild um ristu

"Torfrista var í Haga. Torfið var notað á útihey og í einangrun á fjárhúsum. Íbúðarhúsið, sem ég bý í, byggt 1946, er einangrað með torfi (reiðingi)", segir í viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hagi, viðbætur, 2

ÁR-711 **Fornl. á fl. en einni jörð**

ÁR-711:001 *Sólheimabraut* heimild

Heimildir:

ÁR-713 **Grímsnesafréttur**

"Mörk: Að vestan frá Þrasaborgum í Driftarenda, þaðan um Hamraselshellir í Stóra-Dímon um Eldborg og svo norðaustur í Stórhól. Þaðan í suðausturhorn Hrafnabjarga, norðvestur yfir Hrafnabjörg að Bjargarvöllum. Þar eru stórir klettadrangar, sem hrunið hafa úr fjallinu, og gömul fjárrétt. Þaðan eru mörkin í Hlíðarstíg á Hlíðargjá. Hlíðarstígur er á miðri Raftviðarhlíð. Þaðan með Hlíðargjá og svo sjónhending í Gatfellshorn. Úr Gatfellshorni í Vestasta-Hrúðurkarl við Kaldadalsveg. Kristján er ekki alveg viss á mörkum að austan nema syðst. Þar eru þau úr Þrasaborgum í Biskupsvörðu á Biskupsbrekku, þaðan í Litlabarmshornið fremra og eftir Litla-Reyðarbarmi efst í Barmaskarð og síðan austan við Reyðarbarm. Að sögn Hannesar eru mörkin síðan inn með Reyðarbarmi og Hrútafjöllum að vestan, um Skeilfjöll og síðan lína í vesturhorn Skriðunnar, Skriðuhnjúk og Sköflung og inn eftir Langafelli allt til Langjökuls. Að vestan segir Hannes mörkin vera um Gatfell, þar sem það er hæst, en ekki Gatfellshorn, eins og Kristján heldur." Ö-Grímsnesafréttur, 1

ÁR-713:001 *Kringlumýri* heimild um áfangastað

"Kringlumýri er slétt flöt í hrauni norðaustan við Driftarenda. Þar er áningarstaður fyrir fjallmenn úr Grímsnesi og sundurdráttarrétt í vor- og haustmölu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 2

ÁR-713:002 heimild um rétt

"Kringlumýri er slétt flöt í hrauni norðaustan við Driftarenda. Þar er áningarstaður fyrir fjallmenn úr Grímsnesi og sundurdráttarrétt í vor- og haustmölu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 2

ÁR-713:003 *Hamrasel* heimild um sel

"Hamrasel er norðan við Driftarenda ca. 2 km. Þar eru gamlar seltóftir við helli, sem þar er og heitir Hamraselshellir. Í honum er snjór fram eftir sumri. Hellirinn er í hraunhól, sem er klofinn af grasi gróinni laut. [...] Þetta sel var frá Hömrum í Grímsnesi, sem var eign Skálholts", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 2

ÁR-713:004 heimild um vatnsból

"Neðan við hólinn [hraunhólinn hjá Hamraselshelli] í suðvestur er önnur laut gróin, og í henni miðri er gamalt vatnsból frá selinu", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 2

ÁR-713:005 heimild um leið

"Norðaustan í Lyngdalsheiði er brekka, sem heitir Biskupsbrekka. Um hana lá gamli vegurinn til Skálholts. Uppi á brekkubruninni er Biskupsvarða, stór og vel hlaðin varða", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 2

ÁR-713:006 *Biskupsvarða* varða

"Norðaustan í Lyngdalsheiði er brekka, sem heitir Biskupsbrekka. Um hana lá gamli vegurinn til Skálholts. Uppi á brekkubrúninni er Biskupsvarða, stór og vel hlaðin varða", segir í örnefnaskrá. Í viðbót segir: "Biskupsvarða mun hafa fengið nafn sitt af því að biskupar og fylgdarlið þeirra áðu á Biskupsbrekku á leið sinni milli Skálholts og Þingvalla og síðan áfram í Borgarfjörð og lengra vestur, en Biskupsvarða stendur á brekkubrún þar sem hæst ber."

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 2

ÁR-713:007 *Söðulhólastígur* heimild um leið

"Söðulhólastígur er vestan við Söðulhólavelli og liggur yfir Söðulhólagjá og vestur í Goðaskarð yfir Gatfellshraun", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 4

ÁR-713:008 heimild

"Bjargavellir erða Hrafnabjargavellir eru grónir vellir í slakka framan við Kræklur og norðvestan við Hrafnabjörg. Norðvestur af þeim er lítið dalverpi framan við brúnina á Kræklum. Þar eru rústir. Í Jarðabók Árna Magnússonar er getið um býli þar og nefnt Hrafnabjargavellir eð Hranavellir. Við það hefur legið vegur framan yfir Gjábakkaháls norður yfir Prestastíg, sem liggur yfir Hlíðargjá og áfram upp í Goðaskarð", segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 5

ÁR-713:009 heimild um leið

"Bjargavellir erða Hrafnabjargavellir eru grónir vellir í slakka framan við Kræklur og norðvestan við Hrafnabjörg. Norðvestur af þeim er lítið dalverpi framan við brúnina á Kræklum. Þar eru rústir. Í Jarðabók Árna Magnússonar er getið um býli þar og nefnt Hrafnabjargavellir eð Hranavellir. Við það hefur legið vegur framan yfir Gjábakkaháls norður yfir Prestastíg, sem liggur yfir Hlíðargjá og áfram upp í Goðaskarð", segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 5

ÁR-713:010 *Prestastígur* heimild um leið

"Bjargavellir erða Hrafnabjargavellir eru grónir vellir í slakka framan við Kræklur og norðvestan við Hrafnabjörg. Norðvestur af þeim er lítið dalverpi framan við brúnina á Kræklum. Þar eru rústir. Í Jarðabók Árna Magnússonar er getið um býli þar og nefnt Hrafnabjargavellir eð Hranavellir. Við það hefur legið vegur framan yfir Gjábakkaháls norður yfir Prestastíg, sem liggur yfir Hlíðargjá og áfram upp í Goðaskarð", segir í örnefnaskrá

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 5

ÁR-713:011 *Eyfirðingavegur* heimild um leið

"Eyfirðingavegur er gömul leið, sem lá frá Hofmannaflöt gegnum Goðaskarð, inn með Gatfelli að sunnan, norðan við Sandgíg, austur um skarðið milli Skjaldbreiðs og Tindaskaga, norðan við Skriðu, um Hlöðuvelli og Hellisskarð niður í Biskupstungur", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 5

ÁR-713:012 *Skessubásavegur* heimild um leið

"Frá Breiðarflöt í norður hækkar landið. Þar eru mest stórgrýttir melar gróðurlausir, sundurgrafnir af vorleysingum og leirtjarnastæðum inn á milli. Hróðurkarlar eru gosdrangar, sem standa upp úr þessu gróðurlausa landi í vestur frá horninu á Þórisjökli u.þ.b. 5 km. Þar á milli liggur hinn forni Skessubásavegur, sem lá norðan við Skjaldbreið og yfir á Hlöðuvelli", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 5-6

ÁR-713:013 *Fífilvellir* heimild um býli

"Norðaustan við Skjaldbreið, þar sem landið er orðið lárétt, var fyrir 70 árum stór, gróin flatneskja (valllendisvellir), sem voru nefndir Fífilvellir. Var talið, að þar hafi eitt sinn verið byggð. Þarna er allur gróður blásinn upp nú", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, 6

ÁR-713:014 *Hannesarvarða* varða

"Varða allmikil hlaðin úr grjóti er fast norðvestan undir Stórhól nefnd Hannesarvarða", segir í viðbót

við örnefnaskrá Grímsnesafréttar. Ennfremur: "Sögn manna er að varða þessi hafi orðið til ekki löngu eftir fráfall Hannesar Hannessonar bónda á Kringlu (d.1984) sem fjallkóngur var um árabíl í eftirleit á Grímsnesafrétti og fór í ótal smalamennskur um þessa slóðir vor og haust. Segir sagan að hann hafi hlaðið vörðuna nýlátinn, því kallast hún Hannesarvarða."

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, viðbót, 1

ÁR-713:015 heimild um leið

"Við vörðuna [Hannesarvörðu] endar vegarslóði sem liggur af Gjábackavegi við Tintron", segir í viðbót við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, viðbót, 1

ÁR-713:016 Beinavarða varða

"Beinavarða er í landi Efra-Apavatns nærri mörkum Grafar og Efra-Apavatns. Merki sjást til þess að undir henni hafi verið fyrr á tímum upphlaðinn kofi eða grjótbyrgi, vafalaust til skýlis ferðamönnum. Tilraun til skýringar á nafninu Beinavarða: Við kofann hafa menn áð og tekið til nestis síns sem hefur verið kjöt að meiri hluta og beinunum hafa menn fleygt frá sér. Með tímanum hefur orðið þar talsverð beinadreif. En ferðum um fornar götur fækkaði-kofinn hrundi saman og enginn rétti hann við. En varða var hlaðin í tóftinni", segir í viðbót við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, viðbót, 1

ÁR-713:017 heimild um sæluhús

"Beinavarða er í landi Efra-Apavatns nærri mörkum Grafar og Efra-Apavatns. Merki sjást til þess að undir henni hafi verið fyrr á tímum upphlaðinn kofi eða grjótbyrgi, vafalaust til skýlis ferðamönnum. Tilraun til skýringar á nafninu Beinavarða: Við kofann hafa menn áð og tekið til nestis síns sem hefur verið kjöt að meiri hluta og beinunum hafa menn fleygt frá sér. Með tímanum hefur orðið þar talsverð beinadreif. En ferðum um fornar götur fækkaði-kofinn hrundi saman og enginn rétti hann við. En varða var hlaðin í tóftinni", segir í viðbót við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, viðbót, 1

ÁR-713:018 Hastrúarvarða varða

"Hastrúarvarða er stór hlaðin grjótvarða á því afréttarlandi sem Grímsneshreppur keypti á sínum tíma úr Laugarvatnslandi. Hún er austan Kringlumýrar þar sem hin forna alfaraleið liggur norðvestur af Lyngdalsheiði í slakkann milli heiðarinnar og Reyðarbarms. Nafn vörðunnar er einkennilegt og sennileg afbökun. Tilraun til skýringar á nafninu Hastrúarvarða: Fyrir löngu gæti hafa verið þarna dys við alfaraleiðina um heiðina. Síðar blés hún upp og komu bein og hauskrúpur í ljós. Því var staðurinn nefndur Hauskrúga. Fljótlega hefur verið farið að kasta steinum að beinunum eins og víða var gert. Þá myndaðist með tímanum varða sem fékk nafnið Hauskrúguvarða. En smám saman breyttist nafnið. Fyrst til að verða þægilegra og styttra í máli manna féllu stafirnir a og h og g burtu og úr varð Hausrúvarða. síðar er stafnum t skotið inn og eignarfallið breytist. Nú veit enginn lengur hver upphafleg merking nafnsins var - en eftir stendur Hastrúarvarða", segir í viðbót við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Grímsnesafréttur, viðbót, 2

ÁR-713:019 Biskupsflöt heimild um áfangastað

Heimildir:

ÁR-714 Hestfjall

"Fyrir á tíð var Hestfjall notað sem afréttur fyrir Mýrarjarðirnar í austurhluta Grímsness. Réttast var fremst á fjallinu og sjást rústir þar enn. Skálholtsstóll notaði Hestfjall einnig til hrossabeitar og var fjallið afgirt með grjótgarði sem enn sér fyrir." SB III, 150.

"Hestfjall er að mestu gróið og sæmilegt beitarland." SB III, 150. "Fjall þetta er að mestu umflotið vötnum, Hvítá að sunnan og vestan, svo 600 faðma eiði frá Hvítá í Hestvatn, sem svo ræður að norðan. Úr því rennur hinn forni Hestlækur fyrir austan, sem liggur austur í Hvítá."

ÁR-714:001 Leiðin heimild um legstað

"Dekkið, þar eru að sjá tvö leiði, Leiðin. Þar áttu að vera jarðaðir síðustu ábúendur á Vindheimum, sem þar eru rétt hjá", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hestfjall, 2

ÁR-714:002 *Þvottalágar* örnefni þvottastaður
"Skjólhólar. Arnarnípa og -gil. Teningur, klettur ca. 3 álnir á hvern veg. Grásteinn og Grásteinsheiðar. Þvottalágar", segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Þvottalágar eru beint niður af Hesttúninu."

Heimildir: Ö-Hestfjall, 2; Ö-Hestfjall viðb. og aths., 2

ÁR-714:003 *Laug* heimild um bað
"Laug, þar steipt baðþró fyrir sauðfé", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hestfjall, 2

ÁR-714:004 *Stekkjarhamar* heimild um stekk
"Stekkjarhamar, áður stekkatún frá Kiðjabergi, nú er þar fjárhús", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hestfjall, 3

ÁR-714:005 *Pálsvarða* varða
"Pálsvarða", segir í örnefnaskrá. Í viðb. og aths. segir: "Pálsvarða er aðeins vestar en Bleikjumöl; óvíst er um uppruna nafnsins."

Heimildir: Ö-Hestfjall, 3; Ö-Hestfjall viðb. og aths., 3

ÁR-714:006 *Orustuhóll* sögustaður
"Orustuhóll og Orustudalur, þar hafði verið barizt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hestfjall, 3

ÁR-714:007 *Orustudalur* sögustaður
"Orustuhóll og Orustudalur, þar hafði verið barizt", segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hestfjall, 3

ÁR-714:008 heimild um leið
"Gata liggur bæði frá Vatnsnesi og Hesti þvert yfir fjallið niður í áðurnefnt Vegarskarð að bænum Gíslastöðum, sem var tekinn til ábúðar 1849 og er enn í byggð", segir í örnefnaskrá. Um þetta segir í viðb. og aths.: "Vegur lá frá Gíslastöðum upp Vegskarð, þaðan upp á efstu brún, síðan til vesturs og þá suðvesturs fram hjá Fögruhlíð um Orustudal út á Dagmálaheiði niður Austurstíg, sem er skarð í brúninni, að Hesti. Klukkutíma ferð var milli brúna, en hálfannarstíma ferð milli bæja."

Heimildir: Ö-Hestfjall, 3; Ö-Hestfjall viðb. og aths., 3-4

ÁR-714:009 *Hreinstótt* heimild um fjárhús
"Hreinstótt, fjárhús, er nokkuð fram (suðaustur) af Bakseyrnabrekkanum, kennd við Hrein Guðlaugsson á 19. öld", segir í viðbótum og athugasemdum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 1

ÁR-714:010 heimild
"Laxaklettur eru beint niður af Bakseyrum. Svo kemur Móklapparnef við ána. Þar var frægasti veiðistaður á Gíslastöðum, með berghaldi", segir í viðbótum og athugasemdum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 1

ÁR-714:011 *Stóravarða* varða
"Stóravarða er á hárri hæð, þar sem Söðulbrekkur enda", segir í viðbótum og athugasemdum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 2

ÁR-714:012 *Stekkur* örnefni stekkur
"Kerlingargil er aðeins fyrir sunnan túnið á Gíslastöðum. Óvíst er um uppruna þess nafns. Þar er Stekkur og Stekkjarbrekka, sunnan við Kerlingargil", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 2

ÁR-714:013 *Loftvarða* varða
"Loftsvörðubrún liggur eins og Langahlíð, neðan við hana. Loftvarða er e.t.v. kennd við Loft í Vatnsnesi", segir í athugasemdum og viðbótum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 2

ÁR-714:014 *Lambabyrgi* heimild um rétt

"Lambabyrgi eru skammt frá Bleikáluhól austan við Endabrekkur; enn sést fyrir þeim", segir í viðbótum og athugasemdum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 2

ÁR-714:015 *Vindheimar* heimild um fjárhús

"Vindheimar eru klettur með tóttum framan I, og voru þar fjárhús frá Hesti. Sagt er, að hjón hafi búið þar, farið til bæna í Hjálmholti og druknað í ánni. Ekki eru þetta örugglega bæjarrústir", segir í viðbótum og athugasemdum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 2

ÁR-714:016 *Mógil* örnefni mógrafir

"Mónef skagar út í ána aðeins vestan við bæinn Hest. Mógil er nokkru vestan við Mónef", segir í viðbótum og athugasemdum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 3

ÁR-714:017 *Austurstígur* heimild um leið

"Vegur lá frá Gíslastöðum upp Vegskarð, þaðan upp á efstu brún, síðan til vesturs og þá suðvesturs fram hjá Fögruhlið um Orustudal út á Dagmálaheiði niður Austurstíg, sem er skarð í brúninni, að Hesti", segir í viðbótum og athugasemdum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 3-4

ÁR-714:018 *Vesturstígur* heimild um leið

"Vesturstígur er vestasti stígurinn upp fjallið austan Stekkjarhamars", segir í viðbótum og athugasemdum.

Heimildir: Ö-Hestfjall, viðb. og aths., 4

Heimildir

AI: *Alþingisbækur Íslands I-XV*, Reykjavík.

Benedikt Einarsson: *Örnefni í landi Miðengis*. Geymt á Miðengi.

DI: *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Fornleifaskrá: Skrá um friðlýstar fornminjar. Ágúst O. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands 1990.

IF: *Íslensk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.

JAM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, II. Árnessýsla, Kaupmannahöfn 1921.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.

Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*. Akureyri 1956.

Skrudda III. Ragnar Ásgeirsson skráði. Skuggsjá, Reykjavík 1974

Sunnlenskar byggðir III. Búnaðarsamband Suðurlands 1983.

Svar við bréfi Örnefnastofnunar til Kristins Guðmundssonar bónda í Miðengi, Grímsneshr., Árn., Ágúst Georgsson skráði 1982. Örnefnastofnun Íslands. Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Uppdrættir af túnum 1920. Grímsneshreppur.

ÞJÁ: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri I-VI*, safnað hefur Jón Árnason. Reykjavík 1954-61

Ö-Arnarbæli: Arnarbæli, Guðmundur Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Arnarbæli: Arnarbæli; Gísli Guðmundsson skráði 1972. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ásgarður: Ásgarður, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Bjarnastaðir: Bjarnastaðir, Skúli Helgason skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Björk: Björk, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Brjánsstaðir: Brjánsstaðir, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Búrfell: Athugasemdir og viðbætur, Marteinn Ág. Sigurðsson skráði 1995. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Búrfell: Búrfell, Marteinn Ág. Sigurðsson skráði 1995. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Búrfell: Búrfell, skráð 1981. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Efri-Brú: Efri-Brú, Guðmundur Guðmundsson skráði 1922, jók og endurbætti 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Eyvík: Eyvík, Gísli Guðmundsson skráði 1970, Jónína Hafsteinsdóttir jók og endurbætti 1981. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Foss: Foss, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Grímsnesafréttur: Grímsnesafréttur, heimildarmenn Kristján Jóhannsson og Hannes Hannesson. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Grímsnesafréttur: Viðbót. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hæðarendi: Hæðarendi, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hagi: Hagi, Guðni Magnússon skráði 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hagi: Viðbætur, Kjartan Helgason skráði 1981. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hamrar: Athugasemdir og viðbætur. Guðrún S. Magnúsdóttir og Jónína Hafsteinsdóttir skráðu 1986. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hamrar: Hamrar, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hamrar: Hamrar, Jónína Jóhannesdóttir skráði 1960. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hestfjall: Hestfjall, Gunnlaugur Þorsteinsson skráði 1929. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hestfjall: Viðbætur og athugasemdir, Þórhallur Vilmundarson skráði 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kiðjberg: Athugasemdir og viðbætur, Þórhallur Vilmundarson skráði 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kiðjberg: Kiðjberg, Jón Gunnlaugsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Klausturhólar og Hólakot: Klausturhólar og Hólakot, Björgvin Magnússon skráði 1923. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kringla: Kringla, Skúli Helgason skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Miðengi: Miðengi, endurbætt skrá frá 1981, Gísli Guðmundsson og Jónína Hafsteinsdóttir skráðu. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minna-Mosfell: Minna-Mosfell, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minna-Mosfell: Minna-Mosfell. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minna-Mosfell: viðbót, Árni Kjartansson skráði 1979. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minnibær: Minnibær, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minniborg: Minniborg, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Mosfell: Mosfell, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Mosfell: Viðbætur, Ingibjörg Ebba Magnús skráði 1992. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Norðurkotslandareign: Norðurkotslandareign, Ragnar Bjarnason skráði 1971.

Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Öndverðarnes: Öndverðarnes, Árni Jónsson skráði, afhent Örnefnastofnun 1970.

Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ormsstaðir: Ormsstaðir, Gísli Guðmundsson skráði 1970, Jónína Hafsteinsdóttir jók og endurbætti 1994. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Reykjanes: Reykjanes, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, Ragnar Bjarnason skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sel: Sel, Skúli Helgason skráði eftir hdr. Ólafs Kjartanssonar 1956.

Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sel: Svör við spurningum, Árni Kjartansson skráði 1979. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Snæfoksstaðir: Snæfoksstaðir, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sólheimar: Sólheimar, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stærribær: Stærribær, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stóraborg: Stóraborg, Gísli Guðmundsson skráði 1972. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Svínavatn: Svínavatn, Skúli Helgason skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Syðri-Brú: Syðri-Brú, viðbætur, Jónína Hafsteinsdóttir skráði 1981.

Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Syðri-Brú: Syðri-Brú, Gísli Guðmundsson skráði 1972. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þórisstaðir: Þórisstaðir, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þóróddsstaðir: Þóróddsstaðir, Sigurbjörn Ingvarsson skráði 1929. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vaðnes: Vaðnes, Skúli Helgason skráði 1979. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vatnsholt: Vatnsholt, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vatnsnes: Vatnsnes, Gísli Guðmundsson skráði 1970, Þórhallur Vilmundarson jók við 1981. Örnefnastofnun Íslands.